

TÍUNO

FRÉTTABLAÐ SKATTSINS • ÁRIÐ 2020

Aðgerðir stjórnvalda á tímum COVID-19

Sameining ríkisskattstjóra og tollstjóra

Niðurstöður álagningar á einstaklinga og lögaðila

Heimsókn á starfsstöð Skattsins á Egilsstöðum

Það var fyrirséð að árið 2020 yrði viðburðaríkt í starfsemi skatt- og tollyfirvalda. Frá og með 1. janúar þess árs hafa þau verkefni sem áður var sinnt annars vegar hjá tollstjóra og hins vegar hjá ríkisskattstjóra verið unnin af starfsmönnum í sameinaðri stofnun sem nefnist Skatturinn. Þrátt fyrir að þessar skipulagsbreytingar hafi átt sér nokkurn undanfara, og margskonar undirbúningi verið sinnt í aðdraganda þeirra, þá var viðbúið að mánuðirnir eftir sameiningu hlytu að einkennast af samráði milli nýrra samstarfsfélaga, skipulagsvinnu og stefnumótun til framtíðar. Auk þeirra fjölmörgu handtaka sem nauðsynleg voru til að skapa heildstætt yfirbragð í stórrí stofnun þá voru fyrirhugaðar ýmsar samkomur, bæði vinnufundir og ennfremur skemmtanir á vegum nýstofnaðs starfsmannafélags, svo að varða mætti veginn með samstilltum hópi. Markmiðið með sameiningu ríkisskattstjóra og tollstjóra var að skapa leiðandi upplýsinga- og þjónustustofnun sem yrði reiðubúin til þess að takast á við breytta viðskiptahætti og sífellt örari tækniþróun. Í því samhengi var m.a. horft til þess að verkefni toll- og skattfyfirvalda eru um margt eðlislík og viðskiptavinirnir hinir sömu; fyrirtæki og einstaklingar auk annarra ríkisaðila. Það var því til mikils að vinna og starfsmenn Skattsins sáu fram á áhugavert en krefjandi ár, sem að endingu fór þó nokkuð á annan veg en lagt var upp með.

Kunnugt er hvernig kórónaveiran barst hingað til lands í febrúar 2020 með þeim afleiðingum að heimsfaraldur COVID-19 hefur geisað hér síðan. Alls ófyrirséð var í upphafi þeirra einkennilegu tíma sem þá tóku við, hver áhrif faraldursins yrðu á íslenskt

samfélag og hversu lengi hann myndi vara. Sú óvissa sem var uppi litaði eðlilega starfsemi Skattsins rétt eins og annarra vinnustaða, en fæstir þjuggust þó við því að faraldurinn myndi krefjast eins umfangsmikilla og viðvarandi ráðstafana og raun bar vitni. Margs konar áform sem leiddu af sameiningunni urðu að bíða á meðan öll athygli beindist að því að tryggja rekstraröryggi á fordæmalausum tímum. Eðlileg framkvæmd kjarnaverkefna stofnunarinnar – álagning skatta, tolla og gjalda og innheimta þeirra, skatteftirlit, tollgæsla og fjölþætt skráarhald – skiptir sköpum fyrir bæði almenning og viðskiptalífið, og auðvitað ríkissjóð. Þá var það forgangsmál að gæta að öryggi starfsmanna og viðskiptavina Skattsins. Lausnamiðuð og hröð viðbrögð, sveigjanleiki og gott samráð stuðluðu að farsælli ákvarðanatöku og góðum árangri þrátt fyrir margvíslegar og oft ófyrirséðar áskoranir.

Meðal þeirra áskorana var ábyrgð Skattsins á framkvæmd fjölmargra þeirra efnahagsaðgerða sem ríkisstjórn Íslands tefldi fram til að stemma stigu við efnahagssamdrættinum sem heimsfaraldurinn hafði í för með sér. Úrræðin fólu allt í senn í sér nýjar tegundir verkefna t.d. lokunarstyrki og stuðning vegna hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, og breytingar á gildandi löggjöf til að liðka fyrir efnahagslífinu, s.s. með tímabundinni niðurfellingu gistináttaskatts og tollafgreiðslugjalds og auknum heimildum til dreifingar tekjufærslu á eftirgjöf skulda. Umfang og jafnframt mikilvægi þessara verkefna var slíkt að þau urðu ákveðin þungamiðja í starfsemi stofnunarinnar allt frá því snemma vors 2020.

TÍUND

ÁRIÐ 2020 - BLAÐ NR. 80

Útgefandi: Skatturinn.

Ábyrgðarmaður: Snorri Olsen.

Framleiðslustjórn og hönnun: Logi Halldórsson.

Umsjón efnis: Helga Valborg Steinarsdóttir og Jónas Magnússon.

© Skatturinn

Fjölmiðlum er heimil notkun efnis.

Öll önnur notkun á efni er óheimil nema með leyfi útgefanda.

Forsíðumynd: Sæð til austurs yfir Lagarfljót.

Ári seinna er þeim enn ekki lokið þó að vitaskuld hafi mikið rofað til. Reynslan hefur hins vegar sýnt það sem starfsmenn Skattsins hafa margreynt, það er hversu miklu er hægt að áorka með ákveðnu og samstilltu átaki. Það er þó einnig ljóst að miklu af þeim kröftum sem ella hefði verið varið í vinnu tengda nýafstaðinni stofnanasameiningu var óhjákvæmilega beint að framkvæmd COVID-úrræðanna samhliða reglubundinni kjarnastarfsemi.

Allt átti þetta sér stað í óvenjulegu rekstrarumhverfi þar sem nauðsynlegt reyndist að umbreyta þeim sóttvarnarráðstöfunum, sem í upphafi áttu að heita til bráðabirgða, yfir í viðvarandi fyrirkomulag, a.m.k. að sinni. Skipta þurfti starfsstöðvum upp í sóttvarnarhólf, leiðbeina starfsmönnum um örugga umgengni á vinnustaðnum, innleiða fjarvinnu í ríkum mæli og aðlaga verklag að slíkum breytingum. Á vinnustað þar sem álitafni þarf iðulega að leysa með víðtæku samráði, og fjölmörgum verkefnum er sinnt þvert á skipulagið, þá voru samkomutakmarkanir tilfínnanleg breyting. Þessi umskipti hafa þó gengið framur björtustu vonum og ýmislegur lærdómur verið af þeim dreginn, t.a.m. um notagildi fjarfunda. Rétt eins og samskipti starfsmanna í milli þá tóku samskipti við viðskiptavini miklum breytingum, en Skatturinn sinnir þjónustu- og eftirlitsverkefnum sem snerta alla þá sem búa og starfa hérlandis, og einnig þá erlendu aðila sem eiga hér viðskipti eða koma sem gestir. Allt kapp var lagt á að styrkja þjónustu yfir síma og rafræna farvegi og draga þannig úr óþarfa smithættu í afgreiðslum. Góður árangurinn er áminning um að áframhaldandi þróun stafræna

Snorri Olsen
ríkisskattstjóri



þjónustulausna er alfa og omega á vegferð Skattsins til framtíðar. Þar er byggt á góðum grunni og reynsla undanfarins árs sýnir að stofnunin hefur alla burði til að vera áfram með framsæknustu veitendum opinberrar þjónustu í þessum efnun.

Nú virðist hilla undir að starfsemi Skattsins geti færst nær hefðbundnara horfi en verið hefur undanfarið rúmt ár. Þrátt fyrir ýmis konar röskun þá hafa nýjar lausnir og ný verkefni leitt af sér innsýn sem orðið getur gott innlegg í þá stefnumótunar- og skipulagsvinnu sem fyrir liggur hjá sameinaðri stofnun. Þar verður þungi lagður á stafræna þróun og aðlögun skipulags og fyrirkomulags verkefna að hinu stafræna viðskiptaumhverfi. Að mörgu er að hyggja en ávinnurinn er eftir því.

Heimsókn á starfsstöð Skattsins á Egilsstöðum	4	Staðgreiðsla 1988 - 2020	60
Nordic Smart Government - Markmið og árangur	6	Velta og virðisaukaskattur 1990 - 2020	62
Álagning einstaklinga 2020	9	Aðgerðir stjórnvalda á tímum COVID-19	65
Áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru á innheimtuárangur virðisaukaskatts	36	Jafnlaunavottun Skattsins	70
Aðkoma Íslands að FATF, grái listinn og hlutverk Skattsins	40	Hvaða kröfur eru gerðar til rökstuðnings ríkisskattstjóra?	72
Sameining ríkisskattstjóra og tollstjóra	48	Dómar	93
Álagning lögaðila 2020	51	Úrskurði YSKN	96
		Lokaorðið	98



Starfsmenn Skattsins á Egilsstöðum. Frá vinstri: Hrefna Björnsdóttir, Sigríður Þorvaldsdóttir, Ásgerður F. Bjarnadóttir, Almar D. Jónsson, Ásgeir Þórhallsson, Björgvin S. Pétursson og Haukur Guðmundsson.

Heimsókn á starfsstöð Skattsins á Egilsstöðum

Starfsstöðin

Starfsstöð Skattsins á Egilsstöðum er staðsett að Skjólvangi 2 við miðbæ Egilsstaða og hefur hún verið þar til húsa síðan í ágúst 2009, þegar starfsemi hinnar fornu Skattstofu Austurlandsumdæmis flutti úr eldra húsnæði.

Með nýja húsnæðinu, sem hannað var sérstaklega fyrir starfsemi skattstofunnar, er starfsemin komin á eina hæð með góðu aðgengi fyrir hreyfihamlaða og hver starfsmaður með sína eigin skrifstofu. Einnig fékkst svokallað „viðtalsherbergi“ inn af afgreiðslunni sem gerði starfsmönnum mögulegt að ræða við viðskiptavini af götunni í næði frá afgreiðslunni. Þá er hér gott fundarherbergi sem hefur nýst í fjarfundi og fyrir fagtengda fræðslu í fjarfundi. Einnig er gert ráð fyrir rúmgóðu 70 fermetra skjalasafni sem með tímanum hefur gefið möguleika á fjölgun skrifstofa þar sem gögn þau sem unnið er með eru nú flest öll komin á rafrænt form.

Stjórnandi

Starfsstöðinni er stjórnað af Hrefnu Björnsdóttur, sem tók við stjórn í ársbyrjun 2010 þegar Skattstofa Austurlandsumdæmis var lögð niður við sameiningu allra skattstofa á landinu og embættis ríkisskattstjóra. Hrefna hefur starfað í skattkerfinu frá árinu 1992.

Starfsmenn

Í dag eru starfandi sjö starfsmenn á starfsstöðinni, fjórir karlmenn og þrjár konur. Mikil endurnýjun hefur orðið á starfsmannahópnum frá því að starfsemin flutti í núverandi húsnæði og eru aðeins tveir starfsmenn enn starfandi af „gamla hópnum“. Með nýjum starfsmönnum hefur starfsmannahópurinn yngst verulega og í fyrsta skipti í mörg ár fór starfsmaður í fæðingarorlof hjá okkur. Þá vildi ekki betur til en svo að af sjö starfsmönnum voru þrír þeirra í fæðingarorlofi á sama tíma í einum mánuðinum á árinu 2020.



Starfsstöðin að Skjólvangi 2, sem byggð var sérstaklega fyrir starfsemi skattfyrvalda, hefur verið í notkun frá 2009.

Hrefna Björnsdóttir umsjónarmaður starfsstöðvar Skattsins á Egilsstöðum og jafnframt deildarstjóri á álagningarsviði.

Starfsmenn koma víða að, aðeins tveir þeirra teljast innfæddir „Héraðsbúar“ og tveir til viðbótar eru Austfirðingar. Hinir eru aðfluttir frá Reykjavík og Danmörku.

Helstu verkefni

Allir starfsmenn á starfsstöðinni tilheyra álagningarsviði Skattsins, en Skatturinn er með starfsstöðvar í Reykjavík og á sex starfsstöðvum víða um landið.

Helstu verkefni starfsstöðvarinnar er að vinna við álagningu opinberra gjalda einstaklinga sem hafa flutt til og frá landinu, einstaklinga sem eru með tekjur erlendis frá eða eru búsettir erlendis en með tekjur eða eignir á Íslandi. Verkefni falla undir verksvið einstaklingsdeildar á álagningarsviði. Mikil samvinna er við aðra starfsmenn á álagningarsviði, sérstaklega einingu alþjóðlegrar skattlagningar í Reykjavík, en jafnframt sinna þrír starfsmenn á álagningarsviði í Reykjavík þessum verkefnum.

Þessu til viðbótar sjá starfsmenn á Egilsstöðum um fyrirframgreiðslu barnabóta, EES barnabætur og fyrirframgreiðslu vaxtabóta ásamt því að gefa út veflykla til erlendis búsettra og dánarbúa.

Starfsmenn aðstoða einnig viðskiptavini í síma og með tölvupóstum, að því er varðar þeirra málaflokk, ásamt því að sinna almennri afgreiðslu í nærþjónustu.

Að lokum

Starfsemi Skattsins á Egilsstöðum gengur vel og eru verkefni fjölbreytt og unnin í samstarfi við aðra starfsmenn Skattsins. Tæknin gerir okkur kleift að vera í reglulegu sambandi við samstarfsmenn á öðrum starfsstöðum og fjarfundir eru nýttir til að samræma störf og leggja línur vegna tiltekinna verkefna. Verkefni eru ærin og því alltaf nóg að gera.

Nordic Smart Government

Áfangaskil

Framtíðarsýnin er sú að gera viðskiptagögn aðgengileg svo þau nýtist til nýsköpunar og vaxtar og stuðla þannig að því að Norðurlöndin verði samþættasta landsvæði í heiminum.

Unnið hefur verið að samnorræna verkefninu Nordic Smart Government (NSG) frá árinu 2016 og hefur Skatturinn tekið þátt í því frá upphafi. Þriðja áfanga verkefnisins, sem hófst 1. júní 2018, lauk 31. október 2020. Verkefnisvinnan var umfangsmikil en alls tóku 70 sérfræðingar frá 16 stofnunum og fyrirtækjum á öllum Norðurlöndunum þátt í henni. Vinnan fólst m.a. í því að greina notkun rafrænna viðskiptaskjala á Norðurlöndunum og stöðu hvers lands hvað varðar lagalegt og tæknilegt umhverfi, auk þess sem mikil samskipti voru við hagaðila. Afurð þriðja áfanga er stefnumiðuð áætlun sem ber yfirskriftina „Vegvísir að stafrænu vistkerfi Nordic Smart Government“.

Þátttakendur í þriðja áfanga NSG komu frá fyrirtækjaskrá, skattyfirvöldum, hagstofum og fleiri aðilum á öllum Norðurlöndunum og var hvert land með eigið landsteymi.

Vegvísir

Í vegvísi að stafrænu vistkerfi NSG eru skilgreind markmið og fyrirhugaður árangur auk helstu áfanga á þeirri vegferð að gera framtíðarsýn NSG að veruleika. Framtíðarsýnin er í stuttu máli sú að gera viðskiptagögn aðgengileg fyrirtækjum og stofnunum á sjálfvirkan, snjallan og öruggan hátt í rauntíma svo þau nýtist til nýsköpunar og vaxtar.

Fjárhagslegur ávinningur er áætlaður 25 milljarðar evra árlega fyrir fyrirtæki á öllum Norðurlöndunum og 56 milljarðar króna árlega fyrir íslensk fyrirtæki að innleiðingu lokinni, en gert er ráð fyrir að árið 2027 verði Norðurlöndin orðin samþættasta landsvæði í heiminum hvað þetta varðar. Undir vegvísinn fellur fjöldi annarra áfanga s.s. að gera notkun viðskiptakerfa og rafrænna viðskiptaskjala almenna meðal fyrirtækja.

Í vegvísinum er lýst sex lausnum eða aðgerðapökkum en að baki hvers þakka eru tillögur eða hugmyndir að yfir hundrað aðgerðum:

1. Fyrirtæki noti rafræn viðskiptaskjöl
2. Fyrirtæki noti viðskiptakerfi með opnum reikningsskilum
3. Rafrænar vöruupplýsingar í viðskiptaskjöllum
4. Aðgangur að gagnabjónustu til að sannreyna áreiðanleika og gæði gagna
5. Fyrirtæki „fæðist“ stafræn
6. Einfölduð skýrsluskil

Lagalegt umhverfi

Lagabreytingar eru grunnurinn að því að stafrænt vistkerfi NSG verði að veruleika og mikilvægt að þær séu unnar með samræmdum hætti innan Norðurlandanna.

Verkefnishópurinn í NSG 3.0



DANMÖRK

- The Danish Business Authority



SVÍÐJÓÐ

- The Swedish Companies Registration Office
- The Swedish Tax Authority
- The Swedish Statistical Agency



NOREGUR

- The Brønnøysund Register Centre, Norway
- The Norwegian Tax Authority
- The Norwegian Statistical Agency
- The Norwegian Digitalization Agency



FINNLAND

- Finnish Patent and Registration Office
- Finnish Tax Administration
- State Treasury
- Statistics Finland




ÍSLAND

- Skatturinn
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Hagstofa Íslands

Alls voru það 70 sérfræðingar frá 16 stofnunum og fyrirtækjum sem tóku þátt í verkefnisvinnunni í þriðja áfanga Nordic Smart Government (2018-2020).

Ertu sammála eða ósammála því að það skili miklum ávinningi að nota rafræna reikninga í stað reikninga á pappír eða sem PDF-skjal?

	Fjöldi	%
Mjög sammála (5)	88	37,4%
Sammála (4)	80	34,4%
Hvorki sammála né ósammála (3)	48	20,6%
Ósammála (2)	10	4,1%
Mjög ósammála (1)	8	3,5%
Gild svör	234	100,0%
Fjöldi svarenda	234	92,9%
Veit ekki	10	3,9%
Svörðu ekki	8	3,3%
Heildarfjöldi	252	100,0%



Meðaltal	3,98
Vikmörk (±)	0,10
Staðalfrávik	0,80



Hér er heild vigtuð eftir ársverkum en einstaka ársverk eru óvigtuð.

Greining á lagalega umhverfinu var gerð í samvinnu við ráðgjafa frá KPMG. Markmiðið með vinnunni var að draga fram heildarmynd lagalegra áskorana á Norðurlöndunum. Ekki var tekin afstaða til ákveðinnar löggjafar eða reglugerða.

Í niðurstöðum greiningarinnar komu fram hindranir og hvatar sem huga þarf að eigi sýn NSG að ná fram að ganga:

Hindranir

- Rafræn gagnaskil
- Stöðluð skil og kröfur
- Samvirkni og flutningsgeta
- Skortur á sjálfvirkri skýrslugerð
- Hár kostnaður dregur úr þróun

Hvatar

- Ómótað lagaumhverfi
- Gagnavarðveisla heimilúð erlendis
- Tækifæri sem felast í samræmdu skýrsluskilum
- Tækifæri til aukinna gagnaskila milli opinberra eininga
- Aðrir hvatar

Rafræn gagnaskil er eitt af lykilatriðum NSG en segja má að engir hvatar séu til staðar, hvorki lagalegir, efnahagslegir né aðrir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki til að nýta sér rafræn gagnaskil. Ósamræmis gætur m.a. í hugbúnaðarlausnum hvað varðar sumar tengingar við kerfi sem getur valdið háum kostnaði. Lagaumhverfið er ekki fastmótað sem felur í sér tækifæri til samræmingar og aukins samstarfs á milli Norðurlandanna. Að sama skapi á eftir að móta fleiri tækniastaðla sem munu leiða til frekari lækkunar á þróunarkostnaði.

Hvað íslenskt lagaumhverfi varðar eru ekki til staðar miklar takmarkanir á heimildum til gagnaskipta aðrar en ákvæði í lögum um

persónuvernd. Núgildandi lög um bókhald, ársreikninga og virðisaukaskatt gætu hins vegar valdið hindrunum á vegferð NSG og ljóst að til lagabreytinga þarf að koma. Í þessu sambandi þarf líka að skoða samkeppnislög nr. 44/2005.

Tæknilegt umhverfi

Tækniumhverfið sem NSG byggir á eru m.a. staðlaðar skilgreiningar fyrir gagnasamskipti auk lausna sem tryggja öryggi og áreiðanleika í fjartengingum og við flutning



Rafræn gagnaskil er eitt af lykilatriðum NSG en segja má að engir hvatar séu til staðar, hvorki lagalegir, efnahagslegir né aðrir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki til að nýta sér rafræn gagnaskil

á gögnum. Á síðustu árum hefur átt sér stað umfangsmikil uppbygging á leiðum til samskipta með rafræna reikninga og innleiðingu rafrænna skilríkja. Þessar fjárfestingar falla vel að markmiðum NSG og mynda tæknilegan grunn sem byggja má ofan á. Samstarf Íslands við Norðurlöndin og önnur Evrópulönd við stöðlun þessara lausna mun nýtast til enn frekari stöðlunar og er sú vinna þegar komin af stað.

Maskína framkvæmd viðhorfskönnun að beiðni Skattsins í tengslum við Nordic Smart Government verkefnið dagana 22. janúar - 4. febrúar 2020. Könnunin sýndi að innleiðing rafrænna reikninga gengur vel hér á landi.

42% fyrirtækja senda alltaf eða oft rafræna reikninga. Færri fyrirtæki eða tæp 35% móttaka rafræna reikninga oft eða alltaf. Stærri fyrirtæki, þ.e. sé horft til fjölda ársverka hjá viðkomandi, senda og móttaka rafræna reikninga í meira mæli en minni fyrirtæki. Þau fyrirtæki sem nota rafræna reikninga eiga almennt ekki í vandræðum með að senda eða taka á móti þeim, eða níu af hverjum tíu.

Spurt var um helstu ástæður þess að ekki sé verið að nota rafræna reikninga. Svarendur nefndu atriði á borð við staðgreiðsluöskipti,

umfang rekstrar (fáir útgefni reikningar), vöntun á kerfi og/eða kerfishluta fyrir rafræna skeytamiðlun, kostnað við kaup á þeim kerfishluta, takmörkun kerfis, og skort á þekkingu og tíma. Þá gáfu þátttakendur einnig þá skýringu að rafræn skeytamiðlun hafi ekki verið tekin upp því hún hafi ekki náð almennri útbreiðslu hér á landi.

Mikill meirihluti þátttakenda, eða tæp 72%, var sammála því að það skili miklum ávinningi að nota rafræna reikninga í stað reikninga á pappír eða PDF-skjöl. Aðspurð hvort bókarar fyrirtækisins hafi lagt til að notaðir væru rafrænir reikningar segja rúm 44% svo ekki vera.

Á næstu misserum verður lögð áhersla á að koma öðrum skjölum í aðfangakeðjunni á rafrænt form og auka notkun þeirra meðal fyrirtækja.

Samráð við hagaðila

Landsteymi NSG gegndu m.a. því hlutverki að hafa samráð við hagaðila í sínu heimalandi. Íslenska landsteymið hefur því staðið fyrir nokkrum stærri fundum og nýtt Samráðsgátt stjórnvalda til samráðs.



Af verkefnum sem er ætlað að styðja við upptöku stafrænna viðskiptaskjala hér á landi má nefna að taka þarf upp nýtt snið á tollskeytum sem hentar betur fyrir stafræn viðskipti

Í upphafi verkefnisins var samráðsfundur haldinn í samvinnu við Litla Ísland hjá Samtökum atvinnulífsins í þeim tilgangi að kynna Nordic Smart Government verkefnið og fá fram sýn hagaðila á sjálfvirk flæði viðskipta- og bókhaldsgagna.

Í framhaldinu var haldinn vinnufundur með fulltrúum fyrirtækja til að kortleggja dæmigert innkaupaferli og sölufarli ásamt þeirri bókhaldsvinnu sem tengist þessum ferlum. Sú vinna gaf verkefnishópnum góða innsýn í rekstrarumhverfi fyrirtækja og var meðal annars hagnýtt við greiningu á lagaumhverfinu. Á miðjum verkefnistíma bauð íslenska land-

steymið svo hagaðilum til fundar með verkefnastjórum og sérfræðingum úr norræna verkefnishópnum sem voru staddir hér að landi vegna vinnufundar.

Þegar leið nær lokum þriðja áfanga verkefnisins fóru afurðir þess að líta dagsins ljós. Drög að vegvísi NSG fóru þá í opið samráð en hér á landi voru drögin til umsagnar í samráðsgáttinni frá 13. mars til 1. maí 2020. Umsagnirnar sem bárust voru jákvæðar og gagnlegar ábendingar nýttust norræna verkefnishópnum

við að betrubæta vegvísinn. Þess ber að geta að yfir 30 stórir hagaðilar frá öllum Norðurlöndunum rýndu drögin að vegvísinum.

Framkvæmd

Ríkisstjórn Íslands samþykkti formlega þann 26. júní 2020 stuðning af sinni hálfu við að raungera framtíðarsýn NSG. Við áfangaskil horfir verkefnishópurinn um öxl og nýtir lærdóminn til undirbúnings fyrir næsta áfanga. Í þessum fjórða og síðasta áfanga verkefnisins, sem hefst á öðrum ársfjórðungi 2021, verður unnið við innleiðingu breytinga í samstarfi opinberra aðila og atvinnulífs.

Íslenska landsteymið hefur útbúið verkefnaskrá, þ.e. yfirlit yfir verkefni sem vitað er að vinna þarf hér á landi. Verkefnaskráin er langt frá því að vera tæmandi og því mikilvægt að uppfæra hana reglulega á komandi árum með hliðsjón af stefnumótun og áætlanagerð um stafræna þróun hérlendis og á hinum Norðurlöndunum.

Ljóst er að stjórnvöld þurfa að móta heildstæða stafræna stefnu í samstarfi við atvinnulífið og háskólasamfélagið. Þá þarf að endurskoða lagalegt umhverfi og skilgreina og innleiða staðlaðan bókhaldslykil. Af verkefnum sem er ætlað að styðja við upptöku rafrænna viðskiptaskjala hér á landi má nefna að taka þarf upp nýtt snið á tollskeytum sem hentar betur fyrir stafræn viðskipti.

Lokaorð

Nordic Smart Government þykir dæmi um verkefni sem sýnir með skýrum hætti styrk norrænnar samvinnu og mikil samstaða og traust ríkir milli þátttakenda.

Fundur hér á landi með hagaðilum hafa hingað til gengið mjög vel og verkefnið fengið góðar viðtökur, en að mati þátttakenda þá er helsta áskorunin framundan að auka enn samstarf við hagaðila. Engin ástæða er fyrir landsteymið að ætla annað en að svo verði áfram og að atvinnulífið sé reiðubúið til frekara samstarfs. Landsteymið þakkar þeim aðilum sem hafa verið til samráðs og ráðgjafar í þriðja áfanga verkefnisins kærlega fyrir aðstoðina með óskum um áframhaldandi gott samstarf á komandi árum.

Linda Rut Benediktsdóttir

Samráð við hagaðila



Álagning einstaklinga 2020



Páll Kolbeins
rekstrarhagfræðingur

Skattgrunnskrá

Fólksfjöldi og fólksfjölgun er ein af lykilstærðum þjóðarbúskaparins, enda er fyrsti kafli hins ágæta rits Landshaga ávallt til-einkaður umfjöllun um mannfjölda. Fyrstu hagtölurnar voru manntölín en manntalið frá 1703 er fyrsta manntal heillar þjóðar sem tekið hefur verið. Það er talið að um fimm-tíu þúsund manns hafi getað framfleytt sér í landinu miðað við búskaparhætti þess tíma. Á ofanverðri 19. öld var ekki óalgennt að konur eignuðust sex til tíu börn sem hafði aftur áhrif á uppeldið. Lífið var hættulegt en eftir því sem börnin voru fleiri jukust líkurnar á því að afkomendur kæmst á legg. Þá höfðu orðið ákveðnar þjóðfélagsbreytingar og framfarir í heilbrigðismálum. Fleiri gátu séð fjölskyldu farborða á sama tíma og barnadauði minnkaði. Þess vegna fjölgaði fólkinu. Jarðarbúar eru nú um 7.800 milljónir og fjölga um riflega eitt prósent á hverju ári eða um 80 milljónir, sem jafnast á við íbúafjölda Þýskalands. Það má því ætla að það fjölgi um 222 þúsund manns á hverjum degi sem er áhugavert í ljósi þess að 1. janúar 2020 bjuggu 364.134 á Íslandi, sem nær ekki tveggja daga fjölgun jarðarbúa. Nú sem fyrr fæðast flestir og alast upp í fátækt.

Í lok maí 2020 lauk ríkisskattstjóri álagningu opinberra gjalda á einstaklinga, á tekjur ársins 2019. Það dró nokkuð úr hinum hraða vexti sem hér var eftir að viðspyrnunni var náð á eftirhrunsárunum en engu að síður ber skattframtal ársins 2020 vitni um að góðæri hafi ríkt hér á landi á árinu 2019. Tekjur og eignir jukust og útlendingar héldu áfram að flykkjast til landsins í leit að vinnu. Það er því óhætt að segja að það hafi haldið áfram að blása byrlega fyrir landsmönnum árið 2019.

Á skattgrunnskrá eru allir sem ná 16 ára aldri á tekjuárinu. Þeir sem voru fæddir á gamlársdag 2003 greiða því fullan skatt af tekjum ársins 2019 ólíkt þeim sem voru fæddir á nýársdag 2004. Yfirleitt breytir þetta litlu þar sem ungmenni greiða almennt ekki mikinn skatt. Árið 2020 voru 313.338 einstaklingar á skattgrunnskrá. Einstaklingum á skattgrunnskrá fjölgaði um 5.639 eða 1,8% á milli ára. Aldrei hafa jafn margir framteljendur verið á skattgrunnskrá. Það dró þó lítið eitt úr fjölguninni árið 2019. Árið 2018 fjölgaði um 10.023 á milli ára sem var 3,4% fjölgun.

6.730 í krepunni 2009 og 2010 en þeim tók aftur að fjölga þegar land fór aftur að rísa árið 2011.

Fjölgun á skattgrunnskrá er að miklu leyti vegna erlendra ríkisborgara sem flust hafa til landsins til lengri eða skemmri dvalar á undanförunum árum. Líkt og að framan er rakið fjölgaði framteljendum um 91.824 á árunum 2000 til 2019 eða um 41,5%. Íslenskum ríkisborgurum fjölgaði um 42.031 sem var fjölgun um 19,6% en erlendum ríkisborgurum um 49.793 sem var tæp níföldun, eða fjölgun um 757,1%. Þess bera að geta að fjölgun íslenskra ríkis-


”

Um 54,2% fjölgunarinnar á skattgrunnskrá á tímabilinu 2000 til 2019 var vegna erlendra ríkisborgara sem voru orðnir 56.370 árið 2019, eða um 18,0% framteljenda, þannig að nær einn af hverjum fimm framteljendum á skattgrunnskrá var með erlent ríkisfang


Frá árinu 2000 og fram til ársins 2019 fjölgaði framteljendum á skattgrunnskrá um 91.824 eða 41,5%. Á þessum tíma hefur landið gengið í gegnum tvö uppgangsskeið. Á fimm ára tímabili frá 2002 til 2007 fjölgaði framteljendum um 38.292 eða 16,9%. Á fimm ára tímabili frá 2013 til 2018 fjölgaði um 39.248 eða 14,6%. Framteljendum á skattgrunnskrá fækkaði hins vegar um

borgara er að einhverju leyti vegna útlendinga sem fengið hafa íslenskan ríkisborgararétt. Um 54,2% fjölgunarinnar á skattgrunnskrá á þessu tímabili var vegna erlendra ríkisborgara sem voru orðnir 56.370 árið 2019, eða um 18,0% framteljenda, þannig að nær einn af hverjum fimm framteljendum á skattgrunnskrá var með erlent ríkisfang árið 2019. Þetta hlutfall hefur aldrei verið hærra.

Fjöldi framteljenda á skattgrunnskrá



Í álagningu 2020 á tekjur ársins 2019 voru 313.338 framteljendur á skattgrunnskrá sem var 5.639 eða 1,8% fleiri en árið áður. Það dró nokkuð úr mikilli fjölgun framteljenda árið 2019 en framteljendum á skattgrunnskrá fjölgaði um 9.122 árið 2016, 10.948 árið 2017 og 10.023 árið 2017. Frá árinu 2014 til 2019 fjölgaði framteljendum á skattgrunnskrá um 41.531 eða 15,3% en þar af voru 33.774 erlendir ríkisborgarar. Um 81,3% fjölgunarinnar á tímabilinu var því vegna fjölgunar erlendra ríkisborgara sem voru orðnir 56.370 á skattgrunnskrá árið 2019. Um 18,0% framteljenda á skattgrunnskrá voru því erlendir ríkisborgarar og hafa þeir aldrei verið fleiri. Aldursdreifing erlendra ríkisborgara er nokkuð önnur en íslenskra. Þriðjungur eða 33,5% framteljenda á aldrinum 26 til 35 ára og 35,1% framteljenda á aldrinum 26 til 30 ára voru erlendir ríkisborgarar en hlutfallið var hæst eða 36,1% í árganginum sem varð 28 ára árið 2019.



Flestir landsmenn hafa viðurværi sitt af launaðri vinnu en laun og hlunnindi eru stærsti einstaki tekjuliður einstaklinga. Árið 2019 voru landsmenn með 1.329,6 milljarða í laun og hlunnindi, sem var 30,9 milljörðum eða 2,4% meira en árið áður. Aukningin var minni en á uppgangsárunum 2013 til 2018 en laun jukust um 3,4%, 6,3%, 8,5%, 9,9%, 7,3% og 4,0% á þessum árum, samtals um 380,2 milljarða eða 41,4% á aðeins fimm árum. Þó að nokkuð hafi dregið úr aukningunni árin 2018 og 2019 var engu að síður um umtalsverða aukningu að ræða. Á fimm ára tímabili 2014 til 2019 jukust laun um 353,6 milljarða eða 36,2%.

Sem fyrr segir var fjölgun erlendra ríkisborgara mjög hröð á síðasta uppgangsskeiði. Þeim fjölgaði á skattgrunnskrá um 8,0% árið 2014, 18,7% árið 2015, 28,2% árið 2016 og 28,4% árið 2017. Þeim fjölgaði svo aftur um 18,5% árið 2018 og 7,8% árið 2019. Á sama tíma fjölgaði íslenskum ríkisborgurum á skrá um 0,7%, 0,6%, 0,6%, 0,5%, 0,7% og 0,6%. Þetta er mun minni fjölgun en á fyrsta áratugi aldarinnar en því hefur oft verið haldið fram að um og yfir eitt prósent fjölgun sé eðlileg.

Árið 2019 fjölgaði íslenskum ríkisborgurum um 1.568 en erlendum um 4.071. Allt frá árinu 2014 hefur erlendum ríkisborgurum á skattgrunnskrá fjölgað um 26.023 umfram fjölgun íslenskra ríkisborgara. Hvort sem lítið er til tölu eða höfðatölu hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað meira og hraðar en Íslendingunum.

Flestir erlendu ríkisborgaranna koma hingað frá löndum Evrópusambandsins í leit að vinnu. Yfirleitt er því um að ræða fólk

á besta aldri sem er tilbúið til að yfirgefa heimahagana og halda á vit áventýrana í öðru landi. Erlendir ríkisborgarar eru flestir undir fimmtugu. Um 20,1% íslenskra ríkisborgara voru eldri en 65 ára árið 2019 en aðeins um 2,8% erlendra ríkisborgara. Fjölmennasti hópur erlendra ríkisborgara var á aldrinum 26 til 35 ára en 21.058 þeirra voru á þessu aldursbili eða um þriðjungur framteljenda á þeim aldri. Þá voru 22,7% framteljenda á aldrinum 36 til 45 ára, 21,5% framteljenda á aldrinum 16 til 25 ára og 14,7% framteljenda á aldrinum 46 til 55 ára, erlendir ríkisborgarar. Það er athyglisvert að um 36,1% framteljenda sem urðu 28 ára árið 2019 voru erlendir ríkisborgarar.

Nefskattar

Útvarpsgjald og gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra eru dæmi um nefskatta sem eru lagðir á til að fjármagna opinberan rekstur. Hreinn nefskattur er ákveðin fjárhæð sem er lögð jafnt á alla. Skatturinn kemur því verr við tekjulága en þá sem eru tekjuháir þar sem herra hlutfall teknanna fer í að greiða skattinn.

Íslensku nefskattarnir eru þó aðeins lagðir á þá sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum, sem voru 1.833.671 kr. árið 2019, og voru fæddir 1950 eða síðar, þ.e. þeir sem eru sjötugir eða eldri eru undanþegnir gjaldinu. Öryrkjar sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum eru einnig undanþegnir. Hér er því ekki um hreina nefskatta að ræða.

Þeir sem voru yfir skattleysismörkum greiddu 11.740 kr. í gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og 17.900 kr. í útvarpsgjald, samtals 29.640 kr. á ári. Þetta sýnir hvernig aldurs- og tekjumörk geta haft áhrif á skattlagningu einstaklinga. Þó að 29.640 kr. séu að flestra mati ekkert smáræði þá eru þetta þó ekki nema 1,6% skattur af 1.833.671 kr. **Í greininni eru allar fjárhæðir á föstu verðlagi miðað við vísitölu neysluverð í desember 2019.**

Útvarpsgjald

Útvarpsgjald er lagt á til að tryggja rekstur Ríkisútvarpsins ohf. Tæpur 4,1 milljarður var nú lagður á einstaklinga í útvarpsgjald, 57 milljónum meira en var lagt á í fyrra.

Útvarpsgjald var 17.900 kr. og hækkaði það um 400 kr. á milli ára, eins og í fyrra, sem var hækkan um 2,3%. Nú var gjaldið lagt á 228.067 gjaldendur, 2.599 fleiri en fyrir ári. Gjaldendum útvarpsgjalds fjölgaði þannig um 1,2% á milli ára. Gjaldendum undir sjötugu og yfir skattleysismörkum fjölgaði því hægar en gjaldendum á skattgrunnskrá.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra

Framkvæmdasjóði aldraðra er ætlað að stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu um

landið, byggingu stofnana fyrir aldraða, þjónustumiðstöðva og dagvistunar, auk annarra verkefna sem stuðla að eflingu öldrunarþjónustu. Lagðar voru 11.740 kr. á hvern gjaldanda. Gjaldið hækkaði um 286 kr., eða 2,5% á milli ára eins og í fyrra. Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra var tæpir 2,7 milljarðar sem var 42 milljónum meira en lagt var á í fyrra. Það var lagt á 228.232 einstaklinga, 2.572 fleiri en í fyrra.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra er lagt á einstaklinga á andlátsári ólíkt útvarpsgjaldinu. Þetta er ástæðan fyrir því að aðeins fleiri greiða gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra en útvarpsgjald.

Tekjur og frádráttur

Bróðurpartur tekna einstaklinga í landinu eru laun sem greidd eru fyrir vinnu launamanna. Aðrar tekjur eru t.d. reiknað endurgjald sem einstaklingar sem reka fyrirtæki með ótakmarkaðri ábyrgð og á eigin nafni og kennitölu reikna sér, hagnaður af rekstri einstaklingsfyrirtækja, leigutekjur, vextir og arður. Þá fá margir greiddan lífeyri úr lífeyrissjóðum, séreignarsjóðum, atvinnuleysistryggingasjóðum eða félagslegar tryggingabætur úr samtryggingarkerfinu.

Sá hluti hagnaðar, þ.e. þeim sem ekki er úthlutað, er endurfjárfestur í fyrirtækinu sem fjárfesting eigenda. Hagnaður sem er endurfjárfestur í rekstri á að skapa tekjur í rekstrinum og auka virði fyrirtækisins. Þegar fyrirtækið er síðan selt getur myndast söluhagnaður sem er oft hagnaður sem hefur ávaxtast í fyrirtækinu um árabíl. Einstaklingar geta haft mjög háar tekjur af söluhagnaði en til þess ber að líta að stundum er um að ræða tekjur af rekstrareignum sem hafa verið bundnar í fyrirtækjunum um áratugaskeið.

Laun og hlunnindi

Árið 2019 voru launagreiðslur, bifreiðahlunnindi og önnur hlunnindi 30,9 milljarði eða 2,4% hærri að raungildi en árið áður. Samtals voru þessar greiðslur 1.329,6 milljarðar árið 2019. Það dró aftur úr þeirri miklu aukningu launa sem verið hefur á undanförunum árum. Raungildi launa jókst um 3,4% árið 2013, 6,3% árið 2014, 8,5% árið 2015 og 9,9% árið 2016 og svo aftur um 7,3% og 4,0% árin 2017 og 2018. Aukningin árið 2019 var því mun minni en aukning undanfarinna ára. Raunvirði launa og hlunninda landsmanna árið 2018 var 380,2 milljörðum, eða 41,4% herra en það var árið 2013. Þó að nokkuð hafi dregið úr mjög hraðri aukningu launa í landinu árið 2019 hafa laun aldrei verið hærri og því ekki hægt að segja að um samdrátt hafi verið að ræða.

Ökutækjastyrkur

Ökutækjastyrkur er greiðsla frá vinnuveitanda til starfsmanns sem notar eigin bifreið í þágu vinnuveitanda. Hér er ýmist um að ræða fasta greiðslu eða greiðslu fyrir hvern ekinna kílómetra samkvæmt akstursbók eða akstursskýrslu. Starfsmenn mega draga kostnað frá ökutækjastyrk ef bifreið launþega hefur sannanlega verið notuð í þágu vinnuveitanda. Ferðir til og frá vinnu teljast hins vegar ekki til slíkra nota.



Þó að nokkuð hafi dregið úr mjög hraðri aukningu launa í landinu árið 2019 hafa laun aldrei verið hærri og því ekki hægt að segja að um samdrátt hafi verið að ræða

Vinnuveitendur greiddu 12,2 milljarða í ökutækjastyrk árið 2019 sem var 611 milljónum eða 4,8% minna en árið áður. Ökutækjastyrkur hefur ekki lækkað síðan 2015 en þá lækkaði hann um 61 milljón sem var þá 0,5% lækkun. Lækkunin er því athyglisverð en þetta er mesta lækkun ökutækjastyrks síðan í botni kreppunnar árið 2009 þegar ökutækjastyrkur minnkaði um 13,1% frá árinu áður.

Árið 2019 fengu 43.399 einstaklingar greiddan ökutækjastyrk sem var 857 færra en árið áður. Þetta kann að benda til þess að árið 2019 hafi menn verið farnir að rífa seglin.

Nú töldu 37.425 framteljendur fram tæpa 8,7 milljarða í frádrátt á móti ökutækjastyrk, sem var 59 milljónum eða 0,7% minni en í álagningunni í fyrra. Frádrátturinn minnkaði því minna en styrkurinn sem hann er dreginn frá.

Um 70,8% styrksins voru dregin frá en 29,2% voru skattlögð. Þetta er óveruleg breyting frá því sem verið hefur á undanförunum árum. Gera þarf grein fyrir eignum kílómetrum fyrir vinnuveitanda sem kann að hafa áhrif á það hvort að menn færi frádrátt.

Dagpeningar

Vinnuveitendur geta ýmist greitt kostnað af ferðum starfsmanna á vegum vinnuveitanda gegn framvísun reiknings eða greitt þeim dagpeninga til að standa straum af ferðakostnaði. Það er ákveðið hagræði fólgið í því að greiða starfsmönnum dagpeninga frekar en ferðakostnað samkvæmt reikningi. Dagpeningum er ætlað að standa undir ferðakostnaði og eru almennt undanskildir tryggingagjaldi.

Atvinnurekendur greiddu 14,5 milljarða í dagpeninga árið 2019 sem var 604 milljónum eða 4,0% minna en árið áður.

Árið 2019 fengu 32.008 manns greidda dagpeninga, 114 færri en árið áður. Dagpeningar hækka og lækka á milli ára en þeim sem telja fram dagpeninga hefur ekki fækkað síðan 2009, sem hlýtur að sæta tíðindum.

Á móti dagpeningum má færa ferða- og dvalarkostnað sem launþegi hefur sannanlega greitt vegna ferða á vegum launagreiðanda.

Frádráttur fyrir hvern ferðadag getur ekki orðið hærri en leyft er samkvæmt skattmati. Loks þurfa að liggja fyrir í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launþega, gögn um tilefni ferða, fjölda dvalardaga og fjárhæðir dagpeninga.

Frádráttur vegna greiddra dagpeninga var 14,2 milljarðar árið 2019 en um 97,6% greiddra dagpeninga voru dregnir frá skattstofni, sem er svipað og undanfarin ár.


Aðeins 342 milljónir af þeim 14,5 milljörðum sem greiddir voru í dagpeninga voru skattskyldar, en 203 framteljendur drógu engan kostnað frá greiddum dagpeningum, samanborið við 161 árið áður. Aðeins lítið brot greiddra dagpeninga myndar því tekjuskatts- og útsvarsstofn.

Reiknað endurgjald

Allir sem starfa við eigin atvinnurekstur eiga að reikna sér endurgjald eða laun fyrir vinnu sína. Þetta gildir jafnt um þá sem taka að sér hlutastörf eins og kennslu, greinaskrif eða smáviðvik í íhlaupum, sem og þá sem hafa meira umleikis. Ríkisskattstjóri gefur út viðmiðunarreglur um reiknað endurgjald ýmissa starfsstétta á hverju ári en mönnum ber almennt að reikna sér endurgjald sem er ekki lægra en þau laun sem hefðu verið greidd ef sama starf hefði verið unnið fyrir óskyldan aðila. Hér gildir því svo kölluð armslengdarregla sem kemur fyrir á nokkrum stöðum í skattalögum. Með þessi laun er farið eins og launagreiðslur til launþega. Þeir sem reikna sér endurgjald eiga almennt að skila

Reiknað endurgjald og hreinar tekjur af atvinnurekstri

Milljarðar



Einstaklingur sem rekur fyrirtæki í eigin nafni skal reikna sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starfið en hann hefði haft sem laun fyrir það hjá óskyldum eða ótengdum aðila. Árið 2019 reiknuðu 17.500 manns sér 28,1 milljarð í samanlagt endurgjald vegna vinnu við eigin rekstur, sem var 1,1 milljarði eða 4,0% meira en árið áður. Ef fyrirtækið skilar hagnaði færir hann á skattframtal einstaklingsins sem hreinar tekjur en 12,6 milljarðar voru hagnaður af rekstri 14.993 einstaklinga, sem var 640 milljónum eða 4,8% minni hagnaður en árið áður. Eftir að einkahlutafélög komu til sögunnar og fjármagnstekjuskattur var tekinn upp um miðjan tíunda áratuginn sáu margir sér hag í því að umbreyta einstaklingsrekstri í einkahlutafélag. Frá þeim tíma fækkaði þeim einstaklingum sem reiknuðu sér endurgjald ár frá ári en síðan hefur þeim fjölgað nokkuð með hærri sköttum á hagnað og arð féлага.

staðgreiðslu, tryggingagjaldi og iðgjaldi í lífeyrissjóð af endurgjaldinu. Þetta gildir jafnt um þá sem stunda atvinnurekstur í eigin nafni, þá sem reka sameignarfélag með öðrum og þá sem eru ráðandi aðilar vegna eignar- eða stjórnumaraðildar í hlutafélögum.

var skattalögum breytt þannig að skattur á hagnað og arðgreiðslur fyrirtækja var lækkaður. Margir sáu sér því hag í því að stofna félag um rekstur sem hefði annars verið rekinn með ótakmarkaðri ábyrgð eigenda. Í kjölfarið fækkaði þeim sem reikna



Árið 2019 reiknuðu 17.500 einstaklingar sér 28,1 milljarð í laun fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur, sem var 1,1 milljarði eða 4,0% meira að raungildi en árið áður. Þeir sem reiknuðu sér endurgjald voru 318 fleiri en árið áður

Árið 2019 reiknuðu 17.500 einstaklingar sér 28,1 milljarð í laun fyrir vinnu við eigin atvinnurekstur, sem var 1,1 milljarði eða 4,0% meira að raungildi en árið áður. Þeir sem reiknuðu sér endurgjald voru 318 fleiri en árið áður.

Lengst af voru flest lítil einstaklingsfyrirtæki rekin með ótakmarkaðri ábyrgð eigenda. Um miðjan tíunda áratuginn var einstaklingum hins vegar gert auðveldara að flytja reksturinn yfir í félag með takmarkaðri ábyrgð eigenda og um svipað leyti

sér endurgjald en að sama skapi fjölgaði einkahlutafélögum. Árið 1992 var reiknað endurgjald einstaklinga til að mynda 45,6 milljarðar en þá reiknuðu 25.685 manns sér endurgjald. Fram til ársins 1996 fjölgaði þeim sem reiknuðu sér endurgjald um 1.695 en þeim fækkaði síðan frá ári til árs fram til ársins 2010 en þá voru þeir 16.272. Endurgjaldið sjálft var þá 19,7 milljarðar. Frá þeim tíma hefur reiknað endurgjald hækkað en á undanförunum árum hafa um 17.500 manns reiknað sér endurgjald.

Hreinn hagnaður einstaklinga af atvinnurekstri

Einstaklingar með eigin atvinnurekstur skila almennt rekstraryfirliti RSK 4.10 með skattframtalinu ef rekstrartekjur eru minni en ein milljón. Ef tekjurnar eru ein til 20 milljónir skila þeir rekstrarskýrslum RSK 4.11 en annars skila þeir skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 eins og lögaðilar. Bændur skila landbúnaðarskýrslu RSK 4.08 með skattframtali. Hagnaður af rekstri er síðan fluttur af rekstrarframtali yfir á skattframtal einstaklings og skattlagður eins og um hverjar aðrar launatekjur væri að ræða.

Árið 2019 var hagnaður af rekstri einstaklinga 12,6 milljarðar. Hagnaðurinn var 640 milljónum eða 4,8% minni en árið áður. Þetta er þriðja árið í röð sem hagnaður einstaklinga með rekstur minnkaði á milli ára. Hann minnkaði um 0,4% árið 2017 og 5,3% árið 2018. Færri einstaklingsfyrirtæki skiluðu hagnaði af rekstri ársins 2019, 14.993 saman borið við 15.035 árið áður.

Árið 2019 skiluðu 6.922 einstaklingar rekstraryfirliti RSK 4.10 en samanlagðar tekjur samkvæmt yfirlitinu voru um 2,8 milljarðar. Þessir einstaklingar reiknuðu sér 796 milljónir í laun en hagnaður af starfseminni var 902 milljónir. Þessir einstaklingar töpuðu hins vegar 92 milljónum. Bókfærðar eignir í rekstri voru 193 milljónir en á móti stóðu skuldir upp á 73 milljónir. Þessi rekstur er bersýnilega smár í sniðum.

Flest fyrirtæki sem rekin eru á kennitölu eigenda eða 17.176 voru með veltu frá einni og upp í 20 milljónum. Þessi fyrirtæki voru með 59,6 milljarða í rekstrartekjur og voru með 22,9 milljarða í reiknað endurgjald og rúma níu milljarða í hagnað. Fyrirtækin töpuðu hins vegar rúmum þremur milljörðum. Þau áttu tæpa 18 milljarða í eignir en skulduðu 10,7 milljarða.

Alls skiluðu 617 einstaklingar RSK 1.04 en samanlagðar rekstrartekjur fyrirtækja sem rekin eru á einstaklingskennitölu og voru með meira en 20 milljónum í veltu voru 15,1 milljarðar. Reiknað endurgjald samkvæmt þessum rekstrarframtölum voru 2,5 milljarðar en hagnaðurinn var 2,3 milljarðar en á móti var tap upp á 324 milljónir. Þessi fyrirtæki áttu eignir sem færðar voru á 7,4 milljarða en skuldirnar voru aftur á móti fimm milljarðar.

Þá skiluðu bændur 2.659 landbúnaðarskýrslum RSK 4.08 en rekstrartekjur samkvæmt landbúnaðarskýrslum voru um 28,8 milljarðar. Bændur reiknuðu sér 3,9 milljarða í endurgjald. Hagnaður af starfseminni var 3,6 milljarðar en tapið 2,2 milljarðar. Eignir voru 46,1 milljarðar en á móti stóðu skuldir upp á 41,1 milljarðar. Eigið fé í rekstrinum var því um fimm milljarðar. Rekstrareyðublöð í

einstaklingsrekstri voru því allt í allt 26.757 eða umtalsvert fleiri en reikna sér endurgjald. Ekki nema tæpur helmingur þeirra sem skila rekstraryfirliti reikna sér endurgjald.

Tryggingagjald

Þeir sem reikna sér endurgjald vegna starfa við eigin rekstur eða eru með menn í vinnu þurfa að skila tryggingagjaldi og greiða iðgjald í lífeyrissjóð af greiddum og reiknuðum launum. Tryggingagjald samanstendur af almennu tryggingagjaldi sem var 5,15% af launum árið 2019 og atvinnutryggingagjaldi sem var 1,35%. Þá var gjald í Ábyrgðasjóð launa 0,05%. Markaðsgjald sem er einnig 0,05% er lagt á með tryggingagjaldi þó að það sé allsendis óskilyt almennatryggingum. Almennt tryggingagjald lækkaði um 0,25 prósentustig á milli ára eða 4,6% sem þýðir að tryggingagjald í staðgreiðslu lækkaði um 3,6%.

Í álagningu nú voru lagðir á tæpir 2,7 milljarðar í tryggingagjald af launum einstaklinga með rekstur í eigin nafni sem var tæpum 72 milljónum eða 2,6% minna en lagt var á í fyrra. Einstaklingar greiddu 40,5 milljarða í laun, hlunnindi og lífeyrисиðgjöld árið 2019, sem var 419 milljónum meira en árið áður.

Tryggingagjald var lagt á 18.982 einstaklinga, sem var 27 fleiri en árið áður. Talsvert fleiri greiða tryggingagjald en reikna sér endurgjald. Ástæðan fyrir þessum mun er sú að fólk getur verið með menn í vinnu án þess að reikna sér endurgjald.

Tekjur erlendis


Við skattlagningu þarf fyrst að ákvarða hver er skattskyldur, þá af hvaða tekjum hann skuli svara skatti og loks hversu hár sá skattur skuli vera. Allir sem eru heimilisfastir hér á landi þurfa að telja fram og greiða skatt af tekjum sínum. Þá eru þeir sem dvelja hér á landi eða starfa um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi, lengur en 183 daga á sérhverju 12 mánaða tímabili, einnig skattskyldir hér á landi. Ríkisskattstjóri hefur úrskurðarvald um það hverjir teljast heimilisfastir hér á landi.

Tekið er tillit til tvísköttunarsamninga vegna tekna sem aflað er erlendis. Þá er samkvæmt samningum tekið tillit til skattlagningar í heimalandi gjaldandans, eftir því sem við á.

Landsmenn voru með rúma 11,3 milljarða í tekjur frá útlöndum árið 2019 sem var 973 milljónum eða 9,4% meira en árið áður. Þetta var í fyrsta skipti í þrjú ár sem tekjur erlendis jukust á milli ára. Þær voru 20,7 milljarðar árið 2015 en minnkuðu síðan um 20,8%, 21,7% og 19,3% á árunum 2016 til 2018. Árið 2017 voru 4.770 manns með tekjur erlendis, 79 fleiri en ári áður.

Milljarðar

Greiðslur frá Tryggingastofnun



Árið 2019 greiddi Tryggingastofnun ríkisins 150,0 milljarða í tryggingabætur en 72.660 framteljendur fengu greiddar einhvers konar bætur frá stofnuninni. Bætur frá Tryggingastofnun jukust um 10,4 milljarða eða 7,5% á milli ára en þar af jukust skattskyldar bætur um 8,6 milljarða eða 6,7% og skattfrjálsar bætur um 1,9 milljarða, sem var 14,4% aukning. Alls fengu 37.001 bótaþegi skattfrjálsar bætur en það voru 18.744 fleiri en árið áður. Bótageiðslur hafa aukist mikið á undanförunum árum, mun hraðar en laun. Á fimm ára tímabili 2014 til 2019 jukust greiðslur frá Tryggingastofnun um 52,8 milljarða eða 54,4% en á sama tíma jukust laun og hlunnindi um 353,6 milljarða eða 36,2%.

Greiðslur frá alþjóðastofnunum

Embættismenn, fulltrúar og aðrir starfsmenn hjá alþjóðastofnunum eða ríkjasamtökum eru undanþegnir skatti af launatekjum sem þeir fá greiddar fyrir störf sín í þágu þessara stofnanna. Sama á við um staðaruppbót sem er greidd vegna starfa erlendis í þjónustu ríkisins. Þeir einir teljast starfa erlendis í þessu sambandi sem eru fastráðnir, settir eða skipaðir starfsmenn við sendiráð Íslands, hjá sendiræðismönnum eða eru fastafulltrúar Íslands við alþjóðastofnanir sem Ísland er aðili að. Þó að tekjurnar séu ekki skattlagðar skerða þær barna- og vaxtabætur.

Árið 2019 fengu 178 manns tæpa 1,7 milljarða greidda fyrir störf sín hjá alþjóðastofnunum sem var 357 milljónum eða 27,3% meira en árið áður. Hér er því um umtalsvert meiri tekjur að ræða en 19 fleiri fengu greiðslurnar frá alþjóðastofnunum en árið áður.

Greiðslur frá Tryggingastofnun

Allir landsmenn eiga aðild að almanna-tryggingakerfi sem er kostað af skattfé. Kostnaður ríkisins vegna heilbrigðisþjónustu sem einstaka landsmanni er veitt getur hlaupið á milljónum og milljónatugum á hverju ári. Þeir sem njóta opinberrar þjónustu færa hana sér hins vegar ekki til tekna á skattframtali. Sem dæmi má nefna að samkvæmt ríkisreikningi ársins 2019 varði ríkið tæpum 88,4 milljörðum til sjúkráhusþjónustu og öðrum 51,8 milljörðum til heilbrigðisþjónustu utan sjúkráhusa, 45,9 milljörðum í hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu og 25,5 milljörðum í lyf og lækningavörur. Þá var um 70,3 millj-

örðum varið í málefni öryrkja og fatlaðra og tæpum 84,5 milljörðum í málefni aldraðra. Samtals var því um 366,4 milljörðum varið í þessa sex málaflokka en heilbrigðis og félagsmál kostuðu ríkið um 440 milljarða samtals árið 2019. Þá var 92 milljörðum varið til mennta- og menningarmála. Þegar allt er talið kostaði það Íslendinga tæpa 867,4 milljarða að reka ríkið árið 2019.


Lífeyrir sem Tryggingastofnun greiðir út er hins vegar að mestu skattskyldur á sama hátt og greiðslur úr lífeyrissjóðum. Árið 2019 greiddi Tryggingastofnun ríkisins samanlagt 135,3 milljarða í lífeyris- og bótagreiðslur. Þessar tryggingabætur voru 8,6 milljörðum eða 6,7% hærri að raungildi en greitt var ári fyrr. Þetta var meiri hækkun en árið áður þegar þessar greiðslur jukust um 6,8 milljarða eða 5,6%. Greiðslur frá Tryggingastofnun hafa hækkað mikið á undanförunum árum. Þær jukust um 10,0% árið 2016 og 22,6% árið 2017. Á fimm árum, frá 2014 til 2019, jukust þessar greiðslur um 49,1 milljarð eða 57,0%. Á sama tíma jukust laun um 353,6 milljarða eða 36,2%.

Árið 2019 greiddi Tryggingastofnun 63.611 manns bætur sem var 2.921 fleiri en árið áður. Um fimmti hver framteljandi fékk greiddar bætur frá Tryggingastofnun.

Nokkrar tegundir greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingum Íslands teljast ekki til skattskyldra tekna en hér er fyrst og fremst um að ræða greiðslur sem ætlað er að mæta sérstökum kostnaði, sem er umfram venjulegan kostnað einstaklinga, og greiðslur vegna andláts maka eða fram-

Milljarðar

Atvinnuleysisbætur



Vinnuálastofnun greiddi 19,4 milljarða í atvinnuleysisbætur árið 2019, sem var 8,1 milljarði eða 72,7% meira en árið áður. Þetta er merkilegt í ljósi þess að bætur jukust um tvo milljarða eða 21,6% árið áður. Atvinnuleysi var nær óþekkt hér á landi um langt árabil. Það jókst mikið í kjölfar falls bankanna árið 2008 en minnkaði síðan aftur eftir að botni kreppunnar var náð árið 2010. Árið 2019 fengu 14.745 manns greiddar atvinnuleysisbætur, samanborið við 9.853 árið áður en þá höfðu ekki jafnfáir fengið greiddar bætur síðan 2007 eða 4.728.

að hér hafi verið meira en full atvinna á undanförunum árum. Uppgangurinn hefur að miklu leyti verið bundinn við ferðapjónustu og byggingariðnað en þessar greinar hafa að miklu leyti verið mannaðar erlendu starfsfólki. Mikill uppgangur í byggingariðnaði er yfirleitt ekki langvarandi og þá hefur það sýnt sig tvisvar á síðasta áratug að fljótt skipast veður í lofti þegar ferðapjónustan á í hlot; þar má lítið út af bregða.


Í eina tíð voru starfstryggingar yfirleitt boðnar af venjulegum tryggingafélögum á almennum markaði. Starfstryggingar og starfsábyrgðartrygging fagstétta eru af sama meidi en þeim er ætlað að tryggja fagmenn fyrir áföllum sem þeir geta orðið fyrir í starfi, t.d. vegna mistaka í starfi. Margir atvinnurekendur tryggja starfsmenn sína sérstaklega fyrir áföllum og aðrir kaupa tryggingar til viðbótar þeim sem almannatryggingar og atvinnurekendur bjóða.

Sem fyrr segir er atvinnutryggingagjald 1,35% gjald sem lagt er á tryggingagjaldsstofn með almennu tryggingagjaldi. Tryggingagjaldið skiptist því í almennt tryggingagjald og atvinnutryggingagjald sem rennur til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga en atvinnutryggingagjaldi er ætlað að fjármagna Atvinnuleysistryggingasjóð sem tryggir launamönnum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum tímabundna fjárhagsaðstoð á meðan þeir eru að leita sér að nýju starfi eftir að hafa verið sagt upp störfum eða misst vinnuna af öðrum orsökum. Vinnuálastofnun hefur umsjón með Atvinnuleysistryggingasjóði en að stjórn sjóðsins koma auk ríkisins hinir ýmsu hagsmunaaðilar í atvinnulífinu, verkalýðsfélög, samtök atvinnulífsins og samband sveitarfélaga. Á sama hátt og orlof, slysatryggingar og veikindadagar eru hluti af starfsmannatengdum kostnaði atvinnurekenda þá er einnig mikilvægt að hafa í huga beinan kostnað af atvinnuleysi þegar rætt er um atvinnutryggingagjald. Það skýtur skökku við að eftir því sem líkurnar á atvinnuleysi eru meiri þá er kostnaðurinn sem af því hlýst hærrí og því þyrfti atvinnuleysistryggingagjald að vera hærra, sem gerir launagreiðendur aftur afhuga frekari manna ráðningum. Samtakamáttur atvinnulífsins gerir mönnum þannig kleift að ráða fólk upp á von og óvon þar sem þeir þurfa ekki sjálfir að bera fullan kostnað af atvinnuleysi.

Það voru blikur á lofti árið 2019 en þá jukust atvinnuleysisbætur þriðja árið í röð. Árið 2019 greiddi Vinnuálastofnun 19,4 milljarða í atvinnuleysisbætur, 8,1 milljarði eða 72,7% meira en árið áður. Atvinnuleysisbætur jukust um tæpa tvo milljarða árið 2018 sem var 21,6% aukning frá árinu áður. Þótt bætur hafi hækkað

Milljarðar

Greiðslur úr lífeyrissjóðum



Landsmenn fengu 162,0 milljarða greidda úr lífeyrissjóðum árið 2019 sem var 12,1 milljarði eða 8,1% meira en árið áður. Greiðslur úr almennum lífeyrissjóðum voru 149,7 milljarðar, 11,3 milljörðum eða 8,2% hærrí en árið áður en greiðslur úr séreignarsjóðum voru 12,3 milljarðar sem var 822 milljónum eða 7,2% meira en greitt var árið áður. Greiðslur úr lífeyrissjóðum jukust mikið í hrininu þegar reglum um úttekt úr séreignarsjóðum var breytt til að bæta mönnum upp tekjumissí vegna atvinnumissis. Greiðslur úr lífeyrissjóðum hafa aukist mikið á undanförunum árum, mun hraðar en launagreiðslur. Segja má að núverandi lífeyrissjóðakerfi sé frá 1969, stórir árgangar eru búnir að ljúka starfsævinni og þeim fjölga sem hafa greitt í lífeyrissjóð allan sinn starfsaldur, eru hættir að vinna og eiga góð lífeyrisréttindi.

færandi. Barnalífeyrir, barnsmeðlög, bifreiðakaupastyrkur, dánarbætur vegna slysa, styrkir til kaupa á sérþæði og tækjakaupa fatlaðra, umönnunargreiðslur og örorkubætur vegna varanlegrar örorku teljast til skattfrjálsra greiðslna. Skattfrjálsar greiðslur voru 14,7 milljarðar árið 2019 sem var 1,9 milljörðum eða 14,4% meira en greitt var árið áður en 37.001 manns fengu skattfrjálsar bætur eða 18.744 fleiri en árið áður. Samtals greiddu þessar stofnanir því 150 milljarða í

tryggingabætur sem var 10,4 milljörðum meira en árið áður en 72.660 framteljendur fengu tryggingagreiðslur, 2.745 fleiri en árið á undan.

Atvinnuleysisbætur

Atvinnuþátttaka hér á landi hefur verið með því hæsta sem þekkist og yfirleitt hefur verið auðvelt fyrir alla þá sem vilja leggja hönd á plóg að fá vinnu. Þá hafa margir útlendingar komið til landsins til að vinna og því má segja

árin 2017 og 2018 fjölgaði þeim sem fengu bætur ekki fyrir en árið 2019. Alls fengu 14.745 manns greiddar bætur, 4.892 fleiri en árið 2018. Þarna fjölgaði því um 49,6% á milli ára.

Greiðslur úr lífeyrissjóðum

Líkt og almanna- og atvinnuleysistryggingar eru lífeyrissjóðir hluti af hinu félagslega samtryggingakerfi í landinu. Lífeyrissjóðakerfið á rætur sínar að rekja aftur til ársins 1969 en öllum vinnandi mönnum á aldrinum 16 til 70 ára ber skylda til að greiða í lífeyrissjóð af launum og því er hér ekki um frjálsan sparnað að ræða. Greiðsla í almenna lífeyrissjóði er ekki eign sjóðsfélaga heldur veitir hún þeim réttindi sem er óvist hvort þeir muni nokkurn tímann nýta sér. Margir greiða því umtalsverðar fjárhæðir í lífeyrissjóði á starfsævinni án þess að þeir eða erfingjar þeirra fái nokkuð út úr sjóðunum. Þessi réttindi eru hvorki eign- né tekjufærð hjá sjóðsfélögum og mynda ekki skattstofn en hér getur skiljanlega verið um umtalsverða fjármuni að ræða. Eignir íslensku lífeyrissjóðanna voru metnar á um fimm þúsund milljarða um síðustu áramót. Það má hins vegar ætla að fyrir vikið sé iðgjaldið hinna sem fullnýta réttindin lægra en ella væri.

Almennt er hægt að draga lífeyrisiðgjöld frá skattstofni og lífeyrissjóðir greiða ekki tekjuskatt en greiðslur úr lífeyrissjóðum eru hins vegar skattlagðar. Almennt greiddu launamenn 4% af launum í lífeyrissjóð en launagreiðendur greiða móttframlag sem getur verið mismunandi eftir starfsstéttum en almennt var móttframlag um 11,5%.

Séreignarsjóðir eru í eðli sínu eins og hver annar sparnaður. Þeir njóta hins vegar skattfrelsis og eru iðgjöld jafnframt almennt frádráttarbær frá tekjuskattstofni, þó að hámarki 4% en launagreiðandi greiðir almennt móttframlag.

Landsmenn fengu tæpa 162 milljarða greidda úr lífeyrissjóðum árið 2019, sem var 12,2 milljörðum eða 8,1% meira en árið áður. Lífeyrir úr almennum lífeyrissjóðum var 149,7 milljarðar, 11,3 milljörðum eða 8,2% hærri en árið 2018. Greiðslur úr séreignarlífeyrissjóðum jukust um 822 milljónir eða 7,2% en samtals fengu landsmenn greidda 12,3 milljarða úr séreignarsjóðum. Alls fengu 66.269 manns eða 2.792 fleiri greiddan lífeyri úr almennum lífeyrissjóði árið 2019 en árið áður. Þá fengu 9.023 greiddan lífeyri úr séreignarsjóðum eða 739 fleiri en árið áður.

Landsmenn greiddu 53,9 milljarða í almenna lífeyrissjóði árið 2019, sem var 1,7 milljörðum eða 3,2% meira en greitt var árið áður. Alls greiddu 223.772 einstaklingar í almennt lífeyrissjóð, 1.742 fleiri en árið áður. Þá greiddu 123.614 manns 31,5 milljarða í sérreignarsjóð en 3.589 fleiri greiddu í slíkan sjóð

en árið 2018. Greiðslur í séreignarsjóði voru 1,4 milljörðum eða 4,7% hærri en þá. Það hefur dregið nokkuð úr aukningu á frádrætti vegna iðgjalds í séreignarsjóð.

Styrkir til náms, rannsókna og vísindastarfa

Árið 2019 fengu 32.780 manns greidda ýmis konar endur- og starfsmenntunarstyrki sem voru samtals um 4,1 milljarður. Þessir styrkir voru nú tæpum 449 milljónum eða 12,2% hærri en árið 2018. Styrkþegar voru 2.321 fleiri.

Námsstyrkir hafa aukist mikið á undanförunum árum. Þeir minnkuðu mikið í hrúninu en árið 2010 voru um 1,9 milljarðar greiddir í styrki en þá voru styrkþegar 16.845. Síðan hafa námsstyrkir aukist frá ári til árs, samtals um 2,3 milljarða eða 122,4%. Styrkþegum hefur fjölgað um 15.935 eða 94,6%.

Ef gerð er krafa um frádrátt vegna kostnaðar á móti náms-, rannsóknar- eða vísindastyrkjum, skal gera sundurliðaða grein fyrir honum á sérstöku yfirliti sem fylgir framtalinu. Rúmir 3,2 milljarðar voru dregnir frá námsstyrkjum árið 2019 en frádrátturinn jókst um 917 milljónir eða 40,3%, umtalsvert meira en styrkirnir. Fleiri drógu frá kostnað á móti styrkjum, 24.379 á móti 16.479 árið 2018.

Aðrar tekjur og styrkir

Aðrar greiðslur eru t.d. barnsmeðlög, dagvistunargreiðslur, dvalar- og ferðastyrkir, framfærslulífeyrir, greiðslur frá sveitarfélögum vegna fósturbarna, greiðslur til stuðningsfjölskyldna fatlaðra barna, höfundarlaun, skattskyld heiðursverðlaun, skattfrjáls laun frá alþjóðastofnunum, styrkir úr sjúkrasjóðum sveitarfélaga og ýmsir aðrir styrkir, t.d. vegna íþróttaiðkunar og vegna ættleiðingar barna.

Árið 2019 voru 81.164 manns með 14,9 milljarða í aðrar tekjur og styrki sem var 884 milljón eða 6,3% meira en fyrir ári en þá töldu 76.339 fram þessar greiðslur. Ef ekki er um sjálfstæðan atvinnurekstur að ræða er heimilt að draga frá kostnað á móti styrkjum til sérstakra verkefna eða öðrum starfstengdum greiðslum. Frádráttur á móti öðrum tekjum var 3,4 milljarðar en það var 259 milljónum hærri frádráttur en fyrir ári. Alls drógu 53.898 manns frá kostnað sem var 3.178 fleiri en fyrir ári.

Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð og styrkir

Árið 2019 greiddu sveitarfélög um þrjú milljarða í húsaleigubætur, félagslega aðstoð og styrki, en það var tæpum 388 milljónum eða 15,1% meira en árið áður. Alls fengu 3.864 aðstoð samanborið við 3.460 árið áður, sem er fjölgun um 11,7%.

Þó að hér sé ekki um háar fjárhæðir að ræða segir þróun þessa tekjupósts ákveðna sögu. Félagsleg aðstoð minnkaði á uppgangsárunum 2002 til 2007, hún jókst mikið í hrúninu 2008 til 2013, minnkaði síðan aftur mikið á uppgangsskeiðinu 2012 til 2017 og tók síðan aftur að aukast á árinu 2018 og jókst síðan aftur töluvert árið 2019.

Aðrar skattfrjálsar greiðslur


Ákveðnar bætur úr almannatryggingum eru undanþegnar skatti. Ýmsar aðrar greiðslur, s.s. dánarbætur tryggingafélaga og sjúkrasjóða stéttarfélaganna sem eru greiddar í einu lagi eru einnig skattfrjálsar. Sama gildir um dvalar- og ferðastyrki til jöfnunar á námskostnaði, heiðurslaun Norðurlandaráðs, húsaleigubætur, miska- og skaðabætur sem greiddar eru vegna eignatjóns eða varanlegrar örorku, styrki til fatlaðra, styrki sveitarfélaga til foreldra, samskot og ýmsa aðra styrki, t.d. vegna langveikra barna.

Árið 2019 fengu 27.920 framteljendur samtals 24,4 milljarða í skattfrjálsar greiðslur, sem var 53 milljónum eða 0,2% minna en árið áður en þá fengu 26.755 framteljendur þessar greiðslur. Fjölgunin á milli ára var heldur minni en árið 2018 en þá fjölgaði um 2.945 á milli ára, sem var þá mesta fjölgun sem hafði sést síðan 2010.

Áætlanir

Ef vel á að vera ættu allir skattskyldir einstaklingar að skila rétt útfylltu skattframtali fyrir lok skilafrests. Reyndin er hins vegar sú að margir skila ekki skattframtali eða fylla það ekki rétt út. Ýmsar ástæður kunna að liggja þarna að baki, til að mynda sinnuleysi, vangá, mistök eða ásetningur. Þá má ekki útiloka að það sé einhverjum ofraun að sjá um sín persónulegu fjármál. Mörgum finnst bæði erfitt og flókið að þurfa að skila skattframtali en ríkisskattstjóri hefur á undanförunum árum reynt að aðstoða framteljendur eins og kostur er við framtalsgerðina.

Ef talið er að skattstofnar séu vantaldir, t.d. vegna þess að launa- eða verktakamiðar hafa borist vegna tekna sem ekki hafa verið taldar fram, áætla ríkisskattstjóri tekjur gjaldandans. Ef tekjur eru ekki taldar fram má ríkisskattstjóri bæta allt að 15% álagi við þá stofna til tekjuskatts og útsvars sem hann áætla umfram 95% af stofni sem staðgreiðslu var skilað af. Ef framtal berst hins vegar eftir lok framtalsfrests en áður en álagningu ríkisskattstjóra er lokið má ríkisskattstjóri bæta 0,5% álagi á skattstofna fyrir hvern dag sem skil á framtali dragast fram yfir framtalsfrest, en álagið verður þó ekki hærri en 10%. Að lokum má nefna að ef talið er að annmarkar séu á framtali eða einstakir liðir rangt taldir



Árið 2019 voru laun, hlunnindi, tryggingabætur, lífeyrir og aðrar greiðslur sem mynda tekjuskatts- og útsvarsstofn samtals 1.832,3 milljarðar, 58,1 milljarði eða 3,3% hærri en árið áður. Um 93,4% tekna einstaklinga voru tekjuskatts- og útsvarsskyldar greiðslur. Laun, reiknað endurgjald, hagnaður af einstaklingsrekstri og annað endurgjald fyrir starf voru um 70,8% heildartekna og um 75,8% tekjuskattsskyldra greiðslna. Á undanförunum árum og áratugum hefur vægi launagreiðslna farið minnkandi á meðan greiðslur úr lífeyrissjóðum og Tryggingabætur hafa aukist. Launagreiðslur voru um 84,0% tekjuskatts- og útsvarsskyldra greiðslna árið 1992, tíu árum síðar árið 2002 vógu þessar greiðslur 79,7% teknanna og árið 2012 vógu þær 76,6% útsvarsskyldra tekna.

fram má ríkisskattstjóri bæta 25% álagi við áætlaða eða vantalda skattstofna. Álag í álagningunni sjálfri snýr fyrst og fremst að síðbúnum framtölum.

Í álagningu 2020 voru skattar 19.841 manns áætlaðir en þar af voru 15.966 einstaklingum áætlaðir samtals 72,5 milljarðar í tekjur og álag. Hinir 3.875 voru ekki taldir hafa haft neinar tekjur árið 2019 og tók áætlunin mið af því. Áætlanir voru 5,2 milljörðum eða 6,7% lægri en fyrir ári. Þetta er í fyrsta skipti frá árinu 2013 sem áætlanir minnka á milli ára. Áætlanir hækkuðu talsvert á árunum 2016, 2017 og 2018, um 28,8%, 28,6% og loks um 18,2%. Á sama tíma fjölgaði þeim sem voru áætlaðar tekjur um 2.201, 4.201 og 2.058. Ríkisskattstjóri áætlaði 16.998 einstaklingum tekjur á árinu 2018, sem var 8.460 fleiri en árið 2015 þegar 8.538 manns voru áætlaðar tekjur.

Álag var nú lagt á 15.427 einstaklinga en 539 voru með áætlaðar tekjur en ekkert álag samanborið við 842 árið áður. Álag á vantaldar tekjur var fimm milljarðar, eða 147 milljónum hærra en árið á undan sem var hækking um 3,1% á milli ára. Meðalálag hækkaði úr 6,6% í 7,4%. Skattar 6,3% framteljenda á grunnskrá voru nú áætlaðir, samanborið við 6,6% fyrir ári. Hlutfall áætlaðra hefur hækkað talsvert á síðustu árum. Í álagningunni 2015 voru skattar 4,0% framteljenda áætlaðir þannig að áætlunum hefur fjölgað um 56,5% á þessum tíma. Á þessum tíma hefur álagningin færst fram um nær tvo mánuði sem kann að hafa eitthvað að segja.

Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.

Allar aðrar tekjur en fjármagnstekjur að teknu tilliti til frádráttar voru samtals 1.832,3 milljarðar árið 2019. Þær hækkuðu um 58,1 milljarða eða 3,3% á milli ára. Það þarf að fara aftur til upphafs góðærisins 2013 til að sjá jafnlitla aukningu á milli ára. Þá jukust tekjurnar um 30,3 milljarða, sem var 2,5%. Árin 2014, 2015 og 2016 jukust þær með auknum hraða ár frá ári um 86,2 milljarða, 83,8 milljarða, 131,8 milljarða, sem var aukning um 6,8%, 6,2% og 9,2%. Árið 2017 jukust þær síðan um 134,2 milljarða sem var aukning um 8,6% en árin 2018 og 2019 fór að hægja á hröðum vexti tekna, sem var engu að síður umtalsverður. Tekjur jukust um 78,5 milljarða eða 4,6% árið 2018.

Þrátt fyrir að dregið hafi úr hröðum tekjuvexti árið 2019 voru laun, hlunnindi, lífeyrir og aðrar tekjur sem voru tíundaðar hér að ofan engu að síður hærri en nokkurn tímann fyrr. Árið 2010 var landið á botni síðustu kreppu en þá voru tekjur landsmanna 1.178 milljarðar. Þær hækkuðu því um 654,3 milljarða fram til ársins 2019 eða 55,5%. Þá voru tekjurnar 411,2 milljörðum hærri en á toppi síðasta góðæris árið 2007.

Sem fyrr segir jukust launatekjur, laun, reiknað endurgjald og aðrar starfstengdar greiðslur fyrir vinnu um 32,1 milljarð króna árið 2019. Tryggingabætur jukust um 10,4 milljarða, atvinnuleysisbætur um 8,1 milljarð, lífeyrir um 12,1 milljarð og ýmsar greiðslur um 485 milljónir. Áætlanir minnkuðu hins vegar

um 5,2 milljarða sem þýðir að framtaldar tekjur jukust um 63,3 milljarða. Aðeins um helmingur tekjuaukans, 50,7%, var vegna launa, 16,4% voru tryggingabætur, 12,9% voru atvinnuleysisbætur og 19,2% auknar greiðslur úr lífeyrissjóðum. Launatekjurnar voru 78,9% framtalinna tekna, en hlutfall launa hefur ekki verið lægra síðan árið 2011, en þá var það einnig 78,9%.

Ívilnun

Í tekjuskattslögum er að finna heimild til að lækka tekjuskattstofn við tilteknar aðstæður sem valda því að gjaldandinn á erfiðara en ella með að reiða skattinn af hendi. Dæmi um tilvik þar sem ríkisskattstjóri er heimilt að veita ívilnun er ef ellihörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol manns verulega, veikindi eða fötlun barns veldur verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og vegna menntunar barna 16 ára og eldri.

Í álagningu 2020 ívilnaði ríkisskattstjóri 12.353 einstaklingum vegna sérstakra aðstæðna en 923 fleiri fengu ívilnun en árið áður. Skattstofninn var lækkaður hjá þessu fólki um 2,4 milljarða sem var 270 milljónum eða 12,9% meiri ívilnun en árið 2019. Langflestum er ívilnað vegna framfærslu ungmenna en þá var einnig ívilnað af öðrum ástæðum, í flestum tilvikum vegna mannsláts eða veikinda.

Tekjuskatts- og útsvarsstofn

Tekjuskattur og útsvar er reiknað af tekjuskatts- og útsvarsstofni. Um er að ræða allar skattskyldar tekjur að fjármagnstekjum undanskildum. Iðgjöld í lífeyrissjóði eru frádráttarbær frá tekjuskatts- og útsvarsstofni. Þá eru ákveðnar tekjur undanskildar tekjuskatti.

Skattar langflestira framteljenda eru reiknaðir sjálfvirkir í álagningarkerfi ríkisskattstjóra. Í vissum undantekningartilvikum þarf þó að handreikna álagninguna, en það er gert af starfsmönnum ríkisskattstjóra. Yfirleitt er hér um að ræða framteljendur sem hafa dvalið erlendis og aflað þar tekna og því fer skattlagning þeirra eftir dvalartíma í landinu og tvísköttunarsamningum sem geta verið mismunandi eftir því hvaða lönd eiga í hlut. Skattstofn þessara framteljenda er því ekki talinn með í tölum um tekjuskatts- og útsvarsstofn. Árið 2019 voru skattar 26.554 einstaklinga handreiknaðir saman borði við 28.462 árið áður. Þarna fækkaði því um 1.908 á milli ára.

Tekjuskatts- og útsvarsstofn þeirra sem voru reiknaðir í tölvukerfi embættisins var 1.608,7 milljarðar í álagningu 2020. Stofninn hefur aldrei verið hærri. Hann var 55,7 milljörðum eða 3,6% hærri að raunvirði en

árið áður. Hækkunin 2019 var þó mun minni hækkun en árin 2016, 2017 og 2018 en þá hækkaði stofninn um 113,5 milljarða, 113,1 milljarð og 76,1 milljarð.


Þó að nokkuð hafi dregið úr mikilli hækkun stofnsins er engan veginn hægt að segja að um samdrátt sé að ræða. Tekjuskatts- og útsvarsstofn hækkaði um 63,9 milljarða árið 2005 og 61,8 milljarða árið 2006. Þannig að hækkunin 2019 var ekki fjarri því sem var í góðærinu í aðdraganda hrunsins.

Tekjuskattur

Ríkisskattstjóri lagði 205,7 milljarða á einstaklinga í tekjuskatt sem var 3,6 milljörðum eða 1,8% meira en var lagt á fyrir ári. Álagður tekjuskattur hækkaði minna en tekjuskattsstofninn sem hækkaði um 3,6%. Skattar eru lagðir á tekjur og hafa frádráttarliðir og ívilnanir áhrif á skattbyrðina, ekki síður en skatthlutfallið sjálf, afslættir og bætur. Landsmenn greiddu að jafnaði 11,2% skatt til ríkisins árið 2019 af launum, hlunnindum, lífeyri og öðrum tekjum sem mynda skattstofninn, saman borið við 11,4% árið 2018. Hér hefur hins vegar ekki verið tekið tillit til þess að hluti tekjuskatts rennur til sveitarfélaganna í formi persónuafsláttar sem gengur upp í útsvar og því hefur ríkið í raun ekki þetta miklar tekjur af tekjuskattinum þegar allt kemur til alls. Í raun er ekki um mikla breytingu að ræða. Á síðustu þrjátíu árum hefur skattbyrði, reiknuð með þessum hætti, verið 10 sinnum á bilinu 11,0% til 11,5% og 12 sinnum hefur hún verið hærrí en 11,5%. Í öll skiptin var það fyrir árið 2006. Á síðustu tíu árum hefur skattbyrði, reiknuð með þessum hætti, ekki vikið mikið frá 11,0%.

Meðalskattbyrði segir vitanlega ekki til um það hvort að fleiri eða færri greiða meira eða minna í skatt. Skattkerfið er þannig upp byggt að þegar tekjur aukast greiða fleiri hærrí skatt af tekjum ársins. Tekjuskattur einstaklinga er stighækkandi, sem þýðir að þeir sem eru með hærrí tekjur greiða ekki aðeins fleiri krónur heldur einnig herra hlutfall tekna sinna í skatt, sem er það sem er kallað skattbyrði. Þar sem ríkið veitir persónuafslátt á móti skattgreiðslunni er skattbyrðin mun lægri en skatthlutfallið sem er reiknað af tekjustofninum. Unglingar, öryrkjar og aldraðir greiða yfirleitt lága eða enga skatta en hátekjumenn greiða oft umtalsverðan hluta tekna sinna í skatt. Aðstöðumunur ólíkra þjóðfélags hópa réttlætir mismunandi meðalskatt og því er það talið eðlilegt að þegar aðstæður breytast breytist skattbyrðin einnig.

Í álagningunni árið 2018 á tekjur ársins 2017 urðu ákveðin tímamót þegar svokallað miðþrep í skattkerfinu var lagt af. Síðastliðin þrjú ár hafa því verið tvö skattþrep í álagningu,



Tekjuskattur og útsvar eru lögð á tekjuskatts- og útsvarsstofn sem samanstendur af launum, hlunnindum, lífeyri, bótum og öðrum skattskyldum tekjum, greiðslum í lífeyrissjóði og ívilnun. Stofninn var 1.608,7 milljarðar árið 2019, 55,7 milljörðum eða 3,6% hærrí en árið áður. Ívilnun ríkisskattstjóra var 2,4 milljarðar í álagningu 2020. Tekjuskattsstofn þróast eins og tekjurnar í þjóðfélaginu. Hann hækkaði hratt og mikið í góðærinu 2002 til 2007, lækkaði í kreppunni 2008 til 2012 og hækkaði síðan aftur hratt og mikið í góðærinu 2013 til 2018. Þó að nokkuð hafi dregið úr vexti stofnsins, sem óx um 6,3% árið 2014, 5,3% árið 2015, 9,1% árið 2016 og 8,3% og 5,2% árin 2017 og 2018, var tekjuaukningin 2019 engu að síður umtalsverð.

það sem kalla má almennt þrep og svo annað hátekjuþrep. Af fyrstu 11.125.045 kr. greiddu menn 22,5% tekjuskatt en af öllu umfram það voru greidd 31,80%, sem jafngildir 9,30% hátekjuskatti á tekjur umfram mörk. Skatthlutfallið var óbreytt á milli ára en hátekjumörkin hækkuðu um 400.492 kr. eða 3,7%.

Gjaldendur sem eru með tekjur undir tekjuskattsmörkum geta nýtt persónuafslátt til greiðslu útsvars. Skattleysismörk, þ.e. þegar gjaldandinn greiðir hvorki tekjuskatt né útsvar, eru því talsvert lægri en tekjuskattsmörkin. Árið 2019 voru skattleysismörk í staðgreiðslu 1.833.671 kr. samanborið við 1.750.783 kr. árið




Tekjuskattur einstaklinga er stighækkandi, sem þýðir að þeir sem eru með hærrí tekjur greiða ekki aðeins hærrí skatta heldur einnig herra hlutfall tekna í skatt, sem er það sem er kallað skattbyrði

Þá voru veittar 677.358 kr. í persónuafslátt sem gengur upp á móti reiknuðum tekjuskatti, en persónuafsláttur hækkaði um 30.619 kr. á milli ára eða 4,7% hækkun. Þar sem skatthlutfallið var óbreytt á milli ára hækkuðu skattleysismörkin einnig um 4,7%. 677.358 kr. eru 22,5% skattur af 3.010.480 kr. sem voru skattleysismörk í tekjuskatti árið 2019 en skattleysismörkin voru 2.874.396 kr. árið 2018. Þegar gjaldandi hefur náð þessum tekjum fullnýtir hann persónuafsláttinn upp í tekjuskatt. Það eru því aðeins þeir sem eru með rúmar þrjár milljónir króna í tekjuskattsstofn sem greiða tekjuskatt til ríkisins.

áður. Útsvarið er mismunandi eftir sveitarfélögum og því eru skattleysismörkin einnig mismunandi. Tekjuskatti og útsvari er skilað í staðgreiðslu og þá er meðalútsvari skilað af tekjum. Útsvar í staðgreiðslu var óbreytt á milli árána 2018 og 2019. Útsvarið er mismunandi eftir sveitarfélögum, á bilinu 12,44% til 14,52%. Meðalútsvar í staðgreiðslu 2019 var 14,44%. Þetta hlutfall hefur verið nær óbreytt frá árinu 2012. Í álagningunni er síðan lagt á útsvar viðkomandi sveitarfélags þannig að þeir sem búa í sveitarfélögum þar sem útsvar er lægra en það sem dregið var af í staðgreiðslu fá endurgreitt að öðru jöfnu frá Skattinum en hinir þurfa að greiða viðbótarskatt.

Tekjudreifing og skattbyrði

hvers tuttugasta hluta framteljenda



Árið 2019 voru 313.338 einstaklingar á skattgrunnskrá. Allir sem verða 16 ára og eldri eru á skránni. Sé einstaklingum á skattgrunnskrá raðað í vaxandi röð eftir heildartekjum þar sem fjármagnstekjum er skipt jafnt á milli hjóna og samskattaðs sambúðarfólks og síðan skipt í tíu jafnstóra hópa þá standa 31.334 í hverri tíund. Sá sem var með lægstu tekjurnar í sjöttu tíund eða tekjur við miðgildi var þá með 5.116 þús. kr. í tekjur árið 2019 en tekjuhæsta tíundin samanstóð af þeim sem voru með meira en 11.449 þús. kr. í tekjur.

Það kemur ekki á óvart að af þeim 54.581 ungmönnum sem voru á aldrinum 16 til 25 ára voru 47.179 eða 86,4% í neðri hluta tekjustigans. Þar af voru 15.323 eða 28,1% með innan við 1.229 þús. kr. í tekjur og tilheyrðu þannig tekjulægstu tíund framteljenda en 30,1% þeirra sem voru í neðri helmingi tekjustigans tilheyrðu þessum aldurshópi sem telur um 17,4% framteljenda á skattgrunnskrá. Meðaltekjur þessa aldurshóps voru 2.769 þús. kr. Þá var um fimmtungur, eða 20,5% þeirra sem voru í neðri helmingi tekjustigans á aldrinum 26 til 35 ára. Meðaltekjur þessa hóps voru 5.405 þús. kr. Þetta er fólk sem myndi teljast ungt og upprennandi í dag. Rúmur helmingur

þeirra sem voru með tekjur undir miðgildi voru innan við 36 ára gamlir. Þá var rúmur helmingur framteljenda á aldrinum 26 til 35 ára eða 51,1% í neðri helmingi tekjustigans. Hér er um að ræða 32.805 manns. Í þessum aldurshópi fjölgar hins vegar þeim sem töldust til tekjuhæstu tíundarinnar en um 4,7% framteljenda á þessu aldursbili voru með meira en 11.449 þús. kr. í tekjur, saman borið við 0,5% þeirra sem töldust til yngsta aldurshópsins.

Með hækkandi aldri verður aftur algengara að menn séu með tekjur undir miðgildi en um 47,8% þeirra sem voru á aldrinum 66 til 75 ára og 68,3% þeirra sem voru 76 ára og eldri voru með tekjur undir miðgildi. Meðaltekjur þessara aldurshópa voru 6.823 þús. kr. og 4.962 þús. kr. Um 17,0% framteljenda eða 53.334 framteljendur voru 66 ára og eldri en þar af voru 21.861 framteljandi eða 7,0% framteljenda 76 ára eða eldri. Um 19,1% framteljenda í neðri helmingi tekjustigans voru í þessum tveimur aldurshópum. Samtals voru því um 69,7% þeirra sem voru í neðri hluta tekjustigans ýmist 35 ára eða yngri eða 66 ára og eldri. Í eldri aldurshópnum tveimur voru hins vegar tiltölulega færri eða 4,4% og 7,0% í neðsta tekjuhópnum, eða með minna en 1.229 þús. kr. í tekjur, ólíkt yngri

hópnum tveimur og þá voru 10,1% og 2,9% þeirra sem tilheyrðu þessum hópum í tekjuhæstu tíundinni.

Um það bil þriðjungur framteljenda í aldurshópnum 36 til 65 voru í neðri helmingi tekjustigans. En um þriðjungur eða 30,3% framteljenda með tekjur undir 5.116 þús. kr. voru á þessum aldri. Þá voru 11,4% og 9,1% framteljenda í aldurshópnum 36 til 45 og 46 til 55 með minna en 2.613 þús. kr. í tekjur en undir þessum tekjumörkum voru um 20,0% framteljenda. Meðaltekjur þessara hópa voru 7.546 þús. kr. og 8.526 þús. kr. Hér er um tekjuhæstu aldurshópana að ræða en meðaltekjur voru hæstar á aldrinum 46 til 55 ára. Hátt í fimmtungur í þessum aldurshópum var með meira en 11.449 þús. kr. tekjur og skipar sér þar með í tekjuhæstu tíundina, 14,8%, 19,5% og 17,1% í aldurshópnum 36 til 45, 46 til 55 og 56 til 65. Um 45,5% framteljenda voru á þessu aldursbili en þeir voru um 69,7% þeirra sem voru í efri helmingi tekjustigans og 77,6% þeirra sem tilheyrta tekjuhæstu tekjutíundinni. Það er athyglisvert að í árgöngunum 45 til 55 og 56 til 65 er hæsta hlutfall úr árgangi í tekjuhæstu tíundinni eða 19,5% og 17,1%.

Meðaltekjur í hópnum voru 8.526 þús. kr. og 8.138 þús. kr. á ári. Þeir sem voru 36 til 45 voru örlítið fleiri að tiltölu í níunda tekjuprepinu en í því tíunda, 15,2% samanborið við 14,8% í tíunda prepinu. Á níunda tekjubili voru þeir sem voru með 8.757 þús. kr. til 11.449 þús. kr. í tekjur á árinu 2019.

Kyn

Árið 2019 voru 161.739 karlar og 151.599 konur á skattgrunnskrá. 44,8% karlanna voru í neðri helmingi tekjustigans en 55,5% kvenna. Með öðrum orðum þá voru 44,5% kvenna með hærri tekjur en 44,8% karla og að 55,2% karla voru með hærri tekjur en 55,5% kvenna. Karlar voru 46,3% þeirra sem voru með tekjur undir miðgildi. Karlar voru 51,6% framteljenda á skattgrunnskrá. Fjölda-munurinn er mestur í árgöngunum 26 til 35 ára en þar voru karlar 54,4% framteljenda, 19,3% fleiri en konurnar. Þeir voru 15,5% fleiri en konurnar á aldursbilinu 36 til 45 ára og 7,0% fleiri en konurnar á aldursbilinu 46 til 55 ára. Karlar sem voru 76 ára og eldri voru hins vegar 20,5% færri en konurnar. Það er athyglisvert að þrátt fyrir að álíka mörg börn fæðist af hvoru kyni er aldursdreifingin misjöfn. Karlmennt á besta aldri sem flytja til landsins eru fleiri og þá eru konurnar langlífari og því eru þær fleiri en karlarnir í elstu aldursþópnum. Þessir hópar eru því ekki eins og það kann að hafa einhver áhrif á tekjurnar.

Konur voru flestar með á milli 3.638 þús. og 4.393 þús. kr. en karlarnir voru fæstir á þessu tekjubili. Um 11,9% kvenna en aðeins 8,3% karla voru á bilinu og voru konur 57,4% þeirra sem voru með tekjur á þessu bili. Þegar komið er fram yfir fjórða tekjubil fjölgar körlum hlutfallslega í tíundinni en konum fækkar, hvort heldur litið er til hlutfalls karla á bilinu eða hlutfalls karla af þeim sem eru á bilinu. Um 63,9% karla voru með innan við 7.203 þús. kr. í árstekjur en 76,5% kvenna en 70,0% framteljenda voru undir þessum tekjumörkum. Þannig voru 23,5% kvenna með hærri tekjur en 63,9% karla en 36,1% karla voru með hærri tekjur en 76,5% kvenna. Munurinn eykst með hærri tekjum en ríflega tvöfalt herra hlutfall karla taldist til tekjuhæstu tíundarinnar, en kvenna, eða 13,7% saman borið við 6,1% kvenna. Karlar voru um 70,6% þeirra sem voru með meira en 11.449 þús. kr. í tekjur.

Það voru 3.133 framteljendur með meira en 25.814 þús. kr. í tekjur árið 2019 og töldust því til tekjuhæsta hundradshluta framteljenda, en þar af voru 2.424 karlar og 709 konur. Karlar voru því 77,4% þeirra sem voru á bilinu, konurnar um 22,6%. Rétt um 1,5% karla voru í tekjuhæsta hundradshlutanum en um 0,5% kvennanna. Um þriðjungur þeirra sem töldust

til þessa eina prósentu voru á aldrinum 46 til 55, 28,3% voru 56 til 65 ára og 18,8% voru á aldrinum 36 til 45 ára. Dreifingin er svo að segja eins hjá kynjunum. Rúmur fjórðungur þeirra 3.133 framteljenda sem voru með tekjur yfir mörkunum voru karlmenn á aldrinum 45 til 55 ára eða 26,5%. Þá voru 22,5% hópsins karlmenn á aldrinum 56 til 65 ára og 14,3% karlmenn á aldrinum 36 til 45 ára. Þannig voru 3,4% karla á aldrinum 46 til 55 með tekjur í þessum hundradshluta og 3,2% karla á aldrinum 56 til 65 ára, saman borið við 1,0% og 0,9% kvenna í sömu aldursþópum. Um það bil eitt prósent kvenna á þessum aldri heyrði því til þess eina prósentu framteljenda í landinu sem var með hæstu tekjurnar.

Það er ekki síður áhugavert að 7.539 karlar og 6.798 konur á aldrinum 36 til 65 voru í neðsta fimmtungi tekjustigans eða með innan við 2.613 þús. kr. í tekjur á ári. Um 10,2% karla og 9,9% kvenna í þessum aldursþópi voru undir þessum tekjumörkum. Þar af voru 5.549 karlar og 4.723 konur á aldrinum 36 til 55 en 10,6% karla og 10,1% kvenna á þessum aldri voru með tekjur undir þessum mörkum. Þá voru 12.102 karlar og 12.246 konur á aldrinum 36 til 55 ára með innan við 4.393 þús. kr. Á þessum aldri voru 52.312 karlar og 46.965 konur. Þannig að 23,1% karla og 26,1% kvenna á tekjuhæsta skeiði töldust til tekjulægstu 40,0% framteljenda í landinu. Það er rétt að árétt að hér er ekki verið að fjalla um laun heldur þær heildartekjur sem skattgreiðandinn aflaði í landinu á árinu 2019.

Skattbyrði


Heildartekjur einstaklinga árið 2019 voru 1.962 milljarðar en á einstaklinga voru lagðir 451 milljarðar í skatta og gjöld að frádregnum afslætti og bótum. Meðalskattbyrði, að teknu tilliti til bóta, var því um 23,0%. Þegar tekjudreifingin er skoðuð sést að sá helmingur framteljenda sem var með lægstu tekjurnar var samanlagt með 450 milljarða í heildartekjur eða um 23,0% tekna einstaklinga. Þessi hópur framteljenda greiddi um 65 milljarða í skatta og gjöld, eða um 14,5% skattanna, en skattbyrðin var einnig 14,5%. Fjármagnstekjur voru aðeins um 2,7% tekna þessa fólks. Hinir sem voru með tekjur yfir miðgildi, eða meira en 5.116 þús. kr. í tekjur á ári, voru samanlagt með 1.511 milljarða í tekjur og greiddu 385 milljarða í skatta. Meðalskattbyrði þeirra sem voru yfir miðgildi var 25,5%. Þau tíu prósent framteljenda sem voru með hæstu tekjurnar voru með 571 milljarð í tekjur en greiddu 159 milljarða í skatt. Meðalskattbyrði hópsins var því um 27,8%. Tíu prósent framteljenda voru því með 29,1% tekna og greiddu 35,2% skattanna.

Fimm prósent framteljenda voru með meira en 14.568 þús. kr. í tekjur en samanlagðar tekjur þessara 15.665 framteljenda var 371 milljarður. Af þessum tekjum greiddi þessi hópur 103 milljarða í skatta og því var meðalskattbyrði þessara framteljenda 27,9%. Fimm prósent framteljenda voru þannig með 18,9% teknanna og greiddu um 22,9% skattanna. Það er athyglisvert að tekjuhæstu fimm prósentu framteljenda voru með um 15,9% heildarlauna, hlunninda og lífeyris í landinu eða rétt um þrisvar sinnum meira en ef um algerlega jafna tekjudreifingu væri að ræða. Öðru máli gegnir hins vegar um fjármagnstekjurnar en 61,3% fjármagnstekna komu í hlut þessa tekjuhæsta hluta framteljenda.

Að lokum voru 3.133 framteljendur með meira en 25.815 þús. kr. í heildartekjur og töldust því til tekjuhæsta hundradshluta framteljenda. Þetta eina prósent tekjuhæstu framteljendanna var samanlagt með 142 milljarða í tekjur og greiddi 37 milljarða í skatta. Meðalskattbyrði þessa hóps var 26,0%, lægri en tekjuhæstu fimm prósentanna sem greiddu 27,9% skatt að jafnaði. Tekjuhæsta eina prósent framteljenda var með 7,2% teknanna og greiddi 8,2% skatta landsmanna. Ástæða þess að skattbyrði tekjuhæsta eina prósentu landsmanna er lægri en skattbyrði tekjuhæstu fimm prósentanna er sú að fjármagnstekjur vega þyngra í tekjum þeirra sem eru tekjuhærri á hverjum tíma en skattur af fjármagnstekjum var 22% en staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars af launum, lífeyri og tryggingabótum yfir 11.125 þús. kr. var 46,24%. Það eina prósent framteljenda sem var með hæstu tekjurnar var með 58 milljarða í fjármagnstekjur eða 44,5% fjármagnstekna landsmanna. Þeir sem voru með 20.151 til 25.815 þús. kr. í tekjur og töldust þannig til næst tekjuhæsta hundradshlutans voru hins vegar ekki með nema níu milljarða í fjármagnstekjur sem var um 6,8% þeirra 129 milljarða sem landsmenn voru með í fjármagnstekjur. Fjármagnstekjur voru þannig um 40,1% tekna tekjuhæsta eina prósentuins og 12,4% tekna þess hundradshluta sem stóð þar fyrir neðan en ekki nema 6,6% tekna landsmanna. Þær vógu 7,0%, 8,1% og 9,2% í tekjum hundradshluta 96, 97 og 98. Tvö prósent framteljenda voru þannig með ríflega helming fjármagnstekna eða 51,3% og tekjuhæstu fimm prósentin voru með 61,3% fjármagnsteknanna. Eins og gefur að skilja er söluhagnaður oft umtalsverður en af því leiðir að þeir sem eru með söluhagnað lenda efst í tekjuröðinni þótt þeir myndu annars teljast tekjulágir. ■

Milljarðar

Tekjuskattur og útsvar



Landsmenn greiddu 244,3 milljarða í útsvar til sveitarfélaganna og 205,7 milljarða í tekjuskatt til ríkisins árið 2019. Ríkið greiddi sveitarfélögnum 8,6 milljarða í útsvar fyrir þá sem voru undir skattleysismörkum og því voru tekjur ríkisins um 197,2 milljarðar af tekjuskattinum. Útsvarið hækkaði um 7,4 milljarða eða 3,1% og tekjuskatturinn um 3,3 milljarða eða 1,7%. Sveitarfélögin ákveða útsvarshlutfallið en meðalútsvar er lagt á í staðgreiðslu. Álagt útsvar þróast því eins og útsvarsstofninn ef útsvarinu sjálfu er ekki breytt. Tekjuskattur er hins vegar stighækkandi skattur auk þess sem persónuafsláttur gengur upp í skattinn og því greiða margir engan tekjuskatt af tekjum og flestir misháan meðalskatt af tekjum yfir skattleysismörkum. Tekjuskattur er því mun næmari fyrir tekjubreytingum í þjóðfélaginu en útsvarið. Árið 2019 var meðalútsvar sem hlutfall af launum og hlunnindum 13,3% en meðaltekjuskattur var um 10,8%, samtals um 24,1%.

Árið 2019 var lagður tekjuskattur á 238.120 manns sem var 3.404 fleiri en árið áður. Þeim sem greiddu skattinn fjölgaði um 1,5%, sem var minnsta fjölgun sem hefur sést síðan

fullu og þeirra sem eru yfir skattleysismörkum en undir tekjuskattsmörkum að hluta. Þetta er gert í gegnum persónuafsláttinn. Hér er um raunveruleg útgjöld ríkisins að ræða sem eru



Síðustu tvö ár hefur dregið nokkuð úr þeirri miklu tekjuaukningu sem verið hefur í þjóðfélaginu á undanförunum árum. Árið 2016 jukust útsvarstekjur um 9,8% og árið 2017 jukust þær aftur um 9,0%

árið 2008 en þá fjölgaði tekjuskattsgreiðendum um 0,7% á milli ára. Sem fyrr segir voru 313.338 framteljendur á skattgrunnskrá 96,5% þeirra eða 302.281 voru með útsvarsskyldar tekjur og 76,0% greiddu tekjuskatt til ríkisins af tekjunum. Þannig greiða 78,8% þeirra sem voru með útsvarsskyldar tekjur tekjuskatt til ríkisins. Þetta hlutfall var nær óbreytt á milli ára en það hækkaði hins vegar í góðærinu. Árið 2010 greiddu ekki nema 60,6% þeirra sem voru með útsvarsskyldar tekjur tekjuskatt til ríkisins.

Álagður tekjuskattur rennur ekki allur til ríkisins. Sem fyrr segir greiðir ríkið útsvar þeirra sem eru undir skattleysismörkum að

greidd af tekjuskatti. Tekjur ríkisins verða þá lægri sem því nemur.

Árið 2019 nýttu 64.200 einstaklingar persónuafslátt til greiðslu tekjuskatts en persónuafsláttur í útsvar var 8,6 milljarðar. Tekjur ríkisins af tekjuskatti voru því 197,2 milljarðar en ekki 205,7 milljarðar eins og það sem lagt var á gjaldendur. Tekjur ríkisins af tekjuskatti jukust um 3,3 milljarða eða 1,7% á milli ára. Tekjur af skattinum hækkuðu minna en skattstofninn sem hækkaði um 3,6%. Tekjuskattur er næmari fyrir tekjubreytingu og því má búast við því að skatturinn hækki meira í uppsveiflu heldur en stofninn. Þá er það til marks um tekjuþróunina að þeim sem

nýttu persónuafslátt í útsvar fjölgaði um 829 á milli ára.

Útsvar til sveitarfélaga

Á tekjuskatts- og útsvarsstofn er lagt útsvar sem rennur til sveitarfélaganna. Útsvarið er lagt á með tekjuskatti í staðgreiðslu. Persónuafsláttur gengur bæði upp í tekjuskatt og útsvar sem lögð eru á sama skattstofninn og því gerir skattgreiðandinn ekki greinarmun á þeim hluta skattgreiðslunnar sem rennur til ríkisins og þeim sem rennur til sveitarfélaga. Tekjuskatturinn rennur til ríkisins en útsvarið til sveitarfélaga og tryggir ríkið sveitarfélögnum fullt útsvar af tekjum þeirra sem eru undir skattleysismörkum eða greiða það lágan skatt að hann dugar ekki fyrir útsvarinu.

Alls voru 244,3 milljarðar lagðir á tekjur ársins 2019 í útsvar til sveitarfélaga, sem var 7,4 milljörðum eða 3,1% meira en árið áður og 38,5 milljörðum meira en lagt var á í tekjuskatt. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að hluti persónuafsláttar gengur upp í útsvarið þá höfðu sveitarfélögin 47,1 milljarði meiri tekjur af þeim sköttum sem lagðir eru á í staðgreiðslu en ríkið. Tekjur handreiknaðra eru ekki taldar með í skattstofninum sem skýrir mismun á hækkuð skattstofns og útsvars.

Síðustu tvö ár hefur dregið nokkuð úr þeirri miklu tekjuaukningu sem verið hefur í þjóðfélaginu á undanförunum árum. Árið 2016 jukust útsvarstekjur um 9,8% og árið 2017 jukust þær aftur um 9,0%. Árið 2018 jukust þær um 4,6%. Frá árinu 2014 til 2019 jukust útsvarstekjur sveitarfélaga um 66 milljarða eða um 37,0%. Á sama tíma jukust tekjur ríkisins um 65,5 milljarða eða 49,7%.

Árið 2019 nýttu 64.200 skattgreiðendur persónuafslátt til greiðslu tekjuskatts en persónuafsláttur í útsvar var 8,6 milljarðar.

Fjármagnstekjur og peningalegar eignir

Framan af voru fjármagnstekjur einstaklinga fremur litlar en eftir að fjármagnstekjuskattur var tekinn upp árið 1997 tóku þær að aukast mjög hratt samfara vexti fjárfestingastarfsemi í landinu. Árið 2007 var nær fjórðungur tekna einstaklinga fjármagnstekjur en eftir fall bankanna hrundu þessar tekjur. Á síðustu árum hafa þær þó aftur tekið að aukast þó að þær séu enn ekki náðar nærri jafnháar og þær voru þegar þær voru hæstar og ef til vill ekki ástæða til að ætla að þær verði svo háar í náinni framtíð.

Leigutekjur

Framteljendur sem hafa tekjur af útleigu fasteigna eða eignaréttinda, sem ekki falla undir atvinnurekstur, þurfa að telja þær tekjur

fram á skattframtali. Þeir geta hins vegar ekki dregið frá kostnað vegna viðhalds eða rekstrar fasteignarinnar.

Einstaklingar voru samtals með tæpa 17,5 milljarða í leigutekjur árið 2019 sem var 799 milljónum eða 4,8% meira en árið áður. Tekjur af leigu íbúðarhúsnæðis voru 15,5 milljarðar og hækkuðu um 682 milljónir á milli ára eða um 4,6%. Þetta er minni aukning en árin á undan en leigutekjur jukust um 10,0% árið 2016, 8,0% árið 2017 og 5,3% árið 2018. Á árunum 2014 til 2019 jukust leigutekjur einstaklinga af íbúðarhúsnæði um 40,3%.

Leigutekjur af öðrum eignum en íbúðarhúsnæði voru tveir milljarðar árið 2019, 117 milljónum eða 6,1% meiri en árið áður. Þessar tekjur hafa hækkað mikið á undanförunum árum. Þær voru um 699 milljónir árið 2014, 12,1% lægri en árið áður en hækkuðu síðan um 11,6% árið 2015, 25,7% árið 2016 og 44,5% árið 2017. Árið 2018 hækkuðu þær svo aftur um 35,3%. Frá árinu 2014 hafa leigutekjur af öðru en íbúðarhúsnæði því hækkað um 1,3 milljarða eða 190,8%.


Eignir og tekjur af eignum eru sameiginlegar eignir og tekjur hjóna og því vísa tölur um fjölda þeirra sem telja fram eignir og tekjur af eignum til fjölda fjölskyldna, einhleypinga annars vegar og hjóna og samskattaðs sambúðarfólks hins vegar, en ekki til fjölda einstaklinga. Árið 2019 voru 10.284 fjölskyldur með leigutekjur sem var 149 fleiri en árið áður. Þar af voru 8.645 með leigutekjur af íbúðarhúsnæði, 53 fleiri en árið áður og 2.063 voru með tekjur af leigu annarra eigna sem var 153 fleiri en árið á undan.

Innstæður í bönkum

Flestir vilja búa við fjárhagslegt öryggi og eiga varasjóð til að geta mætt margvíslegum áföllum í lífinu. Enginn vill vera skuldaþræll eða háður slæmum vinnuveitanda og því hefur verið sagt að menn eigi ávallt að getað rekið sig tekjulausir í hið minnsta þrjá mánuði án þess að það hafi veruleg áhrif á lífskjör þeirra. Fæstir vilja hins vegar liggja með mikið reiðufé heima hjá sér en talið hefur verið öruggt að geyma peninga bönkum. Bankarnir taka við innlánum eða sparnaði og lána fé til fjárfestinga og framkvæmda sem eiga að vera til hagsbóta og skila ábata. Þeir sem standa í skilum þurfa að gjalda fyrir óreiðumennina. Bankarnir hafa því hag af því að innlán aukist og því eru greiddir vextir af innlánum. Vextir umbuna fólki fyrir að spara og eftir því sem vextir eru hærri ættu fleiri að sjá sér hag í því að spara. Sparnaður stuðlar að auknum útlánum, lægri vöxtum og aukinni fjárfestingu til hagsbóta fyrir þjóðfélagið. Almennt er talið jákvætt að sparnaður og fjárfesting aukist en tekjur af fjárfestingu eiga þó oftan en ekki uppruna sinn í neyslu.

Milljarðar


Leigutekjur



Landsmenn voru með 17,5 milljarða í leigutekjur árið 2019 sem var 799 milljónum, eða 4,8% meira en árið áður. Leigutekjur af íbúðarhúsnæði voru 15,5 milljarðar en þær hækkuðu um 682 milljónir eða 4,6% en leigutekjur af öðrum eignum jukust um 117 milljónir eða 6,1%. Leigutekjur jukust nokkuð á árunum 2014 til 2019. Leiga á íbúðarhúsnæði hefur aukist um tæpa 4,5 milljarða eða 40,3% og leiga af öðru en íbúðarhúsnæði um 1,3 milljarða eða 190,8%. Alls voru 10.284 fjölskyldur með leigutekjur, 8.645 voru með tekjur af leigu á íbúðarhúsnæði og 2.063 með tekjur af leigu annarra eigna. Leigutekjur af íbúðarhúsnæði og aðrar leigutekjur voru ekki sundurliðaðar í framtali fyrir en í framtalsskilum 2011 vegna tekjuársins 2010.

Milljarðar

Innstæður í bönkum



Landsmenn áttu 826,6 milljarða í innstæðum í bönkum í árslok árið 2019. Innstæður jukust um 42,0 milljarða á milli ára eða 5,4%. Innstæður á innlendum reikningum voru 782 milljarðar, tæpum 42,8 milljörðum hærri en árið áður en erlendar innstæður voru 24 milljarðar sem var 1,5 milljörðum minna en árið áður. Börn áttu 20,6 milljarða á bankareikningum, sem var 799 milljónum meira en árið áður. Nær allir landsmenn eru með reikning í banka en 37.673 börn áttu peninga í banka og þá áttu 5.632 fjölskyldur erlenda reikninga.

Það er orðið vandlifað fyrir þá sem vilja hvorki vera í viðskiptum við banka né símafyrirtæki. Launamenn fá ekki lengur útborgað í reiðufé heldur er lagt inn á reikninginn þeirra. Viðskipti eru almennt ekki lengur gerð upp í seðlum heldur með einhvers konar rafmiðlum. Nær allir landsmenn eru því með bankareikning og kort og nær öll viðskipti eru skráð, sem er umhugsunarvert.


Innstæður á skattframtali eru innstæður í bönkum og sparisjóðum, innstæður í innlánsdeildum samvinnufélaga og orlofsfjárreikn-

ingum og innstæður á gjaldeyrisreikningum sem eru færðar á íslenskum krónum á kaupgengi í árslok, sbr. gengisskráningu Seðlabanka Íslands.

Landsmenn áttu 782 milljarða á innlendum bankareikningum í árslok árið 2019. Innstæður höfðu vaxið um 42,8 milljarða eða 5,8% frá árinu áður. Auk innstæðna í innlendum bönkum áttu 5.632 fjölskyldur á skattgrunnskrá hér á landi 24,0 milljarða á erlendum bankareikningum. Þessar innstæður eru færðar til eignar á skattframtal í íslenskum krónum á kaupgengi í

Milljarðar


Vextir af innstæðum



Landsmenn voru með 18,8 milljarða í vexti af innstæðum árið 2019, sem var 157 milljónum eða 0,8% meira en árið áður. Vextir af innlendum innstæðum voru 18,4 milljarðar, 119 milljónum eða 0,7% hærrí en árið áður og vextir af erlendum innstæðum voru 157 milljónum, 78 milljónum hærrí en árið áður sem var hækkun um 99,6%. Börn voru með 266 milljónir í vexti, sem var 40 milljónum eða 13,1% minna en árið áður. Meðalvextir af innlendum innstæðum voru 2,3% sem eru lægstu vextir sem hafa sést.

Milljarðar

Vextir af verðbréfum



Árið 2019 voru landsmenn með 13,7 milljarða í vexti af verðbréfum. Það var 286 milljónum eða tveim prósentum minna en árið áður. Vextir af verðbréfum eru taldir til tekna þegar þeir eru lausir til ráðstöfunar og því gefa þeir frekar vísbendingu um viðskipti með verðbréf en um nafnvexti. Vextir af verðbréfum jukust mikið í góðærinu 2002 til 2007 en hrundu síðan þegar bankar og mörg fjárfestingafélög fóru í þrot. Ólíkt verðbréfaeigninni hafa vextir af verðbréfum lítið aukist frá því að botni kreppunnar var náð árið 2010.

árslok. Þeir sem töldu fram erlendar innstæður voru 627 fleiri en árið áður. Innstæðurnar sjálfar lækkuðu hins vegar um 1,5 milljarða eða 5,8%. Árið 2018 jukust innstæður í erlendum bönkum um 74,1% á milli ára en þá ríflega þrefaldadist fjöldi þeirra sem áttu innstæður á milli ára. Ástæðan var sú að upplýsingar um erlenda bankareikninga voru færðar í fyrsta skipti inn á sundurliðunarblað með framtali 2019. Í árslok árið 2018 áttu börn 20,6 milljarða inni á bankareikningum sem var 799 milljónum eða 4,0% meira en árið áður. Foreldrarinn telja inn-

stæðurnar fram en 37.673 foreldrar töldu fram innstæður barna sinna, 426 fleiri en árið áður.

Þróun innstæðna síðastliðinn áratug er mjög áhugaverð. Árið 2007 töldu 75.627 fjölskyldur fram 461,8 milljarða í innstæður á innlendum reikningum og 3.630 fjölskyldur töldu fram 3,1 milljarð í innstæður fyrir börn. Ári síðar, í hrúinu, voru innstæður 183.765 fjölskyldna áritaðar á skattframtal en þá voru innstæður 933,7 milljarðar og innstæður barna um 24,1 milljarður. Innstæður jukust því um 471,9 milljarða eftir að þær voru áritaðar eða

102,2% og innstæður barna um 21 milljarð. Innstæðurnar minnkuðu síðan ár frá ári um 378 milljarða eða 40,5% fram til ársins 2013 þegar þær fóru að vaxa á ný. Sama má segja um innstæður barna sem minnkuðu um tæpan 5,1 milljarð á tímabilinu eða 21,1%. Þrátt fyrir síðasta góðærið, sem slær hinu fyrra að mörgu leyti við, eiga einstaklingar enn 151,6 milljörðum minna á bankareikningum en þeir áttu í árslok árið 2008, árið sem fjármálamarkaðir hrundu og gríðarlegir fjármunir töpuðust.

Vextir af innstæðum

Vextir á innlánsreikningum eru taldir til tekna þegar þeir eru reiknaðir og greiddir. Vextir af verðtryggðum reikningum sem eru bundnir til þriggja ára eru hins vegar ekki taldir til tekna fyrr en þeir eru greiddir út. Landsmenn töldu fram 18,4 milljarða í vexti af innstæðum í bönkum sem var 119 milljónum eða 0,7% meira en árið áður. Vaxtatekjur af innlendum innlánum hafa lítið breyst á undanförunum árum. Í lok árs 2019 áttu 220.786 manns bankainnstæður en 221.424 voru með vexti. Einhverjir virðast hafa lokað reikningunum sínum.

Þeir sem áttu innstæður erlendis töldu fram 157 milljónir í vexti sem var 78 milljónum meira en árið áður. Sem fyrr segir áttu 5.632 fjölskyldur innstæður í erlendum bönkum en 1.723 þeirra voru með vexti af innstæðunum, sem var 183 fleiri en árið áður. Börn fengu 266 milljónir í vexti á innstæður árið 2019 sem var 40 milljónum meira en árið áður. Það er athyglisvert að börnin fengu talsvert lægri vexti á innstæður árið 2019 en foreldrarinn, eða ekki nema 1,3% þegar foreldrarinn fengu 2,3%.

Vextir af innlendum og erlendum verðbréfum

Innlend og erlend verðbréf eru skuldabréf, hlutdeildarskírteini, víxlar og stofnfjáreign. Þessar eignir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok. Hlutdeildarskírteini teljast til eignar á gengi í árslok. Önnur verðbréf sem skráð eru í kauphöll eru talin til eignar á verðgildi skráðu í kauphöll í árslok. Þá eru eignir í erlendum gjaldmiðlum taldar fram í íslenskum krónum á kaupgengi í árslok. Eignarhluti í sameignarfélagum og samlagsfélagum er einnig talinn fram hér sem og stofnsjóðsinnignir hjá samvinnufélagum sem eru taldar fram á nafnverði.

Innlend og erlend verðbréf og kröfur í eigu einstaklinga voru metin á 478,3 milljarða í árslok 2019. Þau hækkuðu um 29,8 milljarða eða 6,7% á árinu. Árið 2018 hækkaði matsverð verðbréfa ekki nema um 2,6 milljarða sem var 0,6% hækkun. Á fimm ára tímabili, frá árslokum 2014 til ársloka 2019, jókst virði verð-

bréfa í eigu einstaklinga um 125,2 milljarða, eða 35,4%, sem hlýtur að teljast umtalsvert.

Í ár töldu 43.186 fjölskyldur fram verðbréfaeign sem var 1.172 færri en í fyrra. Allt frá árinu 2010 hefur fjöldi þeirra sem eiga verðbréf lítið breyst en þá fjölgaði eigendum verðbréfa um 13.036 eða 37,9% á einu bretti. Þeir voru 34.433 í árslok árið 2009 voru orðnir 47.469 ári seinna.

Landsmenn voru með 13,7 milljarða í vaxta-tekjur af verðbréfum árið 2019 sem var um 286 milljónum eða tveimur prósentum minna en árið áður. Vextir af verðbréfum eru taldir til tekna þegar þeir eru lausir til ráðstöfunar. Vextir af verðbréfum gefa því nokkra mynd af viðskiptum með verðbréf, ekki síður en vaxtastigi á hverjum tíma. Þeir sem töldu fram vexti af verðbréfum voru 2.313 færri en árið áður, 48.846 samanborið við 51.159 árið áður. Árið 2016 voru 57.774 fjölskyldur með vexti af verðbréfum.


Arður

Hlutafélög eru sérstakar lögpersónur sem geta tekist á herðar skuldbindingar. Í skattalegu tilliti er fjárhagur þeirra ótengdur fjárhag eigenda þeirra. Hlutabréf eru staðfesting á eignarhlut einstaklinga í fyrirtækjunum í landinu. Þrátt fyrir að eigendur lögaðila beri takmarkaða ábyrgð á félögnum njóta þeir engu að síður ágóðans af velgengni þeirra. Hagnaður fyrirtækja er eign eigenda fyrirtækjanna. Hlutabréf í fyrirtæki er því ekki aðeins eignarhlutur í félaginu heldur einnig í eigin fé og framtíðarhagnaði fyrirtækisins. Þegar um arðvænlegt fyrirtæki er að ræða kann reksturinn að vera margfalt meira virði en eignirnar og því eru menn oft tilbúnir til að greiða margfalt verð fyrir hlut í gróðavænlegum rekstri. Verðið ræðst af væntingum um framtíðarhagnað og því hvaða aðrir ávöxtunarkostir standa mönnum til boða. Sem dæmi má nefna að ef reiknað er með að menn hafi væntingar um að 15% ávöxtun um ókomna tíð má reikna með að menn séu tilbúnir að greiða hátt í sjöfalt verð fyrir hverja krónu hagnaðar.

Verulegur hluti eigna landsmanna er bundinn í fyrirtækjum og rekstri. En sem dæmi má nefna að eignir einstaklingsfyrirtækja samkvæmt rekstrarskýrslu voru tæpir 18 milljarðar en á móti stóðu skuldir upp á 10,7 milljarða. Þá voru eignir fyrirtækja sem skiludu rekstrarframtali og rekin voru á einstaklingskennitölu metnar á 7,4 milljarða í árslok árið 2018 en á móti stóðu skuldir sem metnar voru á fimm milljarða. Eigið fé var 3,5 milljarðar en neikvætt eigið fé var um 1,1 milljarður. Sem fyrr segir er atvinnulífið með einum eða öðrum hætti í eigu einstaklinga þó að lífeyrissjóðir eða fjárfestingarfélög séu skráðir eigendur.

Milljarðar


Innlend og erlend hlutabréf



Í árslok 2019 áttu landsmenn 79,7 milljarða í hlutabréfum, sem var 223 milljónum eða 0,3% minna en árið áður. Nafnverð innlendra hlutabréfa var 64,7 milljarðar, að heita óbreytt frá árinu áður, en verðmæti erlendra hlutabréfa var 15 milljarðar. Það minnkaði um 219 milljónir eða 1,4% á milli ára. Erlend hlutabréf eru færð til eignar á nafnverði en þegar nafnverð er ekki þekkt skal miða við kaupverð. Nafnverð og kaupverð hlutabréfa sem útgefin eru í erlendum gjaldmiðli er fært á framtal á kaupgengi eins og það var þegar hlutabréfin voru keypt. Verðmæti bréfanna í krónum er því óbreytt á meðan þau eru ekki seld. Hlutabréfaeign landsmanna jókst nokkuð á tíunda áratugnum þegar veittur var afsláttur af kaupum á hlutabréfum. Afslátturinn var afnuminn tekjuárið 2003. Áhugi fyrir hlutabréfum jókst svo mikið á árunum 2002 til 2007. Árið 2008 féll markaðurinn og þrátt fyrir mikinn uppgang í atvinnulífnum á síðustu árum hefur hlutabréfaeign landsmanna ekki aukist sem neinu nemur.

Milljarðar

Arður af hlutabréfum



Árið 2019 fengu landsmenn 48,4 milljarða greidda í arð af hlutabréfum sem var 2,2 milljörðum eða 4,7% meira en árið áður. Þar af var arður af innlendum hlutabréfum 47,2 milljarðar, tveimur milljörðum eða 4,5% meiri en árið áður og arður af erlendum hlutabréfum var 1,2 milljarðar, 167 milljónum eða 16,0% meiri en árið áður. Á uppgangsárum fjármálastarfsemi í landinu jukust arðgreiðslur mjög mikið en þær hrundu nánast alveg í krepplunni en tóku svo að aukast aftur þegar landið tók aftur að rísa upp úr krepplunni 2008 til 2012.

Hlutafé er talið fram á nafnverði en það gefur mjög takmarkaða mynd af raunverulegu verðmæti hlutabréfanna. Lágmarkshlutafé í einkahlutafélagi er 500 þúsund en mörg einkahlutafélög eru eignarhaldsfélög sem eru stofnuð um eignarhald í fjölda fyrirtækja sem hvert um sig getur verið mun meira virði en nafnverð sem er talið fram af eigandanum. Nafnverð hlutabréfa í eigu einstaklinga segir

því harla lítið um raunverulegt virði bréfanna, hvorki um eigið fé né rekstur fyrirtækjanna sem að baki nafnverðinu standa.

Nafnverð hlutabréfa í eigu einstaklinga var 64,7 milljarðar í árslok árið 2019 en 56.014 fjölskyldur töldu fram hlutabréf. Hlutabréfaeign einstaklinga var nánast óbreytt frá árinu áður, minnkaði um fjórar milljónir. Fjölskyldurnar voru hins vegar 1.339 fleiri. Eins

Tekjur einstaklinga

	Fjárhæðir					Breytingar '18-'19		Fjöldi					Breytingar '18-'19	
	2015	2016	2017	2018	2019	Milljarðar	%	2015	2016	2017	2018	2019	Fjöldi	%
Laun og hlunnindi	1.059	1.163	1.249	1.299	1.330	31	2,4	198.583	207.300	213.619	220.464	221.169	705	0,3
Bifreiðahlunnindi	5	5	4	4,4	4,3	0	-1,0	4.420	4.545	4.833	4.984	4.935	-49	-1,0
Önnur hlunnindi	3	2	2	2,5	1,8	-1	-27,6	12.661	12.256	15.776	15.259	15.202	-57	-0,4
Ökutækjastyrkir	12	12	13	12,9	12,2	-1	-4,8	40.062	41.997	43.142	44.256	43.399	-857	-1,9
Frádráttur á móti ökutækjastyrk	8	8	9	8,7	8,7	0	-0,7	34.752	35.866	36.485	37.303	37.425	122	0,3
Dagpeningar	14	15	14	15,1	14,5	-1	-4,0	27.773	30.145	31.176	32.122	32.008	-114	-0,4
Frádráttur vegna dagpeninga	14	14	14	14,7	14,2	-1	-3,6	27.623	30.010	30.964	31.961	31.805	-156	-0,5
Reiknað endurgjald	24	26	26	27,0	28,1	1	4,0	17.677	17.652	17.079	17.182	17.500	318	1,9
Hreinar tekjur	13	14	14	13,2	12,6	-1	-4,8	15.490	15.608	15.041	15.035	14.993	-42	-0,3
Tekjur erlendis	21	16	13	10,3	11,3	1	9,4	5.296	5.079	4.937	4.691	4.770	79	1,7
Greiddslur frá alþjóðastofnunum	1	1	1	1,3	1,7	0	27,3	126	121	143	159	178	19	11,9
Launatekjur	1.123	1.226	1.309	1.357	1.389	32	2,4	209.729	217.837	223.967	230.599	232.059	1.460	0,6
Greiddslur frá Tryggingastofnun	89	98	120	127	135	9	6,7	58.697	59.897	58.993	60.690	63.611	2.921	4,8
Skattfrjálsar greiddslur frá Tryggingastofnun	11	12	13	13	15	2	14,4	18.405	18.428	18.479	18.257	37.001	18.744	102,7
Tryggingabætur	100	110	133	140	150	10	7,5	68.497	69.577	68.412	69.915	72.660	2.745	3,9
Atvinnuleysisbætur	10	9	9	11	19	8	72,7	11.517	10.279	10.386	9.853	14.745	4.892	49,6
Greiddslur úr lífeyrissjóðum	110	121	131	138	150	11	8,2	55.100	57.099	59.026	61.078	63.787	2.709	4,4
Greiddslur úr séreignarsjóðum	9	10	11	11	12	1	7,2	7.236	7.968	8.561	8.284	9.023	739	8,9
Sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar	0	0	0	0	0	0	154,1	874	898	616	633	2.776	2.143	338,5
Lífeyrisgreiddslur	121	132	142	150	162	12	8,1	59.235	59.827	61.581	63.477	66.269	2.792	4,4
Styrkir vegna náms og vísindastarfa	3	3	3	4	4	0	12,2	26.548	27.623	27.680	30.459	32.780	2.321	7,6
Frádráttur á móti náms- og rannsóknarstyrkjum	2	2	2	2	3	1	40,3	14.406	15.208	14.978	16.479	24.379	7.900	47,9
Aðrar tekjur	4	3	2	3	3	0	15,1	5.103	4.124	3.471	3.460	3.864	404	11,7
Húsaleigubætur, félagsleg aðstoð og styrkir	12	12	13	14	15	1	6,3	65.261	65.563	73.562	76.339	81.164	4.825	6,3
Frádráttur á móti öðrum styrkjum	2	2	3	3	3	0	8,2	38.624	39.706	45.555	50.720	53.898	3.178	6,3
Aðrar skattfrjálsar greiddslur	21	20	23	24	24	0	-0,2	24.369	23.403	23.810	26.755	27.920	1.165	4,4
Ýmsar greiddslur	35	34	37	39	40	0	1,2	71.899	70.065	73.011	75.784	76.752	968	1,3
Áætlanir	37	48	62	73	68	-5	-7,3	8.538	10.739	14.940	16.998	15.966	-1.032	-6,1
Álag	3	3	4	5	5	0	3,1	8.055	10.140	14.418	16.156	15.427	-729	-4,5
Áætlanir og álag	40	51	66	78	72	-5	-6,7	8.538	10.739	14.940	16.998	15.966	-1.032	-6,1
Laun, hlunnindi, lífeyrir o.fl.	1.430	1.561	1.696	1.774	1.832	58	3,3	267.165	277.607	289.196	298.959	303.219	4.260	1,4
Frádráttur vegna lífeyrisdólgjalda	43	47	50	52	54	2	3,2	201.646	209.409	215.705	222.030	223.772	1.742	0,8
Viðbótariðgjald í lífeyrissjóð	24	26	29	30	32	1	4,7	107.736	112.187	117.695	120.025	123.614	3.589	3,0
Tekjuskatts- og útsvarstofn skv. framtali*	1.253	1.366	1.479	1.555	1.611	56	3,6	247.388	253.522	262.823	271.887	278.059	6.172	2,3
Lækkun skv. 65. gr.	2	2	2	2	2	0	12,9	13.197	12.375	11.298	11.430	12.353	923	8,1
Tekjuskatts- og útsvarstofn	1.250	1.364	1.477	1.553	1.609	56	3,6	247.374	253.488	262.781	271.874	278.044	6.170	2,3
Fjármagnstekjur														
Leiga á íbúðarhúsnæði	12	13	14	15	15	1	4,6	8.407	8.545	8.560	8.592	8.645	53	0,6
Leiga á öðrum eignum	1	1	1	2	2	0	6,1	918	1.007	1.410	1.910	2.063	153	8,0
Leigutekjur	13	14	15	17	18	1	4,8	9.195	9.378	9.715	10.135	10.284	149	1,5
Vextir af verðbréfum	15	13	17	14	14	0	-2,0	46.939	57.774	50.967	51.159	48.846	-2.313	-4,5
Vextir af innlendum innstæðum	17	21	17	18	18	0	0,7	198.004	204.834	210.465	217.138	221.424	4.286	2,0
Vextir af erlendum innstæðum	0	0	0	0	0	0	99,6	625	635	674	1.540	1.723	183	11,9
Vextir af innstæðum barna	1	1	0	0	0	0	-13,1	37.964	37.126	31.628	25.242	25.389	147	0,6
Vextir	33	35	35	33	32	0	-0,4	198.249	205.038	210.831	217.630	221.805	4.175	1,9
Arður af hlutabréfum	39	48	61	45	47	2	4,5	14.521	15.172	14.677	14.741	13.587	-1.154	-7,8
Arður af erlendum hlutabréfum	2	3	2	1	1	0	16,0	326	333	361	400	444	44	11,0
Arður af hlutabréfum	41	51	63	46	48	2	4,7	14.648	15.315	14.863	14.915	13.830	-1.085	-7,3
Söluhagnaður af hlutabréfum	24	35	44	28	26	-2	-5,5	3.762	3.855	2.859	2.811	2.953	142	5,1
Annar söluhagnaður	3	4	6	4	4	0	7,4	691	787	916	882	835	-47	-5,3
Söluhagnaður	27	40	49	32	31	-1	-3,8	4.380	4.566	3.708	3.632	3.731	99	2,7
Fjármagnstekjur alls	113	140	162	128	129	2	1,3	198.268	205.053	210.851	217.652	221.820	4.168	1,9
Heildartekjur	1.543	1.701	1.858	1.902	1.962	60	3,1	271.905	282.070	292.913	302.727	307.538	4.811	1,6

* Tekjur handreiknaðra eru ekki taldar með í tekjuskatts- og útsvarstofni skv. framtali.

Eignir og skuldir í árslok

Tekjuár	Fjárhæðir					Breytingar '18-'19		Fjöldi					Breytingar '18-'19	
	2015	2016	2017	2018	2019	Milljarðar	%	2015	2016	2017	2018	2019	Fjöldi	%
Eignir														
Innstæður í bönkum	594	643	705	739	782	43	5,8	197.596	204.306	209.895	216.548	220.786	4.238	2,0
Innstæður í erlendum bönkum	12	13	15	25	24	-1	-5,8	1.241	1.457	1.662	5.005	5.632	627	12,5
Innstæður barna	19	19	19	20	21	1	4,0	38.174	37.169	37.020	37.247	37.673	426	1,1
Innlend hlutabréf	385	400	446	448	478	30	6,7	49.250	44.947	45.215	44.358	43.186	-1.172	-2,6
Erlend hlutabréf	66	67	65	65	65	0	0,0	53.341	53.485	53.826	54.675	56.014	1.339	2,4
Innlend og erlend verðbréf	14	13	14	15	15	0	-1,4	4.205	4.090	4.184	4.270	4.497	227	5,3
Hrein eign skv. efnahagsreikningi	52	52	51	52	53	1	2,2	7.191	6.991	6.760	6.713	6.773	60	0,9
Ökutæki	242	268	301	318	324	5	1,7	115.315	118.652	122.997	126.461	128.465	2.004	1,6
Aðrar eignir	36	29	31	32	33	1	4,6	23.081	23.284	23.495	23.799	24.435	636	2,7
Áætluð eign	60	81	90	117	118	1	1,3	2.732	2.589	3.724	3.884	3.805	-79	-2,0
Áætluð eign viðbót	9	12	13	17	18	0	1,3	2.731	2.589	3.724	3.884	3.805	-79	-2,0
Fasteignir	3.832	4.123	4.755	5.255	5.619	364	6,9		102.746	104.132	106.290	109.364	3.074	2,9
Fasteignir erlendis	12	13	18	24	29	5	20,9	412	465	645	838	983	145	17,3
Heildareignir	5.315	5.714	6.502	7.108	7.557	450	6,3	200.949	207.467	214.360	221.194	225.431	4.237	1,9
Skuldir														
Skuldir vegna íbúðarverka	1.334	1.361	1.413	1.503	1.614	111	7,4	73.036	73.574	73.429	74.640	76.461	1.821	2,4
Skuldir umfram eignir skv. efnahagsreikningi	16	14	13	11	11	0	-3,4	3.620	3.425	3.148	3.039	2.857	-182	-6,0
Aðrar skuldir	674	661	651	640	641	1	0,2	157.196	157.797	160.895	162.275	163.599	1.324	0,8
Skuldir vegna kaupleigubúða eftirstöðvar	26	27	31	35	36	1	1,8	1.070	1.124	1.219	1.353	1.355	2	0,1
Heildarskuldir	2.025	2.036	2.077	2.154	2.266	112	5,2	159.496	160.399	163.551	165.223	167.136	1.913	1,2
Vaxtagjöld														
Vextir vegna íbúðarverka	74	79	76	74	77	3	3,8	75.571	76.550	76.967	77.848	79.477	1.629	2,1
Vextir af kaupleigubúðum	1	1	1	2	2	0	1,5	1.077	1.165	1.249	1.365	1.399	34	2,5
Önnur vaxtagjöld	35	36	34	32	34	2	5,3	145.346	146.367	152.401	157.000	158.002	1.002	0,6


Opinber gjöld einstaklinga

Tekjuár	Fjárhæðir					Breytingar '18-'19		Fjöldi					Breytingar '18-'19	
	2015	2016	2017	2018	2019	Milljarðar	%	2015	2016	2017	2018	2019	Fjöldi	%
Tekjuskattur, álagður	159	174	188	202	206	4	1,8	181.638	199.635	219.515	234.716	238.120	3.404	1,5
Skattaafsláttur til greiðslu útsvars	11	10	9	8	9	0	3,9	84.074	76.485	68.564	63.371	64.200	829	1,3
Almennur tekjuskattur	148	164	178	194	197	3	1,7	181.635	199.631	219.515	234.714	238.109	3.395	1,4
Fjármagnstekjuskattur, álagður	20	24	29	24	25	0	0,7	39.190	42.958	37.920	39.612	39.750	138	0,3
Skattaafsláttur í fjármagnstekjuskatt	0	0	0	0	0	0	4,6	3.543	3.332	2.468	2.458	2.453	-5	-0,2
Fjármagnstekjuskattur	20	24	29	24	24	0	0,7	37.087	40.815	36.447	38.051	38.234	183	0,5
Útsvar	189	208	226	237	244	7	3,1	265.696	276.096	288.067	298.069	302.281	4.212	1,4
Tekjuskattar samtals	356	396	434	455	466	11	2,4	228.891	242.731	256.909	267.858	271.051	3.193	1,2
Útvarpsgjald	4	4	4	4	4	0	1,4	195.316	205.501	217.404	225.468	228.067	2.599	1,2
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	2	2	3	3	3	0	1,6	195.492	205.645	217.593	225.660	228.232	2.572	1,1
Slysatryggingagjald v. heimilsstarfa	0	0	0	0	0			7.191	6.991	6.760	6.713	6.773	60	0,9
Tryggingagjald staðgreiðsluskylt	3	2	3	3	3	0	-2,6	11.882	11.925	12.162	12.354	12.455	101	0,8
Tryggingagjald gjaldfallið 1. júní	0	0	0	0	0	0	-3,3	7.502	7.105	6.924	6.774	6.680	-94	-1,4
Tryggingagjald	3	3	3	3	3	0	-2,6	19.133	18.835	18.881	18.955	18.982	27	0,1
Barnabætur	10	10	11	12	12	0	1,4	44.829	43.546	45.172	46.830	47.871	1.041	2,2
Sérstakur bótaauki v. Covid19	0	0	0	0	3	3		0	0	0	0	78.104	78.104	
Vaxtabætur	6	5	3	3	3	0	-7,7	29.710	26.107	18.985	17.127	15.470	-1.657	-9,7
Skattar	346	388	426	447	458	11	2,5	224.169	238.635	253.381	264.011	267.440	3.429	1,3
Fjöldi reiknaður í álagningarkerfi									260.131	269.632	279.237	286.784	7.547	2,7
Handreiknaðir								22.388	26.597	28.044	28.462	26.554	-1.908	-6,7
Fjöldi framteljenda á skattgrunnkrá								277.606	286.728	297.676	307.699	313.338	5.639	1,8

Fjárhæðir í milljörðum króna á föstu verðlagi í árslok 2019.

Milljarðar

Söluhagnaður



Árið 2019 var söluhagnaður 30,9 milljarðar, 1,2 milljörðum eða 3,8% minni en árið áður. Söluhagnaður af hlutabréfum var 26,5 milljarðar sem var 1,5 milljörðum eða 5,5% minni hagnaður en árið áður en annar söluhagnaður var 4,5 milljarðar, 306 milljónum eða 7,4% meiri en árið áður. Söluhagnaður jókst hratt og með auknum umsvifum ýmiss konar fjármálaumsýslu í aðdraganda hrunsins en hrundi nær algerlega í kjölfarið. Þrátt fyrir mikinn vöxt og góðæri undanfarinna ára hefur áhugi manna á hlutabréfaviðskiptum verið takmarkaður.

og fram hefur komið segir nafnverð ekkert um raunverulegt virði þessara bréfa sem fer fyrst og fremst eftir ástandi og horfum atvinnuveganna á hverjum tíma.

Íslensk félög í eigu einstaklinga greiddu 47,2 milljarða í arð af eigin fé en ekki er heimilt að greiða út arð af hagnaði ársins heldur má aðeins greiða út arð af hagnaði fyrri ára. Fyrirtækin greiddu út tveimur milljörðum eða 4,5%

inu árið 2009 en þá fækkaði þeim sem fengu greiddan arð um 32.825 frá árinu á undan.

Auk íslenskra hlutabréfa áttu 4.497 fjölskyldur 15,0 milljarða í erlendum hlutabréfum um áramótin síðustu sem var 219 milljónum eða 1,4% minna en árið áður. Erlend hlutabréf eru talin fram á nafnverði en ef nafnverð er ekki þekkt eru bréfin talin fram á kaupverði í krónum þegar bréfin voru keypt. Gengishagn-

”

Íslensk félög í eigu einstaklinga greiddu 47,2 milljarða í arð af eigin fé en ekki er heimilt að greiða út arð af hagnaði ársins heldur má aðeins greiða út arð af hagnaði fyrri ára

meiri arð til einstaklinga sem voru skattskyldir hér á landi en árið áður. Arður af hlutabréfum hefur aukist talsvert á undanförnum árum. Í botni kreppunnar árið 2010 greiddu félög 15,7 milljarða í arð. Arðgreiðslur jukust ár frá ári fram til ársins 2017 en þá voru þær orðnar 61,3 milljarðar. Þær lækkuðu síðan um 16,1 milljarð árið 2018 en jukust síðan aftur árið 2019.

Árið 2019 fengu 1.154 færri fjölskyldur greiddan arð frá íslenskum fyrirtækjum en árið áður, 13.587 samanborið við 14.741 árið áður. Þetta var mesta fækkun síðan í hrund-

aður er því leystur út þegar bréfin eru seld. Arður af erlendum hlutabréfum var 1,2 milljarðar árið 2019 en 444 fjölskyldur fengu greiddan arð af slíkum eignum. Arður af erlendum hlutabréfum jókst um 167 milljónir á milli ára eða um 16,0%.

Söluhagnaður

Þeir sem fá greiddan arð þurfa að ákveða hvernig þeir hyggjast verja fjárhæðinni. Menn getað eytt peningunum eða ákveðið að spara þá. Þeir sem spara vilja fá vexti á sparnað-


inn. Ein leið er að fjárfesta í hlutabréfum en slík fjárfesting er í reynd fjárfesting í eigin fé fyrirtækja. Stjórnendur fyrirtækja geta annað hvort greitt arð til eigenda eða notað hann í verkefni sem auka verðmætasköpun og vöxt fyrirtækisins. Þeir eru þá í reynd að endurfjárfesta hagnaðinn í verkefnum innan fyrirtækisins, tækjum og tólum sem skapa tekjur eða draga úr kostnaði og skila þannig hagnaði í framtíðinni. Af þessum sökum greiða fyrirtæki í örum vexti yfirleitt ekki mikinn arð til eigenda. Arðurinn er greiddur af eigin fé og því er stór hluti sparnaðar einstaklinga bundinn í hlutabréfum eða eigin fé fyrirtækjanna.

Virði fyrirtækisins eykst þegar umsvif og eignir fyrirtækisins aukast og framtíðarhorfur verða bjartari. Eins og þegar hefur komið fram endurspeglar verðmæti hlutabréfa ekki aðeins bókfært verð eigna fyrirtækisins heldur einnig tekjurnar sem þessar eignir munu skapa í framtíðinni og því eru menn oft tilbúnir til að greiða riflegt verð fyrir von um mikinn hagnað í framtíðinni. Söluhagnaður er þannig oft innlausn á sparnaði sem hefur ávaxtast innan fyrirtækisins um langt árabil. Söluhagnaður er mismunur á kaupverði og söluverði. Heimilt er að draga tap af sölu hlutabréfa frá hagnaði af sölu annarra hlutabréfa á sama ári.

Almennt er söluhagnaður skattskyldur án tillits til þess hversu lengi menn hafa átt eignina. Hagnaður af sölu lausafjár er hins vegar skattfrjáls svo framfarlega að ekki sé um atvinnurekstur að ræða eða eignin keypt í þeim tilgangi að selja hana með hagnaði. Þá er hagnaður einhleypings af sölu íbúðarhúsnæðis sem er minna en 600 m³ og hjóna sem er minna en 1.200 m³ skattfrjáls hafi seljandi átt eignina lengur en tvö ár. Ef stærð íbúðarhúsnæðisins er yfir þessum mörkum er söluhagnaður skattskyldur á sama hátt og söluhagnaður af sumarbústöðum, hesthúsum, bátaskýlum, landi eða löðum, náttúruauðæfum og réttindum tengdum þessum eignum. Kaupverð er þá yfirleitt dregið frá söluverði að frádregnum beinum sölukostnaði. Þá er einnig heimilt að telja til tekna helming söluverðs þegar frá heildarsöluverði hefur verið dreginn beinn sölukostnaður. Ef um er að ræða íbúðarhúsnæði til eigin nota sem seljandi hefur átt í full tvö ár er söluhagnaður þó að fullu skattfrjáls, án tillits til rúmmáls.

Landsmenn voru nú með 26,5 milljarða í söluhagnað af hlutabréfum og tæpa 4,5 milljarða í annan söluhagnað. Söluhagnaður af hlutabréfum var 1,5 milljörðum eða 5,5% minni árið 2019 en árið áður. Líkt og arðgreiðslur minnkaði söluhagnaður af hlutabréfum annað árið í röð. Hann var 43,5 milljarðar árið 2017 og hafði þá að heita aukist ár frá ári allt frá botni kreppunnar árið 2010 en þá var söluhagnaður

Arður af hlutabréfum greiddur hverjum tuttugasta hluta arðþega



Fyrirtækin í landinu eru uppspretta verðmætasköpunar. Þau greiða starfsmönnum laun, lánadrottnum vexti og eigendum arð. Af þessum tekjum eru greiddir skattar sem ganga til opinbers rekstrar og velferðarkerfisins, sem eru nú eitt af höfuðverkefnum hins opinbera, ólíkt því sem var á árunum fyrir stríð. Tekjurnar eiga oft rætur sínar að rekja til fjárfestingar í nýsköpun og þróunarverkefnum eða fyrirtækjum sem náð hafa að yfirstíga alls konar hindranir og örðugleika, skapa arð og renna þannig stoðum undir þau lífsgæði sem landsmenn eiga að venjast. Margir eru kallaðir en fáir útvaldir. Það er vert að hafa í huga að það getur brugðið til beggja vona og að aðeins hluti nýstofnaðra fyrirtækja nær að komast á legg og skapa verðmæti. Oft reynir á langlundargeð og trú framkvæmdamanna sem horfa á eftir peningunum sínum árum saman í von um að einhvern tímann í framtíðinni muni tekjurnar duga fyrir gjöldum og fyrirtækið náí að komast á auðan sjó og skila einhverjum arði. Yfirleitt er ekki greiddur arður úr slíkum fyrirtækjum árum saman. Ef hagnaður er af rekstrinum er hann oft nýttur til vaxtar í fyrirtækinu eða lagður til hliðar til að hægt sé að fleyta fyrirtækinu í gegnum

áföll. Það er því ekki fyrr en félögin eru komin á auðan sjó að menn fara að huga að því að greiða arð til hluthafa, sem hafa haft trú á verkefninu og starfsfólkinu árum saman.

Lykillinn að velgengninni er enn sem fyrr að bjóða vöru og þjónustu sem er mikils virði í augum viðskiptavinanna í skiptum fyrir eitt-hvað sem er minna virði, peninga. Þannig skapa fyrirtækin verðmæti og bæta hag landsmanna. Eins og gefur að skilja er alltaf um einstaklingsbundið mat að ræða, sem flækir málið. Gróði er góður en ánægðir viðskiptavinir eru enn þá betri er haft eftir manni sem varð langlífur í viðskiptum.


Árið 2019 fengu 23.388 einstaklingar greiddan arð af hlutabréfum. Hér er litið svo á að arður hjóna skiptist jafnt á milli þeirra og þau eru því talin sem tveir sjálfstæðir hluthafar. Heildararðgreiðslur voru rúmum 48 milljarðar. Helmingur framteljendanna var með innan við 30 þús. kr. í arð en samanlagt fengu þessir 11.694 hluthafar 90 milljónir greiddar í arð eða um 0,2% þess arðs sem einstaklingar fengu greiddan.

Á hinn bóginn fengu en 2.338 framteljendur eða tíu prósent þeirra einstaklinga sem fengu greiddan arð meira en 4.875 þús. kr. Samanlagður arður þessara tíu prósent

sem voru með mestan arð voru rúmum 38 milljarðar, sem var 79,1% þess arðs sem var greiddur einstaklingum á skattgrunnskrá. Af þessum tíu prósent hópi var helmingurinn, 1.169 eða fimm prósent framteljendanna, með meira en 9.423 þús. kr. í arð en samanlagður arður þessa fimm prósent hóps var 30,6 milljarðar sem var um 63,2% arðstekna einstaklinga. Eitt prósent hluthafanna, eða 233 einstaklingar, fengu svo meira en 31,5 milljónir í arðstekjur á árinu 2019 en samanlagðar tekjur þessara einstaklinga voru 16,2 milljarðar, sem var þriðjungur eða 33,4% arðstekna einstaklinga. Þá fékk annað prósent hluthafa meira en 18,1 milljón í arð en samanlagður arður þessa næst tekjuhæsta hundraðshluta var um 5,5 milljarðar. Þessi tvö prósent framteljenda sem fengu greiddan arð fengu því 21,7 milljarða greidda í arð sem var 44,8% heildararðsins. Þrjú prósent hluthafa voru með meira en 13,7 milljónir í arð en samanlagður arður þess eina prósent sem var rétt yfir þessum mörkum voru 3,6 milljarðar. Þannig voru þrjú prósent þeirra framteljenda sem fengu mestan arð greiddan með ríflega helming, eða 52,3% þess arðs sem fyrirtæki greiddu eigendum sínum árið 2019. ■

Milljarðar

Fjármagnstekjur



Árið 2019 voru heildarfjármagnstekjur einstaklinga 129,3 milljarðar, 1,6 milljörðum eða 1,3% hærrí en árið áður. Fjármagnstekjur tóku að aukast mikið um miðjan tíunda áratuginn þegar fjármagnstekjuskattur var tekinn upp. Einstaklingsrekstri var umbreytt í einkahlutafélög og þá komu eignarhaldsfélög til sögunnar sem gegndu mikilvægu hlutverki í allri fjárfestingastarfsemi. Bankar í ríkiseigu voru seldir sem leysti úr læðingi sköpunar- og drifkraft einkaframtaksins sem aftur hafði mikil áhrif á fjárfestingu einstaklinga og fyrirtækja í landinu. Fjármagnstekjur jukust því mikið upp úr aldamótum, sérstaklega arður og söluhagnaður, en árið 2007 voru fjármagnstekjur orðnar 23,2% eða tæpur fjórðungur tekna einstaklinga. Eftir að bankarnir féllu minnkuðu fjármagnstekjur mikið, sérstaklega arður og söluhagnaður, en á sama tíma jukust vextir af innstæðum umtalsvert. Fjármagnstekjur fóru aftur að aukast árið 2012 en þar er aðallega um aukinn arð og söluhagnað að ræða. Aukningin er þó ekkert í líkingu við það sem var á árunum 2002 til 2007.

hlutabréfa 7,2 milljarðar. Söluhagnaðurinn var 28 milljarðar árið 2018 þannig að lækkinin á milli ára var mun minni árið 2019 en árið á undan.

Annar söluhagnaður jókst hins vegar um 306 milljónir eða 7,4%. Það er sama sagan hér, annar söluhagnaður jókst ár frá ári frá árinu 2010 til ársins 2017 en þá var hann 5,6 milljarðar. Hann minnkaði síðan um 1,5 milljarða árið 2018 eða 26,3% en árið 2019 var breytingin minni.

Árið 2019 högnuðust 2.953 einhleypingar og hjón af sölu hlutabréfa og 835 voru með hagnað af sölu annarra eigna. Þetta var óveruleg breyting frá árinu áður en þá voru 2.811 með hagnað af sölu hlutabréfa og 882 með hagnað af sölu annarra eigna.

Heildarfjármagnstekjur

Landsmenn voru með 129,3 milljarða í fjármagnstekjur árið 2019 en það var 1,6 milljörðum eða 1,3% meira en árið áður. Árið 2018 minnkuðu fjármagnstekjur einstaklinga um 34,4 milljarða eða 21,2% en allt frá árinu 2011 og fram til ársins 2017 höfðu þær hækkað ár frá ári, samtals um 84,3 milljarða eða 108,3%. Hér var helst um að ræða aukningu söluhagnaðar sem jókst um 38,7 milljarða og arðs sem jókst um 45,9 milljarða. Vextir af innstæðum minnkuðu hins vegar um 6,7 milljarða. Það bendir því ýmislegt til þess að nokkuð hafi dregið úr verslun og viðskiptum með verðbréf árið 2019.

Fjármagnstekjuskattur

Fjármagnstekjuskattur var tekinn upp árið 1997. Lengst af var hann flatur 10% skattur á allar fjármagnstekjur. Skatturinn var síðan hækkaður í áföngum, fyrst í 15% á miðju ári 2009, þá í 18% af tekjum ársins 2010 og í 20% af tekjum ársins 2011. Skattur á söluhagnað og arð var því hækkaður um 100% á þremur árum en á móti þessum hækkunum vó að frítekjumark var sett á vexti og 30% leigutekna voru undanþegnar skatti. Fjármagnstekjuskattur af vöxtum, arði, söluhagnaði og leigutekjum var síðan hækkaður í 22% í álagningu 2019 á tekjur ársins 2018 og var það óbreytt nú í álagningu 2020.

Skattleysismörk vaxta voru hækkuð um fjórðung í álagningu árið 2015 á tekjur 2014, úr 100 þús. kr. í 125 þús. hjá einhleypingum og tvöföldum þessum mörkum hjá hjónum. Mörkin voru aftur hækkuð í 150 þús. fyrir einstakling og tvöföld þessi mörk hjá hjónum í álagningunni 2018. Þá var ekki nema helmingur leigutekna ársins 2016 af íbúðarhúsnæði skattlagður en ekki 70% eins og var og því var skattur af leigutekjum af íbúðarhúsnæði í raun lækkaður úr 14% í 10% á tveimur árum. Þetta á þó ekki við um tímabundna útleigu íbúðarhúsnæðis, til dæmis til ferðamanna.

Álagður skattur á fjármagnstekjur 2020 var 24,2 milljarðar sem var um 157 milljónum eða 0,7% meira en lagt var á í fyrra. Skatttekjurnar hækka því ekki jafnmikið og

tekjurnar, sem hlýtur að skýrast af tekjumörkum vaxta og leigu.

Framteljendur sem fullnýta ekki persónuafslátt til greiðslu tekjuskatts og útsvars geta nýtt það sem eftir er til að greiða fjármagnstekjuskatt. Nú nýttu 2.453 manns 294 milljónir af persónuafslætti upp í fjármagnstekjuskatt sem er að segja óbreytt frá árinu áður þegar 2.458 manns nýttu 281 milljón á móti fjármagnstekjuskatti. Tekjur ríkisins af skattinum voru lægri sem því nemur.

Að sjálfsgöðu ræðst skatturinn að mestu leyti af fjármagnstekjum landsmanna en nú var lagður fjármagnstekjuskattur á 39.750 fjölskyldur, 138 fleiri en fyrir ári. Með fjölskyldu er hér átt við einstakling, sambúðarfólk eða hjón sem skila sameiginlegu framtali. Árið 2019 voru 221.820 fjölskyldur með fjármagnstekjur þannig að fjármagnstekjuskattur er ekki lagður á nema hluta þeirra sem eru með tekjur. Þarna komu tekjumörk vegna vaxta-tekna til sögunnar. Nær allir landsmenn eru í viðskiptum við banka og fá greidda vexti af innlánsreikningum. Hins vegar hafa til þess að gera fáir miklar tekjur af eignum eða sölu eigna á hverju ári. Eftir að tekjumörkin voru sett fækkaði þeim mjög mikið sem greiddu fjármagnstekjuskatt en langflestir þeirra sem greiddu fjármagnstekjuskatt af vöxtum þegar innstæður voru áritaðar af ríkisskattstjóra voru með tekjur undir frítekjumörkum og sluppu því við skattinn þegar mörkin voru sett.

Heildartekjur

Árið 2019 voru landsmenn með 1.961,7 milljarða í tekjur sem var 59,7 milljörðum eða 3,1% meiri tekjur en árið áður. Laun, hlunnindi og lífeyrir hækkuðu um 58,1 milljarð og fjármagnstekjur um 1,6 milljarða. Launatekjur, tryggingabætur, atvinnuleysisbætur, lífeyrir, ýmsar greiðslur, leigutekjur og arður hækkuðu samanlagt um 66,3 milljarða en 32,1 milljarður eða um 48,4% tekjuaukans árið 2019 var vegna launa, 18,3% voru vegna lífeyris, 15,7% vegna tryggingabóta og 12,3% vegna atvinnuleysisbóta. Áttunda hver króna sem lagði til tekjuaukans árið 2019 var vegna atvinnuleysisbóta. Innan við helmingur tekjuaukans árið 2019 voru laun eða launatengdar greiðslur.

Eignir og skuldir

Sterkt samband er á milli tekna, eigna og skulda. Eignir kunna að skapa tekjur og lán eru skuld þess sem tekur lánið en eign þess sem á kröfuna. Tekjur eða væntingar um framtíðartekjur eru yfirleitt skilyrði fyrir því að menn geti yfir höfuð tekið lán fyrir kaupum á eignum. Það er fátítt að ungt fólk sé með háar tekjur og eigi miklar eignir. Það á hins vegar starfsævina fyrir höndum og getur því tekið lán fyrir eignum sem er greitt með tekjum framtíðarinnar. Það

er algengara að þeir sem hafa lokið starfsævinni eigi miklar eignir en séu með litlar tekjur. Þá hafa menn aflað tekna á lífsleiðinni, greitt niður skuldir og eignast eignir.

Fasteignir


Verðmætasta eign flestra er húsnæðið sem þeir búa í. Húsnæði er dýrt og ekki á færi margra að greiða það án þess að taka lán fyrir kaupunum. Hluti tekna fer því í að greiða vexti sem eru afnotagjald af peningunum sem teknir voru að láni til að kaupa eignina, eða með öðrum orðum afnotagjald af eigninni. Húsnæði vegur þungt í heimilisbókhaldi margra ungra fjölskyldna en þegar lán eru greidd niður minnkar þessi kostnaður á sama tíma og eign myndast í fasteigninni sem er sparnaður húsráðenda. Fullorðið fólk sem býr í eigin húsnæði býr yfirleitt við mun betri kjör en jafnaldrar þeirra sem hafa ekki náð að koma sér upp þaki yfir höfuðið á lífsleiðinni.

Fasteignir í eigu einstaklinga eru ekki alltaf keyptar til eigin nota heldur er þeim ætlað að ávaxta sparnað með leigu eða í gegnum hækkun á verði fasteignarinnar. Margir eiga því umtalsvert fé bundið í íbúðar-, frístunda- eða atvinnuhúsnæði.

Fasteignir í eigu einstaklinga eru forskráðar á skattframtal einstaklinga. Fasteignir eru skráðar á fasteignamat sem á að gefa raunsanna mynd af raunverulegu markaðsverði viðkomandi fasteignar. Hér er m.a. um að ræða hús og íbúðir, lóðir, jarðir og jarðarparta, útihús og sumarhús í eigu einstaklinga. Fasteignir sem hafa verið færðar inn í eignarhaldsfélög eru hins vegar ekki taldar fram á skattframtali einstaklinga. Hlutabréf í eignarhaldsfélaginu eru hins vegar talin fram á nafnverði sem þarf ekki að vera meira en 500 þús. kr.

Fasteignir í eigu einstaklinga voru metnar á 5.619,1 milljarð í árslok 2019. Fasteignamat hækkaði um 364,1 milljarð, eða 6,9% frá árinu áður. Þetta var talsvert minni hækkun en þrjú ár þar á undan en fasteignamat jókst um 7,6%, 15,3% og 10,5% á árunum 2016 til 2018. Frá árinu 2014 hefur matsverð fasteigna í eigu einstaklinga hækkað um 2.020,9 milljarða eða 56,2%.

Hér er þó vert að hafa í huga að matsverð fasteigna í landinu ræðst af viðskiptum með, til þess að gera, lítinn hluta fasteigna í landinu en verð þessara fasteigna ræðst svo aftur af framboði og eftirspurn. Framboðið ræðst af nýbyggingum og búferlaf lutningum. Eftirspurnin ræðst af fólksfjölda, tekjum, væntingum um tekjur í framtíðinni, smekk, sparnaði og lánskjörum. Yfirleitt má ganga út frá því að nýjar fasteignir séu dýrari en gamlar, sem þarfnast viðhalds og endurbóta. Hækkun fasteignaverðs skrifast því fyrst og fremst á



Heildartekjur einstaklinga voru 1.961,7 milljarðar árið 2019, 59,7 milljörðum eða 3,1% hærrí en árið áður. Fjármagnstekjur voru um 6,6% heildartekna sem var óveruleg breyting frá árinu áður en þá voru fjármagnstekjur um 6,7% tekna. Hluttur fjármagnstekna í heildartekjum hefur ekki verið svona lítill síðan 2012 en þá voru um 6,3% heildartekna fjármagnstekjur. Um 70,8% tekna voru laun, hlunnindi, lífeyrir og aðrar starfstengdar greiðslur, 7,6% voru tryggingabætur frá Tryggingastofnun ríkisins, 8,3% voru greiðslur úr lífeyrissjóðum og þá var arður af hlutabréfum um 2,5% tekna einstaklinga. Hér hefur orðið töluverð breyting frá því sem var við upphaf tíunda áratugarins en þá voru um 81,7% tekna launatekjur, Tryggingagreiðslur vógu um 5,9% heildartekna og greiðslur úr lífeyrissjóðum vógu um 3,4% heildartekna einstaklinga.

lóðaverðið og staðsetninguna en ekki húsnæðið sem stendur á lóðinni.

Þróun fasteignamarkaðarins gefur því góða mynd af því hvernig byggingarmenn og heimilin sjá fyrir sér framtíðina. Hagur landsmanna hefur vænkast en auður og eignaverð hefur margvísleg efnahagsleg áhrif. Þeir sem sjá hag sinn vænkast ár frá ári eru líklegri til að auka neyslu og fjárfesta sem aftur fær hjól

1.386 fleiri töldu þá fram íbúðarhúsnæði en árið áður. Árið 2018 fjölgaði svo um 2.158. Á síðustu árum virðast því margir hafa verið tilbúnir til að takast á herðar langtímaskuldbindingar, sem lýsir ákveðinni bjartsýni við lok síðasta góðæris.

Auk innlendra fasteigna töldu 983 fjölskyldur fram 28,6 milljarða í erlendum fasteignum en verðmæti erlendra fasteigna í




Það er algengara að þeir sem hafa lokið starfsævinni eigi miklar eignir en séu með litlar tekjur. Þá hafa menn aflað tekna á lífsleiðinni, greitt niður skuldir og eignast eignir

efnahagslífsins til að snúast. Það er þannig ekki hægt að segja að einstaklingar hafi átt 56,2% meira af fasteignum í árslok 2019 en fimm árum fyrr.

Í árslok 2019 áttu 109.364 fjölskyldur íbúðarhúsnæði eða 3.074 fleiri en fyrir ári. Þetta er mesta fjölgun íbúðareigenda á einu ári sem hefur sést en hér kann að gæta áhrifa góðærisins sem ríkti á árunum 2013 til 2018. Fasteignareignum fjölgaði um 94 árið 2013, 769 árið 2014, 1.127 árið 2015 og 1.433 árið 2016. Árið 2017 dró lítillega úr fjölguninni en

eigu landsmanna jókst um 4,9 milljarða, eða 20,9% árið 2019. Erlendar fasteignir eru færðar á fasteignamatsverði umreiknuðu í íslenskar krónur en þegar fasteignamatsverð liggur ekki fyrir er miðað við kaupverð. Þróun gengis hefur því mikil áhrif á verðmæti þessara eigna. Verðmæti erlendra fasteigna hefur aukist umtalsvert á síðustu árum. Frá árinu 2014 hefur verðmæti erlendra fasteigna aukist um 17,7 milljarða eða 163,2% en þar af voru 15,4 milljarðar hækkun á árunum 2017 til 2019. Verðmæti



Bróðurpartur eigna einstaklinga er bundinn í fasteignum. Undir lok árs 2019 áttu landsmenn fasteignir sem metnar voru á 5.619,1 milljarð, sem var 364,1 milljarði eða 6,9% meira en árið áður. Fasteignamat er ákveðið af Þjóðskrá Íslands og á að taka mið af raunverulegu markaðsvirði eignarinnar. Markaðsverð ræðst af sölu lítils hluta eigna á hverju ári. Nokkuð kann því að bera á milli fasteignamats og raunverulegs markaðsvirðis, sérstaklega þegar um bújarðir er að ræða. Fasteignamat var nokkuð stöðugt á tíunda áratugnum en þá var hagstætt að kaupa fasteignir. Það hækkaði mjög hratt upp úr aldamótum þegar reglur um eigið fé voru rýmkaðar og síðan sérstaklega í kjölfar þess að bankarnir fóru að bjóða hagstæð lán fyrir fasteignakaupum. Eftir hrun var lítill áhugi fyrir fasteignakaupum en frá árinu 2010 hafa fasteignir hækkað í verði. Matsverð fasteigna var 1.533,6 milljörðum eða 37,5% hærra árið 2019 en það var á hátindi góðærisins árið 2007.

erlendra fasteigna jókst um 36,2% árið 2017 og 31,5% árið 2018. Á undanförunum árum hafa sífellt fleiri keypt fasteignir erlendis. Þannig áttu 384 fjölskyldur fasteignir í útlöndum árið 2014, meira en helmingi færri en árið 2019.

Skuldir og vaxtagjöld vegna íbúðarhúsnæðis

Á móti fasteignum sem metnar voru á 5.619,1 milljarð stóðu eftirstöðvar skulda vegna kaupa á íbúðarhúsnæði upp á 1.613,8 millj-

sem var 2,0%, 3,8% og 6,3% skuldaaukning. Skuldirnar minnkuðu á árunum 2010 til 2015, í kreppunni sem fylgdi í kjölfar hrunsins, en síðan hófu þær aftur að aukast með aukinni bjartσύni í þjóðféluginu.

Skuldlaus eign í íbúðarhúsnæði var 4.005,3 milljarðar en hún jókst um 252,9 milljarða eða 6,7% á milli ára. Hrein eign í íbúðarhúsnæði hefur ekki aukist minna að tiltölu síðan 2013 en þá jókst hún um 3,7%. Hrein eign í íbúðarhúsnæði jókst um 13,8% árið 2015 og 10,6%, 21,0% og 12,3% á árunum

Í árslok 2019 áttu 109.364 fjölskyldur fasteign en 76.461 fjölskylda skuldaði íbúðarlán og því má ætla að um 32.903 fjölskyldur eða 30,1% þeirra sem töldu fram fasteignir hafi átt þær skuldlausar. Þetta hlutfall hefur ekki verið svona hátt síðan 1997. Það er mikilvægt að hafa í huga að jafnvel þó að menn telji fram fasteignir á skattframtali þá er ekki alltaf um heila fasteign að ræða. Margir eiga hlut í íbúð, jarðarpart eða annað þess háttar í félagi við aðra. Þá er ekki óþekkt að menn skuldi fasteignalán en eigi enga fasteign.

Vaxtabætur eru reiknaðar af vaxtagjöldum af lánnum sem hafa verið tekin vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Hér er um að ræða heildargreiðslu og kostnað af lánnum vegna íbúðarkaupa að frádregnu því sem fór til að lækka höfuðstólinn. Vaxtagjöld sem mynda stofn til vaxtabóta eru greiddir vextir og verðbætur, afföll, lántökukostnaður og uppgreiðslugjald. Árið 2019 greiddu landsmenn 77 milljarða í vaxtagjöld af íbúðarlánnum sem var 2,8 milljörðum meira en árið áður. Vaxtagjöld af íbúðarlánnum hækkuðu um 3,8% á milli ára á sama tíma og höfuðstólinn hækkaði um 7,4%. Á fimm ára tímabili frá 2014 til 2019 jukust vaxtagjöld af fasteignalánnum um 0,4% á sama tíma skuldirnar jukust um 15,0%. Vextir hafa lækkað.

Bifreiðir

Bifreiðir eru almennt færðar á skattframtal á kaupverði og síðan niðurfærðar um 10% á hverju ári. Niðurfærslurnar miðast við eignfærsluna árið áður. Ólíkt íbúðarhúsnæði, sem hækkar yfirleitt í verði frá ári til árs, falla bifreiðirnar því í verði frá ári til árs og eftir því sem billinn er dýrari eru niðurfærslurnar meiri. Einhvern tímann hafa menn sjálfsagt lært af biturri reynslu að það gefur sjaldan góða raun að spá fyrir um veður eftir þrjú mánuði með hliðsjón af þróun veðurfars síðustu þriggja mánaða. Menn þurfa að vita aðeins meira til að hitta á góða spá. Það hjálpar að vita að það eru 12 mánuðir í árinu og að ein árstíð tekur við af annarri. Undir lok góðæris er erfitt að spá fyrir um framtíðina.

Margir taka lán fyrir bifreiðakaupum og því takast menn yfirleitt ekki á herðar skuldbindingar nema að þeir sjái fyrir sér að geta staðið í skilum. Bifreiðaflokkurinn er því íðulega endurnýjaður í góðæri og þá bæta menn jafnvel við öðrum bíl en bílaflokkurinn er hins vegar afskrifaður í hallæri þegar menn halda að sér höndum.

Í árslok árið 2019 áttu landsmenn bifreiðir og ökutæki sem metin voru á 323,7 milljarða. Bifreiðaeign landsmanna jókst um 5,4 milljarða eða 1,7% á milli ára. Þetta var aftur minni aukning en árin 2016, 2017 og 2018 en þá jókst bifreiðaeign um 25,9 milljarða, 33,1



Skuldir vegna íbúðarhúsnæðis jukust nú um 111,2 milljarða eða 7,4%, hraðar en eignirnar sem jukust um 6,9%. Þetta er talsvert meiri aukning fasteignaskulda en undanfarin ár

arða. Skuldir vegna íbúðarhúsnæðis jukust nú um 111,2 milljarða eða 7,4%, hraðar en eignirnar sem jukust um 6,9%. Þetta er talsvert meiri aukning fasteignaskulda en undanfarin ár. Þær jukust um 26,6 milljarða, 52,1 milljarð og 89,4 milljarða á árunum 2016 til 2018

2016 til 2018. Á fimm ára tímabili frá 2014 til 2019 jókst hrein eign einstaklinga í íbúðarhúsnæði um 1.809,9 milljarða, eða 82,4%, sem jafnast á við árstekjur. Þetta hljóta að teljast nokkur tíðindi en stór hluti eigna einstaklinga er bundinn í fasteignum.

milljarð og 17,3 milljarða sem var aukning um 10,7%, 12,3% og 5,8%. Verðmæti bifreiða í eigu landsmanna rýrnaði um 95,9 milljarð eða 30,3% í kreppunni 2008 til 2013 en á árunum 2014 til 2019 var flotinn endurnýjaður. Frá árslokum 2013 jókst verðmæti bifreiða á skattframtölum um 103,4 milljarða eða 47,0%, en þar af var 96,1 milljarðar hækkun á fimm ára tímabili 2014 til 2019. Það hafa aldrei verið meiri verðmæti bundin í bifreiðum.

Nú töldu 128.465 fjölskyldur fram bifreiðir á skattframtali en það var 2.004 fleiri fjölskyldur en fyrir ári. Það hafa aldrei fleiri fjölskyldur talið fram bifreiðir. Það er athyglisvert að meðaleign í bifreiðum var 2.519.633 kr., saman borið við 2.996.718 kr. árið 2007. Hún var 1.952.480 kr. árið 2013.

Aðrar eignir

Mönnum ber að telja fram til skatts aðrar eignir en fasteignir og bifreiðir, s.s. hjólhýsi, tjaldivagna, báta, vélsleða, vélhjól, hesta, seðla og annað slíkt. Stór hluti eigna landsmanna er hins vegar ekki talinn fram á skattframtali en þar má nefna raunvirði hlutabréfa í fyrirtækjum umfram nafnverð, menntun og rétt til menntunar, lífeyrisréttindi og almannatryggingar sem veita ákveðna tryggingavernd og rétt til heilbrigðisþjónustu. Ýmis önnur þjónusta og réttindi gagnvart opinberum aðilum eru mikils virði en hvorki tekju- né eignfærð á skattframtali. Menn geta þannig leikið sér að því að núvirða framtíðartekjur sínar, laun og ellilífeyrinn sem þeir kunna að fá greiddan að lokinni starfsævinni. Þarna er oft um verulegar fjárhæðir að ræða.

Landsmenn áttu 33,3 milljarða í öðrum eignum í árslok 2019 sem var 1,5 milljörðum eða 4,6% meira en árið áður. Þá töldu 24.435 fjölskyldur fram aðrar eignir sem var 636 fleiri en fyrir ári.


Aðrar skuldir og vaxtagjöld

Aðrar skuldir eru skuldir vegna lána sem hafa verið tekin til kaupa á öðru en fasteignum. Hér er því m.a. um að ræða lán sem hafa verið tekin til að greiða fyrir lífsstíl eða neyslu eða til að kaupa ýmsa lausamuni: húsbúnað, bifreiðir, báta, vélsleða, mótórhjól og þess háttar sem og skyndilán, yfirdrátt og krítarkortaskuldir að ógleymdum lánnum sem hafa verið tekin til að kaupa verðbréf. Þá hafa einhverjir vafalaust tekið lán til að mæta ófyrirséðum áföllum, atvinnumissi, tannviðgerðum eða málaferlum o.s.frv. Skuldir við Lánasjóð Íslenskra námsmanna eru einnig taldar til annarra skulda.

Eins og gefur að skilja er undir hælinn lagt hvort að lánunum hafi verið varið til kaupa á eignum sem taldar eru fram á skattframtali

Milljarðar


Bifreiðir



Ökutæki í eigu einstaklinga voru metin á 323,7 milljarða í árslok árið 2019. Ökutæki voru 5,4 milljörðum eða 1,7% verðmeiri en árið áður. Verðmæti ökutækja segir ákveðna sögu um hag landsmanna á hverjum tíma. Í góðæri láta menn eftir sér ýmis konar lúxus og kaupa nýja og dýra bíla en þegar syrtir í álinn halda menn að sér höndum og láta annað hafa forgang. Þannig má glögglega sjá hvernig verðmæti bifreiða í eigu landsmanna rýrnaði upp úr ádamótunum 2000 en það jókst síðan aftur umtalsvert í góðærinu 2002 til 2007. Menn létu síðan hjá líða að endurnýja bifreiðafлотann í kreppunni sem fylgdi í kjölfar hrunsins og þá var hann afskrifaður ár frá ári, um 10% árlega, en á árunum 2013 til 2019 var bifreiðafлотinn að mestu endurnýjaður.

Milljarðar

Eignir og skuldir




Í árslok árið 2019 áttu einstaklingar eignir sem metnar voru á 7.164,9 milljarða króna. Matsverð eigna jókst um 444,2 milljarða eða 6,6% á milli ára. Á móti eignum stóðu skuldir upp á 2.175,5 milljarða en skuldir jukust um 117,6 milljarða eða 5,7% á milli ára. Eignir umfram skuldir voru 4.989,4 milljarðar, um 326,7 milljarða eða 7,0% hærrí en árið áður. Innlendir fasteignir í eigu einstaklinga voru metnar á 5.619,1 milljarð í árslok 2019, þær hækkðu um 364,1 milljarð á milli ára eða 6,9% og því var um 81,9% eignaaukningarinnar hækkun á fasteignamati. Skuldir vegna íbúðarkaupna voru 1.613,8 milljarðar og því var hrein eign einstaklinga í íbúðarhúsnæði um 4.005,3 milljarðar. Hún jókst um 252,9 milljarða á milli ára, eða 6,7%. Um 80,3% eiginfjár einstaklinga er bundið í íbúðarhúsnæði. Á undanförunum árum hafa eignir aukist mun hraðar en skuldir og því hefur eigið fé landsmanna aukist.

eða eytt í neyslu sem kemur hvergi fram. Þá er matsverð eignanna sem standa að baki skuldunum oftast en ekki allt annað en fjárhæð lána sem voru tekin til að kaupa eignirnar. Aðrar skuldir einstaklinga voru tæpir 641,2 milljarðar í árslok 2019. Þær höfðu þá hækkað um 1,4 milljarða eða 0,2% frá árinu áður. Þetta var í fyrsta skipti frá árinu 2009 sem aðrar

skuldir aukast á milli ára. Það hefur verið áhugavert að fylgjast með þróun annarra skulda á undanförunum árum. Þær jukust mikið upp úr miðjum fyrsta áratug aldarinnar þegar einstaklingum buðust lán til kaupa á verðbréfum, neyslu og öðru sem hugurinn girntist og voru orðnar 885,6 milljarðar árið 2007. Þær jukust svo aftur mikið í hruninu,

Milljarðar


Aðrar skuldir



Árið 2019 voru heildarskuldir landsmanna 2.175,5 milljarðar en þar af voru skuldir vegna íbúðarþaupa 1.613,8 milljarðar. Aðrar skuldir voru því 561,7 milljarðar. Samkvæmt orðanna hljóðan er hér um allar aðrar skuldir en skuldir vegna fasteignalána að ræða, s.s. námslán sem voru um 240,2 milljarðar árið 2019, bílalán og krítarkortaskuldir. Aðrar skuldir jukust um tæpa 6,4 milljarða eða 1,1% á milli ára. Aðrar skuldir einstaklinga jukust mikið upp úr aldamótum þegar lánastofnanir fóru að bjóða landsmönnum lán fyrir hverju því sem hugurinn girntist og í aðdraganda hrunsins var ekki óheyrð að hundruð milljóna og jafnvel milljarðar væru lánaðir fyrir kaupum á verðbréfum. Aðrar skuldir voru um 36% heildarskulda einstaklinga árið 2007, þær lækkuðu síðan hratt þegar lán voru afskrifuð í hruninu og voru 25,8% heildarskulda einstaklinga í árslok árið 2019 og höfðu þá lítið hækkað síðastliðin fimm ár.

Milljarðar

Próun eigna og skulda



Á miðjum tíunda áratuginum og fram yfir aldamótin fylgdu skuldir eignum nokkuð vel. Skuldir jukust þó ívið hraðar en eignir en þar sem eignir voru mun meiri en skuldin var auðguðust landsmenn og eigið fé jókst. Þegar ný fasteignalán komu til sögunnar á árunum 2004 og 2005 jukust skuldir mjög hratt en verðmæti fasteigna óx þó hraðar en skuldin var og því jókst eigið fé hraðar en skuldir. Árið 2005 jukust eignir um 22,3% á sama tíma og skuldir jukust um 16,5% og því jókst eigið fé um 26,1% á einu ári. Ári síðar tóku skuldir að aukast hraðar en eignirnar en eigið fé jókst engu að síður. Í hruninu 2008 rýrnuðu eignir hins vegar um 8,4% á sama tíma og skuldir jukust um 5,7% og eigið fé rýrnaði um 17,8%. Eigið fé rýrnaði síðan aftur um 9,9% ári síðar og aftur um 18,9% árið 2010. Árið 2011 minnkuðu skuldin um 11,0% á sama tíma og eignir rýrnuðu um 1,0%. Skuldir héldu síðan áfram að minnka fram til ársins 2015 á sama tíma og eignir og eigið fé jókst. Allt frá árinu 1992 hafa eignir aukist um 243%, skuldir um 237% og eigið fé um 246%. Hlutfall skulda af eignum er því orðið um 30,4% en það var 30,9% árið 1992.

þegar krónan féll og verðbólga jókst. Þær voru orðnar 1.018,8 milljarðar í árslok árið 2009. Síðan hafa þær lækkað ár frá ári. Árið 2020 töldu 163.599 fjölskyldur fram aðrar skuldir sem var 1.324 fleiri en fyrir ári.

Vextir af öðrum skuldum voru 33,7 milljarðar sem var 1,7 milljörðum eða 5,3% meira en árið áður. Þá voru 158.002 með vexti af öðrum lánnum, 1.002 fleiri en árið áður.

Heildareignir og heildarskuldir

Heildareignir landsmanna voru metnar á 7.164,9 milljarða í árslok 2019. Eignir landsmanna jukust um 444,2 milljarða á milli ára eða 6,6%. Eignaaukningin árið 2019 var hægar en árin 2016, 2017 og 2018 en þá jukust eignir um 7,5%, 14,3% og 9,8%. Árið 2016 jukust eignir um 374,9 milljarða þannig að þrátt fyrir að það hafi dregið úr vaxtarhraðanum árið 2019 þá var vöxturinn engu að síður mikill.

Mikla hækkingu eigna á undanföllum árum má að mestu rekja til hækkingar fasteignamats en 364,1 þeirra 444,2 milljarða sem eignir landsmanna jukust um á milli ára voru vegna hækkingar fasteignamats en það er 81,9% eignaaukningarinnar. Um 78,4% eigna einstaklinga eru fasteignir. Stundum er talað um að auk fasteigna eigi menn að eiga góðmálma, gjaldþrengi og verðbréf í eignasafninu. Fasteignir hafa aldrei vegið þyngra í eignasafni einstaklinga. Hugsanlega hefur mikil fjölgun á undanföllum árum og aukin ferðamennska leitt til aukinnar eftirspurnar og herra verðs á íbúðarhúsnæði.

Á móti eignum einstaklinga stóðu heildarskuldir upp á 2.175,5 milljarða. Skuldir jukust um 117,6 milljarða á milli ára sem var 5,7% aukning. Á undanföllum árum hafa skuldir hækkað mun minna en eignir og því hefur eigið fé landsmanna aukist. Eigið fé jókst þannig um 326,7 milljarða árið 2019 eða 7,0%. Allt frá árinu 2014 og fram til ársloka 2019 jukust eignir um 2.443,3 milljarða eða 51,7% á sama tíma og skuldir jukust um 194,2 milljarða eða 9,8%. Eigið fé einstaklinga hefur því aukist um 2.249 milljarða eða 82,1% á fimm árum. Þetta hlýtur að teljast mikil aukning á ekki lengri tíma.

Hækkingu eiginfjár er því ekki vegna peninga sem landsmenn hafa safnað, lagt til hlíðar á tryggingu reikningum eða í sjóði heldur er bróðurpartur eignaaukningarinnar vegna hækkingar á fasteignaverði sem byggist á viðskiptum með tiltölulega fáar eignir á hverju ári. Hér gildir því sama lögmál og um verðbreytingar á verðbréfum sem ýmist hækka eða lækka í verði eftir því hvernig framtíðarhorfur fyrirtækja eru metnar hverju sinni. Matsverðið hefur litla þýðingu fyrir þá sem hafa byggt sér framtíðarheimili og sjá ekki fram á að selja húsnæði í bráð. Fasteignagjöldin hækka bara.

Próun eigna og skulda í góðærinu 2002 til 2007 var með nokkuð öðrum hætti en í góðærinu 2013 til 2018. Í fyrra góðærinu jukust skuldir jafnhrautt og eignir en í því síðara jukust skuldir mun hægar en eignirnar. Áhrif lánsfjár á kaupmátt og eignarverð virðast því hafa verið mun minni í síðara góðærinu. Skuldir lækkuðu til að mynda ár frá ári á sex ára tímabili frá árinu 2010 til ársins 2015 og það var fyrst árið 2016

sem skuldir hófu að aukast aftur en þó ekkert í líkingu við skuldaaukninguna á árunum fyrir hrun. Á árunum 2004 til 2007 jukust skuldir um 10,9%, 16,5%, 13,4% og 14,4%. Á árunum 2016 til 2018 jukust þær um 1,3%, 2,8% og 4,6%. Þá má einnig ætla að eignir landsmanna hafi verið tryggari en þá. Fyrir hrúnið 2008 tóku margir lán fyrir verðbréfakaupum sem reyndust einskis virði þegar fyrirtækin fóru í þrot. Fasteignir stóðu hins vegar af sér hrúnið og tóku að hækka í verði strax og landið fór að rísa. Það sama má segja um mörg fyrirtæki sem stóðu á traustum grunni og gátu staðið af sér ágjöfina. Þeir sem áttu skuldlausar eignir töpuðu þess vegna engu í hruninu ólíkt þeim sem voru með allt sitt í bréfum.

Tæpur þriðjungur eigna landsmanna var í skuld í árslok 2019, eða 30,4%. Skuldahlutfallið lækkaði um 0,2 prósentustig. Allt frá árinu 1992 hafa skuldir ekki verið lægri samanborið við eignir. Með öðrum orðum hefur það ekki verið lægra í 28 ár og þá er ekkert fullyrt um hvernig það var fyrir þann tíma. Hlutfallið tók að hækka lítillega upp úr aldamótum en upp úr miðjum fyrsta áratugnum hækkaði eignaverð til jafns við skuldirnar og því hélt þetta hlutfall að mestu stöðugt fram að hrúni. Meðaltal árunna 1992 til 2002 var 36,6%. Þegar eignir féllu í verði eða töpuðust á sama tíma og skuldirnar héldu verðgildi sínu og hækkuðu hækkaði hlutfall skulda og eigna snarlega en á botni kreppunnar árið 2010 voru um 54,2% eigna landsmanna í skuld. Síðan hefur skuldahlutfallið lækkað og nú er það sem fyrr segir það lægsta sem hefur sést.


Þá er athyglisvert að skuldir jukust lítið eitt sem hlutfall af tekjum landsmanna árið 2019. Landsmenn skulduðu um 110,9% tekna. Þetta hlutfall hækkaði um 2,7 prósentustig á milli ára. Þetta er mikil breyting frá árinu 2010. Þá skulduðu landsmenn rétt um tvöfalt meira en þeir höfðu í heildartekjur á árinu. Á þessum tíma lækkuðu laun mjög snart þegar krónan féll og atvinnu þvarr en á sama tíma héldu lánin verðgildi sínu.

Bætur


Bætur í skattkerfinu milda skattbyrði þeirra sem hafa, vegna sérstakra aðstæðna, skert gjaldþol og eiga því erfiðara en ella með að svara skatti. Barna- og vaxtabótum er þannig ætlað að milda skattbyrði ungs fólks sem er að koma sér upp heimili og hefur fyrir börnum að sjá. Hér er miðað við greiðslugetu fjölskyldunnar en ekki einstaklingsins og því taka bætur mið af því hvort að um hjón, einhleypa foreldra eða barnlausa einstaklinga er að ræða.

Barnabætur

Barnabætur létta skattbyrði þeirra sem hafa fyrir börnum að sjá. Árið 2019 voru bætur



Í árslok 2019 voru um 30,4% eigna einstaklinga í skuld sem var ívið lægra hlutfall en árið áður en þá var þetta hlutfall 30,6%. Á tíunda áratugnum voru um 36,6% eigna einstaklinga í skuld að jafnaði en upp úr aldamótum hækkaði þetta hlutfall þegar auðveldara var að fá lán. Þrátt fyrir að eignir ykjust mikið á árunum 2002 til 2007 jukust skuldirnar hraðar og því hækkaði hlutfall skulda af eignum. Eftir hrúnið héldu skuldirnar verðgildi sínu eða hækkuðu á sama tíma og eignir féllu í verði eða glötuðust. Á botni kreppunnar árið 2010 var riflega helmingur eigna einstaklinga í skuld. Síðan hafa skuldir verið afskrifaðar og greiddar upp á sama tíma og eignir hafa hækkað í verði. Eigið fé einstaklinga hefur þannig aukist. Skuldir sem hlutfall af eignum hafa því lækkað ár frá ár og hefur ekki verið lægra, alltjamt ekki síðan 1992.




Í árslok árið 2019 voru skuldir landsmanna riflega tíu prósentum hærra en heildartekjur. Þetta hlutfall hækkaði nokkuð á árinu en það var um 108,2% árið 2018. Á tíunda áratugnum voru samanlagðar skuldir landsmanna um 3,7% hærra en tekjurnar. Hlutfallið hækkaði jafnt og þétt með auknum skuldum upp úr aldamótunum og nálgadist tvöfaldrar árstekjur á botni kreppunnar árið 2010 en þá höfðu tekjur minnkað mikið á sama tíma og skuldirnar héldu verðgildi sínu eða hækkuðu. Eftir að landið fór að rísa jukust tekjur á ný á sama tíma og skuldir voru afskrifaðar eða greiddar niður. Skuldahlutfallið lækkaði ár frá ári fram til ársins 2017 þegar það var komið niður í 105,9% en síðan hækkaði það aftur á árunum 2018 og 2019.

greiddar með börnum sem voru fædd árin 2002 til 2019 og var miðað við fjölskylduna eins og hún var í árslok 2019. Rúmur 12,1 milljarður var greiddur í barnabætur sem var 168 milljónum eða 1,4% meira að raungildi en var greitt í álagningu í fyrra. Þetta er talsvert minni hækkan en á undanförunum árum. Barnabætur hækkuðu um 7,4% árið 2017 og 11,5% árið 2018.

Í álagningu nú fengu hjón greiddar 234.500 kr. með fyrsta barni og 279.200 kr. með hverju barni umfram það. Einstæðir foreldrar fengu nú 390.700 kr. greiddar með fyrsta barni og 400.800 kr. með öðrum börnum. Þar að auki voru greiddar 140.000 krónur með börnum undir sjö ára aldri, fæddum 2013 til 2019. Barnabætur voru óbreyttar milli ára.

Milljarðar


Barnabætur



Í álagningu 2020 var landsmönnum reiknaður 15,1 milljarður í barnabætur og sérstakar barnabætur vegna Covid-19-faraldursins. Bætur til foreldra voru 3,2 milljörðum eða 26,5% hærrí en í álagningu fyrir ári. Almennar barnabætur voru 168 milljónum hærrí en til viðbótar voru greiddar þrjú milljarðar til barnafjölskyldna vegna faraldursins, en 78.104 foreldrar fengu barnabætur vegna Covid-19-faraldursins. Bætur milda skattbyrði barnafjölskyldna en það fer nokkuð eftir áherslum hverju sinni hversu mikið er lagt upp úr bótabætti skattkerfisins. Barnabætur jukust nokkuð um miðjan fyrsta áratug aldarinnar og fram yfir hrun en síðan dró nokkuð úr bótum þegar tekjur og eignir einstaklinga jukust með aukinni hagsæld.

Milljarðar

Vaxtabætur



Í álagningu 2020 voru 2,6 milljarðar greiddar í vaxtabætur vegna kaupa á fasteignum til eigin nota, sem var 215 milljónum eða 7,7% minna en árið áður. Á botni kreppunnar árin 2010 og 2011 voru greiddar sérstakar vaxtabætur sem voru kallaðar sérstök vaxtaniðurgreiðsla og voru þær viðbót við almennar vaxtabætur í álagningu 2011 og 2012. Þá voru verðtrygð fasteignalán landsmanna greidd niður um u.þ.b. áttatíu milljarða árið 2015 í skuldaleiðréttingunni. Síðan hafa vaxtabætur minnkað með auknum tekjum og hækkandi eignum.

Barnabótum er fyrst og fremst ætlað að létta undir með heimilum barnafjölskyldna. Bæturnar eru því skertar með hliðsjón af tekjum. Bætur voru skertar af tekjustofni hjóna umfram 7.800.000 og að 11.000.000 kr. og einstæðs foreldris umfram 3.900.000 kr. og að 5.500.000 kr. um 4% með einu barni, 6% með tveimur börnum og 8% með þremur börnum eða fleiri. Í fyrra voru neðri mörkin 7.200.000 kr. hjá hjónum og 3.600.000 kr. hjá einstæðum foreldrum. Af tekjustofni umfram 11.000.000 kr. hjá hjónum og 5.500.000 kr.

var skerðingin 5,5% með einu barni, 7,5% með tveimur börnum og 9,5% með þremur börnum eða fleiri. Skerðing bóta með börnum undir sjö ára aldri var 4% en skerðingarmörkin voru 7.800.000 kr. hjá hjónum og af tekjum umfram 3.900.000 kr. hjá einstæðum foreldrum. Í álagningunni fyrir ári var miðað tekjur hjóna umfram 7.200.000 kr. og einstæðs foreldris umfram 3.600.000 kr.

Árið 2019 voru 242.493 fjölskyldur á skattgrunnskrá en þar af voru 48.997 barnafjölskyldur. Af þessum 48.997 fjölskyldum

voru 11.584 einstæðir foreldrar eða 23,6% barnafjölskyldna. Alls voru 85.812 börn skráð á skattframtölum en þar af voru 32.919 undir sjö ára aldri og 52.893 á aldrinum sjö til 18 ára. Einstæðir foreldrar voru með 17.156 börn sem þýðir að fimmta hvert barn undir 18 ára aldri er á framfæri einstæðs foreldris. Einstæðir foreldrar voru með 5.370 börn undir sjö ára aldri og 11.786 börn á aldrinum sjö til 18 ára. Nær fjórða hvert barna á aldrinum sjö til 18 ára eða 22,3% eru því á framfæri einstæðs foreldris.

Barnabætur voru greiddar 30.585 fjölskyldum með 54.369 börn en þar af voru 10.586 einstæðir foreldrar sem fengu greiddar bætur með 15.851 barni. Einstæðir foreldrar fengu 5,7 milljarða í barnabætur.

Sérstakur barnabótaauki vegna COVID-19

Við álagningu opinberra gjalda 2020 var auk tekjutengdra barnabóta greiddur sérstakur barnabótaauki vegna heimsfaraldursins sem hefur geisað um lönd og þjóðir á undanförunum mánuðum. Þeir foreldrar sem fengu tekjutengdar barnabætur samkvæmt niðurstöðu álagningarinnar fengu til viðbótar greiddar 42.000 kr. fyrir hvert barn í sérstakan barnabótaauka. Þeir framfærendur sem ekki fengu greiddar neinar tekjutengdar barnabætur vegna tekjuskerðingar fengu engu að síður greiddar 30.000 kr. í sérstakan barnabótaauka fyrir hvert barn. Samtals voru þrjú milljarðar greiddar í sérstakan barnabótaauka vegna heimsfaraldursins en 78.104 forráðamenn fengu bætur.

Vaxtabætur

Vaxtabætur létta skattbyrði þeirra sem eru að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Ríkisskattstjóri reiknaði landsmönnum nú tæpa 2,6 milljarða í vaxtabætur af vaxtagjöldum ársins 2019. Vaxtabætur voru 215 milljónum eða 7,7% lægri en í álagningu í fyrra. Landsmenn greiddu 77 milljarða í vaxtagjöld af íbúðarhúsnæði og því gengu bætur upp á móti 3,4% vaxtakostnaðarins.

Fullar vaxtabætur voru 420.000 kr. hjá einhleyping, 525.000 kr. hjá einstæðum foreldrum og 630.000 kr. hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki. Vaxtabætur voru veittar fyrir vaxtagjöld sem voru allt að 840.000 kr. þegar um barnlausa einhleypinga var að ræða, 1.050.000 kr. hjá einstæðum foreldrum og 1.260.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki. Hámark vaxtagjalda var þó 7% af skuldum vegna íbúðarkaupna. Vaxtagreiðslur voru síðan skertar um 8,5% af tekjustofni.

Bætur eftir tekjuskerðingu voru síðan skertar hlutfallslega miðað við hreina eign. Nú var byrjað að skerða bætur einhleypinga

sem áttu meira en 5.000.000 kr. í hreina eign og þær féllu niður þegar þeir áttu meira en 8.000.000 kr. Hjá hjónum og sambúðarfólki voru bætur skertar þegar hrein eign var orðin meiri en 8.000.000 kr. og bæturnar féllu niður þegar hún var orðin 12.800.000 kr. Forsendur vaxtabóta voru óbreyttar á milli ára.

Sé miðað við fasteignamat eru eignamörk tiltölulega þröng, þrjár milljónir hjá einhleypingum og 4,8 milljónir hjá samsköttuðum. Það er ekki ólíklegt að hér sé um að ræða um það bil tíu prósent af fasteignamati dæmigerðrar íbúðar. Lítil hækkun á fasteignamati getur myndað eigið fé í íbúðarhúsnæði sem skerðir bætur þrátt fyrir að fjárhagsleg staða fólks og þá sérstaklega greiðslubyrði af fasteignalánnum sé að öðru leyti óbreytt. Það eru fyrst og fremst eignir sem skerða bætur og því hefur ekki verið óalgengt að þeir sem á annað borð hafa fengið bætur eftir skerðingar hafi fengið fullar bætur, þrátt fyrir að geta heitið að kalla tiltölulega tekjuháir.

Árið 2019 greiddu 79.483 fjölskyldur vaxtagjöld af fasteignalánnum en 10.996 þessara fjölskyldna fengu greiddar vaxtabætur en það voru 13,8% fjölskyldnanna. Að baki þessum fjölskyldum voru 15.470 einstaklingar, 1.657 færri en árið áður.

Og að lokum þetta

Af skattframtölum einstaklinga að dæma ríkti hagsæld í landinu árið 2019. Fólkinu fjölgaði og tekjur og eignir jukust. Hefðbundnar hagstærðir eru hins vegar ekki algildir mælikvarðar á hagsæld og því er ekki hægt að fullyrða að landinu hafi miðað í rétta átt eða að Íslendingar hafi almennt haft það betra árið 2019 en árið áður. Það er aldrei svo að eitthvað verði til úr ekki neinu. Það skiptir

ekki síður máli hverju var fórnað og hverju var kostað til að afla teknanna. Varan sem er keypt úti í búð er látin í skiptum fyrir tíma og frelsi, vit og strit, þess sem aflaði teknanna sem greiddu fyrir vöruna. Þá er ýmislegt sem fólk nýtur í lífinu ekki keypt og greitt með peningum. Að undanförunu hafa Íslendingar orðið fyrir ýmsum kostnaði, erfiðleikum, óþægindum og hindrunum, sem hafa ekki kallað á bein fjárútlát. Þá hefur fólk þurft að neita sér um ýmislegt sem veitt hefur því yndi og ánægju í gegnum tíðina án þess að sérstakur gaumur hafi verið að því gefinn



Lítill hækkun á fasteignamati getur myndað eigið fé í íbúðarhúsnæði sem skerðir bætur þrátt fyrir að fjárhagsleg staða fólks og þá sérstaklega greiðslubyrði af fasteignalánnum sé að öðru leyti óbreytt

eða það fært til tekna. Stóra spurningin er því heldur hvort að ánægja eða gremja Íslendinga hafi aukist á árinu en ekki hvort að hagtölur sýni að tekjur reiknaðar til peningavirðis hafi aukist. Fleiri störf og meiri vöxtur stuðla að hagsæld en þurfa ekki endilega að færa landsmönnum meiri velsæld. Þegar upp er staðið skiptir máli hverju er til kostað og hverju er fórnað fyrir vöxtinn.

Störf eru þannig metin með hliðsjón af verðmætunum sem þau skapa og kostnaðinum sem af þeim hlýst. Og þá hlýtur að vera

augljóst að ekki eru öll störf og öll atvinna til þess fallin að skapa verðmæti og bæta hag landsmanna, sem er ástæðan fyrir því að störf og starfsgreinar líða undir lok þegar engin fæst lengur til að vinna störfin gegn því endurgjaldi sem í boði er.

Sérhagsmunir og hagsmunir samfélagsins vegast stundum á. Það sem er gott fyrir hvern og einn er ekki endilega gott fyrir alla aðra og því hefur almannavaldið ríku hlutverki að gegna við að samræma ólíka hagsmuni. Það þarf að tryggja eignarrétt og athafnarfrelsi á sama tíma og það þarf að

tryggja rétt og hagsmuni samfélags sem á oft óljósra en engu að síður raunverulegra hagsmuna að gæta. Það segir sig sjálft að vöxtur sem felur í sér gagngerar þjóðfélagsbreytingar eða umbreytingu landsins er ekki einkamál stórhuga athafnamanna eða alþjóðlegra fjárfesta heldur varðar hann einnig hagsmuni og velferð íbúa landsins. Það er mikilvægt að atvinnulífið starfi í sátt við náttúru og samfélag til hagsbótar fyrir land og þjóð. Eða hvað?

Áhrif heimsfaraldurs kórónuveiru á innheimtuárangur virðisaukaskatts



Við samanburð á fyrstu þremur tímabilum áráanna 2019 og 2020 þann 1. nóvember á hvoru ári kemur í ljós 3% samdráttur í innheimtu. Athugið að hér er ekki mæld virðisaukandi velta heldur höfuðstóll álagningar virðisaukaskatts, án álags og dráttarvaxta, til innheimtu á landsvísu. Einnig er rétt að taka fram að upphæðir eru á verðlagi hvors árs fyrir sig, þ.e. ekki er leiðrétt fyrir verðbólgu.

Samanburður á álagningu til innheimtu og greiðslum fyrstu þriggja tímabila áráanna 2019 og 2020 sýnir að tæplega 3.200 milljónir króna vantar til að jafna innheimtuárangur ársins 2020 við árið 2019. Skatturinn nýtti heimild samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25/2020, eftir tilmælum fjármála- og efnahagsráðuneytis, og felldi niður álag í virðisaukaskatti vegna gjalddaga frá og með 6. apríl 2020 og til og með 15. desember 2020. Þrátt fyrir að fallið hafi verið frá álagi á ógreiddan virðisaukaskatt fyrir árið 2020, og

Heimsfaraldur kórónuveiru hefur hægt á hjólum atvinnulífsins hérlandis sem annars staðar og leitt af sér efnahagslægð af stærðargráðu sem enn er ekki með öllu ljós. Í ljósi þeirra áskorana sem atvinnulífið stendur frammi fyrir er fróðlegt að spyrja hvort að munur sé á innheimtuárangri virðisaukaskatts ársins 2020 miðað við innheimtuárangur ársins áður á sama tíma.¹

Árið 2020, þegar þetta er skrifað, er ekki liðið og því ótímabært að leggja endanlegt mat á uppgjör virðisaukaskatts fyrir árið í heild en við getum skoðað álagningu og innheimtu í gjaldflokknum fyrir fyrstu sex mánuði ársins og borið saman við árið áður. Staða álagningar og innheimtu er miðuð við 1. nóvember hvors árs og gögnin því sambærileg varðandi tímamark leiðréttinga, greiðslna og skuldajöfnunar. Gerður er fyrirvari á samanburði áráanna 2019 og 2020 þar sem við gefum okkur að álagning og innheimta ársins 2019 sé dæmigerð fyrir síðustu ár þó ekki sé leiðrétt fyrir verðbólgu.

Algengast er að gjaldendur geri upp virðisaukaskatt á tveggja mánaða fresti og álagning virðisaukaskatts er annars vegar til innheimtu þegar útskattur er hærri en innskattur og hins vegar til útborgunar þegar útskattur er lægri en innskattur. Hér er aðeins skoðuð álagning til innheimtu fyrstu sex mánaða áráanna 2019 og 2020 þ.e. fyrstu þrjú tímabil ársins. Fyrsta tímabilið er vegna janúar-febrúar (tb. 08) með gjalddaga 5. apríl, annað tímabilið er vegna mars-apríl (tb. 16) með gjalddaga 5. júní og þriðja tímabilið er vegna maí-júní (tb. 24) með gjalddaga 5. ágúst.²

gjaldendum þannig veittur lengri tími til að greiða virðisaukaskatt án viðurlaga, er samdráttur innheimtuárangurs milli áráanna 3%.

Í þessu samhengi er áhugavert að athuga hvort samdráttur á skilum í virðisaukaskatti sé greinilegri í einni atvinnugrein umfram aðra. Atvinnugreinaflokkunin ISAT 2008 hefur verið í gildi á Íslandi síðan 1. janúar 2008 og hvert virðisaukaskattsnúmer er auðkennt með atvinnugreinanúmeri. Með þessum upplýsingum er hægt að tengja virðisaukaskatt til innheimtu við atvinnugreinar.

Þegar borinn er saman innheimtuárangur eftir bálkum atvinnugreinanúmera VSK-númera fyrir samanlögð álagningartímabil 08-24 árið 2019 og sömu tímabil 2020, má sjá hvernig ákveðnir geirar atvinnulífsins koma út.

Við þessa nálgun á skiptingu álagningar virðisaukaskatts til innheimtu eftir atvinnugrein hvers virðisaukaskattsnumers ber að hafa í huga að þó atvinnugreinanúmer endurspegli almennt atvinnugreinaflokkun viðkomandi gjaldanda þarf svo ekki að vera í öllum tilfellum. Þá geta gjaldendur verið með fleiri en eitt virðisaukaskattsnúmer ef starfsemi þeirra er fjölbreytt.

Af yfirlitsmyndinni má sjá að mismunur á innheimtuárangri er mismikill eftir bálkum og í sumum tilfellum er jafnvel lítil eða engin breyting. Hins vegar tilheyrir fjöldi atvinnugreina hverjum báلكi sem skiptist niður í deildir/flokka/atvinnugreinar. Til frekari glöggvunar er því áhugavert að skoða stöðu virðisaukaskatts til innheimtu eftir flokkum einstakra atvinnugreina.

¹ Skatturinn gegnir hlutverki innheimtumanns ríkissjóðs á höfuðborgarsvæðinu en um 80% af virðisaukaskatti álögðum á landsvísu falla til í því innheimtumdæmi. Hér er hins vegar til skoðunar innheimtuárangur á landsvísu.

² Beri gjalddaga upp á helgidag eða almennan frídag færast gjalddagi á næsta virkan dag á eftir.

Virðisaukaskattur til innheimtu, tímabil 08, 16 og 24 m.v. 1. nóvember á álagningarári	Álagning til innheimtu*	Greiðslur*	Innheimtu-árangur	Breyting frá innheimtuárangri sama tímabils ársins áður
--	-------------------------	------------	-------------------	---

Útskattur > innskattur

VSK 2019 tb. 08 m.v. 01.11.2019	33.334	-32.725	98,2%	
VSK 2019 tb. 16 m.v. 01.11.2019	33.857	-33.155	97,9%	
VSK 2019 tb. 24 m.v. 01.11.2019	40.316	-39.363	97,6%	
Samtals VSK 2019 tb. 08-24	107.507	-105.243	97,9%	

Útskattur > innskattur

VSK 2020 tb. 08 m.v. 01.11.2020	33.497	-31.847	95,1%	-3,1%
VSK 2020 tb. 16 m.v. 01.11.2020	33.084	-31.389	94,9%	-3,0%
VSK 2020 tb. 24 m.v. 01.11.2020	40.071	-37.984	94,8%	-2,8%
Samtals VSK 2020 tb. 08-24	106.652	-101.221	94,9%	-3,0%

* Í milljónum króna.

Bálkar atvinnugreinanúmera skv. ISAT 2008	Álagður VSK 2019 tb. 08-24*	Greiddur VSK 2019 tb. 08-24*	Ógreiddur VSK 2019 tb. 08-24*	Innheimtu-árangur VSK 2019 tb. 08-24	Álagður VSK 2020 tb. 08-24**	Greiddur VSK 2020 tb. 08-24**	Ógreiddur VSK 2020 tb. 08-24**	Innheimtu-árangur VSK 2020 tb. 08-24	Mismunur innheimtu-árangurs 2019 og 2020
Menningar-, iþrótt og tómstundastarfsemi	285,2	-277,8	7,5	97,4%	190,5	-158,3	32,2	83,1%	-14,3%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	3.675,5	-3.527,0	148,5	96,0%	2.133,2	-1.789,9	343,3	83,9%	-12,1%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	783,4	-781,9	1,6	99,8%	992,8	-875,4	117,3	88,2%	-11,6%
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	16.701,5	-15.883,0	818,5	95,1%	15.903,3	-14.061,9	1.841,4	88,4%	-6,7%
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	1.253,9	-1.211,5	42,4	96,6%	1.190,7	-1.074,0	116,7	90,2%	-6,4%
Flutningur og geymsla	3.280,0	-3.209,3	70,7	97,8%	3.406,1	-3.125,5	280,6	91,8%	-6,1%
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	7.600,5	-7.320,6	279,9	96,3%	7.050,8	-6.538,5	512,3	92,7%	-3,6%
Óþekkt starfsemi	54,0	-47,6	6,4	88,2%	55,6	-47,1	8,4	84,8%	-3,4%
Framleiðsla	8.837,6	-8.711,2	126,4	98,6%	8.465,2	-8.126,7	338,5	96,0%	-2,6%
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	13.181,7	-12.958,6	223,1	98,3%	13.353,8	-12.812,0	541,8	95,9%	-2,4%
Upplýsingar og fjarskipti	9.430,1	-9.341,5	88,6	99,1%	9.778,5	-9.483,3	295,2	97,0%	-2,1%
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	2.558,7	-2.508,5	50,2	98,0%	3.073,0	-2.950,0	123,0	96,0%	-2,0%
Fasteignaviðskipti	8.440,0	-8.404,6	35,3	99,6%	7.818,9	-7.662,7	156,1	98,0%	-1,6%
Heild-, og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	21.710,5	-21.347,5	363,0	98,3%	23.695,6	-22.974,2	721,4	97,0%	-1,4%
Ekkert ISAT númer	831,3	-831,3	0,0	100,0%	699,5	-698,6	1,0	99,9%	-0,1%
Rafmagns-, gas- og hitaveitur	7.475,3	-7.474,8	0,4	100,0%	7.091,7	-7.090,8	0,9	100,0%	0,0%
Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar	314,3	-314,3	0,0	100,0%	393,4	-393,4	0,0	100,0%	0,0%
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	850,8	-850,8	0,0	100,0%	1.055,6	-1.055,6	0,0	100,0%	0,0%
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	140,4	-140,4	0,0	100,0%	190,0	-190,0	0,0	100,0%	0,0%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	61,7	-61,5	0,2	99,7%	50,9	-50,9	0,0	100,0%	0,3%
Fræðslustarfsemi	40,8	-39,3	1,4	96,5%	63,3	-62,5	0,9	98,6%	2,2%
Samtals	107.507,1	-105.243,0	2.264,1	97,9%	106.652,4	-101.221,2	5.431,1	94,9%	-3,0%

* Í milljónum króna miðað við 1. nóvember 2019.

**Í milljónum króna miðað við 1. nóvember 2020.

Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Byrjum á að skoða flokka innan bólkans þar sem vanskilin eru mest eða „byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð“. Innheimtuárangur hefur minnkað um allt að 10% í einstaka flokki en í heild er samdráttur í innheimtuárangri atvinnugreinaþólkans 6,7%. Vert er að geta þess að

þó að innheimtuárangur í flokknum „Þróun byggingarverkefna“ hafi dregist saman um tæplega 49% þá er álagning flokksins hverfandi stærð miðað við heildarálagningu greinarinnar og því ekki ástæða til frekari skoðunar á þessum vettvangi.

Flokkar byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar skv. ISAT 2008	Álagður VSK 2019 08-24*	Greiddur VSK 2019 08-24*	Ógreiddur VSK 2019 08-24*	Innheimtu-árangur VSK 2019 08-24	Álagður VSK 2020 08-24**	Greiddur VSK 2020 08-24**	Ógreiddur VSK 2020 08-24**	Innheimtu-árangur VSK 2020 08-24	Mismunur innheimtu-árangurs 2019 og 2020
Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis	8.032,0	-7.586,0	446,0	94,4%	6.927,0	-5.951,9	975,0	85,9%	-8,5%
Raflagnir, pípulagnir og önnur starfs. við upps. í byggingariðn.	3.680,6	-3.622,2	58,4	98,4%	3.758,1	-3.606,3	151,8	96,0%	-2,5%
Frágangur bygginga	2.353,8	-2.160,6	193,2	91,8%	2.520,5	-2.066,3	454,3	82,0%	-9,8%
Önnur sérhæfð byggingarstarfsemi	1.550,2	-1.462,8	87,4	94,4%	1.369,1	-1.207,7	161,4	88,2%	-6,1%
Niðurrif og undirbúningur byggingasvæðis	507,3	-474,4	32,9	93,5%	740,5	-652,5	88,1	88,1%	-5,4%
Vegagerð og lagning járnbrauta	372,4	-371,9	0,5	99,9%	332,1	-325,1	6,9	97,9%	-2,0%
Bygging annarra mannvirkja	173,8	-173,8	0,0	100,0%	227,7	-227,4	0,2	99,9%	-0,1%
Gerð þjónustumannvirkja	29,8	-29,8	0,0	100,0%	21,0	-21,0	0,0	100,0%	0,0%
Þróun byggingarverkefna	1,5	-1,5	0,0	100,0%	7,4	-3,8	3,6	51,1%	-48,9%
Samtals	16.701,5	-15.883,0	818,5	95,1%	15.903,3	-14.061,9	1.841,4	88,4%	-6,7%

* Í milljónum króna miðað við 1. nóvember 2019

** Í milljónum króna miðað við 1. nóvember 2020

Menningar-, íþróttar og tómsundastarfsemi

Lokanir og samkomutakmarkanir vegna sóttvarnaáðgerða stjórnsvalda hafa haft mikil áhrif á íþróttar- og menningarstarfsemi. Innheimtuárangur hefur minnkað um rúm 24% í tilvikum íþróttar- og

tómsundastarfsemi en rúmlega 14% innan flokksins í heild. Einnig má sjá að mismunur á álagningu til innheimtu hefur lækkað um tæplega 95 milljónir eða rúmlega 33% af álagningu fyrra árs.

Flokkar menningar-, íþróttar og tómsundastarfsemi skv. ISAT 2008	Álagður VSK 2019 08-24*	Greiddur VSK 2019 08-24*	Ógreiddur VSK 2019 08-24*	Innheimtu-árangur VSK 2019 08-24	Álagður VSK 2020 08-24**	Greiddur VSK 2020 08-24**	Ógreiddur VSK 2020 08-24**	Innheimtu-árangur VSK 2020 08-24	Mismunur innheimtu-árangurs 2019 og 2020
Íþróttar- og tómsundastarfsemi	117,1	-114,0	3,1	97,4%	61,4	-44,8	16,5	73,1%	-24,3%
Skapandi listir og afþreying	77,6	-73,8	3,9	95,0%	58,9	-46,6	12,4	79,0%	-16,0%
Starfsemi tengd tómsundum og skemmtun	51,7	-51,5	0,2	99,5%	36,6	-33,2	3,3	91,0%	-8,6%
Fjárhættu- og veðmálstarfsemi	33,3	-33,3	0,0	100,0%	27,6	-27,6	0,0	100,0%	0,0%
Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi	5,5	-5,2	0,3	94,6%	6,0	-6,0	0,0	99,9%	5,4%
Samtals	285,2	-277,8	7,5	97,4%	190,5	-158,3	32,2	83,1%	-14,3%

* Í milljónum króna miðað við 1. nóvember 2019

** Í milljónum króna miðað við 1. nóvember 2020

Rekstur gististaða og veitingarekstur

Þó að hér sé ekki hægt að greina nákvæmlega hvort fækkun ferðamanna eða lokun vegna sóttvarnaraðgerða stjórnvalda hafi meiri áhrif á innheimtuárangur í virðisaukaskatti, þá er ljóst að rekstraraðilar sem þjónusta svanga, þyrsta og þreytta neytendur finna verulega fyrir

áhrifum heimsfaraldursins. Það er rúmlega 20% samdráttur í innheimtuárangri hjá einstökum flokkum milli ára en rúmlega 12% sé horft til allra flokka samanlagt. Einnig má sjá að álagning til innheimtu hefur lækkað um rúmlega 1.542 milljónir króna eða 42% af álagningu fyrra árs.

Flokkar rekstur gististaða og veitingarekstur skv. ISAT 2008	Álagður VSK 2019 08-24*	Greiddur VSK 2019 08-24*	Ógreiddur VSK 2019 08-24*	Innheimtu-árangur VSK 2019 08-24	Álagður VSK 2020 08-24**	Greiddur VSK 2020 08-24**	Ógreiddur VSK 2020 08-24**	Innheimtu-árangur VSK 2020 08-24	Mismunur innheimtu-árangurs 2019 og 2020
Veitingastaðir	2.236,2	-2.141,5	94,7	95,8%	1.366,1	-1.184,1	182,0	86,7%	-9,1%
Hótel og gistiheimili	882,8	-856,0	26,8	97,0%	332,6	-263,5	69,1	79,2%	-17,7%
Veisluþjónusta og önnur veitingaþjónusta	140,4	-132,4	8,0	94,3%	148,7	-125,7	22,9	84,6%	-9,7%
Önnur gistiaðstaða	195,0	-183,1	11,9	93,9%	141,7	-103,4	38,3	73,0%	-20,9%
Krár, kaffihús og dansstaðir o.þ.h.	135,6	-129,9	5,7	95,8%	91,1	-79,1	11,9	86,9%	-8,9%
Orlofsdvalarstaðir og annars konar gistiaðstaða	79,4	-78,2	1,2	98,5%	39,4	-29,8	9,6	75,7%	-22,9%
Tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi	6,2	-6,0	0,2	97,0%	13,7	-4,3	9,4	31,4%	-65,6%
Samtals	3.675,5	-3.527,0	148,5	96,0%	2.133,2	-1.789,9	343,3	83,9%	-12,1%

* Í milljónum króna miðað við 1. nóvember 2019

** Í milljónum króna miðað við 1. nóvember 2020

Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókonarþjónusta

Að lokum er forvitnilegt að skoða sérstaklega hvort að breyting sé greinileg í starfsemi ferðaskrifstofa en sá flokkur fellur undir atvinnugreinabálkinn „leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta“. Hér er aðeins tekinn fyrir þessi eini flokkur en ekki allir flokkar innan at-

vinnugreinarinnar. Hér er um að ræða lækkingu á álagningu á milli ára um rúmlega 368 milljónir króna, eða tæplega 55% af álagningu fyrra árs, en innheimtuárangur hefur dregist saman um tæp 19%.

Flokkurinn „ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókonarþjónusta“	Álagður VSK 2019 08-24*	Greiddur VSK 2019 08-24*	Ógreiddur VSK 2019 08-24*	Innheimtu-árangur VSK 2019 08-24	Álagður VSK 2020 08-24**	Greiddur VSK 2020 08-24**	Ógreiddur VSK 2020 08-24**	Innheimtu-árangur VSK 2020 08-24	Mismunur innheimtu-árangurs 2019 og 2020
Ferðaskipuleggjendur	370,8	-362,4	8,5	97,7%	152,1	-120,2	32,0	79,0%	-18,7%
Ferðaskrifstofur	300,0	-298,6	1,4	99,5%	150,4	-120,7	29,8	80,2%	-19,3%
Samtals	670,8	-660,9	9,9	98,5%	302,6	-240,8	61,7	79,6%	-18,9%

* Í milljónum króna miðað við 1. nóvember 2019

** Í milljónum króna miðað við 1. nóvember 2020

Þessi stutta samantekt sýnir greinilegan samdrátt í innheimtuárangri virðisaukaskatts vegna fyrstu þriggja tímabila ársins 2020 samanborið við árangur vegna sömu tímabila árið 2019. Sé horft til stöðunnar innan einstakra atvinnugreina má segja að þróun í innheimtuárangri sé nokkuð í takt við það sem búast mátti við í kjölfar COVID-19. Það vekur þó athygli að hvað varðar heila atvinnugreinabálka þá eru vanskilin mest í „byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð“, þrátt fyrir að ekki virðist vera samdráttur í viðskiptum með fasteignir og þá eru ferðamenn ekki grundvöllur

veltu í viðkomandi greinum. Möguleg skýring væri að aðilar í ferðamannaiðnaði hafi staðið að meirihluta byggingaverkefna í vinnslu þannig að takmarkað fjármagn og brostinn rekstrargrundvöllur vegna heimsfaraldursins hamlaði greiðslum til verktaka. Ótímabært er að leggja endanlegt mat á uppgjör virðisaukaskatts fyrir árið í heild en fróðlegt verður að sjá hvort að þessi mynd hafi tekið teljandi breytingum þegar þar að kemur.

Auður Brynja Eyjólfsdóttir

Aðkoma Íslands að FATF, grái listinn og hlutverk Skattsins

Forsagan

Hlutverk og uppbygging FATF

Hinn alþjóðlegi fjármálaaðgerðahópur (e. Financial Action Task Force „FATF“) var stofnaður í Frakklandi árið 1989 á fundi G-7 ríkjanna. Til viðbótar við G-7 ríkin voru stofnendur einnig framkvæmdastjórn Evrópusambandsins auk átta annarra ríkja. Aðildarmeðlimum hefur síðan fjölgað og eru nú 39, þar á meðal Ísland sem gerðist meðlimur árið 1991.¹ Til viðbótar við aðildarríkin 39 eru einnig starfrækt níu svokölluð FATF svæðissamtök (e. FATF-style regional bodies) sem hafa eftirlit og umsjón með úttekt í þeim ríkjum sem eiga að þeim aðild. Er því um að ræða net um 205 ríkja. Þessu til viðbótar eru fjölmargir áheyrnarfulltrúar sem hafa það hlutverk að hlýða á ákveðin umfjöllunarefni og geta tekið til máls undir vissum kringumstæðum.²

Innan FATF starfa jafnframt sérhæfðir vinnuhópar³ sem funda á sama tíma og allsherjafundur samtakanna (e. Plenary) fer fram. Á allsherjafundi eru ákvarðanir samtakanna teknar en þar eiga öll aðildarríki sæti og atkvæðisrétt. Almennt eru ekki teknar bindandi ákvarðanir innan vinnuhópa heldur eru málin þar rædd og niðurstaða, ef unnt er að ná henni fram, borin undir allsherjafund til samþykktar. Til þess að taka ákvörðun í einstöku máli þarf samstöðu (e. Consensus) um niðurstöðu.⁴

Þátttaka Íslands í FATF

Með aðild sinni að FATF árið 1991 öðlaðist Ísland sæti á fundum samtakanna. FATF heldur fundi þrisvar sinnum á ári, í október, febrúar og júní. Fundir í febrúar og október eru haldnir í höfuðstöðvum OECD í París en

sú hefð hefur myndast að heimaland forseta FATF heldur fundinn í júní. Forseti FATF er kjörinn til tveggja ára í senn og stýrir hann allsherjafundum, auk þess að vera talsmaður og fyrirsvarsmáður samtakanna.

Kröfur FATF

Helsta markmið FATF er að setja viðmið sem stuðla að skilvirkri innleiðingu löggjafar, regluverks og aðgerða sem hindra peningþvætti, fjármögnun hryðjuverka, fjármögnun og dreifingu geryðingarvopna auk annarra ógna við stöðugleika alþjóðlega fjármálakerfisins. FATF er stefnumótunaraðili að því leyti að samtökin setja fram tilmæli í framangreindum málaflokkum og vinna að því að efla pólitískan vilja meðal aðildarríkja til að tryggja nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar og stuðla með þeim hætti að úrbótum.



Valdheimildir FATF

Valdheimildir samtakanna eru sóttar til skuldbindinga sem aðildarríki gangast undir með inngöngu sinni í FATF. Við aðild skuldbinda ríkin sig til að gangast undir og fylgja tilmælum og aðferðafræði FATF, undirgangast úttektir og skila eftirfylgniskýrslum vegna úttekta og taka að öðru leyti virkan þátt í starfi samtakanna. Aðildarríki hafa því skuldbundið sig til að fara að tilmælum FATF og af því leiðir að ef samtökin beina tilmælum, til dæmis um að gæta varúðar í viðskiptum við tiltekin þriðju ríki, má gera ráð fyrir að flestum alþjóðlegum fjármálafyrirtækjum verði gert skylt að fara að þeim fyrirmælum.

Tilmæli FATF

Alls hefur FATF sett fram 40 tilmæli (e. Recommendations)⁵ sem voru fyrst gefin út árið 1990. Þessi tilmæli teljast gjarnan grunnviðmið og alþjóðlegir staðlar hvað varðar varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og geryðingarvopna. Tilmælin tóku nokkrum breytingum árið 2012 m.a. hvað varðar:

- ❖ ríki áttu að taka upp svokallaða áhættu-miðaða nálgun (e. Risk-based approach) við greiningu, mat og skilning á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og viðeigandi ráðstöfunum í því samhengi;
- ❖ ákvæði um raunverulegt eignarhald og stjórn lögaðila voru styrkt með því að áskilja aðgengi að upplýsingum um raunverulegt eignarhald;
- ❖ meiri áhersla var lögð á að meta með hve skilvirkum hætti ríki hefðu innleitt hin endurskoðuðu tilmæli; og
- ❖ nýjar ógnir voru skilgreindar af hálfu samtakanna sem lutu að fjármögnun á dreifingu geryðingarvopna, skattalagabrotum, spillingu og einstaklingum í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla.

Árið 2013 gaf FATF út sérstaka aðferðafræði (e. Methodology).⁶ Aðferðafræðin snýr annars

vegar að því hvað leggja skal til grundvallar við mat á tæknilegum hluta ferilsins, þ.e. innleiðingu tilmæla og aðlögun löggjafar aðildarríkja. Hins vegar snýr aðferðafræðin að mati á skilvirkni aðildarríkja við beitingu reglna. Er þar t.a.m. lagt mat á virkni innleiddra tilmæla og hversu vel viðkomandi löggjöf virkar í framkvæmd og skilvirkni varna og eftirlits gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Úttektir FATF

FATF hefur eftirlit með innleiðingu tilmæla samtakanna og kanna árangur aðildarríkja þar að lútandi. Slíkt eftirlit er framkvæmt á grund-



Helsta markmið FATF er að setja viðmið sem stuðla að skilvirkri innleiðingu löggjafar, regluverks og aðgerða sem hindra peningabætti, fjármögnun hryðjuverka, fjármögnun og dreifingu geryðingarvopna auk annarra ógna við stöðugleika alþjóðlega fjármálakerfisins

velli gagnkvæmra úttekta (e. Mutual Evaluations) þar sem úttektarhópur er tilnefndur af aðildarríkjum í sérstakt úttektarteymi sem annast viðkomandi land. Fyrirkomulaginu er ætlað að tryggja að framkvæmd sé á jafningjagrunnvelli (e. Peer review). FATF hóf að framkvæma úttektir árið 1991 og síðan þá hefur verið lokið við þrjár umferðir úttekta. Til stóð að ljúka þeirri fjórðu árið 2021 en það mun að öllum líkindum frestast sökum heimsfaraldurs COVID-19. Úttektir fara ekki eingöngu fram á aðildarríkjum FATF heldur eru þær einnig framkvæmdar á aðildarríkjum svæðissamtaka en jafnframt hafa farið fram úttektir í gegnum Alþjóðabankana og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Eins og áður segir lýtur úttekt á tæknilegum hluta að því hversu vel hefur tekist

að innleiða tilmæli FATF í því ríki sem sætir úttekt og fer sú skoðun alla jafna fram fyrir vettvangsathugun (e. On-site). Byggist skoðun á tæknilega hlutanum á upplýsingum frá ríkinu sjálfu, upplýsingum frá fyrri úttektum, eftirfylgniskýrslum og öðrum áreiðanlegum upplýsingum. Er þá gerð sérstök fylgiskrá (e. Technical compliance annex) þar sem fram kemur hversu vel ríkið hafi uppfyllt hver tilmæli fyrir sig. Við mat á skilvirkninni er notast við ellefu mælikvarða (e. Immediate Outcomes) og lagt heildstætt mat á hversu vel varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka virka í framkvæmd.

Þegar úttektarteymi skilar úttektarskýrslu er hún bæði tekin fyrir innan vinnuhóps og því næst á allsherjarfundi FATF. Niðurstöður skýrslunnar geta leitt til eftirfylgni sem er á þrjá vegu. Ef ágallar ríkis eru óverulegir fer viðkomandi aðildarríki í venjulega eftirfylgni. Ef ágallar eru töluverðir fer ríki í aukna eftirfylgni og ef ágallar eru alvarlegir og verulegir fer ríki í ICRG eftirfylgni. Í ICRG eftirfylgni er fylgst nánar með framvindu endurbóta í viðkomandi ríki, þess krafist að ríki skili ítarlegri og ítrekaðri svörum um framvinduna, stöðufundnir eru haldnir með reglubundnum hætti, aðgerðaáætlun er sett fram fyrir ríkið til að taka á veikleikum og krafist er mikillar pólitískrar skuldbindingar frá viðkomandi ríki um innleiðingu á atriðum á aðgerðaáætlun.

¹ Um er að ræða 37 ríki auk framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og samvinnaráðs Persaflóa.

² Meðal slíkra áheyrnarfulltrúa eru þróunarbankar Afríku og Asíu, seðlabanki Evrópu, Europol, Interpol, alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Sameinuðu þjóðirnar auk fjölmargra annarra stofnanna.

³ Þeirra helstir eru: Risk, Trends and Methods Group (RTMG), Policy Development Group (PDG), Evaluations and Compliance Group (ECG) og International Cooperation Review Group (ICRG). Hlutverk síðastnefnda hópsins er m.a. að taka á áhættusömum og ósamvinnuþýðum ríkjum, svo og málum ríkja sem glíma við alvarlega ágalla á vörnum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

⁴ Reglur um slíka samstöðu eru ekki fastmótaðar og að einhverju leyti í höndum fundarstjóra. Í framkvæmd hefur verið miðað við að þrjú aðildarríki geti komið í veg fyrir að samstaða myndist. Getur þá jafnframt skipt máli hvernig tiltekið mál ber upp, bæði á fundum vinnuhópa og á allsherjarfundi.

⁵ <https://www.fatf-gafi.org/media/fatf/documents/recommendations/pdfs/FATF%20Recommendations%202012.pdf>

⁶ <https://www.fatf-gafi.org/media/fatf/documents/methodology/FATF%20Methodology%2022%20Feb%202013.pdf>

Undanfari gráa listans

Priðja úttekt Íslands

Á árunum 1992-2006 hafði Ísland farið í gegnum fyrstu og aðra úttekt FATF á vörnum gegn peningaþvætti. Árið 2006 hófst þriðja úttekt samtakanna hér á landi. Á þeim tíma var staða fjármálakerfis Íslands önnur og reyndu stjórnvöld að tryggja að nægjanlegar bjargir væru til staðar til að vel væri staðið að málaflokknum, auk undirbúnings og framkvæmdar við úttektina. Vettvangsathugun úttektarteymisins hófst þann 24. apríl og var úttektarskýrslan birt 13. október sama ár. Í þriðju umferð úttekta var ekki lagt mat á skilvirkni með sama hætti og nú er gert. Byggðist þriðja úttektin því á 40 tilmælum FATF. Var niðurstaðan sú að fullnægjandi árangur hefði náðst varðandi 19 tilmæli en ófullnægjandi árangur varðandi 20. Ein tilmæli þóttu ekki

verka væru og tillögur um hvernig hægt væri að styrkja þær frekar. Við vettvangsathugun úttektarteymisins, sem fór fram 28. júní-12. júlí það ár, hitti teymið fulltrúa viðeigandi stjórnvalda auk aðila úr einkageiranum.

Skýrsla vegna fjórðu úttektar Íslands (e. Mutual Evaluation Report eða „MER“)

Skýrsla um fjórðu úttekt Íslands var gefin út í apríl 2018. Niðurstaða úttektar á tæknilega hlutanum var að Ísland hefði uppfyllt fimm tilmæli að öllu leyti, 13 tilmæli að mestu leyti, 20 tilmæli að hluta og tvö tilmæli að engu leyti.⁷ Ísland var metið með ófullnægjandi skilvirkni gagnvart tíu mælikvörðum af ellefu. Af þeim sökum voru teknar saman um 50 aðgerðir sem lagt var til að Ísland framkvæmdi í því skyni að efla varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Ekki verður farið nákvæmlega í

skattaundanskot. Þá væri ekki skýrt í framkvæmd hvort söfnun upplýsinga um raunverulega eigendur væru nákvæmar og uppfærðar auk þess sem þar til bær yfirvöld ættu í vandræðum með að nálgast upplýsingar um raunverulega eigendur innan hæfilegs tíma.

Niðurstaða fjórðu úttektar Íslands varð til þess að Ísland var sett í eftirfylgni hjá ICRG hópnun þar sem um verulega ágalla þótti að ræða, og veittur eins árs frestur til að bæta úr þeim. Hlutverk ICRG vinnuhópsins er m.a. að taka á áhættusömum og ósamvinnuþýðum ríkjum, svo og málum ríkja sem glíma við alvarlega vankanta á vörnum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Má ljóst vera að á vettvangi FATF hafi staða Íslands verið metin alvarleg og grípa þyrfti til margar aðgerða til þess að varnir landsins væru viðunandi.

Eftirfylgnitímabil

Tímabilið á meðan eftirfylgni ICRG varir nefnist eftirfylgnitímabil (e. Post Observation Period). Að því loknu er gefin út eftirfylgniskýrsla (e. Post Observation Period Report) af úttektarteyminu í samráði við aðildarríkið um þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í meðan á eftirfylgnitímabili stendur. Um mjög ítarlega skýrslu er að ræða og krefst hún mikillar vinnu af hálfu aðildarríkis til viðbótar við þá vinnu sem fer í að innleiða aðgerðir sem lagðar hafa verið til. Í ljósi þeirra ágalla sem fram komu í kjölfar fjórðu úttektar FATF á Íslandi var ljóst að á brattann var að sækja.

Það var af miklu að taka og hófust aðgerðir haustið 2018, hjá þeim aðilum sem áttu aðkomu að málaflokknum. Ráðist var í umtalsverða vinnu við lagasetningar sem fólu í sér bæði heildarlöggjöf um afmörkuð efni ásamt breytingum á gildandi lögum.

Sett voru ný lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem tóku gildi 1. janúar 2019. Þau lög leystu af hólmi eldri lög um sama efni og fólu í sér innleiðingu á fjórðu peningaþvættistilskipun Evrópusambandsins nr. 2015/849/EB, sem innihélt heildarendurskoðun á þriðju peningaþvættistilskipun Evrópusambandsins. Með lögum nr. 140/2018 voru jafnframt tekin upp ákvæði úr fimmtu peningaþvættistilskipun Evrópusambandsins nr. 2018/843/EB, sem fólu í sér breytingar á fjórðu tilskipuninni. Lög nr. 140/2018 hafa rýmra gildissvið en eldri löggjöf um hverjir teljist tilkynningar skyldir aðilar, og fela í sér ítarlegar reglur um skyldur þeirra, meðal annars um gerð



Í aukinni eftirfylgni felst að aukið eftirlit er með viðkomandi aðildarríki og það er ekki talið uppfylla lágmarkskröfur á meðan slíkt ástand ríkir

eiga við. Hvað viðbótartilmælin varðar var árangur varðandi þrjú þeirra talinn fullnægjandi en sex tilvikum þótti árangur ófullnægjandi. Settar voru fram allnokkrar aðgerðir sem Íslandi var ráðlagt að framkvæma til að tryggja fullnægjandi varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Niðurstaða þriðju úttektarinnar varð til þess að Ísland var sett í svokallaða aukna eftirfylgni (e. Enhanced follow-up). Í aukinni eftirfylgni felst að aukið eftirlit er með viðkomandi aðildarríki og það er ekki talið uppfylla lágmarkskröfur á meðan slíkt ástand ríkir. Ísland sætti aukinni eftirfylgni fram til ársins 2016, eða í tíu ár eftir að úttekt FATF hófst.

Fjórða úttekt Íslands

Í ársbyrjun 2017 fór fram fjórða úttekt FATF á vörnum Íslands gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Byggði sú úttekt á nýjum mælikvörðum, eins og að framan greinir. Úttektin fól í sér heildstæða greiningu á því hversu vel lagaumhverfi og reglurverk Íslands samræmdu kröfum og stöðlum samtakanna, hversu skilvirkar varnir landsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðju-

efni þeirra aðgerða sem lagðar voru til en þó er rétt að nefna að meðal þeirra athugasemda sem settar voru fram og sneru að Skattinum á síðari stigum, voru eftirfarandi:

- ❖ Skortur á miðlun upplýsinga milli þar til bærra stjórnvalda í tengslum við flutning fjármuna og eigna yfir landamæri, upplýsinga um almannahéllafélög og upplýsinga um raunverulega eigendur.
- ❖ Önnur fjármálaþyrftæki en stærstu viðskiptabankarnir virtust ekki meta hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og sýndu ekki fram á skilning á þeirri hættu.
- ❖ Rannsóknir eða eftirlitsaðgerðir færu ekki fram á áhættumiðuðum grundvelli og eftirlitsaðilar töldust hafa takmarkaðan skilning á skyldum sínum hvað varðaði varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og eftirlit með málaflokknum var í raun varla hafið.
- ❖ Ísland hefði ekki metið hvernig lögaðilar eða erlendir sjóðir gætu verið misnotaðir. Var gjarnan litið svo á að slík misnotkun færi almennt aðeins fram í tengslum við

⁷ Þegar aðildarríki er talið uppfylla tilmæli að öllu leyti (e. Compliant) eða að mestu leyti (e. Largely Compliant) telst ásættanlegur árangur hafa náðst. Þegar aðildarríki er talið uppfylla tilmæli að hluta (e. Partially Compliant) eða ekki að neinu leyti (e. Non-Compliant) telst það ekki hafa náð fullnægjandi árangri.



Höfuðstöðvar OECD í París.

áhættumats á eigin rekstri og framkvæmd áreiðanleikakannanna á viðskiptamönnum þeirra. Með lögunum var einnig kveðið á um að eftirlit með öðrum tilkynningarskyldum aðilum⁸ en fjármálastofnunum ætti að vera í höndum ríkisskattstjóra. Á vegum ríkisskattstjóra hefur þannig verið sinnt peningaþvættiseftirliti frá ársbyrjun 2019, og hefur embættið átt veigamikinn þátt í innleiðingu aðgerða er varða varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Lögin kveða einnig á um framkvæmd og ábyrgð eftirlits og samhæfingu og samvinnu stjórnvalda svo fátt eitt sé nefnt.

Þá voru sett ný lög nr. 64/2019, um frýstingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna. Tilgangur laganna er að hindra fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna með því að mæla fyrir um frýstingu fjármuna í samræmi við tiltekna þvingunaraðgerðir sem Ísland er skuldbundið til að taka þátt í. Auk þess mæla lögin fyrir um skyldur til handa tilkynningarskyldum aðilum skv. lögum nr. 140/2018, eftirlit og samvinnu, beitingu þvingunarráðs og viðurlaga. Er ríkisskattstjóra falið eftirlit með þeim tilkynningarskyldum aðilum sem falla undir l.-u. liði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018.

Jafnframt voru sett lög nr. 82/2019, um skráningu raunverulega eigenda og tóku þau gildi 6. júlí 2019. Lögin fólu í sér innleiðingu á ákvæðum fjórðu peningaþvættistilskipunarinnar að teknu tilliti til ákvæða þeirrar fimmtu. Innleidd voru ákvæði 30. og 31. gr. tilskipunarinnar um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögn-

unar hryðjuverka. Með lögum nr. 140/2018 var búið að innleiða ákvæði tilskipunarinnar að undanskildum fyrrgreindum ákvæðum 30. og 31. gr. Með lögunum var einnig leitast við að koma til móts við athugasemdir FATF og uppfylla þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist með aðild sinni. Þurfa nú allir lögáðilar sem stunda atvinnurekstur hér á landi eða eru skráðir í fyrirtækjaskrá, þar með talin útibú erlendra hlutafélaga og einkahlutafélaga, að afla upplýsinga um og skrá raunverulega eigendur sína og réttindi þeirra. Markmið laganna er að tryggja að ávallt séu til staðar réttar og áreiðanlegar upplýsingar um raunverulega eigendur svo unnt sé að greina og koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í því skyni var fyrirtækjaskrá gert að halda sérstaka skrá yfir raunverulega eigendur lögaðila. Þá urðu athugasemdir FATF einnig til þess að auknar voru heimildir ríkisskattstjóra til að beita viðurlögum vegna brota á lögum um fyrirtækjaskrá nr. 17/2003.

Þann 9. október voru síðan samþykkt lög nr. 119/2019, um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri. Taka þau til félaga til almannaheilla sem safna eða deila út fjármunum í almannaþágu og eru með starfsemi yfir landamæri. Umrædd lög voru einnig sett til að bregðast við athugasemdum FATF um skort á eftirliti með félögum sem starfa í þágu almannaheilla. Er það mat FATF, auk þess sem fjölmörg erlend dæmi sanna það, að slík félög séu í hvað mestri hættu, og mest berskjölduð, fyrir að vera misnotuð í þeim tilgangi að fjármagna eða styðja við hryðjuverk eða hryðjuverkastarfsemi. Áhættumat ríkislögreglustjóra gerði einnig grein fyrir skorti á eftirliti með

slíkum félögum. Samhliða þessari lagasetningu voru m.a. gerðar breytingar á lögum nr. 17/2004, um fyrirtækjaskrá varðandi skráningu á raunverulegu eignarhaldi og tollalögum nr. 88/2005 varðandi upplýsingagjöf um flutning fjármuna.

Til viðbótar við lagasetningar- og reglugerðarvinnu var einnig mikil áhersla lögð á að bæta og efla samvinnu og samhæfingu innlendra stjórnvalda sem starfa innan málflokksins undir forystu stýrihóps dómsmálaráðherra. Þrír fulltrúar ríkisskattstjóra hafa verið skipaðir af dómsmálaráðherra í stýrihópinn og hefur hann eftirfarandi hlutverk:

- ❖ Sinna stefnumótun, tryggja yfirsýn og samvinnu og samstillta varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, þar á meðal fjármögnun geryðingarvopna;
- ❖ Tryggja eftirfylgni og úrbætur vegna athugasemda FATF;
- ❖ Stuðla að samræmdu eftirliti á grundvelli viðeigandi lagaákvæða;
- ❖ Vera stjórnvöldum til ráðgjafar í afstöðu til mála hjá FATF;
- ❖ Taka þátt í innleiðingu og breytingum á regluverki sem snýr að vörnum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og gerð áhættumats; og
- ❖ Stuðla að fræðslu og aukinni þekkingu um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Til viðbótar við framangreint var fjölmörgum atriðum hrint í framkvæmd til að bregðast við athugasemdum FATF, m.a. voru samstarfs- samningar gerðir á milli stofnanna, samningar um miðlun upplýsinga, haldnir voru fræðslufundir og fjölþætt fræðslufni gefið út.

Eftirfylgniskýrsla

Íslensk stjórnvöld skiluðu eftirfylgniskýrslu í ágúst 2019 þar sem fram komu upplýsingar og gögn um þær aðgerðir sem gripið hafði verið til og þann árangur sem hafði áunnist í kjölfar þeirra aðgerða sem úttektarhópur FATF lagði til.⁹ Það er hlutverk sérfræðingahópsins að leggja mat á þann árangur sem ríki sem sætir úttekt hefur náð í þeim aðgerðum sem hópurinn lagði til í úttektarskýrslu. Því mati er skilað í formi skýrslu sem lögð er fyrir

⁸ Á vettvangi FATF ganga aðrir tilkynningarskyldir aðilar en fjármálastofnanir undir nafninu „Designated Non-Financial Business Purpose“ eða „DNFBP's“.

⁹ Eftirfylgniskýrsla Íslands var afar umfangsmikil og að öllum gögnum og viðaukum meðtöldum spannaði hún á annað þúsund blaðsíður.

ICRG fund. Upphaflega mat hópurinn það svo að Ísland hefði ekki náð fullnægjandi árangri í neinum af þeim tíu mælikvörðum sem um ræddi. Varð það tilefni til frekari framlagningar á upplýsingum, gögnum og skýringum af Íslands hálfu.

Fundur með sérfræðingahópnum í Frankfurt

Þann 6. september 2019 var haldinn sameiginlegur fundur Íslands og sérfræðingahópsins og fór hann fram í Frankfurt í Þýskalandi. Markmið fundarins var að fara yfir frumniðurstöður í eftirfylgniskýrslu Íslands auk þess sem íslenskum stjórnvöldum var gefinn kostur á að koma að frekari útskýringum. Til svara á þessum fundi fyrir hönd íslenskra stjórnvalda voru meðal annarra þrjár fulltrúar ríkisskattstjóra. Á fundinum var farið ítarlega yfir allar tíu lykilaðgerðir (e. Immediate Outcome) sem í skýrsludrögum höfðu verið metin ófullnægjandi. Voru þar atriði sem m.a. sneru að eftirliti með öðrum tilkynningarskyldum aðilum en fjármálastofnunum¹⁰, sem og varðandi fyrirtækjaskrá og skrá um raunverulega eigendur. Miklar umræður fóru fram og fjölmargar og nákvæmar spurningar voru settar fram af hálfu sérfræðingahópsins. Að svo búnu skilaði sérfræðingahópurinn af sér lokadrögum að eftirfylgniskýrslunni um árangur Íslands þann 24. september.

Grái listinn

Eftirfylgniskýrslan birt

Í lokadrögum að eftirfylgniskýrslunni var niðurstaða sérfræðingahópsins að Ísland taldist hafa náð fullnægjandi árangri í sex

lykilaðgerðum (e. Immediate Outcome) en að árangur væri ófullnægjandi hvað varðaði fjórar aðgerðir. Í framkvæmd er nokkuð matskennt hvað teljist fullnægjandi árangur þar sem hver aðgerð inniheldur þrjár til sjö (og jafnvel fleiri) undiraðgerðir. Það getur því komið upp sú staða að árangri hafi verið náð í sex af sjö undiraðgerðum en árangur teljist samt sem áður ófullnægjandi. Hangir það mat saman við önnur atriði, t.d. samspili við aðrar aðgerðir og hversu fullnægjandi eða ófullnægjandi árangur hefur náðst. Samhliða þessu voru birt drög að aðgerðaáætlun fyrir Ísland sem innihélt aðgerðir sem stjórnvöldum var gert að ráðast í. Það þýddi að á meðan viðkomandi atriði töldust óuppfullt yrði Íslandi sett á lista yfir ríki sem hefðu verulega ágalla á kerfi sínu um varnir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, eða hinn svokallaða „gráa lista“.

Aðgerðaáætlun Íslands – hvað kom fram og hvaða kröfur voru gerðar?

Í drögum að áætlun um aðgerðir sem Íslandi var gert að ráðast í voru meginatriðin þessi:

- ❖ Íslandi var gert að tryggja skráningu og aðgengi stjórnvalda að grunnupplýsingum í fyrirtækjaskrá og upplýsingum um raunverlega eigendur lögaðila. Mesta áherslan var lögð á að ljúka við að safna upplýsingum saman í skrá yfir raunverulega eigendur og tryggja að viðurlögum yrði beitt ef skráningarskyldu væri ekki sinnt. Þessi aðgerð varðaði nær eingöngu fyrirtækjaskrá með aðstoð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

- ❖ Ljúka átti við innleiðingu rafræns skráningarkerfis hjá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu til að taka á móti tilkynningum og halda áfram að auka við starfsmannafjölda í því skyni að unnt væri að taka móti, greina og vinna úr fleiri tilkynningum. Þá var Íslandi gert að ljúka við lagabreytingar í því skyni að tryggja grunn fyrir reglugerð um meðhöndlun, vörslu og sölu haldlagðra, kyrrsettra og upptækra muna.
- ❖ Tryggja átti skilvirkt eftirlit með því að fjármálafyrirtæki og aðrir tilkynningarskyldir aðilar sinni þeim skyldum sem á þeim hvíla varðandi alþjóðlegar þvingunaraðgerðir, sérstaklega hvað varðar þær kröfur sem lög nr. 64/2019 (frystingarlög)¹¹ gera. Hér má því segja að um aðgerð hafi verið að ræða sem til hálfis beindist að peningþvættiseftirliti fjármálaeftirlitsins og til hálfis að peningþvættiseftirliti ríkisskattstjóra.
- ❖ Ljúka átti við fyrirhugaða lagasetningu um áhættusöm almannaheillafélög og áttu lögin að tryggja skilvirka yfirsýn yfir slík félög auk þess sem þau áttu að ná til þeirra almannaheillafélaga sem væru í hvað mestri hættu á að verða misnotuð í tengslum við fjármögnun hryðjuverka. Þá átti að koma á fót viðeigandi ferlum til að meta hættuna af fjármögnun hryðjuverka á vettvangi almannaheillafélaga. Nokkur stjórnvöld áttu aðkomu að þessari aðgerð og töluvert af þeirri vinnu fór fram á vegum fyrirtækjaskrár og peningþvættiseftirlits Skattsins.

Fundur með sérfræðingahópnum í París

Þann 18. desember 2019 fór fram stöðufundur með sérfræðingahópnum og íslensku sendinefndinni í París. Þar var farið yfir til hvaða aðgerða hefði verið gripið frá því að Ísland var sett á „gráa listann“. Fyrir þann fund lagði Ísland fram stöðuskýrslu með ítarlegum upplýsingum um það til hvaða aðgerða hefði verið gripið til að bregðast við aðgerðaáætluninni. Í kjölfarið fóru fram ítarlegar umræður á fundinum þar sem Ísland kynnti sínar aðgerðir og sérfræðingahópurinn spurði ítarlega um einstök atriði þeirrar vinnu. Í þeirri sendinefnd voru til svara fyrir hönd fyrirtækjaskrár og peningþvættiseftirlits ríkisskattstjóra tveir af greinarhöfundum.

Þegar land fær aðgerðaáætlun er hver aðgerð metin sjálfstætt og telst þeim þ.a.l. ekki endilega lokið á sama tíma. Að þessum fundi



¹⁰ Það eru þeir aðilar sem ríkisskattstjóra er falið eftirlit með líkt og að framan greinir.

¹¹ Lög nr. 64/2019, um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna.

loknum töldust skýringar aðila hvað varðar aðgerðir vegna eftirlits með alþjóðlegum þvingunaraðgerðum og varðandi almannaheillafélög fullnægjandi með þeim fyrirvara að vettvangsheimsókn sérfræðingahópsins leiddi ekki annað í ljós.

Rafrænn fundur með sérfræðingahópnum

Þann 13. maí 2020 fór fram stöðufundur með sérfræðingahópnum og íslensku sendinefndinni. Fór sá fundur fram með rafrænum hætti vegna heimsfaraldurs COVID-19. Þar var farið yfir þær tvær aðgerðir sem voru taldar útistandandi frá því að Ísland var sett á „gráa listann“. Fyrir þann fund lagði Ísland einnig fram stöðuskýrslu með ítarlegum upplýsingum um til hvaða aðgerða hefði verið gripið til að bregðast við aðgerðaáætluninni. Í þeirri sendinefnd var til svara einn greinarhöfundur fyrir hönd fyrirtækjaskrár.

Að þessum fundi loknum töldust fullnægjandi skýringar aðila annars vegar hvað varðar aðgerðir vegna skráningar grunnupplýsinga og upplýsinga um raunverulega eigendur, og hins vegar vegna innleiðingar rafræns skráningarkerfis hjá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, með þeim fyrirvara að vettvangsheimsókn sérfræðingahópsins leiddi ekki annað í ljós. Verklagsreglur FATF gera ráð fyrir því að alltaf þurfi að staðfesta niðurstöður úr aðgerðaáætlun með vettvangsheimsókn sérfræðingahópsins. Með öðrum orðum þarf vettvangsheimsókn til að hægt sé að leggja til að ríki séu tekin af „gráa listanum“. Fer sú vettvangsheimsókn fram að tillögu sérfræðingahópsins en þarfnast staðfestingar ICRG vinnuhópsins og allsherjarfundar FATF. Var tillagan samþykkt á fundi ICRG 16. júní 2020 og á allsherjarfundi þann 24. sama mánaðar. Vinna hófst við undirbúning vettvangsheimsóknar þegar í stað.

Aðgerð er varðaði fyrirtækjaskrá

Grunnupplýsingar

FATF gerði þá kröfu að Ísland myndi tryggja nákvæmar og uppfærðar grunnupplýsingar í fyrirtækjaskrá. Þetta þýðir að upplýsingar um skráningu á heiti félags, stjórn, framkvæmdastjórn, prókúruhafa, lögheimili, endurskoðanda/skoðunarmanni o.fl. þurfa að vera uppfærðar í skránni þegar þær breytast. Til að tryggja það var lögum um fyrirtækjaskrá nr. 17/2003 breytt, samhliða gildistöku laga um skráningu raunverulegra eigenda, á þann veg að fyrirtækjaskrá hefur heimild til að beita viðurlögum. Fyrirtækjaskrá er nú heimild að leggja á dagsektir ef ekki eru veittar um-

beðnar upplýsingar eða kröfum um úrbætur ekki sinnt innan hæfilegs frests, og stjórnvaldsektir ef ríkisskattstjóra eru ekki veittar þær upplýsingar er fram koma í 4. gr. laganna eða ef aðili veitir rangar eða villandi upplýsingar og ef ríkisskattstjóra er ekki tilkynnt um breytingar er varða 4. gr. laganna.

Fyrirtækjaskrá hóf átak í september 2019 varðandi uppfærslu upplýsinga í skránni. Félag voru hvött til að yfirfara skráningu sína og framkvæma nauðsynlegar úrbætur eða beitt yrði viðurlögum í formi dagsekta. Í september 2020 voru lagðar á fyrstu dagsektirnar í fyrirtækjaskrá vegna þessa. Mun fyrirtækjaskrá áfram beita viðurlögum, ef þörf er á, til að tryggja að réttar upplýsingar séu til staðar í skránni.

Skrá um raunverulega eigendur

Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra ber að halda utan um skráningu raunverulegra eigenda sbr. 2. gr. laga nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá. Lögin kveða á um að skráðar séu upplýsingar

verulega eigendur við nýskráningu og er fyrirtækjaskrá óheimilt að nýskrá lögaðila nema þessar upplýsingar liggi fyrir. Einu aðilarnir sem eru undanþegnir skráningu raunverulegs eiganda eru stofnanir og fyrirtæki í 100% beinni eigu ríkis og sveitarfélaga sem og lögaðilar sem skráðir eru á skipulegum markaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir nr. 110/2007.

Verði breyting á raunverulegum eiganda eða upplýsingum um hinn raunverulega eiganda ber að tilkynna það til fyrirtækjaskrár innan tveggja vikna frá því að breyting átti sér stað. Mikilvægt er að skrá um raunverulega eigendur samanstandi af nákvæmum og uppfærðum upplýsingum svo að hún þjóni tilgangi sínum, þ.e. sem er að koma í veg fyrir peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem ella væri hægt að dylja í skjóli fyrirtækjaskipulags. Gildistaka laga um skráningu raunverulegra eigenda hafði eðlilega mikil áhrif á starfsemi fyrirtækjaskrár enda um að ræða gríðarlega umfangsmikið verkefni sem kallaði á nýtt



FATF gerði þá kröfu að Ísland myndi tryggja nákvæmar og uppfærðar grunnupplýsingar í fyrirtækjaskrá. Þetta þýðir að upplýsingar um skráningu á heiti félags, stjórn, framkvæmdastjórn, prókúruhafa, lögheimili, endurskoðanda/skoðunarmanni o.fl.

um þá einstaklinga sem í raun geta tekið ákvörðun um ráðstöfun fjármuna aðila skv. 2. gr. laganna, fara með stjórnun aðilans eða þeirra sem njóta góðs af þeim eignum sem um ræðir. Í lögnum er ekki að finna skilgreiningu á raunverulegum eiganda en vísað er til skilgreiningar í 13. tölul. 3. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018. Í 1.-21. tölul. 2. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda er kveðið á um hvaða aðilum er skylt að skrá raunverulega eigendur í fyrirtækjaskrá. Þá er kveðið á um að skylda til að afla upplýsinga um raunverulegan eiganda og tilkynna til ríkisskattstjóra hvílir á hinum skráningarskylda aðila.

Frá og með 30. ágúst 2019 var skráningarskyldum aðilum samkvæmt 2. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda skylt að veita fyrirtækjaskrá upplýsingar um raun-

skráningarkerfi, aukinn mannafla sem og mikla þjónustu við skráningarskylda aðila. Starfsfólk fyrirtækjaskrár þurfti að setja sig hratt og vel inn í hina nýju löggjöf og takast á við ýmsar áskoranir sem henni fylgdu. Fyrirtækjaskrá útbjó verkferla, fræðslufni, leiðbeiningar og eyðublöð sem sett var á vefsvæði ríkisskattstjóra.¹² Þá voru leiðbeiningarnar nánar kynntar í dagblöðum, vefmiðlum og í útvarpi og sjónvarpi. Með tilkomu laganna fékk fyrirtækjaskrá hlutverk eftirlitsaðila en fram að því hafði fyrirtækjaskrá eingöngu verið skráningaraðili.

Upphaflega var frestur til að skrá raunverulega eigendur þegar skráðra lögaðila í fyrirtækjaskrá, í lögum um skráningu raunverulegra eigenda, ákveðinn 1. júní 2020. Til að eiga möguleika á vettvangsheimsókn sérfræðingahópsins var gerð lagabreyting

¹² <https://www.rsk.is/fyrirtækjaskra/raunverulegir-eigendur/> og <https://www.rsk.is/fyrirtækjaskra/raunverulegir-eigendur-felagasamtok/>.

og fresturinn færður frammar, eða til 1. mars 2020. Af þeim 62.855 lögaðilum sem skráðir eru hjá fyrirtækjaskrá og heyrundir gildissvið laganna hafa 93,52% brugðist við skráningarskyldu. Það verður að teljast ákveðið afrek að á þeim stutta tíma sem liðinn er frá gildistöku laganna að hlutfallið sé þegar svona hátt.

Verkefnið hefur einnig stuðlað að því að félög sem hafa ekki verið í starfsemi um árabíl, en ekki sinnt afskráningu úr fyrirtækjaskrá, hafa brugðist við og sent inn tilkynningu um afskráningu eða upphaf slitameðferðar. Skráning raunverulegra eigenda hefur því stuðlað að því að hreinsa út af fyrirtækjaskrá þá lögaðila sem eru ekki með neina virka starfsemi og gerir það skrána í heild sinni áreiðanlegri.

Hið nýja eftirlitslutverk

Í 13. gr. laga um skráningu raunverulegra eigenda kemur fram að ef skráningarskyldur aðili fylgir ekki lögum eða reglugerðum settum á grundvelli laganna skuli ríkisskattstjóri krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests. Ljóst er að umfangsmikið eftirlit verður að eiga sér stað af hálfu ríkisskattstjóra til að hægt sé að fylgja því eftir hvort aðilar séu að sinna skráningarskyldu sinni samkvæmt lögum. Til þessa eftirlits hefur embættið ýmis úrræði, svo sem upplýsingar úr ársreikningaskrá og hlutfjármiða. Þá hefur ríkisskattstjóri jafnframt, eins og fram hefur komið, heimild til álagningar dagsekta og stjórnvaldssekta, sbr. 14. og 15. gr. laganna, til þess að knýja fram úrbætur á skráningu.

Álagning dagsekta

Með lögum um skráningu raunverulegra eigenda fékk ríkisskattstjóri heimild til að leggja dagsektir á skráningarskylda aðila sem ekki hafa skráð raunverulega eigendur eða ekki veitt umbeðnar upplýsingar eða sinnt kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests, sbr. 14. gr. laganna. Á grundvelli þessarar heimildar hefur ríkisskattstjóri lagt dagsektir á 2.247 lögaðila. Fyrstu dagsektirnar voru lagðar á í byrjun maí 2020.

Dagsektir eru lagðar á fyrir hvern dag sem liður þar til fullnægjandi upplýsingum hefur verið skilað til fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra. Áður en dagsektir eru lagðar á er aðilum gefinn frestur til að bregðast við. Ríkisskattstjóri hefur sent 11.443 bréf til skráningarskyldra

aðila þar sem dagsektir eru boðaðar ef skráningu er ekki sinnt innan tiltekins frests. Í kjölfar boðunarbréfanna sendir ríkisskattstjóri bréf með úrskurði um álagningu dagsekta þar sem aðila er gefinn stuttur viðbótarfrestur til að skila inn umbeðnum upplýsingum áður en dagsektir leggjast á og hefur ríkisskattstjóri sent 2.693 slík bréf. Aðgerðir ríkisskattstjóra í tengslum við álagningu dagsekta hafa borið góðan árangur og þann 21. september 2020 höfðu t.d. um 64% þeirra sem fengu boðunarbréf um dagsektir skráð raunverulega eigendur eða afskráð félagið.

Með lögum um skráningu raunverulegra eigenda voru einnig gerðar breytingar á lögum um fyrirtækjaskrá þar sem ríkisskattstjóra var veitt heimild til að leggja dagsektir á tilkynningarskylda aðila sem veita ekki tiltekna grunnupplýsingar sem ber að skrá í fyrirtækjaskrá eða sinna ekki kröfum um úrbætur innan hæfilegs frests, sbr. 10. gr. laga um fyrirtækjaskrá. Á grundvelli þessarar heimildar hefur ríkisskattstjóri sent bréf til 386 aðila þar sem skorað er á þá að gera úrbætur innan hæfilegs frests og hafa dagsektir verið lagðar á 89 af þessum aðilum eða 23%.

Aðgerð er varðaði peningaþvættiseftirlit

Aðgerð varðandi alþjóðlegar þvingunaraðgerðir

Þann 1. janúar 2019, þegar lög nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka tóku gildi, var eftirlit með tilkynningarskyldum aðilum sem ekki heyrundir eftirlit fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands fært til ríkisskattstjóra. Eins og áður segir hófst fjórða úttekt Íslands árið 2017 og var úttektarskýrsla vegna fjórðu úttektar Íslands birt í apríl 2018. Eftirfylgnitímabil Íslands hófst af þeim sökum í apríl 2018, líkt og að framan greinir. Stofnun peningaþvættiseftirlits ríkisskattstjóra var því kerfisleg breyting sem var gerð með það að markmiði að uppfylla tilmæli FATF á þessu sviði. Samhliða þessu var ljóst að sá tími sem viðkomandi eftirlitsaðili hefði til að koma á fót og sinna fullnægjandi eftirliti yrði afar knappur.

Samhliða stofnun eftirlitsins, ráðningu og þjálfun starfsmanna, setningu og uppfærslu viðeigandi reglna og verkferla o.s.frv. skyldi embættið sinna lögbundnum eftirlitsskyldum sínum á áhættumiðaðum grundvelli¹³ og sýna

fram á jákvæðan og mælanlegan árangur af þeim eftirlitsstörfum. Áður en Ísland var sett á „gráa listann“ voru eftirlitsaðgerðir almennar og einblíndu ekki sérstaklega á atriði er vorðuðu alþjóðlegar þvingunaraðgerðir. Þegar ljóst var hvaða aðgerða væri þörf í kjölfar „grálistunar“ var samstundis hafist handa.

Fyrst af öllu var gagnaöflun og spurningum í almennu eftirliti breytt á þann hátt að aukin áhersla var lögð á upplýsingar um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og með hvaða hætti tilkynningarskyldir aðilar uppfylla skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt ákvæðum frystingarlaga nr. 64/2019. Í kjölfar þess var farið í efnislega hnitmiðaðar úttektir hjá um 70 tilkynningarskyldum aðilum. Í þeirri vinnu var einblínt á að kalla eftir upplýsingum hjá tilkynningarskyldum aðilum sem vorðuðu skyldur þeirra samkvæmt frystingarlögunum, m.a. hvort að viðskiptavinum væri flett upp á alþjóðlegum þvingunarlistum áður en til viðskiptasambands er stofnað og með reglubundnum hætti þar á eftir, og hvort viðkomandi aðili hefði sett sér viðeigandi verkferla og starfsreglur til að taka á þessum atriðum. Að því loknu var farið í tíu vettvangsathuganir hjá hluta þessara 70 aðila til að kanna hvort verið væri að starfa eftir þessum verkferlum og starfsreglum.

Að auki var samið fræðsluefni um frystingarskyldu, alþjóðlegar þvingunaraðgerðir og skyldur tilkynningarskyldra aðila skv. frystingarlögunum. Var það efni birt á vefsíðu ríkisskattstjóra¹⁴ og tilkynning send til samtaka allra tilkynningarskyldra aðila þar sem hvatt var til þess að allir tilkynningarskyldir aðilar yrðu látnir vita af þessu nýja fræðsluefni og þeir hvattir til að kynna sér það.

Að lokum var undirritaður samstarfs-samningur við fjármálaeftirlitið og utanríkisráðuneytið um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. frystingarlögunum til þess að formgera umgjörð um helstu áhersluþætti aðila í málaflokki, þar á meðal hvað varðar gagnkvæma miðlun upplýsinga og gagna.

Aðgerð varðandi almannaeillafélög

Í kjölfar gildistöku laga nr. 119/2019, um skráningarskyldur félaga til almannaeilla með starfsemi yfir landamæri, þann 11. október 2019, var stofnuð sérstök almannaeillafélagaskrá sem ríkisskattstjóri starf-

¹³ Öll eftirlitsstörf eftirlitsaðila á sviði peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka ber að framkvæma á svokölluðum áhættumiðaðum grundvelli (e. Risk Based Approach). Er þetta ein af grundvallarkröfum sem gerðar eru til eftirlitsaðila á þessu sviði samkvæmt tilmælum og aðferðafræði FATF. Í grófum dráttum felur það í sér að meta þarf áhættu með itarlegum hætti, bæði áhættu af einstökum starfsgreinum og störfum þar innan, auk áhættu af einstaka tilkynningarskyldum aðila og starfsemi innan þess tilkynningarskylds aðila. Eftirlit á svo að fara fram með þeim hætti að mest áhersla sé á þeim sviðum og þeim aðilum sem fela í sér mesta áhættu. Að baki slíkri framkvæmd liggur eðli málsins samkvæmt mikil greiningarvinna.

¹⁴ <https://www.rsk.is/fagadilar/peningathvaetti/althjodlegar-thvingunaradgerdir/>

rækir. Gerðar voru leiðbeiningar sem birtar voru á vefsíðu ríkisskattstjóra¹⁵ um hvernig standa skuli að skráningu og útbúin sýnishorn af þeim gögnum sem skila þarf inn við skráningu. Tilfni lagasetningarinnar voru athugasemdir FATF, m.a. um að ekki væri kveðið á um skráningarskyldu ofangreindra aðila hér á landi. Þá var einnig verið að bregðast við niðurstöðum áhættumats ríkislögreglustjóra um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka svo og aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í kjölfar þess.

Lög nr. 119/2019 ná m.a. til félagasamtaka sem hafa þann megintilgang að safna eða útdeila fjármunum í almannabágu svo sem til líknarmála, trúmála, menningarmála, menntamála, félagsmála eða annarra góðgerðarmála. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði ofangreindra laga skulu almenn félagasamtök sem falla undir gildissvið laganna, og skráð eru í fyrirtækjaskrá við gildistöku þeirra, breyta skráningu sinni í félag til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri. Jafnframt skal skrá þau í almannaeillafélagaskrá og skila inn nýjum samþykktum, tilkynningum um stjórn, varastjórn, endurskoðendur, endurskoðunarfyrirtæki, skoðunarmenn eða trúnaðarmenn úr hópi félagsmanna, og öðrum upplýsingum sem skrá skal samkvæmt lögum. Lögin ná ekki til trú- og lífsskoðunarfélaga sem starfa skv. lögum nr. 108/1999 eða sjóða og stofnana sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá skv. lögum nr. 19/1988.

Ríkisskattstjóri, ríkislögreglustjóri, skrifstofa fjármálagreininga lögreglu og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafa komið sér saman um verklagsreglur um það hvernig beri að fylgjast með slíkum félögum. Með lögum nr. 96/2020, um breytingu á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og skráningu raunverulegra eigenda, var embætti ríkisskattstjóra falið að hafa eftirlit með almannaheillafélögum skv. lögum nr. 119/2019, hvað varðar atriði er snúa að vörnum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hefur peningaþvættiseftirlit ríkisskattstjóra sett sér verklagsreglur um það hvernig eftirliti með félögum skuli háttað og vinnur nú samkvæmt þeim verklagsreglum. Slíkt eftirlit skal ekki vera fram úr hófi, skal byggt á áhættumiðuðum grundvelli, vera skilvirkt og miða sérstaklega að þeim félögum sem eru í hvað mestri hættu á að verða misnotuð í þágu peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka. Í þessu skyni hefur embættið

aðgang að umtalsverðum gögnum auk þess sem því er heimilt að kalla eftir ítarlegum gögnum frá viðkomandi almannaheillafélagi. Þá tók embættið þátt í gerð fræðsluefnis sem miðast sérstaklega að þessu félagasformi.

Vettvangsheimsókn sérfræðingahópsins

Dagana 21.-24. september 2020 varð loks af vettvangsheimsókn sérfræðingahóps FATF þrátt fyrir heimsfaraldur, verulegar ferðatakmarkanir og strangar sóttvarnarráðstafanir. Af hálfu íslenskra stjórnvalda var mikil áhersla lögð á að láta verða af vettvangsheimsókn eins fljótt og unnt væri þar sem ríkt hagsmunamál var fyrir íslensk stjórnvöld að staðfesta að atriði á aðgerðaáætlun landsins væru uppfyllt og þar með mætti færa Ísland af „gráa listanum“.

Skípulagðir voru fundir með öllum þeim stjórnvöldum sem áttu aðkomu að þeim aðgerðum sem finna mátti á aðgerðaáætlun Íslands, auk þess sem fulltrúum eftirlitskyldra aðila var gert að mæta til fundar við sérfræðingahópinn.

Sérfræðingahópurinn átti m.a. fundi með fulltrúum fyrirtækjaskrár og peningaþvættiseftirlits ríkisskattstjóra, annars vegar hvað varðar eftirlit með alþjóðlegum þvingunaraðgerðum og hins vegar hvað varðar eftirlit með almannaheillafélögum. Spurningar sérfræðingahópsins voru ítarlegar og krefjandi en það var álit fulltrúa ríkisskattstjóra að vel hefði tekist að svara þeim á viðunandi máta.

Fáeinum dögum síðar fékk Ísland drög að skýrslu sérfræðingahópsins um aðgerðir Íslands frá „gráalistun“. Var niðurstaðan þar að Ísland hefði uppfyllt öll atriði í aðgerðaáætlun sinni og að vettvangsheimsókn hefði staðfest þá niðurstöðu.

Í kjölfarið var skýrslan send aðildarríkjum FATF til undirbúnings fyrir ICRG fund í byrjun október 2020. Þar var skýrslan stuttlega rædd og engum mótbárum hreyft við því að Ísland hefði uppfyllt aðgerðaáætlun sína. Lagði formaður sérfræðingahópsins til, að því gefnu að staðfesting allsherjarfundar fengist, að Ísland yrði tekið af „gráa listanum“. Skýrslan var því send allsherjarfundi FATF til samþykktar og var hún tekin fyrir föstudaginn 23. október. Á fundinum var fyrri niðurstaða ICRG staðfest um að Ísland yrði fjarlægð af „gráa listanum“.

Næstu skref

Hvað varðar peningaþvættiseftirlit ríkisskattstjóra er grunnstarfsemi þess fyrst og fremst eftirlit með tilkynningarskyldum og

eftirlitsskyldum aðilum á grundvelli peningaþvættis laga nr. 140/2018 og frýstingalaga nr. 64/2019. Það eftirlit þarf að vera öflugt, skilvirkt og byggt á áhættumiðuðum grundvelli á hverjum tíma. Gildir einu hvort um sé að ræða tilkynningarskylda aðila skv. lögum nr. 140/2018 eða almannaheillafélög með starfsemi yfir landamæri.

Þá felst í skyldum ríkisskattstjóra að sinna fræðslu til tilkynningarskyldra aðila og í því skyni haldnir fræðslufundir og fræðsluefni gefið út. Tryggja þarf að þessu hlutverki verði áfram sinnt og að eftir fremsta megni verði tækninýjungar nýttar til að miðla efni.

Ljóst má vera að skráning raunverulegra eigenda og sú vinna sem átt hefur sér stað hjá ríkisskattstjóra á umliðnu ári við að koma skránni í viðunandi horf, og til samræmis við kröfur FATF, á einnig stóran þátt í því að Ísland komst af gráa listanum. Því hlutverki mun áfram verða sinnt og verður áhersla lögð á að viðhalda skráningum og tryggja að upplýsingar séu réttar á hverjum tíma. Ekki er aðeins að þakka því starfsfólki sem hefur unnið hörðum höndum að þessu markmiði heldur einnig skráningarskyldum aðilum sem brugðust flestir hverjir hratt við kröfu um skráningu raunverulegs eiganda. Nú heldur vinnan áfram við að viðhalda skránni og sinna nauðsynlegu eftirliti með henni.

Hvað varðar stöðu Íslands þá er landið enn í aukinni eftirfylgni af hálfu FATF. Unnið er hörðum höndum að því að í náinni framtíð færist Ísland yfir í venjulega eftirfylgni sem mun draga úr stjórnsýslubyrðum við að sýna fram á fullnægjandi hlít. Til þess að svo verði þarf að tryggja að öll 40 tilmæli FATF verði uppfyllt, bæði hvað varðar tæknileg skilyrði sem og að sýna fram á nægjanlega skilvirkni við framkvæmd samkvæmt hverju tilmæli. Í þessu samhengi er vert að nefna að skattsvik og skattaundanskot eru algengustu frumbrot peningaþvættis og tilmæli FATF eru af þeim sökum að miklu leyti hönnuð til að draga úr slíkum brotum. Því eru ekki efni til að slaka á þó að landið sé komið fyrir horn hvað varðar „gráa lista“ heldur þarf að tryggja að þessi staða komi ekki upp aftur og að öll skilyrði verði uppfyllt til þess að aðgerðir Íslands gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka geti talist í fremstu röð.

*Anna Harðardóttir
Ástríður Þórey Jónsdóttir
Birkir Guðlaugsson
Matthildur Magnúsdóttir*

¹⁵ <https://www.rsk.is/fyrirtaekjaskra/felagasamtok-og-onnur-felag/almannaheillafelag/>

Sameining ríkisskattstjóra og tollstjóra

Undanfarin tvö ár hafa verið viðburðarrík hjá embætti ríkisskattstjóra en umfangsmiklar stofnanabreytingar settu svip sinn á starfseminu og vinnustaðinn í heild á tímabilinu 2019-2020.

Með lögum nr. 142/2018 fluttist innheimta opinberra gjalda frá tollstjóra til ríkisskattstjóra frá 1. maí 2019, og þann 1. janúar 2020 tóku enn fremur gildi lög nr. 141/2019, sem mæltu fyrir um flutning tollafgreiðslu og tollgæslu til ríkisskattstjóra og að embætti tollstjóra sem slíkt yrði lagt niður. Í ársbyrjun 2020 var þannig, eftir nokkurn aðdraganda, starfsemi skatt- og tollyfirvalda á hendi ríkisskattstjóra í sameinaðri stofnun sem nefnist Skatturinn.

Stefna íslenskra stjórnvalda er að búa skuli í haginn þannig að Ísland geti tekist á við þær áskoranir sem leiða af örum tæknibreytingum og jafnframt nýtt þau tækifæri sem þróuninni fylgja. Þá kemur fram í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar að gera skuli átak í einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings, með áherslu á skilvirka og réttláta stjórnsýslu. Með þetta að leiðarljósi er stefnt að öflugri rafrænni stjórnsýslu þar sem gerð er ríkari krafa um stafræna þjónustu og nýtingu rauntímaupplýsinga, þjófófélaginu til hagsbóta. Fjármála- og efnahagsráðherra skipaði í júní 2018 nefnd um aukna skilvirkni

ana þarf að spinna saman fjölmarga þræði og fjölda aðila að koma að ferlinu svo að það gangi sem snurðulausast fyrir sig.

Markmið sameiningarinnar

Markmiðið með sameiningu tollstjóra og ríkisskattstjóra var að til yrði leiðandi upplýsinga- og þjónustustofnun sem væri sem best í stakk búin til að takast á við þær áskoranir sem felast í breyttum viðskiptaháttum og örum tæknibreytingum. Öflugri stofnun gæti enn betur tryggt rekstraröryggi skattkerfisins og sinnt heildstæðum greiningum og nýsköpun. Einnig var stefnt að því að ná

Fyrir lá að embætti tollstjóra og ríkisskattstjóra sinntu fyrir sameiningu að vissu leyti eðlisskyldum verkefnum með álagningu og innheimtu opinberra gjalda á fleiri sviðum, auk þess sem viðskiptavinirnir voru þeir sömu; fyrirtæki og einstaklingar auk annarra ríkisaðila. Með hliðsjón af þessu þótti víst að enn betri möguleikar á nýtingu gagna til eftirlits og þjónustu myndu skapast innan sameinaðrar stofnunar. Með vísan til löggæsluþáttar verkefna tollyfirvalda var þó tollgæsluhlutanum ætluð nokkur sérstaða innan Skattsins, og gert ráð fyrir að tollgæslustörf færu fram innan sérstakrar einingar, Tollgæslu Íslands. Faglegur stjórnandi Tollgæslu Íslands yrði embættismaður, tollgæslustjóri, sem ríkisskattstjóri skipar.

Aðdragandinn

Undirbúningur stofnanabreytinga sem byggir á lagasetningu er alltaf nokkurri óvissu háður. Samráð við hagsmunaaðila og umfjöllun þingsins tekur tíma sinn og ýmis sjónarmið koma fram sem taka þarf afstöðu til. Þá getur teygst svo úr aðdragandanum að lagasetning tefjist fram yfir fyrirhugaðan gildistökutíma eða þá að mál hljóti einfaldlega ekki framgang. Af þessum aðstæðum litaðist skipulag og framkvæmd vinnu við sameiningu ríkisskattstjóra og tollstjóra. Þann 16. október 2019 lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram frumvarp um breytingar á tollalögum o.fl. lögum (fyrirkomulag tollafgreiðslu og tollgæslu) – þskj. 266, 245. mál á 150. lög-gjafarþingi – sem síðar varð að lögum nr. 141/2019. Fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytis kynntu síðan málið fyrir starfsmönnum tollstjóra og ríkisskattstjóra dagana 31. október og 1. nóvember 2019, og í kjölfarið var komið á fót verkefnishópi og stýrihópi



Markmiðið með sameiningu tollstjóra og ríkisskattstjóra var að til yrði leiðandi upplýsinga- og þjónustustofnun sem væri sem best í stakk búin til að takast á við þær áskoranir sem felast í breyttum viðskiptaháttum og örum tæknibreytingum

í skattframkvæmd, álagningu og innheimtu opinberra gjalda, þar sem til skoðunar kom hvaða ráðstafanir væri til þessu fallnar að styrkja innviði skattkerfisins þannig að framangreindum markmiðum yrði náð. Tillögur nefndarinnar raungerðust í áföngum við gildistöku framangreindrar löggjafar á árunum 2019-2020, en breytingar líkt og hér um ræðir kröfðust eðlilega miklum mun fleiri ráðstafana en ráða mætti af lestri frumvarpanna. Við sameiningu stórra ríkisstofna-

fram umtalsverðum samlegðaráhrifum og hagræði, t.d. varðandi rekstur notendakerfa og vélbúnaðar, og sveigjanleika í samnýtingu mannafla eftir verkefnum hverju sinni. Í stefnu bæði ríkisskattstjóra og tollstjóra voru fyrir áherslur á vandaða stjórnsýslu, góða þjónustu, hagkvæmni í rekstri og öruggt og framsækið upplýsingatæknihverfi. Ljóst þótti að sameining á grundvelli framangreindra markmiða myndi styðja við þessi atriði og áherslur í starfsemi beggja stofnana.

til að fylgja sameiningunni í höfn. Í stýrihóp voru stjórnendur mannauðsmála, tæknimála og rekstrarmála frá báðum embættum auk formanns Tollvarðafélagsins. Í verkefnishóp voru sérfræðingar frá hinum ýmsu sviðum beggja vegna frá enda að mörgu að hyggja. Verkefnisstjóri hafði umsjón með gerð og framgangi áætlana og var ætlað að mynda n.k. brú á milli stofnananna tveggja á meðan ferlinu stóð. Þá var ljóst mikilvægi góðs samráðs þvert á stofnanirnar enda svör við hinum ýmsu álitæfnum að finna vítt og breitt í starfsemi þeirra.

Verkefnið

Umfang starfsemi stofnananna tveggja sem sameinast áttu er mikið og eðli hennar fjölbreytt. Samtals voru starfsmenn um 450 á fjórtán starfsstöðvum um allt land. Fyrirséð var að langflestir starfsmenn yrðu áfram á sinni starfsstöð en jafnframt lágu fyrir áform um sameiningu starfsstöðvanna í Reykjavík í eitt húsnæði á næstu árum. Miklu skipti að röskun á þjónustu við viðskiptavinum á og öðrum lögbundnum verkefnum skatt- og tollyfirvalda yrði í algjöru lágmarki, t.a.m. mátti ekki trufla virkni upplýsingatæknikerfa og allar breytingar á slíkum kerfum þurftu að fara fram að vel athuguðu máli.

Frumvarp það sem varð að lögum nr. 141/2019 gerði ráð fyrir gildistöku 1. janúar 2020 og því voru aðeins tveir og hálfur mánuður til stefnu frá því að málið var lagt fram á Alþingi. Slíkt var flækjustig og umfang nauðsynlegra ráðstafana að ekki þótti raunhæft að ljúka þeim á svo skömmum tíma sem lagt var upp með í frumvarpinu. Því var ákveðið að gera eingöngu allra brýnustu ráðstafanir fyrir áramót og vinna svo áfram að öðrum verkþáttum á nýju ári. Strax var hafist handa við greiningar, skípulag og forgangsröðun vinnunnar sem þurfti að fara fram.

Augljósir hagsmunauðilar að góðum framgangi verkefnisins voru starfsmenn ríkisskattstjóra og tollstjóra en sömuleiðis þurfti að horfa til aðila á borð við Fjársýslu ríkisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, stéttarféлага og birgja stofnananna, auk alls almenn-

ings og fyrirtækja í landinu. Helstu ráðstafanir vegna hagsmunauðila snerust um samskipti innanhúss og upplýsingagjöf til starfsfólks. Settur var upp nýr innri vefur sem starfsmenn beggja stofnana höfðu aðgang að þar sem stýrihópur og verkefnisstjóri miðluðu fréttum af framgangi verkefnisins. Þá sendi ríkisskattstjóri pósta til allra starfsmanna um stærri mál og áfanga. Auglýsingar, tilkynningar og upplýsingar á vefsíðum ríkisskattstjóra og tollstjóra voru nýttar til þess að ná til ytri hagsmunauðila en einnig gaf virkt samtal við bæði ráðuneytið og Fjársýsluna góða raun.

Helstu þættir sem þurftu sérstaka athygli og vinnu við í sameiningarverkefninu voru starfsmannamál, tæknimál, fjármál og bókhald, húsnæðismál og kynningarmál auk ýmissa miðlægra þátta í starfseminni. Vinnuhópar starfsmanna frá báðum stofnunum unnu að hverjum meginþætti, að mestu sjálfstætt en í

”

Helstu þættir sem þurftu sérstaka athygli og vinnu við í sameiningarverkefninu voru starfsmannamál, tæknimál, fjármál og bókhald, húsnæðismál og kynningarmál auk ýmissa miðlægra þátta í starfseminni

nauðsynlegu samráði sín á milli eftir þörfum, en verkefnisstjóri og verkefnishópur samræmdu framkvæmd á milli vinnuhópanna. Í tengslum við tæknimál voru skilgreindir tíu undirhópar sem var ætlað að vinna að ólíkum málum eins og innri kerfum, símamálum, netmálum, skjalakerfi o.fl. en þar skipti miklu stuðningur frá birgjum embættanna í tæknimálum. Sameina þurfti bókhald, gera breytingar á mannauðskerfum með aðstoð Fjársýslunnar, samræma launakeyrslur og vinnutíma, útbúa nýja rekstraráætlun og stilla saman strengi við skjalavörslu. Hafa þurfti hugfast að vinnan fór ekki fram í tómarúmi

heldur þurfti alltaf að taka tillit til ytri þátta og annarra verkefna, jafnvel langtímaráðstafana, bæði vegna tenginga á milli málaflokka en einnig verkefnastöðu þeirra starfsmanna sem koma þurfa að málum. Sveigjanleiki reyndist lykilatriði og jákvætt viðhorf starfsmanna, samstillt átak og vilji til að láta hlutina ganga upp, skipti sköpum.

Nýtt nafn stofnunar og nýtt myndmerki

Varla er hægt að fjalla um sameiningu skatt- og tollyfirvalda án þess að minnst á hið nýja stofnananætti enda bæði ríkisskattstjóri og tollstjóri gamalgrónar stofnanir sem landsmenn þekkja vel. Með tillögum þeim sem frumvarp til laga nr. 141/2019 bar með sér var breytt nafn sameinaðrar stofnunar – Skatturinn – sem embættismaðurinn ríkisskattstjóri skyldi stýra, og sem annast skyldi þau verkefni sem

ríkisskattstjóra væri falið að sinna lögum samkvæmt. Eðlilega var mikið rætt um nafnið á kaffistofum starfsmanna sem margir hverjir eiga langan starfsaldur að baki hjá annarri hvorri þeirra stofnana sem fyrir lá að sameina. Eftir ítarlegt samráð og samtal þar sem ýmsir aðrir kostir komu til skoðunar, og starfsmenn voru einnig hvattir til að senda inn hugmyndir, varð niðurstaðan þó á endanum sú að tillaga frumvarpsins væri sennilega sú besta.

Pegar heiti sameinaðrar stofnunar lá endanlega fyrir var ráðist í gerð nýs myndmerkis fyrir Skattinn. Hin eldri merki ríkisskattstjóra og tollstjóra voru um margt ólík en þó hafði



Skatturinn

verið áhersla á bláan lit í ýmsu kynningarefni beggja stofnana og ákveðið var að halda í hann. Auglýsingastofa var fengin til þess að gera tillögur að nýju merki sem byggði m.a. á samtölum við stjórnendur um hlutverk og ímynd sameinaðrar stofnunar. Í byrjun árs 2020 kusu svo starfsmenn á milli tveggja valkosta og fékk hlutskarpara merkið yfirburðakosningu.

Starfsmannahópurinn

Starfsmannafélög tollstjóra og ríkisskattstjóra áttu stóran þátt í að skapa góða stemningu í starfsmannahópnum og léttu starfsfólki lundina á álagstímum með því bjóða upp á ýmsa viðburði í aðdraganda áramóta og í ársbyrjun 2020. Áskorun í barsvari á milli stofnana heppnaðist afar vel og haldið var sameiningarpartý í tollhúsinu í Tryggvagötu þar sem mætingin var gríðarlega góð og mikil stemning. Í janúar var haldinn stofnfundur nýs starfsmannafélags Skattsins en í svona breytingum skiptir öflugt starfsmannafélag miklu máli til þess að skapa vettvang fyrir fólk að hittast og kynnast nýjum samstarfsfélögum í skemmtilegum aðstæðum, fjarri amstri daglegra verkefna.

Áhrif heimsfaraldurs COVID-19

Eins og greina má af markmiðum þessarar stofnanabreytinga þá er formleg sameining ríkisskattstjóra og tollstjóra um áramótin 2019/2020 einungis fyrsta skrefið í mun lengri vegferð skatt- og tollyfirvalda. Til að ná fram þeim jákvæðu áhrifum sem gert er ráð fyrir þá liggur fyrir mikil vinna innan hinnar nýju sameinuðu stofnunar í því skyni

að samræma starfsemina eins vel og kostur er og móta framtíðarsýn. Fjöldmörg verkefni biðu stjórnenda og starfsfólks Skattsins í upphafi ársins 2020 og til lengri tíma og áform um greiningarvinnu, stefnumótun og hópefli af ýmsu tagi. Vitaskuld sá þó enginn fyrir heimsfaraldur COVID-19 en veiran barst hingað til lands í lok febrúar. Alkunnugt er hvaða áhrif faraldurinn hefur haft á einstaklinga og fyrirtæki og það var fyrsta áskorun sameinaðrar stofnunar að takast á við fjölda nýrra verkefna

ýmsum málaflokkum á árinu 2020. Tæknimál, símkrefismál og aðgangsmál ýmis hafa verið í forgrunni en auk þess atriði sem snerta andlit stofnunar út á við, s.s. breytingar á vefjum, samræming á þjónustusvörun, merkingar á húsnæði og í afgreiðslum. Skipulagsmál voru einnig í deigluinni á fyrri hluta árs en við sameiningu var gert ráð fyrir lágmarks skipulagsbreytingum í því skyni að tryggja virkt stjórnskipulag sameinaðrar stofnunar. Áfram var horft til tenginga á milli verkefna tollgæslu




Fjöldmörg verkefni biðu stjórnenda og starfsfólks Skattsins í upphafi ársins 2020 og til lengri tíma og áform um greiningarvinnu, stefnumótun og hópefli af ýmsu tagi

í tengslum við aðgerðir stjórnvalda í skattamálum vegna faraldursins. Þessi verkefni tóku mikinn tíma og orku samhliða hefðbundnum lögbundnum verkefnum Skattsins auk þess sem samkomutakmarkanir settu stórt strik í reikninginn. Allt hafði þetta mikil áhrif á skipulag og framkvæmd frekari ráðstafana sem tengdust sameiningunni sjálfri. Hinu sérgreinda verkefni sem sett var af stað til að fylgja í höfn stofnanabreytingum um áramót var lokið en vinnan hélt áfram á öðrum vettvangi. Sóttvarnarráðstafanir leiddu til þess að fyrirkomulag var oft annað en orðið hefði í eðlilegu árferði en unnið var af krafti að

og þeirra sem fyrir voru hjá ríkisskattstjóra og einnig skoðað fyrirkomulag nauðsynlegrar stoðþjónustu. Þá var þjónustusvörun vegna tollamála flutt um mitt ár frá tollgæslu og yfir á samskiptasvið og svörun vegna skatta-, innheimtu- og tollamála þannig öll innan sömu einingar. Nýtt skipurit Skattsins tók síðan gildi þann 1. júlí sl. og starfsmenn Skattsins horfa bjartsýnir til þess að árið 2021 færi hópnun vonandi möguleika á frekari samveru við úrlausn þeirra fjölbreyttu verkefna sem þeir sinna nú í sameiningu.

Jóhanna Guðmundsdóttir



Núverandi skipurit Skattsins sem tók gildi 1. júlí 2020.

Álagning lögaðila 2020

Undir lok október sl. lauk ríkisskattstjóri við að leggja skatta og gjöld á lögaðila vegna rekstrar ársins 2019. Þrátt fyrir að hinum mikla vexti sem hér hefur verið á undanförunum árum hafi linnt, má engu að síður segja að árið 2019 hafi verið gott ár fyrir atvinnulífið. Það voru þó augljósar blikur á lofti.

Lögaðilar á skrá

Í álagningu 2020 voru 64.693 lögaðilar á skattgrunnskrá en þar af voru 47.011 tekjuskattsskyld félög og 17.682 lögaðilar sem voru undanþegnir almennum tekjuskatti. Undanþegin tekjuskatti af hagnaði eru opinberir aðilar, s.s. ríkið, stofnanir ríkisins og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir á vegum sveitarfélaga, félög, sjóðir og stofnanir sem ekki reka atvinnu og félaga- og líknarsamtök. Þau þurfa engu að síður að greiða tryggingagjald af launum starfsmanna sinna, ef einhverjir eru. Þetta er ástæðan fyrir því að ríki og sveitarfélög eru iðulega meðal stærstu skattgreiðenda í landinu á hverju ári. Þá eru fyrirtæki sem hafa það að markmiði sínu að verja hagnaði af rekstrinum einungis til almannaheilla einnig undanþegin tekjuskatti líkt og líknarfélög. Fyrir nokkrum árum voru húsfélög sett inn á skattgrunnskrá en þá fjölgaði óskattskyldum lögaðilum mikið á milli ára.

Lögaðilum á skattgrunnskrá fjölgaði um 1.545 frá álagningu 2019 en þar af fjölgaði tekjuskattsskyldum lögaðilum um 1.190 og öðrum lögaðilum um 355. Tekjuskattsskyldum lögaðilum fjölgaði minna en undanfarin fjögur ár. Þeim fjölgaði um 1.232 og 2.081 árin 2015 og 2016. Árin 2017 og 2018 var fjölgunin 1.312 og 1.383. Árið 2016 var mesta fjölgun þessara aðila sem sést hefur frá hrúni.

Langflest fyrirtæki á skrá eru einkahlutafélög en alls voru 40.646 slík félög á skrá í álagningunni 2020. Einkahlutafélögum fjölgaði nú um 1.008 frá árinu áður. Hlutafélög á skrá voru 722 en þeim fækkaði um 27 á milli ára. Með tilkomu einkahlutafélaganna hefur hlutafélögum fækkað frá ári til árs. Þá voru að auki 15.154 sjálfseignarfélög sem ekki eru skráð í firmaskrá. Þeim fjölgaði um 300 á milli ára. Þessi félög eru yfirleitt ekki tekjuskattsskyld. Sameignarfélög sem skráð eru í firmaskrá voru 5.051 eða 196 fleiri en á fyrra ári. Þá

er áhugavert að á skattgrunnskrá voru 443 stofnanir og fyrirtæki sveitarfélaga og 352 stofnanir og fyrirtæki ríkisins. Hin fyrrnefndu voru þremur færri og hinum síðarnefndu fækkaði um sex frá árinu áður.


Áætlanir

Stjórnendum fyrirtækja ber skylda til að standa skil á skattframtali á meðan fyrirtækið er skráð. Þrátt fyrir að lögaðilar fái lengri skilafrest en einstaklingar til að gera upp árið og skila framtali er ávallt nokkuð um að fyrirtæki skili ekki á tilsettum tíma eða alls ekki.

Það kunna að vera ýmsar ástæður fyrir slæmum skilum. Það er ekki ólíklegt að mörg þeirra fyrirtækja sem skila ekki skattframtali á réttum tíma hafi engan rekstur með höndum og séu í reynd lítið annað en kennitala á skrá. Menn átta sig ef til vill ekki alltaf á því að þeir þurfi að skila skattframtali þegar enginn rekstur er í félaginu en það er auðvitað misskilningur. Skattstofnar fyrirtækja sem ekki skila skattframtali eru áætlaðir af ríkisskattstjóra.


Sem fyrr segir voru 47.011 tekjuskattsskyld félög á skattgrunnskrá 2020 en þar af áætlaði ríkisskattstjóri skatta og gjöld á 6.584 félög eða 14% félaganna, samanborið við 18% við álagningu 2019. Skil framtala hafa aldrei verið betri. Áætlunum fækkaði um 1.684 á sama tíma og tekjuskattsskyldum félögum fjölgaði um 1.190 en hlutfall áætlana hefur lækkað hratt á undanförunum árum. Það var 30,3% í álagningu 2013, 28,2% árið 2014, 28,3% árið 2015 og 26,9% álagningarárið 2016. Hlutf.

Fjöldi hlutafélaga



Í álagningu árið 2020 voru 64.693 lögaðilar á skattgrunnskrá en þar af voru 47.011 tekjuskattsskyld félög og 17.682 stofnanir og félagasamtök sem ekki eru rekin í ágóðaskyni. Eftir að einkahlutafélögin komu til sögunnar og einstaklingum var gert auðveldara um vik að stofna og umbreyta einstaklingsrekstri í hlutafélag fjölgaði lögaðilum á skattgrunnskrá mjög skart. Þá var ákveðið skattalegt hagræði í því að stofna félag um rekstur sem hefði að öðrum kosti verið rekinn í nafni eigandans. Þá færðu margir persónulegar eignir og fjárfestingar inn í eignarhaldsfélög upp úr aldamótum sem jók enn á fjölda félaga. Skattskyldum félögum fjölgaði um 12.496 eða 57,6% á milli árunum 2002 og 2008 en þá voru þau orðin 34.195. Í hrúninu fækkaði félögum en þeim fór aftur að fjölga þegar hjól atvinnulífsins tóku aftur að snúast af fullum þunga. Hvatinn er þó ekki jafnríkur og var og því fjölgaði félögum hægar.

Rekstrartekjur



Starfsemi fyrirtækjanna skapar tekjur sem eiga að duga fyrir öllum útgjöldum fyrirtækisins og skapa hagnað fyrir eigendurna. Samanlagðar rekstrartekjur lögaðila sem skiluðu rekstrarframtali vegna rekstrarársins 2019 voru 5.146 milljarðar. Þær jukust um 202 milljarða eða 4,1% á milli ára. Rekstrartekjur fyrirtækja jukust mjög hratt á árunum 2002 til 2007. En þar skipti mestu mikill vöxtur undanþeginnar starfsemi, eða starfsemi undanþeginni virðisaukaskatti. Þarna vó fjármálaþjónusta þyngst. Rekstrartekjur drógust saman í hruninu en tóku síðan að aukast upp úr 2011. Þá var það virðisaukaskattsskyld velta og undanþegin velta, eða útflutningur, sem jukust á sama tíma og velta í undanþeginni starfsemi hélt áfram að minnka. Árið 2015 jukust aðrar tekjur mikið vegna uppgjörs þrotabúa bankanna.

fallið hélt síðan áfram að lækka og var komið niður í 21% og 19,4% árin 2017 og 2018. Árið 2010 áætlaði ríkisskattstjóri skatta og gjöld 35,1% félaga. Vissulega voru aðstæður í þjóðfélaginu óvenjulegar árið 2009 en frá þeim

Rekstrartekjur samanstanda af virðisaukaskattsskyldri sölu á vöru og þjónustu innanlands, veltu í svokallaðri undanþeginni starfsemi og undanþeginni veltu sem er aðallega útflutningur. Við þetta bætist söluhagn-



Fyrirtæki sem skiluðu skattframtali rekstraraðila seldu virðisaukaskattsskylda vöru og þjónustu að verðmæti 2.980 milljarðar en þar af var velta í almenna þrepinu, sem bar 24% skatt, 2.032 milljarðar og velta í lægra þrepi, sem bar 11% skatt, 948 milljarðar

tíma hefur félögum fjölgað um 11.302 á sama tíma og áætlunum hefur fækkað um 5.964. Skilafrestur framtala var lengdur um mánuð í álagningu 2020 sem kann að hafa haft einhver áhrif.

Virðisaukaskattsskyld sala

Árið 2019 voru samanlagðar rekstrartekjur fyrirtækja, skv. skattframtali rekstraraðila, RSK 1.04, 5.146 milljarðar, 202 milljörðum eða 4,1% hærrí að raungildi en árið áður.

aður og ýmsar aðrar tekjur og skattaugar leiðréttingar. Hér á landi eru tvö skattþrep í virðisaukaskatti, 24% og 11%, og svokallað núll þrep í undanþeginni veltu en hún ber engan virðisaukaskatt.

Fyrirtæki sem skiluðu skattframtali rekstraraðila seldu virðisaukaskattsskylda vöru og þjónustu að verðmæti 2.980 milljarðar en þar af var velta í almenna þrepinu, sem bar 24% skatt, 2.032 milljarðar og velta í lægra þrepi, sem bar 11% skatt, 948 milljarðar.

Virðisaukaskattsskyld velta dróst saman um 29 milljarða eða 1%. Sala í almennu þrepi dróst saman um 49 milljarða eða 2,3%, en velta í lægra þrepi jókst hins vegar um 20 milljarða eða 2,1%.

Velta í starfsemi undanþeginni virðisaukaskatti var 695 milljarðar árið 2019 en hún hækkaði um 166 milljarða eða 31,4% frá árinu áður. Þessi velta lækkaði talsvert á árinu 2017 og 2018 úr 875 milljörðum í 540 milljarða og síðan í 529 milljarða en hækkaði loks aftur á árinu 2019.

Þá jókst undanþegin velta, sem er að mestu útflutningur, um 46 milljarða eða 3,2% árið 2019 en hún var samtals 1.477 milljarðar. Undanþegin velta hefur aukist nokkuð á undanförunum árum. Hún var 1.385 milljarðar árið 2016 og hafði þá lækkað um 119 milljarða frá árinu áður. Hún var 1.354 milljarðar árið 2017 og 1.431 milljarðar árið 2018.

Aðrar leiðréttingar lækkuðu rekstrartekjur um sex milljarða sem var 20 milljörðum minni lækun en árið áður.

Stór hluti virðisaukaskattsskyldrar veltu er vegna sölu aðfanga eða rekstrarvara sem er innsköttuð af öðrum virðisaukaskattsskyldum fyrirtækjum. Fyrirtækin keyptu virðisaukaskattsskyld aðföng fyrir 3.408 milljarða en þar af voru aðföng í núll þrepi virðisaukaskatts 1.687, aðföng í lægra þrepi voru 462 milljarðar og aðföng í almennu þrepi voru 1.259 milljarðar. Sem fyrr segir seldu þau hins vegar virðisaukaskattsskylda vöru og þjónustu í efra þrepi fyrir 2.032 milljarða og í neðra þrepi fyrir 948 milljarða. Fyrirtæki í virðisaukaskattsskyldri starfsemi geta innskattað og því má, með nokkurri einföldun, líta svo á að virðisaukaskattsskyld sala sem var ekki gjaldfærð eða eignfærð í rekstri kaupanda hafi verið sala til þeirra sem hafa ekki heimild til að innskatta og þurfa því að bera virðisaukaskattinn.

Sala rekstraraðila til endanlegra nota hefur því verið um 773 milljarðar í efra þrepi og 486 milljarðar í lægra þrepi og því hafa viðskipti þessara fyrirtækja skilað um 239 milljörðum í virðisaukaskatt til ríkisins. Tekjur af almennu þrepi hafa verið 185 milljarðar og 53 milljarðar af lægra þrepinu.

Það er athyglisvert að sala í almennu þrepi var 49 milljörðum minni árið 2019 en árið áður en sala í lægra þrepi var 20 milljörðum meiri. Allt frá hruni hefur virðisaukaskattsskyld sala aldrei minnkað á milli ára og því sætir þetta nokkrum tíðindum. Eftir því sem lengra dregur frá álagningu og fleiri framtöl berast er viðbúið að virðisaukaskattur hækki en engu að síður er það áhugavert að miðað við stöðuna um miðjan nóvember voru tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti um níu milljörðum eða 3,8% minni en árið 2018.

Laun og launatengd gjöld


Fyrirtæki sem skiluðu rekstrarframtali greiddu starfsmönnum sínum 898 milljarða í laun árið 2019 sem var einum milljarði eða 0,1% meira en árið áður. Þetta var minnsta aukning launagreiðslna frá hruninu 2008. Fyrirtækin greiddu 89 milljörðum minna í laun árið 2008 en árið áður og aftur 117 milljörðum minna árið 2009 og lækkuðu þannig um 27,9% á tveimur árum. Launagreiðslur jukust svo um 43 milljarða árið 2014, 54 milljarða árið 2015 og 87 milljarða árið 2016. Þær jukust svo aftur um 63 og 24 milljarða á árunum 2017 og 2018. Þetta var þá aukning um 6,8%, 8,1% og 12,0% á árunum 2014 til 2016 og 7,8% og 2,7% árin 2017 og 2018.

Þá greiddu fyrirtækin tæpa 11 milljarða í dagpeninga árið 2019, 447 milljónum meira en árið áður, og tæpa tíu milljarða í ökutækjastyrk sem var 136 milljónum minna en árið áður. Þá var mótframlag í lífeyrissjóð 116 milljarðar sem var sex milljörðum eða 5,3% meira en greitt var árið 2018. Launatengd gjöld voru 94 milljarðar en þar vegur tryggingagjaldið einna þyngst. Þau hækkuðu um tæpa þrjá milljarða eða 5,5% frá árinu áður. Samanlagður launakostnaður fyrirtækjanna var 1.135 milljarðar. Hann hækkaði um níu milljarða eða 0,8% á milli ára.

Rétt um fimmta hver króna sem fyrirtækin öfluðu fór í að greiða starfsmönnum sínum laun eða 22,1% rekstrarteknanna. Þetta hlutfall hefur heldur hækkað þennan áratuginn. Það var 22,8% árið 2018 og 22,5% árið 2017. Þegar vegur fjárfestingastarfsemi var mestur um miðjan fyrsta áratuginn var það í kringum 17%. Heildarrekstrargjöld fyrirtækjanna voru 4.804 milljarðar en þar af var launakostnaður 1.135 milljarðar eða 23,6%. Launakostnaður vó 24,8% árið 2018 og 24,6% árið þar áður. Þetta voru hæstu hlutföll sem sést höfðu en sem dæmi má nefna að árið 2008, 2009 og 2010 vó launakostnaður um 6,8%, 11,5% og 16,7% í rekstrarkostnaði fyrirtækja. Þetta voru árin sem fjármálakerfið hrundi og gríðarlegt tap fjármálafyrirtækja var gjaldfært. Það hafa orðið miklar breytingar á íslensku atvinnulífi frá þeim tíma. Hlutfallið er enn hátt en það hefur iðulega verið í kringum 20%.

Rekstrarhagnaður eftir að búið var að greiða laun var 342 milljarðar. Hann lækkaði um 53 milljarða eða 13,4% á milli ára. Allt frá árinu 2010 hefur rekstrarhagnaður ekki verið minni. Í þessu ljósi er áhugavert að jafnvel þó að launin vegi minna í heildarútgjöldum fyrirtækjanna vegna þau engu að síður þyngja þegar tekið er tillit til afkomunnar.

Í ljósi umfjöllunarinnar hér að ofan er það þó athyglisvert að í meirihluta félaga, eða 21.052 þeirra 40.582 fyrirtækja sem skilað höfðu framtali um miðjan nóvember, voru



Launakostnaður, laun, hlunnindi, mótframlag í lífeyrissjóð og launatengd gjöld vega þungt í rekstrargjöldum flestra fyrirtækja. Launakostnaður lögaðila sem skiluðu skattframtali rekstraraðila var 1.135 milljarðar árið 2019. Útlit er fyrir að launakostnaður fyrirtækja hafi lítið aukist árið 2019, ólíkt því sem verið hefur allt frá því að botni hrunsins var náð árið 2009. Frá þeim tíma hafa laun aukist mikið ár frá ári, samanlagt um 481 milljarða eða 73,5%.

engin laun greidd. Það voru því ekki nema 19.530 félög sem greiddu einhver laun til starfsmanna árið 2019. Þá er athyglisvert að langflest félög greiða innan við hundrað milljónir í laun en 18.784 félög sem greiddu laun greiddu minna en hundrað milljónir. Samanlagðar launagreiðslur voru 248 milljarðar sem var um 21,8% launagreiðslnanna en 41.995 ársverk voru unnin í þessum félögum. Á hinn bóginn greiddi 171 fyrirtæki meira en milljarð í laun en þessi fyrirtæki greiddu 46,6% launa,



Rétt um fimmta hver króna sem fyrirtækin öfluðu fór í að greiða starfsmönnum sínum laun eða 22,1% rekstrarteknanna. Þetta hlutfall hefur heldur hækkað þennan áratuginn

hlunninda, mótframlags í lífeyrissjóð og launatengdra gjalda í landinu. Í þessum félögum var 45.181 ársverk innt af hendi.

Samkvæmt skattframtölum rekstraraðila voru ársverk á almennum markaði um 125.749 árið 2019 og hafði þeim þá fækkað um 2.887 frá árinu áður. Fjöldi ársverka var fyrst skráður á skattframtal árið 2016 en þá voru 124.557 ársverk skráð. Þeim fjölgaði síðan í 126.333 ársverk árið eftir og voru orðin 128.636 árið 2018.


Tryggingagjald

Tryggingagjald er lagt á allar tegundir launa og þóknana fyrir starf. Ekki skiptir máli hvort að greitt er í fríðu eða með vöru- eða vinnuskiptum. Þá er einnig greitt tryggingagjald af lífeyrisiðgjaldi og mótframlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð. Tryggingagjald, líkt og lífeyrisiðgjaldið, er hluti af því verði sem fyrirtæki greiða fyrir vinnu. Skattar og gjöld á laun og launagreiðslur standa þannig í beinum tengslum við hagnað og skatt á

hagnað fyrirtækjanna. Hærri launakostnaður þýðir minni hagnað og þar með minni skatt af hagnaði.

Tryggingagjald samanstendur af tveimur gjöldum, almennu tryggingagjaldi og atvinnu-tryggingagjaldi. Til viðbótar tryggingagjaldi er gjald í ábyrgðarsjóð vegna gjaldþrota og markaðsgjald lagt á tryggingagjaldsstofn en þessi gjöld eru talin með í álagningunni. Þá er greitt slysatryggingagjald vegna sjómannsstarfa. Tekjur af almennu tryggingagjaldi

Tryggingagjaldsstofn



Tryggingagjald er greitt af hvers konar þóknun fyrir starf. Það er líka greitt af mótframlagi launagreiðanda í lífeyrissjóð. Þá greiða fyrirtæki, stofnanir og félagsamtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni tryggingagjald af launum þó að þau séu undanþeginn tekjuskatti. Tryggingagjaldsstofn var 1.545 milljarðar árið 2019. Hann hækkaði um 27 milljarða eða 1,8% á milli ára. Launagreiðslur í landinu hafa aukist umtalsvert á undanförunum árum. Þær jukust um 5,6%, 8,4% og 10,5% á árunum 2014 til 2016 og svo aftur um 5,5% árið 2018. Launþróunin sýnir að nokkuð hafi verið farið að draga úr vexti í landinu árið 2019.

renna að stærstum hluta til Tryggingarstofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almennatrygginga. Almenn tryggingagjald var 5,4% í staðgreiðslu árið 2018 en var lækkað í 5,15% í staðgreiðslu 2019. Gjaldið lækkaði því um 0,25 prósentustig eða 4,63%. Atvinnutryggingagjald var 1,35% en tekjur af atvinnutryggingagjaldi

0,65%. Slysatryggingagjald vegna sjómansstarfa hefur verið óbreytt um langt árabil. Af launum sjómanna var því greitt 7,25% en ekki 6,60% eins og af launum almennra launamanna.

Fyrirtæki og stofnanir í landinu greiddu 1.545 milljarða í laun, hlunnindi og mótframlag í lífeyrissjóð árið 2019 sem var 27

10,5%. Þær hækkuðu síðan um 8,5% og 5,5% á árunum 2017 og 2018.

Það er athyglisvert að tryggingagjaldsstofn tekjuskattsskyldra félaga hækkaði um tíu milljarða á sama tíma og tryggingagjaldsstofn óskattsskyldra lögaðila, þ.e. ríkis, sveitarfélaga og ýmissa óskattsskyldra lögaðila sem eru ekki reknir í hagnaðarskyni, hækkaði um 17 milljarða eða um 62,8% umfram hækkun skattsskyldu fyrirtækjanna. Tryggingagjaldsstofn í landinu hækkaði um 1,8% en tryggingagjaldsstofn félaga hækkaði hins vegar ekki um nema 1%. Tryggingagjaldsstofn óskattsskyldu aðilanna hækkaði hins vegar um 3,6% árið 2019 en um 61,8% hækkuðar tryggingastofnsins voru hjá lögaðilum sem eru ekki reknir í hagnaðarskyni og eru því undanþegnir tekjuskatti. Ef þróun árunum 2014 til 2019 er skoðuð þá hækkuðu launagreiðslur á almennum markaði um 41,9% en launagreiðslur óskattsskyldra aðila um 34,7%. Um 69,8% launa eru greidd á almennum markaði en 31,1% eru greidd í starfsemi sem er ekki rekin í hagnaðarskyni. Þrátt fyrir þróun síðasta árs hefur þetta hlutfall ekki hækkað mikið á undanförunum árum. Það lækkaði til að mynda í góðærinu 2013 til 2017 úr 32,2% í 30,6%.

Það er athyglisvert að skoða dreifingu tryggingagjaldsstofnsins sem var 1.545 milljarðar árið 2019. Sem fyrr segir voru 64.693 lögaðilar á skattgrunnskrá en 41.849 þessara lögaðila greiddu engin laun og því var enginn tryggingagjaldsstofn. Þá voru 21.107 fyrirtæki og stofnanir með minna en hundrað milljónir í launakostnað en þau greiddu um 17,6% heildarlaunagreiðslna í landinu. Hins vegar greiddu 205 lögaðilar meira en þúsund milljónir í laun en tryggingargjaldsstofn þessara félaga var 865 milljarðar sem var um 56% launagreiðslna í landinu. Það voru 43 óskattsskyldir aðilar sem greiddu meira en milljarð í laun en samanlagðar launagreiðslur þessara lögaðila voru 402 milljarðar sem var um 26% launagreiðslnanna. Tuttugu launagreiðendur greiddu 463 milljarða í laun sem var 29,9% heildartryggingagjaldsstofns, en þar af greiddu tíu fyrirtæki og stofnanir 393 milljarða eða ígildi 25,5% launa í landinu. Hér er um að ræða Ríkissjóð Íslands, Kópavogsskaupstað, Garðbæ, Akureyri, Hafnarfjörð, Reykjanesbæ og Reykjavík auk bankanna og nokkurra annarra stórra fyrirtækja í ferðaþjónustu, flutningum og iðnaði.

Í álagningu 2020 voru lagðir 102 milljarðar á lögaðila í tryggingagjald sem var um tveimur milljörðum minna en lagt var á fyrir ári. Þetta var lækun um 1,9%. Sem fyrr segir hækkaði tryggingagjaldsstofn um 1,8% að raungildi auk þess sem tryggingagjaldið lækkaði um 0,25 prósentustig eða 3,6%, úr 6,85% í 6,6%.



Fyrirtæki og stofnanir í landinu greiddu 1.545 milljarða í laun, hlunnindi og mótframlag í lífeyrissjóð árið 2019 sem var 27 milljörðum meira að raungildi en árið áður

renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þá var gjald í Ábyrgðarsjóð launa lagt á tryggingagjaldsstofninn en það var 0,05% af stofni. Þessi gjöld voru óbreytt á milli ára. Ábyrgðarsjóður launa ábyrgist greiðslu á kröfum um vangoldin laun, bætur vegna slita á ráðningarsamningi, orlof, bætur vegna vinnuslysa og lífeyrissjóðsiðgjöld í bú vinnuveitanda sem hefur staðfestu og rekur starfsemi hér á landi. Loks var markaðsgjald, sem rennur til Útflutningsráðs, lagt á tryggingagjaldsstofn en það er 0,05%. Þá greiðir útgerðin slysatryggingagjald vegna sjómansstarfa sem er

milljörðum meira að raungildi en árið áður. Þetta var hækun um 1,8% frá árinu áður. Þetta er minnsta hækun tryggingagjaldsstofns sem hefur sést frá því að landið fór að rísa eftir hrúnið 2008. Tryggingagjaldsstofn hækkaði um 39 milljarða árið 2013, 58 milljarða árið 2014 og 93 milljarða árið 2015. Stofninn hækkaði síðan um 127 milljarða og aftur um 113 milljarða árin 2016 og 2017. Síðan dró nokkuð úr hækuninni árið 2018 en þá jukust launagreiðslur engu að síður um 79 milljarða. Á þessu tímabili hækkuðu launagreiðslur um 3,9%, 5,6%, 8,4% og

Hagnaður af rekstri

Sem fyrr sagði voru rekstrartekjur fyrirtækja sem skilað höfðu skattframtali um 5.146 milljarðar. Til að afla þessara tekna og halda þeim við vörðu fyrirtækin 4.804 milljörðum í rekstrargjöld. Mismunurinn er rekstrarhagnaður eða rekstrartap. Rekstrartekjur jukust um 4,1% en rekstrargjöld um 5,6%. Rekstrarhagnaður að frádregnum rekstrargjöldum var 342 milljarðar, sem var 53 milljörðum eða 13,4% minni rekstrarhagnaður en árið áður. Vitanlega er hér um hagnað óskyldra aðila að ræða en hagnaður varð af rekstri 18.798 fyrirtækja. Samanlagður rekstrarhagnaður fyrirtækjanna var 537 milljarðar, sem var 25 milljörðum minni hagnaður en árið áður þegar hagnaður varð af rekstri 18.854 fyrirtækja. Tap varð af rekstri 19.659 fyrirtækja, þ.e. 454 fleiri fyrirtækjum en árið 2018. Samanlagt tap fyrirtækjanna var 195 milljarðar. Tapið var 28 milljörðum meira árið 2019 en árið áður.


Vaxtakostnaður

Rekstri fyrirtækja er stundum skipt í rekstrarhlíð þar sem menn skoða tekjur af aðalstarfsemi fyrirtækisins á móti gjöldunum sem varið var til þess að framleiða vöruna eða veita þjónustuna sem greitt var fyrir, og síðan fjármögnunarhlíð rekstrarins þar sem fjármögnunarkostnaður, lán og arðgreiðslur til eigenda standa á móti rekstrareignum sem hafa verið lagðar til rekstrarins. Rekstrarhagnaður skapar tekjur sem ganga til þess að greiða vexti og arð af lánnum og hlutafé.

Fyrirtækin voru samanlagt með 245 milljarða í vaxtagjöld árið 2019 sem var 39 milljörðum eða 13,6% minna en árið áður. Ef árið 2018 er undanskilið, en þá hækkðu vaxtagjöld fyrirtækja um 26 milljarða eða 10%, hafa vaxtagjöld lækkað ár frá ári allt frá hruni. Þau voru 728 milljarðar árið 2007 og hækkðu síðan í 1.318 milljarða árið 2008 en hafa síðan lækkað ár frá ári með fyrrnefndri undantekningu. Það sama má segja um vaxtatekjur en vaxtatekjur fyrirtækja voru 142 milljarðar árið 2019 sem var fimm milljörðum eða 3,6% lægri en árið áður. Vaxtatekjur fyrirtækja voru 530 milljarðar árið 2008. Þó að lækkun vaxtatekna hafi ekki verið jafnstöðug ár frá ári og lækkun vaxtagjalda þá hafa þær þó lækkað umtalsvert á þeim árum sem liðin eru frá hruni. Vaxtagjöld að frádregnum vaxtatekjum voru 103 milljarðar, 33 milljörðum eða 24,4% lægri en árið 2018. Fjármálafyrirtækin færa vaxtatekjur yfirleitt sem rekstrartekjur af undanþeginni starfsemi en stór hluti greiddra vaxta er vitanlega greiddur fjármálafyrirtækjum.

Hagnaður skv. ársreikningi

Þegar búið er að draga fjármögnun og skatta frá rekstrarhagnaði stendur eftir hagnaður



samkvæmt ársreikningi. Hagnaður skv. ársreikningi er hlutur eigenda fyrirtækisins í afkomu rekstrarins. Niðurstaða rekstrarins árið 2019 var 386 milljarðar, sem var fimm milljörðum eða 1,4% lakari niðurstaða en árið áður. Þar sem hér er um hagnað og tap óskyldra aðila að ræða, sem geta ekki nýtt hagnað eins fyrirtækis gegn tapi annars, er mikilvægt að gera greinarmun á hagnaði og tapi. Samanlagður hagnaður fyrirtækjanna

að segja að þær séu að fullu sambærilegar. Það er mikilvægt að hafa í huga að tiltölulega fá fyrirtæki afla stórs hluta tekna í landinu og því hefur afkoma hvers þeirra talsvert mikil áhrif á niðurstöður fyrir landið allt. Í hruninu skyggði staða bankanna algerlega á allt atvinnulífið.

Á móti hagnaðinum stóð tap skv. ársreikningi upp á 284 milljarða en tapið minnkaði um 30 milljarða eða 9,6% frá árinu áður. Árið 2019 voru 18.409 fyrirtæki rekin með hagn-


”

*Ef árið 2018 er undanskilið, en þá hækk-
uðu vaxtagjöld fyrirtækja um 26 milljarða
eða 10%, hafa vaxtagjöld lækkað ár frá
ári allt frá hruni*

var 607 milljarðar, sem var 36 milljörðum eða 5% minni hagnaður en árið áður. Þetta er með því minnsta sem sést hefur síðan 2003. Hagnaður fyrirtækja var 7.086 milljarðar árið 2015, 1.181 milljarður árið 2016, 815 milljarðar árið 2017 og 705 milljarðar árið 2018. Þá var hann 494 milljarðar árið 2008 og 853 milljarðar árið 2010. Ýmis mál tengd falli bankanna og uppgjöri hrunsins hafa haft talsverð áhrif á þessar tölur á undanföllum árum og því er ekki hægt


aði, 199 fleiri en árið áður en 20.977 fyrirtæki voru rekin með tapi, 247 fleiri en árið áður. Tapið greiðist af eigin fé fyrirtækisins og því sáu eigendur þessara fyrirtækja, hluthafarnir, eigur sínar rýrna á árinu. Þrátt fyrir að hagnaðurinn hafi minnkað var hagnaður af lítið eitt fleiri fyrirtækjum en árið 2018, 45,4% samanborið við 45,2% fyrirtækja árið 2018. Þetta er heldur lægra hlutfall en á uppgangs-árunum 2013 til 2017 en árið 2016 og 2017

Tekjuskattsstofn



Tekjuskattur er lagður á tekjuskattsstofn. Tekjuskattsstofn í álagningu árið 2020 var 321 milljarðar, 30 milljörðum eða 8,6% lægri en árið áður. Í álagningunni áætla ríkisskattstjóri tekjur fyrirtækja sem ekki hafa skilað framtali eða talin eru hafa vantalið tekjur. Áætlanir hafa talsverð áhrif á skattstofninn. Í álagningu 2020 voru um 8,2% skattstofnsins byggð á áætlun og hefur þetta hlutfall aldrei verið lægra. Það var 43,2% árið 2008 og 50,9% árið 2009 en hefur síðan lækkað ár frá ári. Tekjuskattsstofn skv. framtali ársins 2017 var 347 milljarðar, hann var 308 milljarðar og 291 milljarður framtalsárin 2018 og 2019. Það dró því nokkuð úr skattskyldum hagnaði á þessum árum.

Yfirfæranlegt tap



Fyrirtæki sem rekin eru með tapi geta nýtt tapið á móti hagnaði næstu ára og lækkað þannig skattstofninn. Samkvæmt skattframtali ársins 2020 áttu félög 1.793 milljarða í tap sem þau gátu nýtt á móti hagnaði komandi ára. Yfirfæranlegt tap jókst mjög hratt um miðjan fyrsta áratug aldarinnar þegar fjárfestingafélög sem höfðu mjög greiðan aðgang að lánsfé ruddu sér til rúms. Þessi félög lögðu mikið undir í viðskiptum á alþjóðlegum vettvangi og tap félaganna jókst mikið í aðdraganda hrunsins en þegar bankarnir féllu tók steininn úr. Frá þeim tíma hefur yfirfæranlegt tap minnkað ár frá ári. Það er þó enn hátt þegar litið er til áranna fyrir hrún. Það er einkennandi fyrir íslenskt atvinnulíf að fá fyrirtæki vega þungt og skipta miklu fyrir heildarmyndina. Staðan getur því breyst nokkuð þegar fram líða stundir og fleiri framtöl berast.

á hverju ári. Þá er ekki allur hagnaður skattskyldur á því ári sem hann verður til. Stundum er leyfilegt að fresta tekjufærslu og þá má nýta uppsafnað tap fyrri ára á móti hagnaði ársins. Reglur um afskriftir og gjaldfærslu í fyrirtækjum geta haft mikla þýðingu fyrir skattlagningu og skattbyrði. Málið er því flóknara en svo að hægt sé að segja að skattlagning fyrirtækja og eigenda fyrirtækja snúist aðeins um skatthlutfallið sem var óbreytt fyrir hlutafélög, þ.e. 20%, og 37,6% á sameignarfélög, samlagsfélög og þrotabú, og 37,6% á dánarbú.

Tekjuskattsstofn lögaðila var 321 milljarður en þar af voru 26 milljarðar byggðir á áætlunum ríkisskattstjóra. Tekjuskattsstofn var 295 milljarðar, rúmum tveimur milljörðum eða 0,8% lægri en við álagningu 2019. Áætlaður tekjuskattsstofn var 26 milljarðar, 28 milljörðum eða 51,3% lægri en árið áður. Aðeins um 8,2% tekjuskattsstofns byggði á áætlun en það er lægra hlutfall en hefur sést, alla vega síðan 1992 eða í nær þrjú áratugi. Áætlanir voru um 15,4% í álagningu árið 2019 á tekjur ársins 2018 og 13,8% árið þar á undan. Þetta hlutfall var þó lágt miðað við álagningu 2008, 2009 og 2010 en þá voru 43,2%, 50,9% og 37,6% tekjuskattsstofns byggður á áætlunum en vert er að hafa í huga að á hrúnarunum voru þjóðfélagsaðstæður fordæmalausar eins og fram hefur komið.

Á skattstofn voru lagðir 68 milljarðar í tekjuskatt sem var sex milljörðum minna en árið 2019. Tekjuskattur lögaðila lækkaði því um 7,7% á milli ára. Þetta var í þriðja árið í röð sem álagður tekjuskattur lækkar. Hann lækkaði um 8,6% í álagningunni 2018 og 6,8% í álagningu 2019. Þegar þetta er skoðað betur sést hins vegar að tekjuskattur sem lagður var á framtalin hagnað var 148 milljónum hærri en árið áður á meðan áætlanir lækkuðu um 5,8 milljarða. Tíu milljarðar voru lagðir á sameignar- og samlagsfélög sem greiddu 37,6% skatt en þar af var um það bil einn milljarður byggður á áætlunum.

Yfirfæranlegt tap

Ólíkt launþegum leyfist félögum að draga frá tekjum þann kostnað sem fellur til við að afla teknanna og halda þeim við. Einstaklingum með rekstur í eigin nafni leyfist líkt og félögum að draga frá atvinnutekjum kostnað, þar á meðal reiknað endurgjald vegna vinnu. Þeim ber að reikna sér laun sem eiga að vera jafnhá þeim launum sem þeir fengju greidd ef að þeir væru í vinnu fyrir óskyldan aðila.

Innan hvers fyrirtækis er yfirleitt unnið að mörgum ólíkum verkefnum sem miða að því að afla tekna og hagnaðar fyrir fyrirtækið. Hvert verkefni krefst yfirleitt nokkurra fjárútláta í fyrstu áður en að menn fara að

skiluðu 48,5% og 47,3% fyrirtækja eigendum sínum hagnaði. Tap var samkvæmt ársreikningi 51,7% fyrirtækja sem búin voru að skila skattframtali um miðjan nóvember. Þetta hlutfall var 51,4% árið 2018. Í gegnum tíðina hefur verið tap af um helmingi félaga.

Tekjuskattsstofn

Tekjuskattur er lagður á hagnað fyrirtækja en hagnaður fyrirtækja er tekjur að frádregnum gjöldum. Ýmsar sérreglur gilda þó um skattlagningu hagnaðar og því er yfirleitt aðeins hluti hagnaðar fyrirtækja skattlagður

Opinber gjöld lögaðila 2015 til 2020

Álagningarár	Álagning						Breyting		Fjöldi			Breyting	
	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2019-2020		2018	2019	2020	2019-2020	
Tekjuskattur	71.453	76.528	86.755	79.284	73.859	68.201	-5.658	-7,7%	17.820	17.534	16.564	-970	-5,5%
Fjármagnstekjuskattur	1.614	1.498	2.032	1.623	1.812	1.956	144	8,0%	707	732	790	58	7,9%
Jöfnunargjald alþjónustu	52	52	51	49	47	48	0	0,4%	61	47	47	0	0,0%
Útvarpsgjald	718	673	711	736	749	769	19	2,6%	40.640	41.976	42.957	981	2,3%
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	37.721	9.565	9.426	9.997	10.841	10.923	82	0,8%	4	4	4	0	0,0%
Fjársýsluskattur	3.245	3.175	3.188	3.391	3.342	3.248	-95	-2,8%	147	127	109	-18	-14,2%
Sérstakur fjársýsluskattur	6.751	7.469	3.918	3.859	2.837	2.390	-447	-15,7%	8	7	8	1	14,3%
Tryggingagjald*	84.192	90.130	94.285	98.794	104.194	102.208	-1.985	-1,9%	21.423	22.119	22.812	693	3,1%
Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar	1.140	1.282	2.272	2.248	3.029	4.361	1.332	44,0%	119	136	181	45	33,1%
Samtals	205.993	189.365	200.616	197.733	197.680	189.742	-7.938	-4,0%					
Fjöldi gjaldskyldra félaga									43.240	47.170	48.330	1.160	2,5%

* Markaðsgjald og iðgjald slysatryggingar sjómanna eru hér talin með í tölum um tryggingagjald.

Fjárhæðir í milljónum á föstu verðlagi í árslok.

sjá árangur starfsins og það fer að skapa tekjur og arð í rekstrinum. Í stóru fyrirtæki eru mörg verkefni í gangi í einu, sum skapa arð en önnur ekki. Verkefni sem skapa arð verða því undirstaða nýsköpunar og vaxtar innan fyrirtækisins. Arðurinn af arðbærum verkefnum er þannig endurfjárfestur innan fyrirtækisins í þróunar- og nýsköpunarverkefnum sem munu, ef áætlanir ganga eftir, skila hagnaði í framtíðinni.

Ein af meginreglum reikningsskila segir að jafna skuli gjöld á móti tekjum. Eins og gefur að skilja eru fyrirtæki oft rekin með tapi í nokkurn tíma áður en þau fara að skila hagnaði. Fyrirtæki sem rekin eru í ágóðaskyni geta því flutt tap ársins, eða kostnað umfram tekjur, yfir til næsta árs, í allt að 10 ár, og nýtt það til að lækka skattstofn komandi ára. Yfirfærlegt tap til næsta árs er því uppsafnað tap fyrri ára að viðbættu tapi ársins eða uppsafnað tap fyrri ára að frádregnum hagnaði ársins.

Yfirfærlegt tap fyrirtækja við lok árs 2020 var 1.793 milljarðar. Tapið minnkaði um 348 milljarða eða 16,3% á milli ára. Hluti tapsins gekk til lækkunar tekjuskatti og þá hafa fyrirtæki sem áttu tap lagt upp laupana og hætt að skila skattframtali. Yfirfærlegt tap jókst mikið þegar Íslendingar fóru að gera sig gildandi í ýmis konar fjárfestingastarfsemi á

alþjóðlegum vettvangi. Lánsfé var auðsótt og í þessum viðskiptum var mikið lagt undir. Mörg fjárfestingafyrirtæki voru rekin með tapi sem hafði ekki sést fyrr hér á landi. Þegar bankarnir hrundu jókst yfirfærlegt tap fyrirtækja gríðarlega mikið en þar réði fall fjárfestingafyrirtækjanna og bankanna úrslitum. Yfirfærlegt tap fyrirtækja jókst svo fram til ársins 2014 en frá þeim tíma hafa gömul þrotabú verið gerð upp og tapið hefur verið afskrifað.

Sem fyrr segir er tapið að miklu leyti bundið við nokkur stór félög. Í álagningu 2014 vantaði nokkuð upp á að öll félögin hefðu skilað fyrir framtalsfrest og því var tapið mun lægra við álagningu en árin áður. Þegar fleiri framtöl bárust og þá sérstaklega ákveðin framtöl hækkaði tapið til samræmis við tap árána á undan. Samkvæmt framtali ársins 2015 var yfirfærlegt tap fyrirtækja 8.334 milljarðar sem jafngilti þá þremur og hálfri landsframleiðslu. Þrátt fyrir að það hafa lækkað nokkuð er tapið enn hátt, eða um 60% af landsframleiðslu, sem er töluvert hærra en þekktist fyrir hrun. Upp úr aldamótum var yfirfærlegt tap fyrirtækja yfirleitt undir 20% af landsframleiðslu en meðaltap árána 1997 til 2005 var um 18,6% af landsframleiðslu. Það jókst síðan árin 2005 og 2006 og síðasta árið fyrir hrun var yfirfærlegt tap um 45,7% af landsframleiðslu.


Eignir og skuldir

Það kunna að vera ýmsar ástæður fyrir því að menn taka sér eitthvað fyrir hendur í lífinu en í grunninn hefja menn atvinnurekstur eða leggja fé í atvinnurekstur til að bæta hag sinn.

Fyrirtæki sem rekin eru í hagnaðarskyni eiga að skapa tekjur og hagnað fyrir eigendur, eða í tilvikum hins svokallaða þriðja geira, til góðgerða- eða félagsmála. Eignunum, svo sem lóðum, byggingum, vélum og tækjum, er ætlað að skapa tekjurnar og hagnaðinn. Stundum taka menn lán til að kaupa eignir eða aðföng og þá koma skuldir á móti eignunum.

Í árslok árið 2019 voru samanlagðar eignir fyrirtækja sem rekin eru í hagnaðarskyni og skiluðu skattframtali rekstraraðila 16.458 milljarðar eða með öðrum orðum tæpar 16,5 íslenskar billjónir. Eignir fyrirtækjanna jukust um 195 milljarða á milli ára. Á móti eignum stóðu skuldir upp á 9.991 milljarðar. Skuldarnar jukust um 56 milljarða 0,6%. Lánardrottinnar eiga skuldirnar og því eru skuldir skuldunauta eignfærðar hjá lánardrottnum. Þá er eignarhlutur fyrirtækja í öðrum félögum eignfærður og því talin fram hjá báðum félögum. Það skila hins vegar ekki allir skattframtali hér á landi og því eru ekki allar skuldir færðar til eignar hjá lánardrottnum. Samanlagt eigið fé félaga

Eignir og skuldir



Eignir fyrirtækjanna eiga að skapa tekjur og hagnað og þannig ávaxta eignirnar, sem eru sparnaður eigendanna. Yfirleitt eru eignirnar að einhverju marki fengnar að láni og teljast því skuld við þann sem lánaði og lagði þannig fé til rekstrarins. Á móti eignum standa því skuldir og skuldlausar eignir eigendanna eða eigið fé. Eignir jukust mikið á uppgangsrárunum fyrir hrún. Þetta var að mestu leyti vegna fjárfestingarstarfsemi en eignir voru keyptar fyrir lánsfé, stundum hlutabréf í fjárfestingarfélögum sem hvert um sig var sjálfstæður skattaaðli. Meiri lán leiddu til meiri kaupmáttar og hærra verðs á eignum, sem sköpuðu aftur veðrymi, óháð rekstrareignum og framleiðslu. Eignirnar voru mun meiri en skuldirnar og því jókst eigið fé. Þegar erfiðara varð að fá lán hættu eignir að hækka í verði, fyrirtækin hættu að standa í skilum og ómögulegt var að fjármagna tapið, sem leiddi að lokum til hruns. Skuldir jukust en eignir töpuðust. Síðan hefur verið unnið við að vinda ofan af stöðunni sem skapaðist árið 2008. Árið 2019 voru samanlagðar eignir fyrirtækjanna í landinu 16.458 milljarðar en á móti skuldunum stóðu 9.991 milljarðar en eigið fé fyrirtækjanna var 6.467 milljarðar.



Arðgreiðslur voru ekki nema 82 og 83 milljarðar árin 2009 og 2010 en tóku síðan að aukast eftir að viðspyrnu var náð árið 2011, og jukust ár frá ári fram til ársins 2015 þegar fyrirtækin greiddu 327 milljarða í arð sem var met. Síðan hafa arðgreiðslur verið 250 til 300 milljarðar á ári

anna var 6.467 milljarðar sem slagar hátt í samanlagðar framtaldar eignir einstaklinga. Hér er vitanlega um mörg óskyld félög að ræða og eignir eins félags ganga ekki á móti skuldum annars. Eigið fé var í 26.484 félögum en eignir 13.356 félaga dugðu ekki fyrir skuldum. Skuldir umfram eignir voru 680 milljarðar, 41 milljarði hærri en í árslok árið 2018 en þar af voru 386 milljarðar vegna tíu félaga og 457 milljarðar vegna 20 skuldugustu félaganna.

Hlutafé

Samkvæmt skattframtölum rekstraraðila var nafnverð hlutafjár í félögum 1.920 milljarðar, 14 milljörðum eða 0,7% lægra en árið áður. Það er athyglisvert nafnverð hlutafjár í félögum hefur minnkað mikið á undanföllum árum. Það var 5.761 milljarður árið 2008 en hefur síðan minnkað að heita frá ári til árs, að árinu 2015 undanskildu en þá hækkaði hlutafé um 1.182 milljarða á einu bretti. Hlutafé í fyrirtækjum var álíka hátt árið 2019 og 2002.

Greiddur arður

Arður er greiddur af hagnaði fyrri ára. Þannig er ekki leyfilegt að greiða út arð af hagnaði yfirstandandi árs. Ef fyrirtæki sér ekki fyrir sér að geta ávaxtað eignir eigendanna í verkefnum innan fyrirtækisins á það að greiða eigendunum arð svo að þeir geti sjálfir fundið ásættanlega ávöxtun fyrir eignir sínar. Fyrirtæki í landinu greiddu 247 milljarða í arð árið 2019, sem var einum milljarði meira en greitt var út árið 2018.

Arðgreiðslur jukust mikið á uppgangsskeiðinu í aðdraganda hrunsins. Fyrirtækin greiddu til að mynda 141 milljarð, 214 milljarða, 278 milljarða og 210 milljarða í arð á árunum 2005 til 2008. Arðgreiðslur voru ekki nema 82 og 83 milljarðar árin 2009 og 2010 en tóku síðan að aukast eftir að viðspyrnu var náð árið 2011, og jukust ár frá ári fram til ársins 2015 þegar fyrirtækin greiddu 327 milljarða í arð sem var met. Síðan hafa arðgreiðslur verið 250 til 300 milljarðar á ári.

Töluverður hluti úthlutaðs arðs er greiddur öðrum félögum. Fyrirtæki fengu 99 milljarða greidda í arð frá innlendum félögum árið 2019, sem var 37 milljörðum eða 60,0% meira en árið áður. Þá fengu fyrirtæki fjóra milljarða í arð af erlendum hlutabréfum. Þróun fengins arðs hefur verið áþekkt og þróun arðgreiðslna fyrirtækjanna. Fjármálaframtæki telja fram vexti og arð sem rekstrartekjur. Hafa ber í huga að lífeyrissjóðirnir skila ekki skattframtali rekstraraðila.

Fjármagnstekjuskattur

Í fyrirtækjum sem rekin eru í hagnaðarskyni skiptast tekjur yfirleitt í rekstrartekjur af venjulegri starfsemi, að frádregnum rekstrargjöldum sem stofnað er til í því skyni að afla teknanna, og á hinn bóginn fjármunatekjur og fjármagnsgjöld. Yfirleitt er ekki gerður greinarmunur á því hvort að hagnaðurinn verður til vegna rekstrarhliðar eða fjármögnunarhliðar fyrirtækisins. Hagnaður vegna fjármögnunar er því skattskyldur eins og annar hagnaður fyrirtækisins og því er lagður á hann 20% eða 37,6% tekjuskattur eftir atvikum.

Lögaðilar sem eru ekki reknir í hagnaðarskyni, ríki, sveitarfélög og félagasamtök eru undanþegin tekjuskatti af hagnaði en greiða þess í stað fjármagnstekjuskatt af vöxtum, arði og sölughagnaði hlutabréfa eins og einstaklingar. Óskattskyldir lögaðilar skila því ekki skattframtali rekstraraðila heldur skattframtali óskattskyldra lögaðila.

Í álagningu 2020 voru tæpir tveir milljarðar lagðir á lögaðila í fjármagnstekjuskatt sem var 144 milljónum eða 8% meira en var lagt á fyrir ári. Eins og gefur að skilja getur sala einstaka lögaðila á hlutabréfum haft

umtalsverð áhrif á fjármagnstekjur á hverju ári. Fjármagnstekjuskattur var lagður á 790 lögaðila, 58 fleiri en fyrir ári.

Endurgreiðsla vegna rannsóknarkostnaðar


Fyrirtæki sem uppfylla ákveðin skilyrði gátu sótt um skattfrádrátt vegna nýsköpunar og þróunarverkefna á árinu 2019. Frádrátturinn var 20% af styrkhæfum kostnaði en hámark kostnaðar var tvöfaldað á milli ára. Það hækkaði úr 300 milljónum í 600 milljónir vegna gjaldfærðs kostnaðar og úr 450 milljónum í 900 milljónir ef um var að ræða aðkeypta rannsóknar- og þróunarvinnu sem keypt var af ótengdum aðilum. Skattfrádráttur gat því mest orðið 180 milljónir.

Þó að frádrætti vegna þróunar- og nýsköpunarverkefna sé ætlað að koma til lækkunar álögðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda er hér ekki um hreinan frádrátt að ræða. Ef álagður tekjuskattur er lægri en skattafrádrátturinn er mismunurinn greiddur út til fyrirtækjanna. Dæmigerð nýsköpunarfyrirtæki eru sjaldnast rekin með hagnaði, sem á þó ekki við um stór fyrirtæki sem stunda vöruþróun og rannsóknir eins og drepið var á hér að framan.

Afsláttur vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar fyrirtækja sem sóttu um endurgreiðslu var tæpir 5,2 milljarðar. Samanlagður tekjuskattsstofn fyrirtækjanna var 21,3 milljarðar en tekjuskattur af þessum stofni var rúmí 4,2 milljarðar. Skattfrádráttur var tæpir 5,2 milljarðar en þar af gengu 824 milljónir upp í tekjuskatt en tæpir 4,4 milljarðar voru greiddir út. Alls sótti 201 fyrirtæki um frádrátt en þar af fengu 181 rannsóknarkostnað endurgreiddan. Skattfrádrátturinn hefur hækkað mikið og fleiri sækja um en áður. Við álagningu 2019 sóttu 160 fyrirtæki um slíka ívilnun en þá nam skattfrádráttur tæpum 3,6 milljörðum og hækkaði hann þannig um 45% á milli ára. Við álagningu 2019 voru fyrirtækin með rúma 26,3 milljarða í tekjuskattstofn en álagður tekjuskattur á stofninn var tæpir 5,3 milljarðar. Tekjuskattur fyrirtækjanna lækkaði því nú um 19,5% á milli ára. Af veittum frádrætti 2019 gengu 608 milljónir til lækkunar tekjuskatti en tæpir 3 milljarðar voru greiddir út til 136 fyrirtækja sem fengu rannsóknar- og þróunarkostnað endurgreiddan frá ríkinu.

Skattar á fjármálafyrirtæki

Frá árinu 2011 hafa verið kynntir til sögunnar fimm nýir skattar á fjármálafyrirtæki: sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, viðbót við sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, sérstakt gjald á lífeyrissjóði, fjársýsluskattur og sér-



Eigið fé fyrirtækja í landinu var 6.467 milljarðar árið 2019, 139 milljörðum hærra en árið áður. Upp úr aldamótunum tók fjármálakerfið að vaxa gríðarlega hratt. Skuldir jukust mjög hratt en eignir voru mun meiri en skuldir og þótt skuldir ykjust hraðar en eignir óx eigið fé mjög hratt og mikið á þessum árum. Vöxtinn mátti því fyrst og fremst rekja til fjárfestinga en ekki til framleiðslunnar. Þetta kerfi hrundi árið 2008. Stór hluti eigna þurrkaðist út en skuldarnar héldu verðgildi sínu, alla vega fyrsta kastíð. Á árunum 2008 til 2014 voru skuldir íslenskra fyrirtækja meiri en eignirnar og því var samanlagt eigið fé fyrirtækja í landinu neikvætt. Árið 2010 var botninum náð en þá voru skuldarnar 4.834 milljörðum meiri en eignirnar. Síðan hafa eignirnar tekið að hækka aftur, fyrirtæki hafa farið í þrot, þau hafa verið endurskipulögð og skuldir afskrifaðar eða greiddar niður. Á botni kreppunnar árið 2010 var neikvætt eigið fé fyrirtækja 10.618 milljarðar en á sama tíma áttu önnur fyrirtæki eignir umfram skuldir sem metnar voru á 5.784 milljarða. Eigið fé jókst og var orðið 9.814 milljarðar árið 2015 á sama tíma og skuldir umfram eignir minnkuðu niður í 1.380 milljarða. Neikvætt eigið fé hélt áfram að minnka fram til ársins 2018 en þá var það orðið 639 milljarðar en á sama tíma rýrnaði jákvætt eigið fé í 6.967 milljarða. Árið 2019 áttu 26.484 fyrirtæki eignir umfram skuldir en samanlagðar eignir þessara fyrirtækja umfram skuldir voru metnar á 7.146 milljarða. Hins vegar skulduðu 13.356 fyrirtæki 680 milljarða umfram eignir.

stakur fjársýsluskattur. Þrír þessara skatta voru lagðir á lögaðila árið 2020, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki er 0,376% skattur sem lagður er á heildarskuldir fjármálafyrirtækja umfram 50 milljarða. Skatturinn var lagður á fjögur fjármálafyrirtæki og skilaði 10,9 milljörðum, það er 82 milljónum eða 0,8% meiru en árið áður.

Þá var lagður á sérstakur fjársýsluskattur sem er 6% viðbótartekjuskattur sem lagður er á tekjuskattsstofn umfram milljarð hjá fyrirtækjum sem greiða fjársýsluskatt. Við álagningu sérstaks fjársýsluskatts er ekki tekið tillit til samsköttunar og yfirfæranlegs taps. Skatturinn var lagður á átta fyrirtæki samanborið við sjö í álagningunni 2019 og skilaði 2,4 milljörðum, sem var 447 milljónum eða 15,7% minna en fyrir ári.

Fjársýsluskattur er lagður á allar tegundir launa og þóknana hjá fjármálafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum og tryggingafélögum auk Íbúðarlánasjóðs. Hann skilaði nú 3.248

milljónum, sem var 95 milljónum eða 2,8% minna en árið 2019. Skatturinn var lagður á 109 fjármálafyrirtæki, eða 18 færri en árið 2019.

Önnur gjöld

Útvarpsgjald hefur verið lagt á skattskylda lögaðila frá árinu 2009. Dánarbú, þrotabú og lögaðilar undanþegnir skattskyldu eru þó undanþegnir gjaldinu. Gjaldið var 17.900 kr. árið 2020. Samtals voru 769 milljónir lagðar á skattskyld fyrirtæki í útvarpsgjald árið 2020, sem var 19 milljónum eða 2,6% meira en lagt var á árið áður. Gjaldið var lagt á 42.957 lögaðila, 981 fleiri en fyrir ári.

Jöfnunargjald alþjónustu er 0,1% gjald sem er lagt á veltu af fjarskiptastarfsemi. Það var lagt á 47 félag, jafnmörg og í fyrra. Gjaldið skilaði 48 milljónum, sem var um 168 þúsundum eða 0,4% meira en fyrir ári.


Páll Kolbeins

Staðgreiðsla 1988 - 2020

Fram til ársins 1987 voru tekjur launamanna taldar fram og skattar greiddir árið eftir að teknanna var aflað. Þrátt fyrir að skatturinn rýrnaði á verðbólgu-tímum urðu menn engu að síður að gæta þess að eiga fyrir honum ári síðar þegar hann var lagður á og kom til greiðslu. Þetta gat reynst erfitt ef tekjur manna lækkuðu á milli ára. Um miðja síðustu öld fór áhugi á staðgreiðslu að aukast hér á landi og árið 1988 kom til framkvæmda ný lögjögjör um staðgreiðslu skatta af launum og öðrum tekjuskattsskyldum greiðslum. Þar var um umfangsmikla kerfisbreytingu að ræða frá hinu eldra regluverki. Atvinnurekendur og aðrir launagreiðendur skulu nú standa skil á staðgreiðslu af öllum launum og hlunnindum, reiknuðu endurgjaldi vegna vinnu við eigin atvinnurekstur, lífeyri, greiðslum Tryggingastofnunar og atvinnuleysisbótum. Skattur er þá dreginn af launum um leið og þau eru greidd.

Á fyrstu árum staðgreiðslunnar jukust tekjur einstaklinga fremur lítið en um miðjan tíunda áratuginn fór í hönd vaxtarskeið sem stóð nær linnulaust fram á mitt ár 2008. Þá tók við samdráttarskeið sem stóð fram í byrjun árs 2011. Síðan þá hafa staðgreiðsluskyldar greiðslur hækkað óslitið frá ári til árs. Árið 2020 námu þessar tekjur 1.835 milljörðum og þrátt fyrir ástandið á tímum heimsfaraldurs COVID-19 hækkuðu þær um 27 milljarða eða 1,5% að raungildi frá árinu áður. Þetta var minni aukning en árið 2019 þegar tekjurnar numu samtals 1.805 milljörðum sem var aukning um 40 milljarða eða 2,3% frá fyrra ári.


Ef menn horfa til ársbreytingar í hverjum mánuði á árinu 2020 eða samanlagðra tekna síðustu tólf mánaða, og bera saman við sama tólf mánaða tímabil árið áður þá sést að nokkurt lát varð á hinni miklu tekjuaukningu sem átt hefur sér stað síðastliðin ára-



tug. Í apríl árið 2020 jukust árstekjur ekki um nema 22 milljarða sem er minnsta aukning síðan í október árið 2013. Þó að nokkuð hafi dregið úr tekjuaukningunni þá var ársvöxtur tekna í hverjum mánuði árið 2020 engu að síður hátt í 1,5%. Það er merkilegt að á sama tíma og viðskiptin minnka þá aukast tekjurnar. Þá er einnig merkilegt að staðgreiðsluskyldar greiðslur

landsmanna í einum mánuði hafa aldrei verið jafnháar og í nóvember 2020 eða 161 milljarður, tæpum þremur milljörðum eða 1,8% hærri að raunvirði en í nóvember 2019. Þá voru tekjur í desember rúmum þremur milljörðum eða 2,0% hærri en árið áður.

Páll Kolbeins



Velta og virðisaukaskattur 1990 - 2020


Virðisaukaskattur var tekinn upp hér á landi árið 1990 en hann er lagður á vöru og þjónustu á öllum stigum viðskiptanna, hráefni og önnur aðföng jafnt sem neyslu, og við innflutning. Skattskyldir aðilar leggja virðisaukaskatt á selda vöru eða þjónustu, útskatt, en fá hins vegar þann virðisaukaskatt sem þeir hafa sjálfir greitt af aðföngum endurgreiddan í formi innskatts, en standa skil á mismuninum í ríkissjóð. Þeir sem ekki geta innskattað þurfa hins vegar að bera skattinn og því leggst hann í reynd aðeins á endanlega neyslu. Virðisaukaskattur er þó í sumum tilvikum endurgreiddur, t.d. af vinnu við íbúðarhúsnæði. Tekjur ríkisins af virðisaukaskatti eru því mismunur á útskatti og innskatti og virðisaukaskattur greiddur í tolli við innflutning en að frádregnum endurgreiðslum.

Þrátt fyrir að virðisaukaskattur sé hugsaður sem almennur skattur sem á að leggjast á flestöll viðskipti hefur hann í gegnum tíðina verið lagður á í þrepum hér á landi; almennu þrepi, lægra þrepi sem var tekið upp árið 1993, og núll þrepi en undir það fellur einkum útflutningsstarfsemi. Virðisaukaskattur er lagður á innflutning í tolli en hann er hins vegar ekki lagður á útflutning. Virðisaukaskattur sem lagður er á og innheimtur á öllum stigum framleiðslu vöru til útflutnings er innskattaður þegar varan er seld úr landi. Útflytjendur fá þann virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af aðföngum endurgreiddan í formi innskatts. Þetta leiðir til þess að innskattur útflutningsgreina er iðulega hærri en útskattur.

Ekki er öll endanleg neysla í þjóðfélaginu virðisaukaskattsskyld. Ýmis þjónusta sem er yfirleitt veitt af hinu opinbera, s.s. menntun, menning, félags- og heilbrigðismál, ber yfirleitt ekki virðisaukaskatt. Þegar sambærileg eða svipuð þjónusta er veitt af einkaaðilum gegn gjaldi er hún með sama hætti undanþegin virðisaukaskatti. Þá ber fjármálaþjónusta heldur ekki virðisaukaskatt.

Skattstofn virðisaukaskatts eru flestöll viðskipti í landinu, kaup og sala vöru og þjónustu til einstaklinga og fyrirtækja. Sala erlendra fyrirtækja, þ.e. innflutningur, er hér meðtalin. Skattstofninn segir því ákveðna sögu um efnahagsleg umsvif í landinu á hverjum tíma. Fyrirtæki leggja á og innheimta virðisaukaskatt á skattskylda vöru og þjónustu og þá er virðisaukaskattur lagður á við innflutning. Almenn skil á virðisaukaskatti eru á tveggja mánaða fresti og er gjalddagi virðisaukaskatts einum mánuði og fimm dögum eftir lok hvers tveggja mánaða uppgjörstímabils.


Nokkuð var farið að draga úr efnahagsumsvifum í landinu þegar á árinu 2019. Ef tölur um veltu innanlands samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum auk innflutnings þess árs eru skoðaðar þá sést að landsmenn keyptu vörur og þjónustu sem var 62 milljörðum eða



1,5% verðminni á föstu verðlagi en árið áður. Mest munaði um 34 milljarða eða 1,4% minni veltu í almennu þrepi, sem hefur verið 24% frá og með árinu 2015. Velta í 11% þrepi var hins vegar 18 milljörðum eða 1,8% meiri en árið áður. Þá keyptu landsmenn vörur af erlendum fyrirtækjum sem fluttu vörur landsins fyrir um 46 milljarða eða 5,2% minna en árið áður. Landsmenn fluttu inn vörur að andvirði 846 milljarða árið 2019. Samanlagt keyptu þeir því virðisaukaskattsskylda vöru og þjónustu sem ýmist var seld hér innanlands af íslenskum fyrirtækjum eða keypt erlendis frá að

andvirði 4.211 milljarða króna. Undanþegin velta stóð að heita í stað. Hún var tveimur milljörðum eða 0,1% meiri en árið áður.

Á skattsskylda sölu voru lagðir 672 milljarðar í virðisaukaskatt sem var sex milljörðum eða 0,9% minna en árið áður. Þá voru 1,7 milljarðar lagðir á aðkeypta þjónustu erlendis frá en 180 milljarðar voru lagðir á í tolli. Virðisaukaskattur í tolli var 8,5 milljörðum eða 4,5% minni en árið 2018. Á móti álögðum virðisaukaskatti á sölu innsköttaðu fyrirtækin 579 milljarða, saman borið við 594 milljarða árið 2018, og því hafa tekjur



af skattinum verið um 274 milljarðar, nær óbreyttar frá árinu áður.

Endurgreiðslur eru hluti af virðisaukaskattkerfinu en árið 2019 voru um 18 milljarðar þess virðisaukaskatts sem lagður var á endanlega neyslu endurgreiddur. Hér er fyrst og fremst um að ræða endurgreiðslur vegna nýbyggingar- og viðhalds íbúðarhúsnæðis. Þegar hafa verið endurgreiddir um 16,6 milljarðar vegna ársins 2020 en þar af voru 444 milljónir liður í sérstökum mótvægisáðgerðum stjórnvalda gegn efnahagsáhrifum farsóttarinnar sem hefur geisað í landinu að undanfögnu. Þessar sérstöku aðgerðir fólust meðal annars í því að frá og með 1. mars 2020 var endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði hækkað úr 60% í 100%. Þá gátu einstaklingar einnig sótt um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna viðgerða, sprautunar og réttunga á fólksbifreiðum. Einstaklingum var enn fremur gert kleift að sækja um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna nýbyggingar og viðhalds á fristundahúsnæði. Sveitarfélög og félagasamtök, t.d. björgunarsveitir, trúfélög, íþróttafélög og líknarfélög, gátu einnig sótt um endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna framkvæmda á hús-

næði í eigu þeirra. Gildistími þessara úrræða hefur nú verið framlengdur til næstu áramóta. Í lok árs 2020 höfðu 225 milljónir þegar verið endurgreiddar vegna bifreiðaviðgerða. Endurgreiðslur til félagasamtaka voru orðnar 78 milljónir og sveitarfélögin höfðu fengið 180 milljónir endurgreiddar. Skattinum hafa þegar borist 45.330 endurgreiðslubeiðnir vegna virðisaukaskattsgreiðslna á árinu 2020, samanborið við 11.600 á árinu 2019. Þetta er fjölgun um 290% á milli ára.

Þegar þetta er skrifað hefur verið lagður á virðisaukaskattur á fyrstu fimm tímabil ársins 2020, þ.e. tímabilið janúar til október. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2020 seldu íslensk fyrirtæki vöru og þjónustu innanlands fyrir 2.513 milljarða, sem var 263 milljörðum eða 9,5% minna að raunvirði en á sama tímabili árið áður. Velta í almennu þrepi minnkaði um 107 milljarða eða 5,6%, en velta í lægra þrepi var 156 milljörðum eða 17,7% minni en árið áður. Undir lægra þrepið falla meðal annars sala á gistingu og matvöru. Þá er athyglisvert að undanþegin velta var 202 milljörðum eða 15,8% minni en árið áður, sem skýrist væntanlega að miklu leyti af þrengingum flugrekstrarins. Sala erlendra fyrirtækja í landinu, þ.e. innflutningur,

var 655 milljarðar, 65 milljörðum eða 9,1% minni en árið áður. Þá sést einnig að fyrirtækin voru búin að innskatta 43 milljörðum eða níu prósentum minna en á sama tíma árið 2019, sem þýðir aftur að virðisaukaskattur af aðföngum var minni sem því nemur.

Ef horft er til síðustu tólf mánaða eða ársveltu í stað tíu mánaða sést glögglega hvernig umsvifin í þjóðfélaginu aukast og minnka frá einu tímabili til annars. Á tólf mánaða tímabili, frá nóvember 2019 til október 2020, keyptu landsmenn vöru og þjónustu fyrir um 3.883 milljarða. Það var 377 milljörðum eða 8,8% minna en keypt var á sama tólf mánaða tímabili árið áður eða frá nóvember 2018 til október 2019. Í þessu sambandi er athyglisvert að virðisaukaskattsskyld velta innanlands var 62 milljörðum eða 1,5% minni á tólf mánaða tímabilinu sem lauk í desember 2019, en það var fyrsta tólf mánaða tímabilið sem bar með sér að farið væri að draga úr umsvifum. Fram að þeim tíma hafði hins vegar verið nær linnulaus vöxtur ársveltu síðan í ágúst 2011.

*Páll Kolbeins
Sæmundur Guðmundsson
Óskar Helgi Albertsson*

Velta og virðisaukaskattur

Á föstu verðlagi október 2020

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020*
Velta												
Skattskyld velta almennt þrep	1.770	1.693	1.701	1.751	1.775	1.851	2.022	2.157	2.263	2.353	2.319	1.789
Skattskyld velta lægra þrep	626	646	678	712	726	749	776	1.007	1.002	1.029	1.047	724
Innflutningur	631	641	725	734	724	726	798	771	815	892	846	655
Virðisaukaskattsskyld velta	3.027	2.980	3.104	3.197	3.225	3.326	3.596	3.935	4.080	4.273	4.211	3.168
Undanþegin velta	1.361	1.497	1.517	1.537	1.496	1.480	1.590	1.448	1.447	1.579	1.581	1.078
Virðisaukaskattur												
Útskattur almennt þrep	434	432	434	447	453	472	481	509	535	555	545	416
Útskattur lægra þrep	44	45	47	50	51	52	89	120	118	123	127	93
Virðisaukaskattur af erlendri þjónustu	2	3	2	3	2	2	3,6	1,9	1,5	1,3	1,7	1
Virðisaukaskattur í tolli	138	151	169	168	164	162	169	162	173	188	180	139
Samtals	618	632	653	668	669	689	743	793	828	867	853	649
Innskattur	437	453	475	486	483	492	527	555	570	594	579	435
Útskattur-innskattur	181	179	177	182	186	197	216	237	258	273	274	214
Endurgreiðslur	14	13	12	13	14	16	12	12	14	17	18	16
Virðisaukaskattur nettó	167	166	165	169	172	181	204	226	244	256	256	197

* Fyrstu tíu mánuðir ársins 2020

Aðgerðir stjórnvalda á tímum COVID-19



Ársins 2020 verður trúlega helst minnst fyrir áhrif kórónuveirufaraldursins á heimsbyggðina. Á síðustu öld geisluðu ýmsar pestir í heiminum, þ. á m. spænska veikin sem barst hingað til lands árið 1918. Í spænskum fjölmiðlum frá þessum tíma var veikin reyndar nefnd „franska flensan“. Í kringum miðja síðustu öld gekk einnig erfiður faraldur hérlendis en s.k. Akureyrarveiki var mjög skæð norðan heiða á árunum 1948-1949 og barst einnig til fleiri landshluta á næstu árum. Ljóst þykir að Akureyrarveikin hafði umtalsverð varanleg áhrif á heilsu þeirra sem hana fengu.

Þegar rýnt er í upplýsingar um þessa faraldra og samanburður gerður við það sem nú er í gangi vegna COVID-19 er ótrúlega margt líkt, a.m.k. út frá sjónarhóli leikmanns, þótt tímaspönnin virðist vissulega ætla að verða töluvert öðruvísi. Meðal annars var fólk í einhverjum tilvikum sett í sóttkví við komu til landsins, verslanir lokuðu, dagblöð komu ekki út og samkomubann var sett á hér og þar á landinu, bæði í tengslum við Spænsku veikina og Akureyrarveikina. Erlendis sáust menn nota grímur til að forðast smit. Útbreiðsla COVID-19 er auðvitað miklu meiri og áhrifin víðtækari á heimsvísu m.a. vegna þess að á okkar dögum er svo mikið um ferðalög milli landa – sem hafa síðan að mestu lagst af tímabundið – með tilheyrandi efnahagslegum áhrifum.

Það sem á hinn bóginn er trúlega töluvert öðruvísi í þeim faraldri sem nú geisar en var á síðustu öld er að stjórnvöld hafa gripið til ýmissa ráðstafana til að sporna við þeim efnahagslegu áhrifum sem fylgja þegar hluti atvinnulífsins liggur nánast alveg niðri með

tilheyrandi atvinnuleysi. Hér á landi hefur verið gripið til aðgerða af ýmsu tagi, bæði sem snúa að einstaklingum og þeim sem stunda rekstur, hvort sem er í eigin nafni eða í gegnum félög. Eftirfarandi er yfirlit yfir helstu COVID-19 aðgerðir sem Skattinum hefur verið falin framkvæmd á.

Frestanir af ýmsu tagi

Það fyrsta sem gert var af hálfu stjórnvalda og snýr að skattskilum og innheimtu var að gjalddögum var frestað í því skyni að liðka fyrir atvinnulífina:

- Gjaldþaga staðgreiðslu opinberra gjalda og tryggingagjalds 1. mars 2020 var frestað til 1. apríl 2020.
- Frestað var allt að þremur greiðslum staðgreiðslu launamanna og tryggingagjalds frá og með gjalddaganum 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020. Gjaldþaga og eindagi þeirra greiðslna sem var frestað er 15. janúar 2021. Hægt er að óska eftir enn lengri greiðslufresti og -dreifingu

fram til 15. dags mánaðanna júní, júlí og ágúst 2021. Þetta þurfti að gera fyrir 15. janúar 2021 á þjónustusíðu viðkomandi á skattur.is.

- Gjaldþaga aðflutningsgjalda hjá þeim sem njóta greiðslufrests, vegna uppgjörstímabilanna mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember á árinu 2020 var breytt og er nú 5. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.
- Heimilað var að færa tekjufærslu á eftirgjöf skulda á fleiri ár en almenna reglan kveður á um. Þá var heimiluð ákveðin aðferð við uppgjör þegar kröfu er breytt í hlutafé. Þessar heimildir eru sambærilegar við eldri heimildir.

Virðisaukaskattur

Aukið var við heimildir til endurgreiðslu á virðisaukaskatti til einstaklinga. Bæði hækkaði endurgreiðsluhlutfall úr 60% í 100% vegna vinnu á byggingarstað og vegna viðhalds og

endurbóta, og fleira varð endurgreiðsluhæft eins og t.d. bifreiðaviðgerðir, heimilisaðstoð og regluleg umhirða íbúðarhúsnæðis eigenda og leigjenda.

Fleiri aðilar geta einnig sótt um endurgreiðslu en áður, eins og mannúðar- og líknarfélög, íþróttafélög, björgunarsveitir o.fl. Þá var heimild til endurgreiðslu til sveitarfélaga einnig útvíkkuð og tekur nú til fleiri húsnæðis- tegunda í eigu þeirra.



Sjálfstætt starfandi einstaklingum, þ.e. þeim sem ber að reikna sér endurgjald vegna eigin rekstrar, var heimilað að sækja um atvinnuleysisbætur þótt starfsemi væri ekki hætt

Heimilað var að færa sem innskatt virðisaukaskatts vegna uppgjörstímabilanna mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október og nóvember og desember á árinu 2020 allan virðisaukaskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þótt engum eða einungis hluta af gjaldföllum virðisaukaskatti hafi á þeim tíma verið skilað í tolli.

Gildisdagur endurgreiðslu vegna uppgjörstímabils virðisaukaskatts á árinu 2020 var gjalddagi uppgjörstímabils hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma.

Lögfest var heimild til að falla frá álagsbeitingu á virðisaukaskatt. Nú þegar hefur verið tilkynnt að fallið sé frá álagsbeitingu vegna allra gjalddaga virðisaukaskatts frá og með 15. mars 2020 til og með 15. desember s.á.

Tekjuskattur lögaðila

Fellid var niður skylda til fyrirframgreiðslu upp í væntanleg álögð opinber gjöld lögaðila 2020 þannig að viðkomandi gat valið um að greiða eða greiða ekki áður ákvarðaða fyrirframgreiðslu upp í væntanlega álagningu. Heimildin tók ekki til sérstaks fjársýsluskatts, sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki eða jöfnunargjalds alþjónustu.

Í upphafi var miðað við gjalddagana 1. apríl, 1. maí og 1. júní 2020 en heimildin var síðan framlengd og tók þá einnig til gjalddaga í júlí, ágúst og september. Eftirstöðvar voru síðan gerðar upp við álagningu á lögaðila í lok október 2020.

Lögaðilum sem skattskyldir eru samkvæmt 1. og 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 9/2003, um tekjuskatt, og var ákvarðaður tekjuskattur við

álagningu í lok október 2020, var heimilt að fresta um eitt ár greiðslu allt að 20 milljónum, ef fyrirjafnanlegt var rekstrartap á tekjuárinu 2020. Jafna má frestuðum greiðslum (skattstofni) við rekstrartap á tekjuárinu 2020 samkvæmt skattframtali 2021 og ef það dugur ekki þá yfirferist það sem umfram er til síðari ára. Hægt var að sækja um þessa frestun til 10. nóvember sl.

Annað um rekstraraðila

Nokkur atriði önnur en rakin hafa verið snerta þá sem stunda rekstur á hvaða formi sem er:

- Sjálfstætt starfandi einstaklingum, þ.e. þeim sem ber að reikna sér endurgjald vegna eigin rekstrar, var heimilað að sækja um atvinnuleysisbætur þótt starfsemi væri ekki hætt. Á milli 3.000 – 4.000 einstaklingar höfðu samband við Skattinn vegna þessa og gera þurfti breytingar á skráningu í launagreiðendaskrá fyrir hvern og einn með því að setja inn sérstaka merkingu þannig að viðkomandi stoppaði ekki þegar sótt yrði um atvinnuleysisbætur, eins og gerist alla jafna.
- Tollafrgreiðslugjald var fellt niður vegna tollafrgreiðslu skipa og flugvéla til og með 31. desember 2021.
- Gistináttaskattur var ekki innheimtur af sölu gistingar sem veitt er á tímabilinu 1. apríl 2020 til og með 31. desember 2021. Gjalddaga gistináttaskatts vegna uppgjörstímabilanna janúar og febrúar annars vegar, og mars og apríl hins vegar, á árinu 2020 var breytt og er nú 5. febrúar 2022.
- Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki (bankaskattur) verður 0,145% við álagningu 2021 í stað 0,318% samkvæmt fyrri ákvörðun.
- Gerðar voru breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki sem varðar fyrst og fremst útreikninga á stuðningi sem nú þegar er fyrir hendi en fjárhæðir voru hækkaðar og viðmiðum breytt.

Einstaklingar

Það eru einkum þrjú atriði sem snerta einstaklinga beint, auk þess sem fram er komið um auknar endurgreiðslur á virðisaukaskatti.

- Til viðbótar við barnabætur var greiddur sérstakur barnabótaauki við álagningu á einstaklinga í lok maí 2020. Fjárhæðin nam 42.000 kr. með hverju barni í þeim tilvikum þar sem greiddar voru tekju- tengdar barnabætur til framfæranda og hins vegar 30.000 kr. með hverju barni þeirra framfæranda sem ekki fengu greiddar barnabætur vegna tekju- skerðingarákvæða.
- Réttthafa séreignarsparnaðar var heimilað á tímabilinu 1. apríl 2020 til 1. janúar 2021 að sækja um útgreiðslu séreignarsparnaðar að fjárhæð sem 1. apríl 2020 nam samantlagt allt að 12.000.000 kr.
- Frádráttur vegna fjárfestingar einstaklinga í tilteknum hlutabréfum var hækkaður.

Lokunarstyrkir

Ákveðið var að greiða lokunarstyrki eftir að gefin voru út fyriræmi um að stöðva tiltekna atvinnustarfsemi í sóttvarnskyni. Styrkirirnir voru ætlaðir:

- Þeim sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi.
- Þeim sem stunda atvinnurekstur og var gert að stöðva starfsemi sína á grundvelli auglýsingar heilbrigðisráðherra nr. 243/2020 sem birt var í Stjórnartíðindum.

Samkvæmt auglýsingunni áttu sundlaugar, líkamsræktarstöðvar, krár, spilasalir, spilakassar og söfn að stöðva starfsemi sína og hafa lokað í tiltekinn tíma. Starfsemi sem hætt var við sneringu milli fólks/mikillar nálægðar var einnig óheimil, s.s. hárgreiðsla, snyrtistofur, nuddstofur, sjúkrahjálfun o.fl. Reglan tók einnig til íþróttastarfs þar sem notkun var á sameiginlegum búnaði, t.d. skíðalyftum.

Til þess að geta átt rétt á lokunarstyrk þurfti tekjufall á milli ára að vera a.m.k. 75%. Samanburður var gerður á milli apríl 2019 og apríl 2020. Lágmark rekstrartekna á árinu 2019 þurfti að vera 4.200.000 kr. Sett voru ýmis önnur skilyrði, m.a.:

- Ekki máttu vera vanskil á opinberum gjöldum, sköttum og skattsektum m.v. árslok 2019.
- Staðin hefðu verið skil á skattframtölum og öðrum skýrslum og gögnum á tilskildum tíma undanfarin þrjú ár.
- Bú umsækjanda mátti ekki vera undir slitum eða í gjaldþrotaskiptum.

Fjárhæð lokunarstyrkja miðaðist við rekstrarkostnað umsækjanda á tímabilinu 24. mars til 3. maí 2020, eða á því tímabili sem svaraði til almenns fyrsta lokunartímabils. Styrkurinn gat þó aldrei orðið hærri en 800.000 kr. á hvern launamann sem starfaði hjá umsækjanda í febrúar 2020 – og að hámarki 2.400.000 kr. Umsókn um lokunarstyrk var rafræn í gegnum þjónustusiðu umsækjanda á skattur.is.

Eftir að ákvörðun var tekin um að sundlaugum, skemmtistöðum, krám, spilasölum og líkamsræktarstöðvum væri óheimil starfsemi fyrr en annars vegar 18. maí og hins vegar 25. maí 2020, sbr. auglýsingar heilbrigðisráðherra í Stjórnartíðindum nr. 360/2020, 445/2020 og 470/2020, var bætt við lokunarstyrkina s.k. viðbótarlokunarstyrk. Um þennan viðbótarstyrk giltu sams konar skilyrði og formreglur og um fyrri lokunarstyrki.

Fjárhæð viðbótarlokunarstyrks hjá sundlaugum var jafnhá rekstrarkostnaði á tímabilinu 4. maí til og með 17. maí 2020, þó aldrei hærri en 270 þús. kr. á hvern launamann og að hámarki 810.000 kr. á hvern rekstraraðila. Fjárhæð viðbótarlokunarstyrks hjá skemmtistöðum, krám, spilasölum og líkamsræktarstöðvum var jafnhá rekstrarkostnaði á tímabilinu 4. maí til og með 24. maí 2020, þó aldrei hærri en 400 þús. kr. á hvern launamann og að hámarki 1.200.000 kr. á hvern rekstraraðila.

Almennur umsóknarfrestur um lokunarstyrk var til og með 1. september en um viðbótarlokunarstyrk til og með 1. október. Síðar hefur Skattinum verið heimilað að afgreiða síðbúnar umsóknir en í slíkum tilvikum þarf að snúa sér beint til embættisins með erindið en ekki er hægt að sækja um rafrænt.

Þá var lögfest framlenging á lokunarstyrkjum (lokunarstyrkur 3) með sams konar skilyrðum og formreglum. Þeir styrkir gilda um „lokunartímabil“ frá og með 18. september 2020. Fleiri möguleikar eru á útreikningi á tekjufalli en styrkirnir eru ætlaðir öllum þeim sem gert er að stöðva starfsemi sína vegna sóttvarnaraðgerða frá og með 18. september 2020 og til 30. júní 2021.

Fjárhæð lokunarstyrks 3 skal vera jafnhá rekstrarkostnaði á lokunartímabilinu, þó aldrei hærri en 600.000 kr. á hvern launamann fyrir hverja 30 daga lokun og að hámarki 120 milljónir kr. á hvern rekstraraðila. Skoða þarf tengda aðila, hvort aðili á í rekstrarerfiðleikum og ennfremur stærð viðkomandi samkvæmt ESB reglum um ríkisaðstoð. Eins og áður er rafrænt umsóknarform á skattur.is. Umsóknarfrestur er þrjú mánuðir eftir að lokunartímabili lýkur en þó ekki lengri en til 30. júní 2021.

Heildarfjárhæð greiddra lokunarstyrkja um áramót var tæpur 1,7 milljarður króna til



Átt þú rétt á lokunarstyrk?

Kynntu þér málið á Skatturinn.is

Lokunarstyrkir eru ætlaðir þeim fyrirtækjum, þar með talið einstaklingum í sjálfstæðum rekstri, sem er gert að stöðva starfsemi sína vegna sóttvarnaraðgerða frá 18. september 2020 og síðar.

- Við útreikning á lokunarstyrk er byggt á tekjufalli hjá rekstraraðila á lokunartímabilinu og umfangi starfseminnar
- Uppfylla þarf ýmis skilyrði m.a.:
 - að vera ekki í vanskilum með skatta og gjöld sem greiða átti fyrir árslok 2019
 - að hafa staðið í skilum með skattframtöl, staðgreiðsluskilgreinar, virðisaukaskattskýrslur, ársreikninga o.fl.
- Fjárhæð lokunarstyrks er byggð á rekstrarkostnaði á lokunartímabilinu með tilteknum skilyrðum og hármörkum

Sótt er um í gegnum þjónustusiðu umsækjanda hjá Skattinum. Ítarlegar leiðbeiningar eru á COVID-síðu á Skatturinn.is.

Leitaðu nánari upplýsinga á Skatturinn.is, í þjónustusíma 442 1414 eða með tölvupósti til covid@skatturinn.is



Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

rúmliga 1.400 rekstraraðila. Tilfærðum fjárhæðum í umsóknum var við yfirferð breytt til lækkunar, u.þ.b. um 170 milljónir kr. Um áramót voru óafgreiddar umsóknir um 200, fyrst og fremst af því að umsækjendur áttu eftir að ljúka rafrænni undirritun. Eins og áður er komið fram var gerð sú breyting á lögum um fjárstuðning með lokunarstyrkjum að Skattinum var heimilað að taka síðbúnar umsóknir til afgreiðslu og gildir sú heimild allt fram til júníloka 2021.

Stuðningur vegna hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti

Forsenda fyrir stuðningi hins opinbera vegna hluta launakostnaðar rekstraraðila

á uppsagnarfresti var að launamönnum hefði verið sagt upp störfum vegna verulegrar fjárhagslegrar röskunar á atvinnurekstrinum og að orsakir þess mætti rekja beint eða óbeint til ráðstafana sem gripið hafði verið til, eða aðstæðna sem sköpuðust, vegna faraldurs kórónuveiru. Stuðningur þessi var ætlaður:


- Þeim sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi.
- Þeim sem stunduðu atvinnurekstur sem hófst fyrir 1. desember 2019.
- Þeim sem höfðu sagt upp starfsmönnum vegna áhrifa frá COVID-19.

Uppfylla þurfti ýmis skilyrði m.a.:

- Uppsagnardagur þurfti að vera frá og með 1. maí 2020 til og með 1. október 2020.
- Launamenn þurftu að hafa verið ráðnir fyrir 1. maí 2020.
- Tekjufall þurfti að vera a.m.k. 75% miðað við fjórar útreikningsleiðir.
- Rekstraraðili mátti ekki eftir 15. mars 2020 hafa ákvarðað úthlutun arðs, lækkun hlutfjár með greiðslu til hluthafa, kaup eigin hluta, innt af hendi aðra greiðslu til eiganda á grundvelli eignaraðildar hans, greitt óútsaminn kaupauka, greitt af víkjandi láni fyrir gjalddaga eða veitt eiganda eða aðila nákomnum eiganda lán eða annað fjárframlag sem ekki varðar öflun, tryggingu eða viðhald rekstrartekna. Jafnframt skuldbatt rekstraraðili sig til að gera enga framangreinda ráðstöfun fyrr en fjárstuðningurinn hefur að fullu verið tekjufærður eða endurgreiddur.
- Rekstraraðili mátti ekki vera í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattsektir sem komnar voru á eindaga 31. desember 2019.
- Álagðir skattar og gjöld máttu ekki byggjast á áætlunum.
- Rekstraraðili þurfti að hafa staðið skil skattframtali og fylgigögnum þess, þ.m.t. skýrslu um eignarhald á CFC-félagi, og öðrum skýrslum og skilagreinum, svo sem staðgreiðsluskilgreinum og virðisaukaskattsskýrslum, síðastliðin þrjú ár áður en umsókn barst eða síðan hann hóf starfsemi ef það var síðar.
- Eftir því sem við átti þurfti rekstraraðili að hafa staðið skil á ársreikningum og upplýst um raunverulega eigendur.
- Rekstraraðili mátti ekki hafa verið tekinn til slita eða bú hans til gjaldþrotaskipta.

Stuðningur var mest greiddur í þrjú mánuði, auk orlofsuppgjörs og gat að hámarki numið 85% af launakostnaði vegna launamanns á uppsagnarfresti, miðað við ráðningarkjör hans 1. maí 2020, og þó að hámarki 633.000 kr. á mánuði vegna launa og að hámarki 85.455 kr. á mánuði vegna lífeyrissjóðsiðgjaldshluta atvinnurekanda (mótframlag), fyrir fullt starf og hlutfallslega fyrir hlutastarf. Auk þess gat stuðningur vegna orlofslauna numið að hámarki 1.014.000 kr.

Eins og fram er komið giltu heimildir um greiðslu stuðnings vegna hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti fyrir uppsagnir á tímabilinu 1. maí til og með 1. október 2020. Lang flestar umsóknirnar sem borist hafa eru vegna uppsagna á fyrri hluta þessa tímabils. Stærsti hluti greiðslanna er því þegar kominn fram þegar þetta er ritað og snýr að launakostnaði í maí, júní og júlí, þótt vissulega séu dæmi um uppsagnir í



Átt þú rétt á tekjufallsstyrk?

Kynntu þér málið á Skatturinn.is

Tekjufallsstyrkir eru ætlaðir þeim fyrirtækjum, þar með talið einstaklingum í sjálfstæðum rekstri, sem orðið hafa fyrir miklu tekjufalli vegna áhrifa frá heimsfaraldri kórónuveirunnar.

Styrkurinn tekur til rekstrartímabilsins 1. apríl til 31. október 2020, að uppfylltum ýmsum skilyrðum.

- Átt þú rétt en hefur ekki sótt um?
- Átt þú kannski eftir að ljúka við að sækja um og undirrita með rafrænum skilríkjum?

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2021.

Sótt er um í gegnum þjónustusíðu umsækjanda hjá Skattinum.

Leitaðu nánari upplýsinga á Skatturinn.is, í þjónustusíma 442 1000 eða með tölvupósti til covid@skatturinn.is



Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00



Heildarfjárhæð stuðnings vegna hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti um áramót er um 11,7 milljarðar kr. og hafa 435 rekstraraðili fengið þessar greiðslur samkvæmt 1.820 umsóknum

lok umrædds tímabils og geta greiðslur þá dregist allt fram í febrúar 2021. Einnig getur komið upp sú aðstaða að uppsagnarfrestur sé lengri en þrjú mánuðir og orlofslaun gerð upp í lokin. Getur uppgjör á stuðningi vegna

launa á uppsagnarfresti því dregist töluvert fram á árið 2021.

Lögbundinn umsóknarfrestur um greindan stuðning var 20. hvers mánaðar vegna næstliðins mánaðar. Með lögum nr. 117/2020 ákvað

Alþingi á hinn bóginn að heimila Skattinum að afgreiða umsóknir sem berast að loknum umræddum fresti, enda séu önnur skilyrði uppfyllt. Samkvæmt því er enn hægt að sækja um vegna fyrri mánaða og verður það mögulegt á meðan almennt er opið fyrir umsóknir.

Heildarfjárhæð stuðnings vegna hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti um áramót er um 11,7 milljarðar kr. og hafa 435 rekstraraðili fengið þessar greiðslur samkvæmt 1.820 umsóknum (ein umsókn fyrir hvern mánuð). Nánar er hægt að sjá upplýsingar um hverjir hafa fengið greiddan stuðning og um greiddar fjárhæðir á upplýsingavef Skattsins, skatturinn.is.

Tekjufallsstyrkir

Með lögum nr. 118/2020, um tekjufallsstyrki, var ákveðið að styðja við þá rekstraraðila sem hafa orðið fyrir tekjufalli vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Markmið þessara styrkja er að viðhalda atvinnustigi og efnahagssumsvifum. Styrkirnir eru ætlaðir:

- Einstaklingum og lögaðilum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi sem hófst fyrir 1. apríl 2020 og hafa orðið fyrir a.m.k. 40% tekjufalli, sem rekja má til heimsfaraldurs kórónuveiru.

Ýmis skilyrði eru sett sem svipar til þess sem gildir um aðra aðstoð við rekstraraðila vegna kórónuveirufaraldursins, s.s.:

- Viðkomandi beri ótakmarkaða skattskyldu hér á landi.
- Um sé að ræða atvinnurekstur.
- Ekki séu vanskil á opinberum gjöldum, sköttum og skattsektum m.v. árslok 2019.
- Staðin hafi verið skil á skattframtölum og öðrum skýrslum á tilskildum tíma undanfarin þrjú ár.
- Bú umsækjanda sé ekki undir slitum eða gjaldþrotaskiptum.
- Tekjufall á tímabilinu 1. apríl til 31. október 2020, í samanburði við meðaltal tekna í sjö mánuði 2019, sé á bilinu 40-70%.

Fjárhæð tekjufallsstyrks skal vera jafnhá rekstrarkostnaði umsækjanda á tímabilinu 1. apríl til 31. október 2020 en þó aldrei hærri en tekjufallinu sjálfu nemur. Ef tekjufallið er á bilinu 40-70% er hámarkið 400.000 kr. fyrir hvert stöðugildi á mánuði, þó aldrei hærri en 2 milljónir kr. á mánuði, en ef tekjufallið er á bilinu 70-100% er hámarkið 500.000 kr. fyrir hvert stöðugildi á mánuði, þó aldrei hærri en 2,5 milljónir kr. á mánuði.

Rafrænt umsóknarform er aðgengilegt í gegnum þjónustusiðu umsækjanda á skattur.is. Umsóknarfrestur er til 1. maí 2021

Lokaorð

Í desember 2020 samþykkti þingið, til viðbótar við þá styrki sem getið er að framan, að greiða rekstraraðilum sem uppfylla tiltekin skilyrði viðspyrnustyrki. Þeim er ætlað að hjálpa rekstraraðilum að halda sjó þangað til ástandið vegna COVID-19 skánar. Viðspyrnustyrkir komu til framkvæmdar í febrúar 2021 og er umsóknarfrestur til 30. júní 2021 og þá munu aðstæður breytast umtalsvert. Svo sannarlega hefur verið í mörg horn að líta í starfsemi Skattsins á undanförunum misserum og ekki áttum við í upphafi ársins 2020 von á þeim verkefnum sem raun varð á.

Sameining embætta ríkisskattstjóra og tollstjóra í eitt embætti var það verkefni sem búist var við að yrði megin verkefnið á árinu 2020, til viðbótar við venjubundna lögfesta starfsemi. Því miður hafa aðstæður orðið þess valdandi að ýmsum „sameiningarverkefnum“ hefur seinkað nokkuð. Vonandi verður hægt að taka upp þráðinn fljótlega á árinu 2021 og stilla kompásinn upp á nýtt.

Elín Alma Arthursdóttir



Jafnlaunavottun Skattsins

Forsagan

Rúmfr fjórir áratugir eru síðan sett voru fyrstu lög hér á landi í þeim tilgangi að jafna stöðu kvenna og karla m.a. hvað varðar launajafnrétti. Þrátt fyrir það þarf ekki að leita lengi í opinberum gögnum til þess að sjá að enn er langt í land í þeim efnum. Jafnlaunavottun er ætlað að vinna markvisst á þessum kynbundna launamun og jafna þannig stöðu karla og kvenna.

Með lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, samþykkti Alþingi að þróað yrði vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti, sem síðan leiddi af sér staðalinn *ÍST 85:2012 Jafnlaunakerfi – kröfur og leiðbeiningar, oft nefndur Jafnlaunastaðallinn*. Við uppbyggingu staðalsins var stuðst við alþjóðlega stjórnunarstaðla (s.s. *ISO 9001 Gæðastjórnunarstaðalinn*) sem auðveldar þeim fyrirtækjum innleiðingu sem þegar hafa innleitt slíka staðla.¹ Með breytingum á framangreindum lögum árið 2017 var síðan innleidd sú krafa að fyrirtæki og stofnanir skyldu innan ákveðinna tíamarka koma sér upp jafnlaunakerfi í samræmi við staðalinn og hljóta á það vottun að undangenginni úttekt vottunaraðila. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að breytingalögum nr. 56/2017 kom fram að „Við innleiðingu á staðlinum þarf hlutaðeigandi fyrirtæki eða stofnun að flokka störf allra starfsmanna og

YFIRVIÐMIÐ	I Þekking	II Hæfni	III Stjórnun og ábyrgð	IV Álag
UNDIRVIÐMIÐ	1 Menntun	3 Hugræn færni	6 Stjórnun starfsmanna	11 Tilfinningalegt álag
	2 Starfsreynsla	4 Frumkvæði og sjálfstæði	7 Verkefnastjórnun	12 Líkamlegt álag
		5 Samskiptahæfni	8 Fjármál	13 Vinnuáðstæður
			9 Þjónusta við viðskiptavinum	14 Áreiti og tímapressa
			10 Búnaður og gögn	

Hæfnisviðmið starfsmatsramma Skattsins.

velja þau viðmið sem eru mest einkennandi fyrir þær kröfur sem störfin gera til starfsmanna.“ Ísland mun vera fyrsta landið í heiminum sem lögleiðir kröfur sem þessar² og eru þær efnislega enn til staðar í nýjum lögum nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, sem tóku gildi í lok árs 2020.


Ferlið hjá Skattinum

Hafist var handa við innleiðingu jafnlaunastaðalsins hjá embætti ríkisskattstjóra í janúar 2019 og var áætlað að verkið tæki tæpt ár. Þegar ljóst var að embætti tollstjóra og ríkisskattstjóra yrðu sameinuð um áramótin 2019-2020 var ákveðið að fresta vottun jafnlaunakerfisins þar til sameiningin hefði átt sér stað. Með því næði vottunin til allrar hinnar sameinuðu stofnunar, Skattsins, sem teldi um 470 starfsmenn. Vottunarúttekt á jafnlaunakerfinu fór fram 6. október 2020 og var stuttu síðar staðfest að vottun væri í höfn og að stofnunin hefði leyfi til þess að nota jafnlaunamerki Jafnréttisstofu.

Vottunin staðfestir að til staðar sé jafnlaunakerfi sem m.a. á að tryggja að brugðist sé með viðeigandi úrbótum við ábendingum starfsfólks og niðurstöðum úr launagreinum, innri úttektum og vottunarúttektum. Þá er einnig innbyggt í kerfið að sett séu markmið um jafnlaunamál og unnið að þeim.

Viðamesti verkþáttur innleiðingarinnar var að samræma starfsheiti og meta mikilvægi þeirra. Þar flækti stofnanasameiningin málið

Vægi yfirviðmiða starfsmatsramma Skattsins




¹ Staðlaráð Íslands. (2012). *ÍST85:2012 Jafnlaunakerfi – Kröfur og leiðbeiningar*. Reykjavík: Staðlaráð Íslands.


² Delorme, M. (21. maí 2019). *Implementing proactive pay equity legislation*. Sótt frá https://skemman.is/bitstream/1946/32193/1/Masters_Thesis_Delorme.pdf

³ Staðlaráð Íslands. (2012). *ÍST85:2012 Jafnlaunakerfi – Kröfur og leiðbeiningar*. Reykjavík: Staðlaráð Íslands.

Helstu starfshópar Kynjaskipting og fjöldi 1.8.2020



Ýmsar stjórnunarstöður Kynjaskipting og fjöldi 1.8.2020



nokkuð mikið þar sem starfsheiti reyndust fjölmörg og skráning þeirra í mannauðskerfi ríkisins, Orra, ekki einsleit. Farin var sú leið hjá Skattinum að setja saman starfsmatsramma og meta samræmdu starfsheitin skv. rammanum en þetta er ein af þeim aðferðum við starfsmat sem bent er á í jafnlaunastaðlinum.³ Með aðferðinni er gengið út frá þeim forsendum að launasetning haldist í hendur við mikilvægi starfs. Starfsmatsramminn sem notaður var hjá Skattinum innihélt 14 hæfnisviðmið sem sjá má á mynd 1. Þá var hverju hæfnisviðmiði gefið vægi eftir mikilvægi þess fyrir starfsemina, sjá vægi yfirviðmiða í mynd 2. Bera þurfti hvert starfsheiti saman við starfsmatsrammann og þannig fékkst út stigagjöf sem notuð var til þess að skýra launasetningu í launagreiningunni.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að með starfsmatsramma fyrir starfsheiti er verið að meta störfina en ekki starfsfólkið sem gegnir þeim. Skoðað er hvernig tiltekið starf yrði t.d. auglýst ef ráða ætti nýjan starfsmann í starfið og hvaða kröfur væri hægt að gera, hvaða menntunarstig, hæfni og færni starfsmaður þyrfti að búa yfir til þess að ráða við starfið. Í reynd er líklegt að starfsfólk sé oft með meiri hæfni heldur en starfið sem slíkt krefst eða að starfsmenn

sem gegna ákveðnu starfi séu ekki með þá formlegu lágmarksmenntun sem krafist yrði ef ráða ætti inn nýjan starfsmann í dag. Þegar meta á mikilvægi starfa þarf þannig alltaf að líta til starfsins sem slíks og hvað það felur í sér í dag enda geta hafa kröfurnar breyst með tímanum.

”

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að með starfsmatsramma fyrir starfsheiti er verið að meta störfina en ekki starfsfólkið sem gegnir þeim

Launagreiningin

Hjá Skattinum voru júlilaun allra starfsmanna skoðuð þessu sinni en greiningin var gerð með Payanalytics greiningartólinu.

Greiningin sýndi að væru föst launakjör skoðuð þá mældist kynbundinn launamunur innan við 2% en væru heildarlaun skoðuð þá mældist launamunurinn 9,3%. Þegar lítið er til fastra launakjara er kynbundinn launamunur því ekki mikill hjá Skattinum en langtíamarkmiðið

er að hann verði hverfandi. Þegar hinsvegar er horft til launamunar út frá heildarlaunakjörum, þar sem m.a. er tekið tillit til unninnar yfirvinnu og vaktálags, þá er launamunurinn meiri. Þetta skýrist að hluta af því að karlar hjá Skattinum vinna frekar vaktavinnu og jafnframt meiri yfirvinnu en konur. Skiptingu kynja eftir helstu starfshópum má sjá á myndum 3 og 4. Hvað varðar helstu stjórnunarstöður er gott jafnvægi í kynjaskiptingu en starfsmenn í Tollvarðafélagi Íslands hafa nokkra sérstöðu þar sem karlmenn eru í meirihluta félagsmanna.

Horft um öxl

Jafnlaunavottunin gerir ráð fyrir því að jafnlaunakerfið sé í stöðugri endurskoðun. Það mun taka tíma að samræma launasetningu stórs hóps starfsfólks sem kemur úr mörgum áttum, með launasetningu sem markast af fjölmörgum stofnanasamningum, en ramminn sem jafnlaunakerfið setur styður við þá vinnu.

Ef vel ætti að vera þá væru launagreiningar framkvæmdar oft og reglulega og helst í rauntíma. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur unnið að hönnun kerfis, Emblu, inn í mannauðskerfi ríkisins, en því er ætlað að gera stofnunum kleift að fylgjast með launamun í rauntíma. Bundnar eru vonir við að kerfið muni einfalda launagreiningar til muna en reynslan sýnir að þegar notuð eru stakstæð kerfi til launagreininga krefst það mikillar vinnu að fá fram nothæf gögn úr mannauðskerfinu. Aðferðin sem Skatturinn notaði við að meta mikilvægi starfa í launagreiningunni, þ.e. stigagjöf starfa skv. starfsmatsramma, kallar á mikla yfirlegu við gerð starfsmatsrammans. Ramminn sem notaður var hjá Skattinum er margbrotinn og til athugunar er hvort betra sé að einfalda hann.

Elín Ragnhildur Jónsdóttir

Hvaða kröfur eru gerðar til rökstuðnings ríkisskattstjóra?

Í grein þessari er leitast við að draga fram hvers með þurfi til að rökstuðningur ákvarðana ríkisskattstjóra teljist fullnægjandi. Þá er gerð grein fyrir því hvaða lagalega þýðingu það hefur þegar annmarkar verða á rökstuðningi og hvernig ríkisskattstjóri geti brugðist við þegar mál eru ómerkt vegna slíkra annmarka.

Inngangur

Í desemberhefti Tíundar 2014 birtist grein undirritaðs „Rökstuðningur skattfyrvalda“. Í henni eru rakin ákvæði tekjuskattslaga um heimildir skattstjóra til breytinga á skattframtölum og hvenær skylda til að rökstyðja slíkar breytingar (ákvarðanir) var fyrst lögleidd sem og skyldan til að rökstyðja kæruúrskurði¹ skattstjóra og úrskurði ríkisskattanefndar, síðar yfirsattanefndar². Einnig er fjallað um rökstuðning almennt, markmið hans og efnistöð. Ætlunin var að fylgja þessu eftir með annarri grein þar sem nánar yrði skoðað hvað fælist í kröfunni um rökstuðning skattákvarðana, einkum með því að líta til þess hvernig reynt hafi á þá kröfu í úrskurðum yfirsattanefndar sem og fyrir dómstólum og í álitum umboðsmanns Alþingis. Hin áformaða grein lítur nú loks dagsins ljós en fyrst verður örstutt vikið að greininni frá 2014 og þeim grundvallarsjónarmiðum sem rökstuðnings-skyldan hvílir á.

I

Örstutt úr fyrri grein

a. Sem fyrr segir er í téðri grein rakin tilurð rökstuðningsskyldu í tekjuskattslög-gjöfinni, nú lög nr. 90/2003 um tekjuskatt (tsl.). Laut hún bæði að heimildum skattstjóra til breytinga á skattframtölum fyrir

og eftir álagningu, afgreiðslu þeirra á skattkærum sem og rökstuðningsskyldu ríkisskattanefndar, síðar yfirsattanefndar. Var síðan dregið saman hvenær rökstuðnings-skyldan kom fyrst fram í ákvæðum tekjuskattslaga:

Breyting fyrir álagningu eftir fyrirspurn:

Með a-lið 43. gr. laga nr. 7/1980 (breyting á 3. mgr. 96. gr. laga nr. 40/1978).

Breyting fyrir álagningu án fyrirspurnar:

Aldrei lögfest. Sjá nú 1. mgr. 95. gr. laga nr. 90/2003.

Endurákvörðun:

Með b-lið 43. gr. laga nr. 7/1980 (breyting á 96. gr. laga nr. 40/1978; ný 4. mgr.).
Boðun: Með 16. gr. laga nr. 145/1995 (ný 4. mgr. 96. gr. og eldri 4. mgr. varð 5. mgr.).

Kæruúrskurður skattstjóra:

Með 24. gr. laga nr. 30/1971 (breyting á 40. gr. laga nr. 90/1965).

Ríkisskattanefnd/yfirsattanefnd:

Með 41. gr. laga nr. 70/1962 (breyting á 41. gr. laga nr. 46/1954).

Hér sést að skylda til samhlíða rökstuðnings er komin í tekjuskattslög löngu fyrir tilkomu stjórnisýslulaganna nr. 37/1993, en með þeim var komið á almennri skyldu til rökstuðnings stjórnvaldsákvarðana fari aðilar fram á hann (eftirfarandi rökstuðningur).

b. Í einum kafla greinarinnar er og fjallað almennt um rökstuðning og orðafar lagamáls-ins. Þar segir að elsta íslenska ritmálið hafi verið lagamál og lagabálkurinn Víglóði hafi verið skráður veturinn 1117-1118. Telur dr. Kristján Árnason, fyrrverandi íslenskuprófessor við H.Í., að miklu máli hafi skipt fyrir þróun íslenskrar sagnahefðar að hér hafi þróast gott lagamál og íslensk lagahefð³. Þá er vitnað í skrif Páls Sigurðssonar, fyrrverandi prófessors og þá forseta lagadeildar H.Í. í Morgunblaðinu 12. október 2001. Í upphafi greinar hans „Varðveisla og þróun íslensks lagamáls“, segir:

„Orð tungunnar eru dýrgripir og tungan sjálf ótæmandi auðlind. Orðin eru höfudtæki hugsunarinnar. Á það jafnt við um hversdagsræðu manna sem um sértækt mál á tilteknum fræða- og vísindasviðum. Í heimi fræðanna hefur lögfræðin oft verið nefnd „orðsins list“ vegna þess að þar reynir til hins ítrasta á nákvæma orðnotkun og skilgreiningu hugtaka. Sú fræðigrein byggist m.a. á rétttri beitingu orða og orðasambanda við skilgreiningu viðfangsefna og vandamála, sem við er að glíma, og gagnrýnni hugsun, er öguð hefur verið eftir kerfisbundnum lögmálum fræðanna. Lagamálið er sóknarfæri lagamannsins í baráttu hans fyrir málstað sínum. Með orð þess að vopni eyðir hann réttaróvissu, ræðst gegn

¹ Úrskurðir skv. 99. gr. tsl. hafa löngum verið nefndir kæruúrskurðir.

² Greinin tók þó hvorki til krafna um rökstuðning yfirsattanefndar né ríkisskattstjóra fyrir sameiningu embætta skattstjóra við ríkisskattstjóra. Varðandi breytingar ríkisskattstjóra á álagningu skattstjóranna gildi 101. gr. tsl. en slík heimild kom fyrst í lög með 16. gr. laga nr. 7/1972 og þar tiltekið að sé um hækkan að ræða beri ríkisskattstjóra að fara eftir þáverandi 38. gr. tsl. (nú 96. gr. tsl.). Fram að þeim tíma þurfti hann heimild frá ríkisskattanefnd til slíkra endurákvæðna. Eftir fyrrnefnda sameiningu lýtur 96. gr. tsl. beint að ríkisskattstjóra. Sjá grein mína um 2. mgr. 101. gr. tsl. í Tíund í október 2011.

³ „Hugleiðingar um íslenskt lagamál“. Erindi flutt á fundi dómara og lögmanna 20. desember 1990. *Málfregni* 2000, 19: 3-10.



ólögum, glæðir réttarvitund almennings og bætir réttarstöðu einstaklinga og eflir um leið þjóðarhag. Loðmulla í töluðu eða rituðu máli samrýmist ekki réttmætum kröfum um skýrleika og áhrifamátt lagamálsins. Sljóvar eggjar hæfa ekki vopnum tungunnar.“

Ennfremur er vitnað til greinar Sigurðar Líndals, fyrrverandi lagaprófessors, „Málfar og stjórnarfar“, í Úlfjótí 1988, bls. 54:

„Góður texti í stjórnásluplaggi er í sjálfu sér ekki ýkja frábrugðinn þeim sem almennt telst góður. Stjórnáslumálið dregur mjög dóm af lagamáli svo að hér verður öðrum þræði rætt um það. Eins og lagamálið er stjórnáslumálið hefðbundið í þeim skilningi að fylgt er eldri fyrirmyndum um orðafar og framsetningu. Það einkennist af hlutlægni, þannig að ekki er svigrúm fyrir einkaviðhorf og tilfinningar þess er ritar. Ef vel tekst til er stjórnáslumálið nákvæmt og rökvislegt, í því er skipulegt samhengi og glöggur munur gerður á aðalatriðum og aukaatriðum; það er formfast, skýrt, einfalt og tilgerðarlaus; stíllinn er gagnorður.“

Þá segir í téðri grein að nokkuð hafi í ritum og erindum verið fjallað um lögfræðilega niðurstöðu og tungutak lögfræðinnar (einkum í dómum). Eru þar m.a. hugleiðingar um það fyrir hverja skrifa eigi dóma, þ.e. hvort þá eigi fyrst og fremst að skrifa fyrir málsaðila eina (og lögmenn þeirra) eða hvort einnig eigi að hafa í huga aðra hugsanlega lesendur eins og lögfræðinga almennt eða almenninga⁴.

II

Almennt um skyldu til rökstuðnings

Skyldu til rökstuðnings stjórnvaldsákvæðana er að finna í 1. mgr. 21. gr. stjórnáslulaganna nr. 37/1993. Þar segir að krefjast megi skriflegs rökstuðnings hafi hann ekki fylgt ákvörðun. Þetta er jafnan nefnt eftirfarandi rökstuðningur. Í skattalöggjöfinni er hins vegar mælt fyrir um samhlíða rökstuðning. Að fengnum samhlíða rökstuðningi er ekki unnt að krefjast frekari rökstuðnings á grundvelli þessa ákvæðis stjórnáslulaganna, sbr. ótvírátt orðalag þess „... hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt“⁵ Fyrir tilkomu stjórnáslulaganna var ekki til staðar almenn skylda til rökstuðnings

stjórnvaldsákvæðana. Slíka skyldu var þó að finna í einstaka löggjöf, þ. á m. skattalöggjöfinni eins og fyrr greinir. Geri slík sérlög meiri kröfur um rökstuðning en stjórnáslulögin ganga þau framur þeim, sbr. 2. mgr. 2. gr. stjórnáslulaganna.

Út frá sjónarmiðum um réttaröryggi og traust almennings á stjórnáslunni verður að telja mikilvægt að stjórnvaldsákvæðun fylgi rökstuðningur. Það sem helst mælist með almennt reglu um rökstuðning er að hún telst almennt auka líkur á því að ákvæðanir verði réttar, þar sem hún knýr á um, að stjórnvald vandi til undirbúnings að ákvörðun og leysi úr máli á málefnalegan hátt.⁶ Þegar rökstuðningur fylgir ákvörðun stuðlar það einnig að því, að aðili fái skilið niðurstöðu máls, þar sem hann getur staðreynt að ákvörðun eigi sér stað í lögum og sé í samræmi við þau. Rökstuðningur fyrir ákvörðun getur því orðið til þess að aðili máls uni ákvörðun jafnvel þótt

⁴ Einar Arnórsson: „Gagnrýni dómsúrlausna“. *Tímarit lögfræðinga* 1953, bls. 1- 14. Árni Tryggvason: „Afstaða dómara til andsvara og gagnrýni“. *Tímarit lögfræðinga* 1953, bls. 193- 200. Benedikt Sigurjónsson, Haraldur Henryrsson og Magnús Thoroddsen: „Samning dóma“. *Tímarit lögfræðinga* 1978, bls. 66-86. Erindi á málþingi Dómarafélags Íslands þann 15. apríl 1978. Hjördís Hákonardóttir: „Gagnrýni á dómstólana og forsendur dóma“. *Skírnir* vor 1988, bls. 164-171. „Tungutak lögfræðinnar“. *Afmælisrit Gizur Bergsteinsson, níraður*, 18. apríl 1992. „Lagamálið: tæki valds og réttlætis“. *Málfregnir* 21. hefti, 12. árgangur, 2002. Þór Vilhjálmsson: „Rökfærsla í dómum og stjórnvaldsákvæðunum“. *Skírnir* haust 1988, bls. 378-388. Á nokkuð öðrum notum má nefna Arnar Þór Jónsson: *Tímarit lögfræðinga* 2008, bls. 79-119.

⁵ Páll Hreinsson: *Málsmeðferð stjórnvalda*. Reykjavík 2019, bls. 260.

⁶ *Málsmeðferð stjórnvalda*. Reykjavík 2019, bls. 257. *Alþt. 1992-1993, A-deild*, 3299.

hún sé honum óhagstæð. Rökstuðningur getur ennfremur leitt í ljós að starfsmaður, sem tekið hefur ákvörðun, hafi verið í villu um staðreyndir málsins eða að ákvörðun sé haldin öðrum annmarka.⁷

Í athugasemdum með frumvarpi að stjórn-sýslulögnum er m.a. vegin þýðing rökstuðningsreglunnar fyrir borgarana á móti þeirri íþyngingu sem hún er fyrir stjórn-sýsluna vegna fyrirhafnar og kostnaðar.⁸ Í því sambandi nefnir dr. Páll Hreinsson að rökstuðningur sé einungis frásögn af því *hvernig stjórnvald komst að ákvörðun* í hlutaðeigandi máli. Viðbótarvinnan felst því aðeins í því að *skrásetja það*, því á grundvelli meginreglnanna um lögbundna og málefnalega stjórn-sýslu eiga hin efnislegu rök fyrir niðurstöðu sérhverrar ákvörðunar ávallt að liggja fyrir.⁹ Ennfremur segir Páll:



Í lögum er ekki að finna ákvæði sem segir klippt og skorið hvernig rökstyðja eigi stjórnvaldsákvæðanir. Um það er og litla leiðsögn að hafa í skattalöggjöfinni

„Í almennum athugasemdum við V. kafla frumvarps þess sem varð að stjórn-sýslulögum er tekið fram að þegar stjórnvaldsákvæðanir séu teknar séu þær byggðar á tilteknum réttarheimildum, sjónarmiðum o.s.frv. Það séu því ávallt rök sem liggja til grundvallar því hvers vegna niðurstaða máls verður sú sem raun er á. Úrlausn þess hvort stjórnvaldi beri að rökstyðja ákvörðun snúist því ekki um það hvort ástæður eða rök þurfi að liggja að baki ákvörðun, heldur um það hvort stjórnvaldi beri að segja frá því hver þau voru og gera þannig grein fyrir því skriflega hvaða atriði það voru sem réðu við úrlausn máls. Af þeim sökum hafa réttarreglur um rökstuðning verið taldar til formreglna.“¹⁰

Í lögum er ekki að finna ákvæði sem segir klippt og skorið hvernig rökstyðja eigi stjórn-

valdsákvæðanir. Um það er og litla leiðsögn að hafa í skattalöggjöfinni. Í 3. mgr. 96. gr. tsl. um breytingar á skattframtölum fyrir álagningu segir einungis að geta skuli ástæðna breytinga og sama orðalag er í 4. mgr. 96. gr. um boðun skattbreytinga. Þá segir einungis í 5. mgr. 96. gr. tsl. að úrskurðir skuli vera rökstuddir (endurákvörðun) og hið sama segir um kærur úrskurði skv. 99. gr. tsl. Vissa leiðsögn er hins vegar að finna í 22. gr. stjórn-sýslulaganna en horfa ber til þeirra laga til fyllingar málsmeðferðarreglum skattalaga, sbr. H 2000:2922 (124/2000). Í 1. og 2. mgr. tédtrar lagagreinar segir orðrétt:

„Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á. Að því marki, sem ákvörðun byggist á mati, skal í rökstuðningnum

greina frá þeim megin sjónarmiðum sem ráðandi voru við matið. Þar sem ástæða er til skal í rökstuðningi einnig rekja í stuttu máli upplýsingar um þau málsatvik sem höfðu verulega þýðingu við úrlausn málsins.“

Hér eru einungis tilfærð viss grunnatriði (lágmarkskröfur)¹¹ sem koma eiga fram í rökstuðningi, án allrar útlistunar á því hvernig rökstuðningi skuli háttað, enda má segja, eins og fram kemur í fyrrnefndri grein í Tíund, að ógerlegt sé að útfæra nákvæmlega í lögum hvernig rökstyðja skuli lögfræðilega niðurstöðu, „... því að rökstuðningur hlýtur ávallt að vera jafn fjölbreytilegur og málin eru margvísleg. Það sem á við í einu máli á ekki við í öðru.“¹² Af þessum sökum er 22. gr. stjórn-sýslulaganna fáorð um efni rökstuðnings.

III

Hvernig hefur reynt á rökstuðning í skattframtöllum?

Til að glöggva sig á því hvernig á kröfuna um rökstuðning hefur reynt í skattframtöllum verða hér reifaðir fjölmargir úrskurðir yfirskattanefndar auk nokkurra dóma og álita umboðsmanns Alþingis. Af þessum úrlausnum má sjá að hverju þarf fyrst og fremst að huga í rökstuðningi og jafnframt hvaða þýðingu annmarkar á honum geta haft á gildi skattákvæðana.

1. Vísan til réttarreglna

Það er lögbundin meginregla, sbr. 22. gr. stjórn-sýslulaganna, að í rökstuðningi skuli vísa með fullnægjandi hætti til þeirra réttarreglna sem ákvörðun byggir á. Á þetta einnig við þó að í úrskurðum sé fallist á kröfur gjaldenda þar sem það getur haft þýðingu fyrir framhald málsins t.d. varðandi vaxtakröfur.¹³ Fyrst verða reifaðir úrskurðir þar sem annmarkar á tilvísun til réttarheimilda leiddu til ómerkingar ákvörðunar og síðan úrskurðir þar sem slíkir annmarkar töldust ekki það alvarlegir að til ómerkingar ætti að koma. Því næst er stutt samantekt.

1.1 Ákvæðanir sem sættu ómerkingu hjá yfirskattanefnd

Úrskurður nr. 131/2011

Málið varðaði tekjuávinning launamanns af vaxtalausum lánnum frá launagreiðanda eða fyrir milligöngu hans samkvæmt skattmatsreglum fjármálaráðherra. Samkvæmt þeim miðaðist tekjumat slíks hagræðis við tiltekna ársvexti af höfuðstól með verðbótum.

Í úrskurðinum segir:

„Eins og fyrr segir er hvorki í boðunarbrefi né í úrskurði skattstjóra um endurákvörðun getið þeirra lagareglna sem skattstjóri byggði á. Þá gerði skattstjóri ekki viðhlítandi grein fyrir þeim stjórn-

⁷ Málsmeðferð stjórnvalda. Reykjavík 2019, bls. 257.

⁸ Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 3299.

⁹ Málsmeðferð stjórnvalda. Reykjavík 2019, bls. 258.

¹⁰ Málsmeðferð stjórnvalda. Reykjavík 2019, bls. 259.

¹¹ Í athugasemdum við þessa grein í frumvarpi að stjórn-sýslulögnum er sérstaklega tekið fram að hún feli í sér lágmarksskilyrði um efni rökstuðnings. Alþt. 1992-1993, A-deild, bls. 3302.

¹² Magnús Thoroddsen: „Samning dóma“. Tímarit lögfræðinga 1978, bls. 82.

¹³ Sjá álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 86/1989. SUA 1990:197.

valdsfyrirmælum (skattmatsreglum), sem hann taldi að ættu við í tilviki kæranda, sbr. hér að framan, þar sem reglur þessar eru tilgreindar. Var hvorki vísað til greinar, nafns og númers svo og birtingar stjórnvaldsfyrirmælanna í Stjórnartíðindum né gerð grein fyrir reglum þessum efnislega með viðhlítandi hætti. Að auki var vísað ranglega til þess að ríkisskattstjóri hefði gefið út reglur þessar, en eins og að framan greinir setti fjármálaráðherra reglur þessar. Í beinni tilvitnun skattstjóra til reglnanna í boðunarbréfi og úrskurði voru bútar úr skattmatsreglunum tilgreindir. Að þessu leyti var um að ræða annmarka á rökstuðningi skattstjóra, sbr. 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 þar sem meðal annars er boðið að í rökstuðningi skuli vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á. Vegna framangreindra annmarka á rökstuðningi skattstjóra skal tekið fram að hafi stjórnvaldsákvörðun ekki verið rökstudd eða rökstuðningur hefur verið haldinn verulegum annmarka leiðir það almennt til þess að íþyngjandi ákvörðun verður talin ógildanleg, enda náist þá venjulega ekki þýðingarmikil markmið sem að er stefnt með rökstuðningi, svo sem að auðvelda málsaðilum að leggja mat á það hvort efni séu til að nýta frekari úrræði, t.d. kæru til æðra stjórnvalds.“

Úrskurður nr. 689/1995

„Vegna athugasemda kæranda um málsmeðferð skattstjóra skal tekið fram að ekki verður út af fyrir sig talið að skattstjóra hafi verið óheimilt að fara með hina umdeildu breytingu á skattframtali kæranda eftir ákvæðum 3. máls. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Tilkynning skattstjóra, dags. 25. júlí 1994, var send kæranda áður en álagningu lauk, sbr. auglýsingu skattstjóra, dags. 28. júlí 1994, sem birt var í 79. tbl. Lögbirtingablaðs, er út kom þann dag. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði skattalaga skal skattstjóri „gera ... skattadila viðvart um ... breytingar“ sem hann gerir á einstökum liðum skattframtals. Sá annmarki var á tilkynningu skattstjóra, dags. 25. júlí 1994, að ekki var vísað til þeirrar réttarreglu sem skattstjóri byggði ákvörðun sína á. Er þetta brýnt brot gegn 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Með því að annmarki af þessu tagi verður almennt talinn valda því að aðili máls fái ekki nægilega gætt réttar síns með því að geta sjálfur kannað lagagrundvöll ákvörðunarinnar,

þykir bera að fella hina kærðu ákvörðun skattstjóra úr gildi.

Ekki er með þeirri niðurstöðu tekin nein efnisafstaða til ágreiningsefnisins.“

Úrskurður nr. 70/2006

„Ekki kom fram í bréfi skattstjóra að fyrirhuguð ákvörðun fæli í sér niðurfellingu áður ákvarðaðra barnabóta kæranda svo sem rétt hefði verið þegar litið er til eðlis þessara bóta. Þá kom ekkert fram um þetta í hinum tilvitnaða úrskurði ríkisskattstjóra. Verður því ekki talið að hinar boðuðu breytingar hafi legið nægilega skýrt fyrir í bréfi skattstjóra, dags. 26. nóvember 2004, og uppfyllti bréfið ekki þær kröfur sem gerðar eru í 4. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003, sbr. inntak lögmæltis andmælaréttar sem felst í ákvæðinu, sbr. og 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, og má raunar álykta, sbr. andmælabréf kæranda, dags. 10. desember 2004, að þetta hafi spillt málatilbúnaði þeirra. [...] Þá er það að athuga við málsmeðferð skattstjóra og leiddi raunar af fyrrgreindum annmörkum að hvorki í boðunarbréfinu, dags. 26. nóvember 2004, né í hinum kærða úrskurði, dags. 28. febrúar 2005, er vísað til þeirra réttarreglna sem hin kærða ákvörðun skattstjóra var byggð á, en um er að ræða réttarreglur um barnabætur í A-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. nú A-lið 68. gr. laga nr. 90/2003. Var rökstuðningi skattstjóra þannig einnig áfátt að þessu leyti, sbr. 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og ákvæði um efni rökstuðnings í 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 þar sem boðið er að í rökstuðningi skuli vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á. Vegna framangreindra ágalla á málsmeðferð skattstjóra, sem telja verður verulega annmarka, þykir bera að ómerkja hinar kærðu breytingar skattstjóra á barnabótum kæranda gjaldárin 2002 og 2003. Með úrskurði þessum er þá ekki tekin nein efnisleg afstaða til ágreiningsefnis málsins.“

Úrskurður nr. 202/2004

„Í tilkynningu skattstjóra, dags. 29. júlí 2003, og kæruúrskurði hans, dags. 25. nóvember 2003, er að engu getið þeirra réttarreglna sem hin umdeilda ákvörðun hans varðandi reiknað endurgjald byggðist á. Samkvæmt þessu er ákvörðun skattstjóra ekki rökstudd með fullnægjandi hætti, sbr. 3. mgr. 96. gr. og 1. mgr. 99. gr. laga nr. 90/2003 og ákvæði um efni rökstuðnings í 1. mgr. 22.

gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. [...] Í máli þessu reynir á réttarreglur um reiknað endurgjald sem hér að framan hefur verið getið. Þegar virtar eru þær réttarreglur, sem hér skiptu máli, verður að telja umræddan ágalla á rökstuðningi skattstjóra verulegan annmarka. Þá er engin grein gerð fyrir forsendum hækkunar á reiknuðu endurgjaldi kæranda sjálfs og kemur þannig m.a. hvorki fram hvort og þá á hvaða viðmiðunarflokki byggt var né með hvaða hætti væri horft til þeirra atriða sem kveðið er á um í 58. gr. laga nr. 90/2003. Vegna þessara annmarka á málsmeðferð skattstjóra verður að ómerkja hina kærðu breytingu skattstjóra á reiknuðu endurgjaldi. Er þá engin efnisleg afstaða tekin til ágreiningsefnis málsins að því er þetta kæruatriði varðar.“

Úrskurður nr. 66/2003

„Af hálfu skattstjóra kom ekki fram í kæruúrskurði hans, dags. 8. janúar 2002, á hvaða réttarreglum hin kærða lækkun hans á frádrætti á móti ökutækjastyrk var byggð, en í bréfi skattstjóra, dags. 29. október 2001, var ekki með fullnægjandi hætti vísað til þeirra matsreglna sem skattstjóri þó reifaði. Samkvæmt þessu þykir ákvörðun skattstjóra ekki rökstudd með fullnægjandi hætti, sbr. 4. máls. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 75/1981 og 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. [...] Í máli þessu reynir, eins og að framan er lýst, á réttarreglur um frádrátt kostnaðar á móti ökutækjastyrk samkvæmt 1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, sbr. og almennt skattmat ríkisskattstjóra tekjuárið 2000 (framtalsárið 2001) er birt var með auglýsingu nr. 20, 4. janúar 2001 í B-deild Stjórnartíðinda. Þegar virtar eru þær réttarreglur, sem hér gátu haft þýðingu, sbr. það sem að framan greinir, verður að telja umræddan ágalla á rökstuðningi skattstjóra verulegan annmarka.“

Úrskurður nr. 415/2001

„Eins og fram er komið vísaði skattstjóri eingöngu til 79. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, til stuðnings hinni umdeildu breytingu, sbr. fyrirspurnarbréf skattstjóra, dags. 10. apríl 2000, og úrskurð, dags. 2. maí 2000, en í 1. mgr. þeirrar lagagreinar kemur fram að einkahlutafélagi sé hvorki heimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélags þess lán né setja tryggingu fyrir þá. Hins vegar er að engu getið

hvaða lagagrundvöllur stóð til þess að virða umrætt lán sem arðgreiðslu til eiganda kæranda og fyrirsvarsmanns, enda tilgreindi skattstjóri engar skattaréttarlegar reglur til stuðnings ákvörðun sinni, né eru nein frekari rök færð fyrir því að um arðgreiðslu væri að ræða. Samkvæmt þessu var hin umdeilda ákvörðun skattstjóra ekki rökstudd með fullnægjandi hætti, enda dugði tilvísun til greinds ákvæðis laga um einkahlutafélög ein sér engan veginn, sbr. 4. málsl. 1. mgr. 99.



Þá athugasemd verður að gera við málsmeðferð ríkisskattstjóra að í hinum kærða úrskurði, dags. 1. desember 2011, er látið við það sitja að vísa með almennum hætti til málsatvika vegna boðaðra breytinga á skattframtali kæranda árið 2011, en engin grein gerð fyrir lagagrundvelli gerðra breytinga

gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, þar sem mælt er fyrir um skyldu til samhliða rökstuðnings, og 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 þar sem kveðið er á um efni rökstuðnings og m.a. boðið að í rökstuðningi skuli vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á.

1.2 Ekki ómerkt þrátt fyrir annmarka

Úrskurður nr. 200/2011

„Þá athugasemd verður að gera við málsmeðferð ríkisskattstjóra að í hinum kærða úrskurði, dags. 29. október 2010, er engin grein gerð fyrir viðeigandi ákvæðum í samningi milli Norðurlandanna til að komast hjá tvísköttun, sem þýðingu höfðu fyrir úrlausn málsins með tilliti til tekna kæranda frá Danmörku, heldur látið við það eitt sitja að taka fram að samkvæmt 1. mgr. 119. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, „hefur verið gerður samningur milli Norðurlanda til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatt á tekjur og eignir“. Þá kemur ekkert fram í úrskurði ríkisskattstjóra um efnisforsendur og tilhögun álagningarinnar með tilliti til tekna kæranda frá Danmörku að því frátöldu að þess er getið að „innheimtuhlutfall innlendra gjalda“ kær-

anda sé 39,84%. Samkvæmt þessu er úrskurður ríkisskattstjóra ekki rökstuddur með fullnægjandi hætti, sbr. lagaáskilnað um rökstuðning kærúrskurða ríkisskattstjóra í 4. málsl. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 þar sem fram kemur að í rökstuðningi skuli vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á. Er þetta aðfinnsluvert. Þar sem hvorki verður séð að annmarki þessi hafi haft áhrif á efni ákvörðunar

ríkisskattstjóra né valdið kæranda réttarspjöllum þykir ekki alveg næg ástæða til að ómerkja ákvörðun ríkisskattstjóra af þessum sökum.“

Úrskurður nr. 283/2014

„Í kæru til yfirkattanefndar kemur fram að sá annmarki hafi verið á málsmeðferð ríkisskattstjóra að ríkisskattstjóri hafi ekki vísað til 52. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eins og það ákvæði hafi verið orðað á þeim tíma þegar umþrætt viðskipti áttu sér stað. Verður að skilja þennan þátt kærunnar svo að kærandi telji að rökstuðningur hins kærða úrskurðar hafi verið ófullnægjandi, sbr. 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. [...] Í þessum efnunum tiltók ríkisskattstjóri orðalag 52. gr. laga nr. 90/2003 að gerðum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 128/2009 og 7. gr. laga nr. 162/2010. Eins og umboðsmaður kæranda bendir á komu þessarar lagabreytingar til eftir þann tíma sem málið varðar, þ.e. tekjuárið 2006. Til þess er að líta að umræddar lagabreytingar fólu ekki í sér neinar breytingar varðandi það atriði sem ríkisskattstjóri taldi hafa þýðingu í tilviki kæranda, nánar tiltekið að skattahagræði ákvæðisins ætti því aðeins við þegar hluthafar í félagi sem skipt væri fengju eingöngu

hlutabréf í þeim félögum sem eignir og skuldir deildust á við skiptin. Kemur fram kemur (sic.) í athugasemdum með frumvörpum því (sic.) sem urðu að lögum nr. 128/2009 og nr. 162/2010 að (sic.) um að ræða lagfæringar á óskýru orðalagi þar sem áður hefði verið gert ráð fyrir að upphafsfélaginu yrði slitið. Að þessu virtu þykja ekki efni til að ómerkja úrskurð ríkisskattstjóra vegna greindrar ónákvæmni í lagatilvísun, enda verður hvorki séð að annmarki þessi hafi haft áhrif á efni ákvörðunarinnar né valdið kæranda réttarspjöllum.“

Úrskurður nr. 198/2014

„Þá athugasemd að hvorki í boðunarbréfi ríkisskattstjóra, dags. 18. febrúar 2013, né úrskurði hans um endurákvörðun, dags. 2. apríl 2013, er vísað með réttum hætti til þeirra stjórnvaldsfyrirmæla (skattmatsreglna) sem ríkisskattstjóri byggði á hvað varðar númer þeirra, dags- og árssetningu, en eins og fram er komið er hér um að ræða auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 1057/2010, sem birtist í B-deild Stjórnartíðinda. Hins vegar eru reglur þessar raktar efnislega á viðunandi hátt. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið voru annmarkar á rökstuðningi ríkisskattstjóra, sbr. 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Ekki þykja þó alveg næg efni til að ómerkja ákvörðun ríkisskattstjóra af þessum sökum, enda verður ekki séð að annmarkar þessir hafi haft áhrif á efni ákvörðunarinnar né valdið kæranda réttarspjöllum.“

Úrskurður nr. 180/2012

„Þá athugasemd verður að gera við málsmeðferð ríkisskattstjóra að í hinum kærða úrskurði, dags. 1. desember 2011, er látið við það sitja að vísa með almennum hætti til málsatvika vegna boðaðra breytinga á skattframtali kæranda árið 2011, en engin grein gerð fyrir lagagrundvelli gerðra breytinga. Í boðunarbréfi ríkisskattstjóra, dags. 15. september 2011, var hins vegar gerð grein fyrir lagagrundvelli málsins, auk viðeigandi ákvæða umrædds tvísköttunarsamnings. Samkvæmt þessu var úrskurður ríkisskattstjóra ekki rökstuddur með fullnægjandi hætti, sbr. lagaáskilnað um rökstuðning úrskurða í 1. málsl. 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 þar sem fram kemur að í rökstuðningi skuli vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á. Þessi annmarki þykir þó ekki gefa tilefni til að

ómerkja hinar kærðu breytingar, enda verður hvorki séð að annmarki þessi hafi haft áhrif á efni ákvörðunar ríkisskattstjóra né valdið kæranda réttarspjöllum.“

Úrskurður nr. 286/2011

„Í kæru til yfirsattanefndar eru gerðar athugasemdir við rökstuðning skattstjóra í boðunarbréfi hans, dags. 20. október 2009, og talið að ágallar þar að lútandi hafi torveldað kæranda að neyta lögbundins andmælaréttar síns við meðferð málsins, sbr. 13. og 22. gr. stjórnvísulaga nr. 37/1993, sem vísað er til í kærinni. Taka má undir það með kæranda að lagatilvísanir skattstjóra í bréfi þessu voru ekki svo markvissar sem skyldi, auk þess sem athugasemd skattstjóra um skattskyldu umræddra tekna kæranda sem „launatekna“ var til þess fallin að valda misskilningi, enda byggði skattstjóri sem fyrr greinir á því að tekjurnar féllu undir hið almenna ákvæði 9. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003. Á hinn bóginn verður ekki talið að kærandi hafi þurft að velkjast í neinum vafa um það að hin boðaða endurákvörðun skattstjóra laut að skattlagningu teknanna í almennu skattþrepi tekjuskatts en ekki í 10% skattþrepi fjármagnstekjuskatts. Var þannig sérstaklega tekið fram í bréfinu að ekki yrði fallist á skattlagningu teknanna sem fjármagnstekna og kom skýrlega fram í bréfinu að skattstjóri taldi tekjurnar falla undir fyrrgreint ákvæði 9. tölul. C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003.“

Héraðsdómur Reykjavíkur í máli nr. F-269/2014

Stefnandi byggði á því að ríkisskattstjóri hefði bæði í boðunarbréfi og úrskurði vísað til auglýsingar nr. 1299/2011 (skattmat/bifreiðahlunnindi) í stað auglýsingar nr. 1057/2010. Taldi hann þennan formgalla eiga að leiða til ógildingar á ákvörðun ríkisskattstjóra. Í dóminum er vísað til úrskurðar yfirsattanefndar nr. 281/2014 hvar segir að þrátt fyrir þennan annmarka hafi inn-tak skattmatsreglna í auglýsingu nr. 1057/2010 verið rakið efnislega á viðunandi hátt og hvorki verði séð að þessi annmarki hafi haft áhrif á efni ákvörðunar né valdið gjaldandanum réttarspjöllum. Í dóminum segir síðan: „Er fallist á með stefnda, að eins og hér standi á, hafi þessi misritun í bréfum ríkisskattstjóra ekki skert möguleika stefnanda til að halda uppi vörnum efnislega og geti því ekki leitt til ógildingar framangreindra úrskurða.“

Umboðsmaður Alþingis nr. 877/1993

Skattstjóri vísaði í úrskurði sínum til 2. mgr. 28. gr. laga nr. 47/1987 í stað laga nr. 45/1987. Í umkvörtun til umboðsmanns Alþingis var því haldið fram að úrskurðurinn væri byggður á rangri lagaheimild. Umboðsmaður taldi með vísan til rökstuðnings úrskurðarins að öðru leyti og þess hvernig málið bar að, að hin ranga tilvísun gæti naumast verið verulegur annmarki á rökstuðningnum. Umboðsmaður taldi þó að skattstjóri hefði átt að leiðrétta þessa misritun strax og hann fékk vitneskju um villuna og tilkynna viðkomandi um þá leiðréttingu.¹⁴

Umboðsmaður Alþingis nr. 1970/1996

Í þessu máli hafði verið farið fram á skattstofnalækkun vegna taps á hlutfjáreign. Varðandi ónákvæmni á tilvísun skattstjóra og ríkisskattstjóra til réttarheimilda sagði svo í álitinu:

„Umboðsmaður tók undir með A, að heppilegt hefði verið að ákvæði d-liðar 1. tölul. A-liðar 49. gr. reglugerðar nr. 245/1963 hefði verið tilgreint sérstaklega



Eins og sést af framangreindu leiða ekki allir ágallar á tilvísun í réttarreglur til ógildingar stjórnvaldsákvörðana. Einungis verulegir annmarkar valda ógildi þeirra

af hálfu skattstjóra og ríkisskattstjóra við meðferð málsins, en í því ákvæði var sérstaklega tekið fram, að ívilnun vegna skuldatapa tæki ekki til hlutfjár. Hins vegar hefði verið vísað til 49. gr. reglugerðarinnar bæði í tilgreindu bréfi skattstjóra og úrskurði hans, sem að öðru leyti hafi uppfyllt meginkröfur um rökstuðning, sbr. 1. og 2. mgr. 22. gr. stjórnvísulaga nr. 37/1993, þannig að ekki væri tilefni til frekari athugasemda af því tilefni.“¹⁵

1.3 Örstutt samantekt

Eins og sést af framangreindu leiða ekki allir ágallar á tilvísun í réttarreglur til ógildingar

stjórnvaldsákvörðana. Einungis verulegir annmarkar valda ógildi þeirra. Í þeim efnunum er fyrst og fremst horft til þess hvort annmarkinn hafi haft áhrif á efni ákvörðunar eða valdið gjaldanda réttarspjöllum eins og þeim að torvelða honum að halda uppi efnislegum vörnum eða nýta kærurétt sinn. Þegar engu slíku er fyrir að fara teljast annmarkar á tilvísun til réttarheimilda ekki verulegir og leiða ekki til ógildingar skattákvörðana. Eins og sjá má getur misritun laganúmers og ónákvæm lagatiltvun fallið þar undir. Ekki er það þó einhlítt, sbr. t.d. úrskurð yfirsattanefndar nr. 259/2001, sem reifaður er í kafla 3.1 hér á eftir.

2. Efni rökstuðnings

Hér verður vikið að því helsta sem huga ber að við rökstuðning skattákvörðana, sbr. úrlausnir yfirsattanefndar, dómstóla og umboðsmanns Alþingis.

2.1 Málefnaleg sjónarmið

Rökstuðningur verður að vera málefnalegur, hlutlægur og byggja á lögmætum sjónarmiðum.

Ekki hefur það ætíð tekist sem skyldi, sbr. eftirfarandi úrskurði yfirsattanefndar og álit umboðsmanns Alþingis (feitl. eru frá höfundu).

Úrskurður nr. 674/1995

„Í 69. gr. laga nr. 75/1981 eru ákvæði um vaxtabætur. Í 1. mgr. kemur fram að maður sem skattskyldur er samkvæmt 1. gr. og ber vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota eigi rétt á sérstökum bótum, vaxtabótum. Í 2. mgr. er gerð grein fyrir útreikningi bótanna og kemur fram að bæturnar skerðast meðal annars vegna tekna framteljanda. Í 3. mgr. eru ákvæði um hámark vaxtagjalda,

¹⁴ SUA 1994:261

¹⁵ SUA 1998:160

tegund lána, tímamörk og fleira, enda séu lánin sannanlega notuð til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Í 69. gr. laga nr. 75/1981 er ekki að finna heimild til að taka tillit til tekna framtefjenda við ákvörðun þess hvort lántökur teljist vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. **Byggði rökstuðningur skattstjóra því á ólögætum sjónarmiðum hvað þetta atriði varðar.**"

Úrskurður nr. 391/2011

„Svo virðist sem skattstjóri hafi byggt hina umdeildu ákvörðun sína fyrst og fremst á því að í skattalöggjöfinni væri hvergi að finna ákvæði sem berum orðum heimilaði frádrátt frá tekjum vegna taps af afleiðusamningum í rekstri lögaðila. Rökstuðningur skattstjóra er þó ekki svo skýr sem skyldi og fullnægir naumast þeim lagakröfum sem gerðar eru til rökstuðnings, sbr. 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og 1. og 2. mgr. 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. **Þá þykir sú forsenda skattstjóra að afleiðuviðskipti séu það áhættusöm að af þeim sökum geti tap af slíkum viðskiptum ekki talist til „eðlilegs“ rekstrarkostnaðar, naumast vera byggð á lögætum sjónarmiðum.** Ekki verður komist hjá að ómerkja hinn kærða úrskurð. Með úrskurði þessum er þá engin efnisafstaða tekin til ágreiningsefna málsins“.

Úrskurður nr. 13/2002

„Þá þykja skýringar skattstjóra á lagaákvæðum um fjármagnstekjuskatt sem undantekningarákvæða frá meginreglu um að greiða beri skatt af öllum tekjum engan veginn fá staðist. Þá hefur skattstjóri lagt upp úr því að honum þyki óeðlileg sú niðurstaða að skattlagning leigutekna sæti 10% fjármagnstekjuskatti jafnframt frádráttarbærni að fullu frá tekjum í rekstri einkahlutafélagsins. **Verður ekki annað séð en skattstjóri byggi hér á ólögætum sjónarmiðum.**“

Úrskurður nr. 601/2012

„Samkvæmt þessu byggði ríkisskattstjóri höfnun sína á frádrætti umrædds kostnaðar í skattskilum kæranda gjaldárið 2010 á því að eigin fæðiskostnaður sjálfstætt starfandi manna væri almennt ekki frádráttarbær frá tekjum af atvinnurekstri. Með vísan til þess, sem að framan greinir, er sú forsenda of frádráttarlaus og fær ekki

staðist, enda er ekki loka fyrir það skotið að útgjöld af þessum toga geti í einstökum tilvikum fallið undir frádráttarbæran rekstrarkostnað. Finnast og dæmi þess í úrskurðaframkvæmd, sbr. fyrrgreinda úrskurði yfirsattanefndar. Bar ríkisskattstjóra að taka afstöðu til hins umdeilda fæðiskostnaðar á þeim forsendum sem raktar hafa verið“

Úrskurður nr. 233/2013

„Þá er því haldið fram af hálfu kæranda, sbr. greinargerð til yfirsattanefndar, dags. 21. desember 2011, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi í heild sinni sökum þess að ákvörðunin væri ekki byggð á málefnalegum sjónarmiðum í samræmi við réttmætisreglu stjórnsýsluréttar. Þessu til stuðnings er m.a. tekið fram að rökstuðningur í úrskurði ríkisskattstjóra sé að verulegu leyti byggður á viðhorfum sem komi fram í tímaritsgreinum yfirmanns eftirlitssviðs ríkisskattstjóra sem hafi verið yfirmaður þeirra starfsmanna ríkisskattstjóra sem úrskurðað hafi í máli kæranda. [...] **Fallast verður á það með kæranda að í úrskurði ríkisskattstjóra gæti gildishlaðins orðalags og athugasemda sem ekki varða með beinum hætti ágreiningsefni málsins, þótt ekki verði tekið undir öll þau dæmi sem kærandi tilgreinir. Þessi ljóður á ráði ríkisskattstjóra er aðfinnsluverður.** Ekki þykja á hinn bóginn vera efni til ómerkingar á úrskurði ríkisskattstjóra vegna annmarka á rökstuðningi hans, svo sem kærandi gerir kröfu um, enda verða þær meginástæður sem ríkisskattstjóri tilgreindi fyrir gerðum breytingum á skattskilum kæranda á engan hátt taldar fela í sér ómálefnalegar forsendur, ...“

Álit umboðsmanns Alþingis nr. 2723/1999

Ríkisskattstjóri synjaði beiðni um skattstofnalækkun skv. 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. tsl. (nú 65. gr.) Voru forsendur þær að lagaákvæði þetta um lækkun tekjuskattsstofns þeirra sem hafa foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu, verði ekki skilið þannig að það skuldbindi íslensk skattfyrirvöld til að taka tillit til framfærslu þegna erlendra ríkja, nema því aðeins að ákvæði séu um það í samningum sem Ísland er aðili að en svo sé ekki í þessu tilviki. Í samantekt álit umboðsmanns segir m.a.:

„Þá taldi umboðsmaður ekki unnt að líta svo á að viðurkenning á rétti skattaðila til ívilnunar í sköttum vegna sannanlegrar framfærslu vandamanns, þótt viðkomandi vandamaður væri erlendur ríkisborgari eða búsettur erlendis, yrði jafnað til lagalegrar skuldbindingar af hálfu íslenska ríkisins sem aðila að þjóðarétti til þátttöku í framfærslu erlendra ríkisborgara. **Enn fremur tók umboðsmaður fram að við túlkun lagaákvæða á borð við 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 væri skattfyrirvöldum á grundvelli 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 óheimilt að velja þann skýringarkost er leiddi til ómálefnalegar mismununar skattþegna.** Ef niðurstaða skattfyrivalda yrði talin leiða til mismununar skattþegna þá yrði að vera hægt að ráða með óyggjandi hætti af orðalagi viðkomandi lagaákvæðis eða lögskýringargögnum að slík mismunur væri reist á málefnalegum sjónarmiðum. Að þessu gættu og þar sem ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 75/1981 gerði engan áskilnað um ríkisfang eða búsetu foreldris eða vandamanns þess sem sækta um ívilnun og hann hefði á framfæri sínu var niðurstaða umboðsmanns sú að túlkun ríkisskattstjóra í úrskurði hans í máli A ætti sér ekki fullnægjandi stoð í lögum. Úrskurðurinn væri því byggður á ólögætum grundvelli.“¹⁶

2.2 Hvað þarf efnislega að koma fram í rökstuðningi

Í rökstuðningi ber skýrt og skorinort að greina frá öllu því sem skattákvörðun byggir á. Rökstuðningur verður eðli máls samkvæmt mis ítarlegur og mis vandasamur, allt eftir umfangi og skýrleika málefnsins og skýrleika þeirra lagareglna sem á reynir. Ef ákvörðun byggir á lögskýringu, sem ekki er almennt þekkt á umræddu sviði, ber að gera stuttlega grein fyrir henni.¹⁷ Eftirfarandi úrskurðir yfirsattanefndar veita ágæta innsýn í það hvers með þarf í rökstuðningi. Fyrst er um að ræða almennan rökstuðning sem skipt er niður eftir því hvort málin hafi sætt ómerkingu eða ekki. Því næst verður vikið að aðstæðum sem kalla á sérlega vandaðan rökstuðning og síðan að ákvörðunum sem byggja á mati. Áður er þó vitnað í þrjá dóma Hæstaréttar Íslands. Í lokin er svo samantekt.

¹⁶ SUA 2000:151

¹⁷ Alþt. 1992, A-deild, bls. 3303.

H 1997:3384

Í máli þessu staðfestir Hæstiréttur úrskurð hér- aðsdoms Suðurlands með vísan til forsendna hans. Sóknaraðili hélt því fram að úrskurðir skattstjóra hefðu með öllu verið órökstuddir. Í þeim séu engar efnislegar forsendur tilgreindar fyrir fjárhæð skattstofna og ekki komi fram á hvaða grundvelli tekjur séu áætlaðar en færa hefði þurft töluleg rök fyrir hinum áætluðu skattstofnum. Þá sé ekki tilgreint af hvaða ástæðum innsendum skattframtölum sé vikið til hliðar. Í niðurstöðu héraðsdoms segir:

„Skattstjóri áætlaði því tekjur sóknaraðila og tilkynnti með bréfum, dags. 29. nóvember 1995 um endurákvörðun skatta samkvæmt 4. mgr. 96. gr. l. nr. 75/1991 (sic) um tekjuskatt og eignarskatt. Skattstjóra er skylt að rökstyðja endurákvörðanir sínar á grundvelli 96. gr. laganna. Í því felst, að skattstjóri verður að gera grein fyrir, af hvaða ástæðum endurákvörðun er gerð.

Um ástæður fyrir endurákvörðun á sköttum sóknaraðila er í bréfi skattstjóra vísað til þess, að ekki hafi borist svar við bréfi skattstjóra, dags. 26. sept. 1994. Í ljósi þess, að skattstjóri fékk ekki umkráðar skýringar og gögn til að fara eftir, verður það að teljast fullnægjandi rökstuðningur fyrir endurákvörðuninni.“¹⁸

H 1974:154

Að undangenginni rannsókn á skattskilum A, sem rak byggingarstarfsemi, voru gjöld hans gjaldárin 1965-1968 endurákvörðuð af ríkisskattaneftnd.¹⁹ Ákvörðun hennar um að víkja skattframtölum A til hliðar og áætla skatta hans var einkum byggð á því að skattframtöl hans væru oftaldar auk þess sem söluhagnaður íbúðar, sem A hafði byggt og selt, þótti grunsamlega lágur. Þessi ákvörðun ríkisskattaneftndar var felld úr gildi þar sem hún hefði ekki nema að litlu leyti gert rökstudda grein fyrir því á hverju tekjuaukning hvers árs var reist. Þá skorti á að skýringar A hefðu verið teknar til rökstuddrar úrlausnar og sá þáttur, sem laut að söluhagnaði íbúðar, hafi ekki verið borinn skýrlega upp við hann í upphafi, en hann var ekki talinn bókhaldsskyldur. Voru úrskurðir ríkisskattaneftndar því með þeim ágöllum að þeir þóttu ekki lögmæt undirstaða gjaldhækkana.

H 1979:1303

Bókhald A sf. var talið ófullkomið og ekki viðhlítandi grundvöllur undir framtölum félagsins. Var því talið að ríkisskattstjóra hefði verið heimilt að víkja framtölunum til hliðar og áætla tekjuskattsstofna félagsins. Var áætlunin sögð nægilega rökstudd og ekki úr hófi fram þótt hún væri allhá. Framgangur lögtaks var því samþykktur.

2.2.1 Úrskurðir sem sættu ómerkingu hjá yfirsattanefnd

Úrskurður nr. 157/2009

„Í kafla I hér að framan eru raktar forsendur og rök skattstjóra fyrir hinni kærðu hækkun reiknaðs endurgjalds kæranda. Eins og þar greinir byggði skattstjóri einvörðungu á því, að því er snertir reiknað endurgjald kæranda, R[...], að þar sem nám í grafískri hönnun væri á háskólastigi „mætti fremur ætla“ að starf R[...] á vegum H ehf. félli undir viðmiðunarflokk A í viðmiðunarreglum um reiknað endurgjald heldur en viðmiðunarflokk D í reglum þessum. Að öðru leyti kom ekki fram af hálfu skattstjóra af hvaða ástæðum skattstjóri taldi kæranda falla undir viðmiðunarflokk A og með hvaða hætti þau skilyrði varðandi sérmenntun og starf í sérgrein, sem almennt eru tiltekin í þeim viðmiðunarflokki, væru uppfyllt í tilviki kæranda. Sérstakt tilefni var þó til skilmerkilegrar umfjöllunar um þetta meginatriði málsins í ljósi þess hvernig umræddar viðmiðunarreglur eru úr garði gerðar. Í þessu sambandi varð ekki hjá því komist að taka til athugunar og umfjöllunar atvinnuréttindi kæranda, sbr. ákvæði laga nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, sbr. lög nr. 84/2006, um breytingar á þeim lögum, og fjalla um viðeigandi viðmiðunarflokk á þeim grundvelli, auk nauðsynlegrar túlkunar og skýringa á viðmiðunarreglum um reiknað endurgjald að öðru leyti. Var þetta ekki síst nauðsynlegt þar sem starfsgreinar kæranda er ekki getið í hinum umdeilda viðmiðunarflokki A. Þá verður jafnframt að telja að á hafi skort að skattstjóri hafi tekið viðbáru kæranda varðandi viðmiðunarflokk D,

m.a. í andmælabréfi umboðsmanns kæranda, dags. 13. febrúar 2007, til nægjanlega rökstuddrar úrlausnar, m.a. með tilliti til þess hvort umrædd starfsemi félli undir löggilta iðngrein og iðnréttindi kæranda, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 940/1990, um löggiltar iðngreinar, og iðnaðarlög nr. 42/1978. [...].

Með vísan til þess, sem hér að framan greinir, verður að telja að verulega skorti á að skattstjóri hafi rökstutt hina kærðu hækkun reiknaðs endurgjalds kæranda með fullnægjandi hætti, sbr. ákvæði 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og ákvæði um efni rökstuðnings í 1. og 2. mgr. 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Af þessum sökum þykir bera að ómerkja hinar kærðu breytingar skattstjóra á skattframtölum kæranda árin 2003, 2004 og 2005. Tekið skal fram að með úrskurði þessum er þá ekki tekin nein efnisleg afstaða til ágreiningsefna málsins.“

Úrskurður nr. 796/1998

„Í athugasemdadálki skattframtals kæranda kom fram að hlutabréf í H[...] ehf. væru niðurfærð um 3.828.000 kr. þar sem skuldir félagsins umfram eignir væru 3.134.527 kr. samkvæmt ársreikningi sem fylgdi skattframtali kæranda. Var þar um allt hlutafé kæranda í umræddu hlutafélagi að ræða, en heildarhlutafé umrædds félags er 3.900.000 kr. Skattstjóri féllst ekki á niðurfærslu hlutafjárins og færði kærendum hlutaféð til eignar á skattframtali þeirra á 3.828.000 kr.

Um mat skattskyldrar hlutabréfa- eignar segir svo í 1. málsl. 1. mgr. 5. tölul. 74. gr laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt: „Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess.“ Hafa kærendur byggt kröfugerð sína á niðurlagsákvæði þessa lagaákvæðis. Skattstjóri synjaði kærendum um niðurfærslu hlutafjár í H[...] ehf. með vísan til 5. tölul. 74. gr. laga nr. 75/1981, sbr. kæruúrskurð, dags. 6. október 1997. Í kæruúrskurði gerði skattstjóri enga grein fyrir því á hverju hann byggir þessa ákvörðun sína. Var ákvörðun skattstjóra því með öllu órökstudd, sbr. 4. másl. 1. mgr. [99. gr.] laga nr. 75/1981 og 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, og er hún felld úr gildi.“

¹⁸ Í úrskurðarfrákvæmd hefur þó sú meginregla gilt að rökstyðja þurfi efnislega einstakar breytingar sem gerðar eru á skattframtölum eða þegar framtali er hafnað í heild sinni sem lögmætum álagningargrundvelli. Í þeim efnum er því ekki nóg að vísa aðeins til þess að engin svör hafi borist eða að þau hafi verið ófullnægjandi, sbr. t.d. úrskurð yfirsattanefndar nr. 234/1999.

¹⁹ Á þessum tíma fór ríkisskattaneftnd enn með endurákvörðanir í skatttrannsóknarmálum. Sjá nánar tilvísun 2 hér að framan.

Úrskurður nr. 336/2013

„Samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 90/2003 er ekki nægjanlegt að skattaðili hafi orðið fyrir tapi á útstandandi kröfum, í tilvikum kæranda að ábyrgð hafi fallið á hann án möguleika á endurkröfu, heldur þarf gjaldþol að hafa skerst verulega af þessum sökum. Af afstöðu ríkisskattstjóra hefur leitt að hann vék ekkert að þessu atriði. Samkvæmt þessu fjallaði ríkisskattstjóri ekkert um tekjur kæranda og efnahag í hinum kærða úrskurði eða stöðu og hagi kæranda að öðru leyti. Skorti þannig alveg á að í úrskurði ríkisskattstjóra væri tekið á grundvallaratriðum við afgreiðslu málsins sem vörðuðu gjaldþolsskerðingu kæranda. Er þessi þáttur málsins því alveg óupplýstur af hendi ríkisskattstjóra í málinu, sbr. rannsóknarreglu 10. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.“



Bar ríkisskattstjóra að taka rökstudda afstöðu í kæruúrskurði sínum til einstakra gjaldaliða sem hann vefengdi og veita þeim viðhlítandi úrlausn hverjum fyrir sig með tilliti til fyrirbyggjandi gagna og skýringa kæranda

Úrskurður nr. 330/2015

„Fallast má á það með ríkisskattstjóra að skýringar kæranda á gjaldfærðum kostnaði, sérstaklega vegna kaupna á ýmsum tækjum og tólum, voru naumast í öllum tilvikum til þess fallnar að leiða í ljós tengsl útgjaldanna við öflun tekna í atvinnurekstri. Þrátt fyrir það verður ekki talið að það hafi staðist, eins og málið lá fyrir ríkisskattstjóra, að fella niður með öllu gjaldfærðan kostnað á framangreindum forsendum án nokkurrar umfjöllunar eftir atvikum um einstök eignakaup, flokka eign eða gjaldaliði í heild sinni, sbr. m.a. 12. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993. Bar ríkisskattstjóra að taka rökstudda afstöðu í kæruúrskurði sínum til einstakra gjaldaliða sem hann vefengdi og veita þeim viðhlítandi úrlausn hverjum fyrir sig með tilliti til fyrirbyggjandi gagna og skýringa kæranda. [...] Þá eru annmarkar á rökstuðningi úrskurðar ríkisskattstjóra að öðru leyti. Þannig skortir alveg rökstuðning fyrir þeirri hlutfallsfjárhæð 20% sem ríkisskattstjóri lagði í

meginatriðum til grundvallar áætlunarfjárhæð sinni.“

Úrskurður nr. 154/2004

„Eins og fram er komið byggði skattstjóri hina kærðu ákvörðun á því að sölureikningur í bókhaldi kæranda vegna kaupna á tækjum af H[...] ehf. væri „ekki innskattshæfur og engin leiðrétting á honum ... komin“. Taka verður undir það með ríkisskattstjóra, sbr. kröfugerð embættisins í máli þessu, að þessi rökstuðningur skattstjóra er með öllu ófullnægjandi, enda kom ekkert fram um það hvaða annmarkar voru taldir бага sölureikninginn með tilliti til ákvæða 20. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, vegna færslu virðisaukaskatts samkvæmt honum sem innskatts í bókhaldi og skattskilum kæranda. Samkvæmt

samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003. Varð þvert á móti að leysa úr því hvort hin umþrættu laxveiðihlunnindi kæranda teldust þáttur í atvinnurekstri þeirra sjálfra sem samkvæmt framan-greindu fól í sér útleigu eigna og réttinda þeim tengdum, sbr. hér að framan. Hvorki í boðunarbréfi ríkisskattstjóra né í hinum kærða úrskurði var fjallað um málefnið á þessum grundvelli.

Þá var ærið tilefni til þess fyrir ríkisskattstjóra vegna þessa þáttar málsins að huga að breytingum á lögum nr. 90/2003 sem gerðar voru með c-lið 3. gr. og 6. gr. laga nr. 76/2007 annars vegar og 6. gr. laga nr. 128/2009, um tekjuöflun ríkisins, hins vegar og lutu sérstaklega að meðferð tekna úr veiðifélögum í skattskilum, en að þeim breytingum var ekkert vikið af hálfu ríkisskattstjóra við meðferð málsins.“

Úrskurður nr. 9/2020

„Breytingar ríkisskattstjóra voru byggðar á því að greindar leigutekjur kæranda frá X ehf. væru tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Þessu til stuðnings tók ríkisskattstjóri fram að væri húsnæði „nýtt undir atvinnustarfsemi teljast leigutekjur af því vera rekstrartekjur sem eru skattskyldar skv. B-lið 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt“. Ekki gerði ríkisskattstjóri grein fyrir lagagrundvelli ákvörðunar sinnar frekar en hér hefur verið rakið eða færði að öðru leyti rök fyrir ályktun sinni. Samkvæmt 58. gr. a laga nr. 90/2003, sbr. 4. gr. laga nr. 59/2017, skulu tekjur manna af útleigu íbúðarhúsnæðis, frístundahúsnæðis eða annars húsnæðis, m.a. þar sem gisting er boðin gegn endurgjaldi, teljast stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi nema tilgreind undanþáguákvæði í a- eða b-liðum 1. mgr. lagagreinarinnar teljist eiga við. Hafi ríkisskattstjóri reist breytingu sína á þessu lagaákvæði, sem frekast verður talið, bar honum að vísa til þess og láta þá koma fram af hvaða ástæðu hann taldi nefnd undanþáguákvæði ekki koma til álita. Með því að ríkisskattstjóri gætti þessa ekki voru ágallar á rökstuðningi embættisins, sbr. 3. málsl.²⁰ 1. mgr. 99. gr. laga nr. 90/2003, sbr. og 1. mgr. 22. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993 um efni rökstuðnings.“

Úrskurður nr. 594/2012

„Samkvæmt framansögðu er ljóst að kærandi og ríkisskattstjóri túlka um-

²⁰ Misritun. á að vera 4. málsl.

ræddar reglur Tryggingasjóðs sparísjóða á ólíkan hátt, þ.e. það ákvæði í reglum þessum sem kveður á um það að arðshlutfall megi „ekki vera hærra en raunarðsemi sparísjóðsins og reiknast af endurmetnu stofnfé eins og það er í lok reikningsárs“. Af hálfu ríkisskattstjóra er litið svo á að reikna skuli hlutfall þetta miðað við raunarðsemi stofnfjár viðkomandi sparísjóðs, svo sem ríkisskattstjóri hefur útfært tölulega, en kærandi telur auðsýnilega að í reglunum sé vísað til raunarðsemi alls eigin fjár sparísjóðs sem hafi verið 44% í tilvikum X sparísjóðs rekstrarárið 2007. [...].

Í umræddum reglum Tryggingasjóðs sparísjóða er ekki skilgreint nánar hvernig reikna skuli „raunarðsemi sparísjóðsins“, en ljóst er á hinn bóginn að greiða mátti arð með því hlutfalli, sem þannig verður fengið, af endurmetnu stofnfé í lok reikningsárs, sbr. einnig niðurlagsákvæði þággildandi 2. tölul. 68. gr. laga nr. 161/2002. Af hálfu ríkisskattstjóra hafa ekki verið færð rök að því að frekar beri að skilja fyrrgreint orðasamband þannig að átt sé við arðsemi stofnfjár sparísjóðs en ekki arðsemi alls eigin fjár hans. Benda verður á að skilningur ríkisskattstjóra leiðir í raun til þess að óheimilt hefði verið að úthluta meiri arði en nam hagnaði viðkomandi árs. Það er á hinn bóginn ekki í samræmi við þær skýringar í bréfi Tryggingasjóðs sparísjóða, dags. 10. desember 2007, að með reglum sjóðsins um arðgreiðslur vegna rekstrarársins 2007 sé felld niður takmörkun á arðgreiðslum með tilliti til óráðstafaðs eigin fjár.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið þykir ríkisskattstjóri ekki hafa sýnt fram á að arðgreiðslur X sparísjóðs á árinu 2008 hafi farið í bága við reglur Tryggingasjóðs sparísjóða, sbr. 1. tölul. 68. gr. laga nr. 161/2002, þannig að efni hafi verið til hinnar kærðu breytingar á skattframtali kæranda árið 2009. Að svo vöxnu er krafa kæranda tekin til greina.“

Úrskurður nr. 319/2009

„Grundvallaratriði málsins var hvort umrædd kaup kæranda á hlutabréfum hefðu verið samkvæmt kauprétti þannig að um skattlagningu færi eftir 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 90/2003. Bar skattstjóra að sýna fram á með viðhlítandi hætti hvort og þá að hvaða marki umrædd hlutabréfakaup stöfuðu af kauprétti sem kærandi hefði öðlast vegna starfa sinna. Ályktun skattstjóra í boðunarbréfi, dags. 10. nóvember

2007, þar sem skattstjóri sló því föstu að hlutabréfakaupin hefðu að öllu leyti byggst á slíkum kauprétti, sem fyrr greinir, var byggð á veikum grunni. Með hinum kærða úrskurði sínum um endurákvörðun, dags. 11. september 2008, styrkti skattstjóri ekki svo neinu næmi þessa ályktun sína, en einhenti sér í að vefengja og hrekja skýringar og rök kæranda, án þess þó að grundvöllur málsins, staðreynsla á umræddum kauprétti, væri þó treystur. Afgreiðsla skattstjóra á andmælum kæranda, sem fjallað er um hér að framan, getur ekki bætt hér úr.

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, þykir ekki hafa verið sýnt fram á það af hálfu skattstjóra, gegn eindregnum andmælum kæranda, að virða beri umrædd hlutabréfakaup kæranda á árinu 2006 sem kaup á hlutabréfum samkvæmt kauprétti kæranda er sæti skattlagningu samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 90/2003. Er hin kærða tekjufærsla því felld úr gildi og varakrafa kæranda tekin til greina.“



... þykir ekki hafa verið sýnt fram á það af hálfu skattstjóra, gegn eindregnum andmælum kæranda, að virða beri umrædd hlutabréfakaup kæranda á árinu 2006 sem kaup á hlutabréfum samkvæmt kauprétti kæranda er sæti skattlagningu samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 90/2003

2.2.2 Ekki ómerkt þrátt fyrir annmarka

Úrskurður nr. 90/2016

„Í úrskurði ríkisskattstjóra er gerð grein fyrir þeirri ástæðu endurákvörðunarinnar að tekjuskattur hafi við frumálagningu gjaldárið 2014 verið ranglega ákvarðaður miðað við 20% skattþrep í stað 36% tekjuskatts, svo og vísaði ríkisskattstjóri í viðeigandi lagaákvæði. Í úrskurðinum var á hinn bóginn ekki fjallað um viðbárur kæranda varðandi endurákvörðunarheimild, sbr. bréf umboðsmanns kæranda, dags. 4. maí 2015, en eingöngu vísað til boðunarbréfs frá 8. júní 2015. Af þessu tilefni skal tekið fram að rökstuðningur skal koma fram í úrskurði,

sbr. fyrrgreind lagaákvæði, og er því almennt ekki fullnægjandi um efni rökstuðnings að vísa til þess sem fram hefur komið í fyrri bréfaskiptum. Samkvæmt þessu var annmarki á málsmeðferð ríkisskattstjóra. Ljóst þykir að sá annmarki hefur ekki haft áhrif á efni ákvörðunarinnar, enda mátti ljóst vera að ríkisskattstjóri féllst ekki á sjónarmið kæranda um heimild til endurákvörðunar. Þá verður ekki séð að þessi annmarki hafi leitt til réttarspjalla fyrir kæranda. Samkvæmt þessu og í samræmi við viðtekin viðhorf um áhrif annmarka á gildi stjórnvaldsákvörðunar að þessu leyti þykir ekki nægilegt tilefni til að ómerkja ákvörðun ríkisskattstjóra vegna fyrrgreinds ágalla.“

Úrskurður nr. 6/2010

„Þá athugasemd verður að gera við rökstuðning skattstjóra að hann einblínir á ákvæði 3. mgr. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 sem sköttunarheimild og tekur jafnvel fram að ákvæði 1. mgr. 11. gr. lag-

anna eigi ekki við í málinu, sbr. úrskurð skattstjóra. Ætla verður að skattstjóri hafi byggst á því að umræddar úttektir hafi falið í sér óheimila úthlutun af fjármunum félagsins (dulinn arð) en ekki venjulega arðgreiðslu, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003, sem skattleggja bæri sem laun, sbr. 3. mgr. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, sbr. ennfremur 2. mgr. 11. gr. laganna, en umrætt ákvæði 7. gr. verður að skýra í samræmi við 2. mgr. 11. gr. Þarna var því annmarki á rökstuðningi skattstjóra, sbr. 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og 1. mgr. 22. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993. Ekki þykja þó efni til að ómerkja breytingar skattstjóra af þessum sökum, enda hefur umræddur ágalli hvorki haft áhrif á efni ákvörðunar skattstjóra né valdið kæranda réttarspjöllum.“

Úrskurður nr. 73/2018

„Það athugast að umfjöllun ríkisskattstjóra í hinum kærða úrskurði er í sumum atriðum ómarkviss, þar á meðal umfjöllun um takmarkanir á heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts samkvæmt 3. og 5. tölul. 4. gr. reglugerðar nr. 449/1990. Sama er að segja um þá athugasemd ríkisskattstjóra að endurgreiðsla taki ekki til virðisaukaskatts sem greiddur sé af efni og akstri, en ekki verður séð að umsókn kæranda hafi gefið nokkurt tilfni til þessara athugasemda ríkisskattstjóra. Þá er einnig óljóst að hvaða leyti ríkisskattstjóri taldi 1. tölul. 4. gr. reglugerðarinnar eiga við í málinu. Þykir þessi umfjöllun hafa verið til þess fallin að gera kæranda erfitt fyrir að átta sig á mála-tilbúnaði ríkisskattstjóra og þar með að leita endurupptöku samkvæmt 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eða færa kæru til yfirsattanefndar í haganlegt form. Samkvæmt þessu voru annmarkar á rökstuðningi ríkisskattstjóra, sbr. 1. mgr. 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ekki þykir þó alveg næg efni til að ómerkja ákvörðun ríkisskattstjóra af þessum sökum, enda verður ekki séð að annmarkar þessir hafi torveldað málaltilbúnað kæranda eða valdið honum réttarspjöllum.“

2.2.3 Málið kallar á sérlega vandaðan rökstuðning

Málavextir eða hið lögfræðilega úrlausn-arefni geta verið þannig vaxin að þau kalli á sérstaklega vandaðan rökstuðning. Í álitum umboðsmanns Alþingis nr. 1435/1995 segir að sakarefnið hafi gefið sérstakt tilefni til að vandað yrði til rökstuðnings þar sem réttarreglum um frádrátt dagpeninga hafi verið áfátt.²¹ Samskonar sjónarmið er að finna í eftirfarandi úrskurðum yfirsattanefndar:

Úrskurður nr. 30/2006

„Samkvæmt framansögðu kom ekki fram af hálfu skattstjóra við meðferð málsins á skattstjórastigi af hvaða ástæðum skattstjóri taldi að sala kæranda á aðgangi að kennsluvef á internetinu gæti ekki fallið undir ákvæði 3. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988 að öðru leyti en fólst í tilvísun skattstjóra til ákvarðandi bréfs ríkisskattstjóra nr. 1016/2002 sem skattstjóri tók að hluta til orðrétt upp í boðunarbréfi sínu. Í boðunarbréfinu er hins vegar ekki tekinn upp sá hluti umrædds bréfs ríkisskattstjóra sem einkum hafði þýðingu í

tilviki kæranda og varðar svonefnda fjar-kennslu yfir internet annars vegar og sölu á aðgangi að námsefni og námskeiðum/kennslu á internetinu hins vegar, sbr. niðurlag bréfsins. Frekast verður ráðið að handvömm hafi valdið þessu. Engu að síður er ljóst að greindur annmarki á frágangi boðunarbréfsins hefur haft í för með sér að rökstuðningur þess var ekki fullnægjandi, enda verður ekki ráðið af bréfinu á hvaða grundvelli skattstjóri leit svo á að hin umdeilda sala kæranda gæti ekki fallið undir fyrrgreint undanþáguákvæði. **Vegna sérstakrar og vandasamrar túlkunar á sköttun-arheimildum, sem á reyndi, var þó ríkt tilefni til vandaðs rökstuðnings að þessu leyti.** Verður ekki talið að boðunarbréf skattstjóra hafi uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru til boðunar skattstjóra á fyrirhuguðum breytingum í 3. mgr. 26. gr. laga nr. 50/1988, sbr. 4. gr. laga nr. 149/1996, eins og túlka ber ákvæðið með tilliti til lögmæltis andmælaréttar sem í því felst, sbr. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.“ Ákvörðun skattstjóra var því ómerkt en einnig var um að ræða brot á rannsóknarreglunni.

Úrskurður nr. 267/2008

Mál þetta varðar greiðslu til erlends lögaðila sem ríkisskattstjóri taldi að virða ætti sem arðgreiðslu til hans samkvæmt 4. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003. Í úrskurðinum segir:

„Hvorki í boðunarbréfi ríkisskattstjóra, dags. 19. október 2006, né í úrskurði um endurákvörðun, dags. 18. desember 2006, er neitt vikið að mögulegum frádráttarrétti hins þýska [lögaðila], hvorki samkvæmt 9. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003 né á öðrum grundvelli. Með vísan til framangreinds og með sérstöku tilliti til 4. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, þar sem svo er mælt fyrir að réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðsla, m.a. þeirra aðila sem um ræðir í 7. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 2. tölul. 70. gr. laganna, teljist fullnaðargreiðsla gjalda þessara aðila hér á landi, án þess að fram þurfi að fara frekari ákvörðun eða álagning þeirra hjá þessum aðilum, verður að telja að verulega hafi skort á fullnægjandi rökstuðning ríkisskattstjóra að þessu leyti.

Samkvæmt framansögðu verður að telja að verulegir annmarkar hafi verið á rökstuðningi ríkisskattstjóra, [...] **Í þessu**

sambandi er m.a. til þess að líta að málið varðar veigamikil og flókin skattaleg álitæfni sem kallaði sérstaklega á vandaða og markvissa málsmeðferð. Samkvæmt þessu voru slíkir annmarkar á málsmeðferð ríkisskattstjóra að óhjákvæmilegt er að ómerkja hinar kærðu ákvarðanir hans með öllu.“

Úrskurður nr. 151/2003

„Í 1. mgr. 3. tölul. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 er tekið fram að hreinar tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr. og 31. gr., skuli telja til tekna hjá því hjóna sem stendur fyrir rekstrinum og skuli þær skattlagðar með öðrum tekjum þess, sbr. ákvæði 3. tölul. 62. gr. laganna. Síðastgreint ákvæði hefur að geyma almennar reglur um ákvörðun tekjuskattsstofns manna sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Í 2. mgr. 3. tölul. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 er nánari útfærsla á framangreindri meginreglu 1. mgr. tölulíðarins. Segir þar að þegar atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi sé háð sérþekkingu eða persónubundnum rekstrarleyfum skuli hreinar tekjur af rekstrinum taldar hjá því hjóna sem sérþekkinguna eða leyfið hefur. Starfi hjón sameiginlega að atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi og hafi bæði þá sérþekkingu eða leyfi, sem krafist er, eða sé slíkrar sérþekkingar eða leyfa ekki krafist, skal skipta hreinum tekjum af rekstrinum í hlutfalli við vinnuframlag hvors um sig og telja til tekna hjá hvoru hjóna. Þá eru ákvæði um áætlun skattstjóra á skiptingu hreinna tekna. Í 3. mgr. 3. tölul. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 er sérstaklega tekið fram að um meðferð á tapi af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi fari eftir sömu reglum og gilda um hreinar tekjur.“

Síðar segir: „Eins og þær réttarreglur sem hér reynir á eru úr garði gerðar er þýðingarmikið að rökstuðningur sé markviss og glöggur þannig að ekki fari á milli mála hverjar séu forsendur ákvörðunar.“

Jafnframt voru rannsóknarreglan og andmælareglan brotnar og málið ómerkt.

2.2.4 Matskenndar ákvarðanir

Í 2. málsli. 1. mgr. 22. gr. stjórnsýslulaganna segir að í rökstuðningi fyrir ákvörðunum sem

²¹ SUA 1996:512.

byggja á mati skuli greina frá þeim megin-sjónarmiðum sem ráðandi voru við matið. Þetta skorti t.a.m. alveg þegar gjaldaliðir voru lækkaðir um 20% vegna ófullnægjandi svara gjaldanda, sbr. úrskurð yfirskattaneftndar nr. 330/2015 sem reifaður er í 2.2.1 hér að framan. Rökstuðningur í slíkum málum er ætíð vandasamur og í þeim þarf sérstaklega að horfa til meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslu-laganna.²²

Í áliti umboðsmanns Alþingis nr. 2532/1998 reyndi á rökstuðning ríkisskattstjóra fyrir ákvörðun um skattstofnalækkun skv. nú-gildandi 1. tölul 1. mgr. 65. gr. tsl. Í álitinu segir:

„Umboðsmaður benti á að í úrskurði ríkisskattstjóra væri skírskotað til gagnna um að veikindi A hefðu haft í för með sér atvinnu- og tekjumissi fyrir hann, en af gögnunum væru ekki dregnar rök-studdar ályktanir um gjaldþol A. Í úr-skurðinum væri hvorki gerð grein fyrir umfangi gjaldþolsskerðingar A né fjallað um áhrif skerðingarinnar með hliðsjón af upplýsingum um hagi hans, t.d. um „fram-færslukostnað og fjárskuldbindingar“, eins og mælt væri fyrir um í verklags-reglum ríkisskattstjóra um ívilnanir. Taldi umboðsmaður að það yrði ekki ráðið af úrskurðinum hvers vegna ríkisskattstjóri ákvað að lækka tekjuskattstofn A um 500.000 kr. gjaldárið 1997, og að úrskurð-urinn bæri ekki með sér að ríkisskattstjóri hefði tekið mið af því að A hefði látið af störfum hjá X á árinu 1996 og við það misst hluta þeirra tekna sem hann hefði haft til framfærslu. Tók umboðsmaður fram að ríkisskattstjóri hefði átt að rök-styðja niðurstöðu sína tölulega að gættu gjaldþoli A áður en hann veiktist annars vegar og eftir að hann lét af störfum og tekjur hans lækkuðu hins vegar. Var það niðurstaða umboðsmanns að úrskurður ríkisskattstjóra fullnægði ekki kröfum um rökstuðning matskenndra stjórnvaldsá-kvarðana, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í álitinu lagði umboðsmaður áherslu á að ríkisskatt-stjóri gerði skilmerkilega grein fyrir þeim sjónarmiðum sem réðu niðurstöðu hans og fjallaði um áhrif gjaldþolsskerðingar með tilliti til þess hvernig það bitnaði sérstaklega á skattaðila. Vegna þess ann-marka sem var á úrskurði ríkisskattstjóra taldi umboðsmaður ekki vera skilyrði til þess að hann fjallaði frekar um niðurstöðu úrskurðarins.“²³

Hér má og nefna eftirfarandi úrskurð yfir-skattaneftndar nr. 313/2010:

„Í úrskurði ríkisskattstjóra er ákvæði 2. mgr. 97. gr. laga nr. 90/2003, um tekju-skatt, rakið og ítarlega gert grein fyrir tilurð ákvæðisins og hvernig það hefur verið túlkað í framkvæmd. Að svo búnu rökstyður ríkisskattstjóri niðurstöðu sína, um að ákvæðið girði ekki fyrir endur-ákvörðun í tilviki kæranda, með eftir-farandi hætti: „Eins og mál þetta liggur fyrir er það mat ríkisskattstjóra að ekki hefði verið unnt að breyta skattframtali gjaldanda og hækka skattskyldan sölu-hagnað á grundvelli þeirra upplýsinga sem fram koma í framtali gjaldanda og fylgigögnum þess.“ Almennt hefur verið gengið út frá því að þegar ákvarðanir stjórnvalda byggja á mati beri að gera grein fyrir þeim megin-sjónarmiðum sem ráðandi voru við matið þannig að kærandi fái skilið á hverju niðurstaðan í máli hans byggist, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr.



Ljóst er af úrskurðum þessum að margt getur farið aflaga í rökstuðningi: Rökstuðningi ekki beint að meginatriði máls, efni lagaákvæðis ekki útskýrt eða ófullnægjandi, mat ekki nægilega rökstutt, rök ekki nægilega haldgóð til að sýna fram á að viðkomandi lagaákvæði eigi við og látið ógert að fjalla um lagaákvæði sem einnig koma til álita við úrlausn máls

einnig til hliðsjónar þau sjónarmið sem fram koma í áliti umboðsmanns Alþingis í máli nr. 596/1992 (SUA 1992:50). Ekki verður talið að hér hafi með nægilega rökstuddum hætti verið tekin afstaða til þessa atriðis, sbr. 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og 2. málsl. 1. mgr. 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Er því hér um annmarka á úrskurði ríkisskattstjóra að ræða að þessu leyti. Ekki þykja þó efni til að ómerkja ákvörðun ríkisskattstjóra af þessum sökum, enda verður ekki séð að greindur annmarki hafi haft áhrif á

efni ákvörðunar ríkisskattstjóra né valdið kæranda réttarspjöllum.“

2.2.5 Samantekt vegna annmarka á rökstuðningi

Ljóst er af úrskurðum þessum að margt getur farið aflaga í rökstuðningi: Rökstuðningi ekki beint að meginatriði máls, efni lagaákvæðis ekki útskýrt eða ófullnægjandi, mat ekki nægilega rökstutt, rök ekki nægilega haldgóð til að sýna fram á að viðkomandi lagaákvæði eigi við og látið ógert að fjalla um lagaákvæði sem einnig koma til álita við úrlausn máls. Í úrskurði nr. 157/2009 þótti rökstuðningur fyrir ákvörðun á viðmiðunarflokki reiknaðs endurgjalds ekki fá staðist, en viðkomandi starfsemi var ekki talin upp í viðmiðunar-reglunum um reiknað endurgjald. Í úrskurði nr. 796/1998 var ekki tekið á því hvers vegna undanþága frá meginreglu um eignfærslu hlutabréfa á nafnverði átti ekki við (1. málsl. 5. tölul. 73. gr. tsl.). Í úrskurði nr. 30/2006 var alveg órökstutt hvers vegna sala á að-gangi að kennsluvef á internetinu félli ekki

²² Sjá grein mína í Tíund 2019 um meðalhófsregluna í skattframkvæmd.

²³ SUA 2000:138

ívilnun skv. 6. tölul. 66. gr. tsl., þ.e. verulegri gjaldþolsskerðingu, en eingöngu fjallað um það hvort kröfutaði hafi sannanlega átt sér stað. Í úrskurði nr. 9/2020 var skattlagning leigutekna sem tekjur af atvinnurekstri skv. B-lið 7. gr. tsl. rökstudd með því einu að segja að leigutakinn hafi nýtt hið leigða húsnæði undir atvinnurekstur. Fram kom að rökstyðja hefði þurft af hverju undanþáguákvæði 58. gr. a. tsl. ætti ekki við. Hliðstætt var upp á teningnum í úrskurði nr. 328/2015 þar sem ríkisskattstjóri byggði á því að veiðileigutekjur teldust til atvinnurekstrar á þeim grundvelli að leigusalin ætti bújörð sem leigð væri einkahlutafélagi í hans eigu. Yfirskattanefnd sagði að leysa hefði átt úr því hvort hin umþrættu laxveiðihlunnindi teldust þáttur í atvinnurekstri kæranda sjálfra (útleigu eigna og réttinda þeim tengdum). Einnig hefði verið ærið tilefni til að huga að þeim breytingum á lögum nr. 90/2003, sem gerðar voru með lögum nr. 76/2007 og nr. 128/2009, um meðferð tekna úr veiðifélögum í skattskilum. Að lokum er að nefna

Eins og með ágalla á lagatílvísunum veldur ekki sérhver annmarki á efnislegum rökstuðningi því að ógilda beri ákvörðun. Eiga hér við sömu sjónarmið og varðandi lagatílvísanir, þ.e. horfa ber til þess hvort annmarkinn hafi valdið réttarspjöllum, haft áhrif á efni ákvörðunar eða torvelað málalíðuna gjaldanda. Þegar ekkert af þessu er fyrir hendi eru ákvarðanirnar ekki ómerkta, sbr. úrskurði nr. 90/2016, 6/2010 og 73/2018.

3. Umfjöllun um gögn, skýringar og sjónarmið gjaldanda

Umfjöllun um andmæli og sjónarmið gjaldanda er þýðingamikill þáttur rökstuðnings, sbr. eftirfarandi úrskurði yfirskattanefndar. Fyrst eru tilgreindir úrskurðir sem sættu ómerkingu og síðan þeir hvar ekki þóttu forsendur til ómerkingar. Þá verður fjallað um athugasemdir við skattlagningu sem byggir á skattmatsreglum ríkisskattstjóra (118. gr. tsl.) og loks stutt samantekt.

kæranda viðhlítandi úrlausn við meðferð málsins, enda er breyting skattstjóra alveg órökstudd í hinum kærða úrskurði utan fyrrgreindrar einfaldrar tilvísunar til ákvæða B-liðar 7. gr. og 14. gr. laga nr. 75/1981. Verður því að telja að verulegir annmarkar hafi verið á rökstuðningi skattstjóra í hinum kærða úrskurði þar sem fram komnum andmælum kæranda var í reynd ekki veitt nein úrlausn af hálfu skattstjóra, sbr. ákvæði um efni rökstuðnings í 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993."

Úrskurður nr. 332/2000

„Í boðunarbréfi sínu, dags. 27. október 1999, gerði skattstjóri grein fyrir rökum umboðsmanns kæranda en veitti þeim ekki aðra úrlausn en þá að taka fram að samkvæmt fyrrgreindum „verklagsreglum“ hefði ríkisskattstjóri ekki séð tilefni til að fella kaup á afsetningarrétti undir ákvæði 31. gr. A laga nr. 75/1981. Ekki var því á neinn hátt leitast við að rökstyðja sérstaklega hvers vegna umrætt ákvæði ætti ekki við um réttinda-kaup kæranda. Í hinum kærða úrskurði skattstjóra, dags. 9. desember 1999, er að sama skapi alveg látið hjá líða að fjalla efnislega um þessa málsástæðu umboðsmanns kæranda þrátt fyrir að umboðsmaðurinn hafi ítrekað mótmæli sín í bréfi til skattstjóra, dags. 24. nóvember 1999, og sérstaklega kvartað undan því að fram komnar röksemdir kæranda hefðu enga umfjöllun fengið af hendi skattstjóra. Samkvæmt framansögðu skortir verulega á að skattstjóri hafi veitt fram komnum andmælum umboðsmanns kæranda viðhlítandi úrlausn við meðferð málsins. Verður ekki talið að skattstjóri hafi rökstutt hina kærðu ákvörðun sína á fullnægjandi hátt, sbr. 5. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 16. gr. laga nr. 145/1995, en samkvæmt því ákvæði skal úrskurður um endurákvörðun álagningar vera rökstuddur, sbr. einnig 22. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Er hér m.a. til þess að líta að í bréfi ríkisskattstjóra til skattstjóra, dags. 3. september 1999, sem skattstjóri vísaði til varðandi skattalega meðferð kaupa á svonefndum afsetningarrétti, er einungis greint frá þeirri afstöðu embættisins að slíkur réttur teljist til ófyrnanlegra réttinda í skilningi 50. gr. A laga nr. 75/1981 án sérstaks rökstuðnings þar að lútandi og er m.a. ekkert vikið að þýð-



Telja verður að skattstjóra hafi verið skylt að taka skýringar kæranda til rökstuddrar úrlausnar með nákvæmri tilvísun til lagafyrirmæla, en í hinum kærða úrskurði er sem áður segir aðeins vísað til 69. gr. laga nr. 75/1981 án nánari tilgreiningar eða umfjöllunar

að í úrskurðum nr. 594/2012, 128/2015 og 319/2019 þótti ekki hafa tekist að rökstyðja þá lagatúlkun sem ríkisskattstjóri beitti eða sýna fram á að málsatvik væru þannig vaxin að lagaákvæðið tæki til þeirra, án þess að rökstuðningurinn væri út af fyrir sig efnislega gallaður. Hann dugði einfaldlega ekki til stuðnings niðurstöðunni.

Þegar málavextir fela í sér flókin skattaleg álitæfni og vandasama túlkun sköttunarheimilda er mjög ríkt tilefni til vandaðs rökstuðnings, sbr. úrskurði nr. 151/2003, 30/2006 og 267/2008 og álit umboðsmanns Alþingis nr. 1435/1995 (réttarreglum áfátt). Þá þarf að gera grein fyrir því hvaða sjónarmið ráða för við matskenndar ákvarðanir, sbr. 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaganna, og gæta meðalhófsreglu 12. gr. sömu laga.

3.1 Ákvarðanir sem voru ómerkta

Úrskurður nr. 117/2003

„Með hinum kærða úrskurði sínum gerði skattstjóri hinar umdeildu breytingar á skattframtölum kæranda árin 1995, 1996 og 1997 með þeim rökum einum saman að þrátt fyrir röksemdir umboðsmanns kæranda þætti verða að líta á umræddan söluhagnað sem atvinnurekstrartekjur²⁴, sbr. ákvæði í B-lið 7. gr. og 14. gr. laga nr. 75/1981, sem skattstjóri vísaði til í þessu sambandi, án frekari rökstuðnings eða nokkurrar efnislegrar umfjöllunar um andmæli kæranda. Samkvæmt þessu verður að fallast á með umboðsmanni kæranda að verulega skorti á að skattstjóri hafi veitt fram komnum andmælum

²⁴ Sala á jarðarspildum bújarðar.

ingu ákvæða 31. gr. A laga nr. 75/1981 í því sambandi."

Í þessu máli var og andmælaréttur heldur ekki virtur.

Úrskurður nr. 350/2007

„Hvorki í boðunarbréfi skattstjóra, dags. 6. september 2006, né í hinum kærða úrskurði um endurákvörðun, dags. 13. febrúar 2007, var neitt fjallað um þau gögn sem kærandi lagði fram með bréfi sínu, dags. 30. júní 2005, eða þýðingu þeirra fyrir úrslit málsins. Var þó ærið tilefni til skilmerkilegrar umfjöllunar að þessu leyti, enda báru gögn þessi m.a. með sér upplýsingar um greiðslur frá foreldrum vegna tiltekinna barna og vistunartímabila í tilvikum hvers um sig. Eru atvik í máli kæranda að þessu leyti frábrugðin atvikum í málum annarra dagmæðra fyrir yfirsattanefnd, sem komið hafa til kasta yfirsattanefndar vegna hliðstæðrar athugunar skattstjóra á skattskilum þeirra gjaldárið 2004, þar sem umbeðin gögn um greiðslur frá foreldrum komu ekki fram. Allt að einu lét skattstjóri sitja við almennar tilvísanir til þess að skýringar kæranda þættu ófullnægjandi og ótrúverðugar, án þess að nokkur grein væri gerð fyrir því að hvaða leyti framlögðum gögnum um greiðslur, sem skattstjóri hafði þó sjálfur krafið kæranda um vegna meðferðar málsins, væri áfátt. Eins og mál kæranda lá fyrir skattstjóra samkvæmt framansögðu þykir verulega skorta á að skattstjóri hafi leyst úr málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og skýringa kæranda.“

Úrskurður nr. 201/2013

„Kærandi keypti fasteignina við H[...] á árinu 2007 og mun hafa búið í eigninni með sambýlismanni sínum frá miðju ári 2007 til 24. nóvember 2009 samkvæmt því sem skráð er í þjóðskrá. Er komið fram af hálfu kæranda að hún hafi þá flutt úr húseigninni vegna sambúðarslita, en fyrrverandi sambýlismaður hennar hafi búið áfram í húsnæðinu. Þá er komið fram að húseignin sé yfirveðsett og því hafi ekki tekist að selja eignina, en fjárhagsmálefni kæranda séu til meðferðar hjá umboðsmanni skuldara. Er lögð á það áhersla í kæru til yfirsattanefndar að um sérstakar, tímabundnar aðstæður sé að ræða í skilningi 4. gr. reglugerðar nr. 990/2001 vegna slita á sambúð og á meðan beðið sé niðurstöðu máls kæranda hjá umboðsmanni skuldara.“

Með bréfi sínu, dags. 10. apríl 2012, boðaði ríkisskattstjóri hina kærðu breytingu á skattframtali kæranda árið 2011 á þeim grundvelli að kærandi hefði ekki haft íbúðarhúsnæðið við H[...] til eigin nota á árinu 2010 í skilningi 1. mgr. B-liðar 68. gr. laga nr. 90/2003. Röksemdir ríkisskattstjóra í því sambandi lutu hins vegar einkum að því að kærandi hefði ekki gefið skýringar á ástæðum þess að hún byggi ekki sjálf í húseign sinni við H[...] í stað fyrrum sambýlismanns sem búið hefði áfram í eigninni eftir sambúðarslitin. Tók ríkisskattstjóri m.a. fram að ekki hefði komið fram hvort fyrrverandi sambýlismaður kæranda leigði húsnæðið eða hefði endurgjaldslaus afnot þess. Að öðru leyti fjallaði ríkisskattstjóri ekki um fram komnar skýringar kæranda í bréfi umboðsmanns hennar, dags. 2. desember 2011. Eins og lagareglum um vaxtabætur er farið, sbr. hér að framan, verður að telja að umræddar skýringar hafi gefið tilefni til rænkilegrar umfjöllunar af hendi ríkisskattstjóra, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 990/2001. Var m.a. nauðsynlegt að taka afstöðu til þess hvort breytt notkun íbúðarhúsnæðis í ákveðinn tíma í tengslum við sambúðarslit gæti fallið undir ákvæði 4. gr. reglugerðar nr. 990/2001, svo sem haldið var fram af hálfu kæranda. Af rökstuðningi ríkisskattstjóra er afstaða hans til þess álítaefnis torráðin, ...“

Úrskurður nr. 183/2013

„Með bréfi sínu, dags. 17. apríl 2012, boðaði ríkisskattstjóri hina kærðu breytingu á skattframtali kæranda árið 2011 á þeim grundvelli að kærandi hefði ekki haft íbúðarhúsnæðið við E[...] til eigin nota á árinu 2010 í skilningi 1. mgr. B-liðar 68. gr. laga nr. 90/2003, enda hefði íbúðin verið í útleigu á því ári. Vísaði ríkisskattstjóri í forsendum bréfsins m.a. til þeirra skýringa kæranda í bréfi umboðsmanns hennar, dags. 12. desember 2011, að vegna atvinnuleysis og óreglu eftir heimkomu frá námi á árinu 2009 hefði kærandi verið ófær um að halda heimili. Á hinn bóginn vék ríkisskattstjóri ekkert að þeim skýringum, sem fram höfðu komið í kæru umboðsmanns kæranda til embættisins, dags. 22. ágúst 2011, og lutu að því að kæranda hefði verið ókleift að flytja í íbúðina á árinu 2010 þar sem hún hefði verið leigð út til langs tíma þegar kærandi hélt utan til náms í ársbyrjun 2008. Var þessa raunar einnig getið í skattframtalinu sjálfu, sbr. lið 1.4 þar sem fram kom að íbúðin hefði

ekki losnað úr leigu fyrr en í ársbyrjun 2011. Þá er ekkert fjallað um þessar skýringar kæranda í forsendum hins kærða úrskurðar ríkisskattstjóra, dags. 2. ágúst 2012, þrátt fyrir að þær hafi verið ítrekaðar í andmælabréfi umboðsmanns kæranda dags. 26. apríl 2012. Eins og lagareglum um vaxtabætur er farið, sbr. hér að framan, verður að telja að umræddar skýringar hafi gefið tilefni til umfjöllunar af hendi ríkisskattstjóra, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 990/2001. Rétt er að taka fram að ekki verður séð að ríkisskattstjóri hafi dregið þessar skýringar kæranda í efa, ...“

Úrskurður nr. 259/2001

„Í máli þessu reynir á réttarreglur um vaxtabætur í B-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum. Þá er sá annmarki á hinum kærða úrskurði að málsástæða kæranda um að vaxtagjöld af umræddum lánum myndi stofn til útreiknings vaxtabóta þar sem þau hafi verið hluti af fjármögnun á íbúðarhúsnæði kæranda fær enga úrlausn. Telja verður að skattstjóra hafi verið skylt að taka skýringar kæranda til rökstuddrar úrlausnar með nákvæmri tilvísun til lagafyrirmæla, en í hinum kærða úrskurði er sem áður segir aðeins vísað til 69. gr. laga nr. 75/1981 án nánari tilgreiningar eða umfjöllunar. Að þessu athuguðu og þegar virtar eru þær réttarreglur, sem hér gátu haft þýðingu, sbr. það sem að framan greinir, verður að telja umræddan ágalla á rökstuðningi skattstjóra verulegan annmarka.“

Af því leiðir að ómerkja verður hinar kærðu breytingar skattstjóra. Með úrskurði þessum er engin efnisafstaða tekin til ágreiningsefnisins.“

Úrskurður nr. 594/2001

„Eins og málið lá fyrir skattstjóra var ljóst að kostnaðargögn voru ekki fyrir hendi, eins og upplýst hafði verið af hálfu umboðsmanns kæranda. Þegar litið er til þess og að kærandi studdi varakröfu sína sérstaklega við tilgreindan úrskurð yfirsattanefndar, sem hann taldi að hefði fordæmisgildi í máli sínu, verður engan veginn talið að afgreiðsla skattstjóra á varakröfunni hafi verið fullnægjandi. Er þá jafnframt litið til þess að úrskurður yfirsattanefndar nr. 1378/1994 varðar sama mál og um var fjallað í úrskurði yfirsattanefndar nr. 869/1994, en í bréfi sínu til kæranda, dags. 5. janúar 2001, vísaði skattstjóri sjálfur til hins síðarnefnda

úrskurðar til stuðnings því að kæranda bæri ekki frádráttur eftir reglum um dagpeninga. Í úrskurði um endurákvörðun fjallaði skattstjóri frekar um þennan úrskurð í tengslum við aðalkröfu kæranda og tók fram að í því máli hefði verið synjað um frádrátt á móti greiddum dagpeningum. Sem fyrr greinir vék skattstjóri hins vegar í engu að úrskurði yfirsattanefndar nr. 1378/1994 í sama máli, þrátt fyrir tilvísun umboðsmanns kæranda til niðurstöðu þess úrskurðar, sbr.



Af því leiðir, að skattþegnar hljóta að eiga kost á að hnekkja beitingu reglnanna, ef þær leiða til niðurstöðu um skattskyldu umræddra hlunninda, sem sé ómálefnaleg eða ósanngjörn miðað við aðstæður þeirra

og fyrrgreindan dóm Hæstaréttar Íslands frá 12. nóvember 1998 (H 1998:3651) þar sem reyndi á úrskurð þennan. Varð ekki hjá því komist að skattstjóri tæki afstöðu til hugsanlegs fordæmisgildis úrskurðarins fyrir mál kæranda og tæki til úrlausnar hvort efni væru til þess, eins og málið var vaxið og lá fyrir, að áætla kæranda frádrátt á hliðstæðum grundvelli og greinir í úrskurði yfirsattanefndar nr. 1378/1994, eftir atvikum að fengnum frekari gögnum og upplýsingum en þegar lágu fyrir af hendi kæranda. Samkvæmt þessu verður að telja að skattstjóri hafi ekki rökstutt á viðhlítandi hátt úrskurð sinn um endurákvörðun hvað snertir varakröfu, sbr. 5. mgr. 96. gr. laga nr. 75/1981, sbr. 16. gr. laga nr. 145/1995, sbr. og 1. og 2. mgr. 22. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Verður að telja að um verulegan annmarka hafi verið að ræða á rökstuðningnum að þessu leyti."

3.2 Ekki ómerkt þrátt fyrir annmarka

Úrskurður nr. 295/2007

„Til stuðnings aðalkröfu kæranda um ógildingunni kærða úrskurðar skattstjóra er því jafnframt haldið fram í kærnu til yfirsattanefndar að rökstuðningi úrskurðarins sé verulega áfátt þar sem skattstjóri hafi ekkert fjallað um fram komin andmæli kæranda í bréfi,

dags. 9. febrúar 2005, og þau gögn sem fylgdu því bréfi, sbr. 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og 21. og 22. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sem vísað er til í þessu sambandi. Af þessu tilefni er ástæða til að benda á að bæði í boðunarbréfi sínu, dags. 3. febrúar 2005, og í hinum kærða úrskurði vísaði skattstjóri til þeirra réttarreglna sem ákvörðun hans var byggð á og gerði grein fyrir þeirri afstöðu sinni að kærandi hefði ekki sýnt fram á að hin umþrætta krafa hafi

verið sannanlega töpuð á árinu 2002 í skilningi 3. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003. Þótt taka megj undir með umboðsmanni kæranda að umfjöllun skattstjóra um andmæli félagsins hefði mátt vera vandaðri verður ekki talið að um verulegan annmarka á rökstuðningi skattstjóra sé að ræða sem leitt geti til ógildingar á hinni kærðu breytingu skattstjóra á skattframtali kæranda árið 2003."

Úrskurður nr. 394/2011

„Eins og fram er komið barst ríkisskattstjóra hinn 18. febrúar 2011 yfirlit fyrir ferðir kæranda sem svar við fyrirspurnarbréfi embættisins, dags. 3. febrúar 2011. Í kjölfar bréfs ríkisskattstjóra, dags. 3. mars 2011, þar sem spurst var fyrir um tilgreindar ferðir, bárust skýringar kæranda með bréfi, dags. 8. mars 2011. Enn bárust viðbótarskýringar kæranda með bréfi, dags. 12. apríl 2011, sem svar við boðunarbréfi ríkisskattstjóra, dags. 6. apríl 2011. Framkomnar skýringar kæranda hlutu takmarkaða úrlausn af hendi ríkisskattstjóra og virðist ríkisskattstjóri hafa einskorðað niðurstöðu sína við það að engin kostnaðargögn hefðu verið lögð fram af hendi kæranda sem út af fyrir sig stendur því alveg í vegi að krafa kæranda nái fram að ganga samkvæmt efnisniðurstöðu þessa úrskurðar. Það gat þó ekki leyst ríkisskattstjóra undan því að taka framkomnar skýringar kær-

anda til umfjöllunar. Að þessu leyti voru því annmarkar á rökstuðningi ríkisskattstjóra, sbr. 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og 1. og 2. mgr. 22. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um efni rökstuðnings. Ekki er þó tilefni til að ómerkja hinar kærðu breytingar ríkisskattstjóra af þessum sökum, enda verður ekki séð, eins og málið er vaxið, að þessi annmarki á rökstuðningnum hafi valdið kæranda réttarspjöllum."

Úrskurður nr. 304/2010

„Þá athugasemd verður að gera við málsmeðferð ríkisskattstjóra að ekki verður séð að embættið hafi veitt bréfi kæranda, dags. 24. febrúar 2010, sem barst hinn 1. mars 2010, neina afgreiðslu. Bréf þetta var andsvar við boðunarbréfi ríkisskattstjóra, dags. 3. febrúar 2010. Bréf þetta bætti litlu við það sem áður var fram komið af hálfu kæranda, [...] Þá er það athugasemd við málsmeðferð ríkisskattstjóra að hvorki í boðunarbréfi embættisins, dags. 3. febrúar 2010, né hinum kærða úrskurði um endurákvörðun, dags. 24. febrúar 2010, er gerð nein töluveg grein fyrir þeim breytingum á vaxtagjöldum og skuldum sem um ræðir í málinu. Að þessu leyti voru annmarkar á rökstuðningi ríkisskattstjóra, sbr. 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og 1. og 2. mgr. 22. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Hins vegar þykir ekki alveg nægt tilefni til að ómerkja breytingar ríkisskattstjóra af þessum sökum, enda verður hvorki séð að annmarkar þessir hafi haft áhrif á efni ákvarðana ríkisskattstjóra né valdið kærendum réttarspjöllum."

H 2000:571 (356/1999)

Ekki var fallist á þau andmæli M að úrskurður skattstjóra um endurákvörðun uppfyllti ekki lagakröfur um rökstuðning þar sem skattstjóri hefði látið við það sitja að taka málsástæður og lagarök hans til úrlausnar í meginmál úrskurðar í stað þess að taka þau afmarkað til efnislegrar úrlausnar. Í héraðsdómi, sem Hæstiréttur staðfesti, var ekki undir þetta tekið, heldur tekið fram að úrskurður skattstjóra væri í fullu samræmi við lög.

3.3 Réttmæti skattmatsreglna andmælt

Hvernig ber að bregðast við þegar brigður eru bornar á efnislegt réttmæti skattmatsreglna sem ríkisskattstjóri setur á grundvelli 118. gr. tsl. (áður 116. gr. tsl.). Í dómi Hæstaréttar nr. 356/1999 (H 2000:571) er athyglisverð umfjöllun í þessu sambandi og einnig um lagalega

stöðu skattmatsreglna sem sköttunarheimildar.^{25 26}

Minnihlutinn: „Skýring stefnda á þeirri tilhögun er á þá leið, að það séu ekki afnot bifreiðarinnar til aksturs í þágu launþegans, sem séu eiginlegt inntak hinna skattskyldu hlunninda, heldur séu það sjálf hin ótakmörkuðu umráð hans yfir bifreiðinni. Miðað við fyrrgreind upphafsorð matsreglnanna, sem í raun eru tengd ákvæðum um afnot í eldri lögum og reglugerðum, hangir sú skýring þó á bláþræði.

Á það verður að fallast með áfrýjanda, að veruleg efnisbreyting hafi orðið á matsreglum ríkisskattstjóra, þegar viðmiðun við kostnaðarverð bifreiða í stað ekinna kílómetra var tekin upp á tekjuárinu 1989, og er skylt að líta hana gagnrýnisaugum. Að athuguðu máli má þó fallast á það með stefnda, að hinar breyttu reglur fái staðist í meginatriðum. Er það einkum vegna þess, að telja má umrædda viðmiðun tengda þeim sparnaði, sem launamanni hlotnast við að fá bifreið til afnota endurgjaldslausu, en á hann má líta sem eðlilegt inntak hlunninda eftir markmiðum tekjuskattlaganna. Veltur gildi reglnanna þá á því, hvort þær leiði til niðurstöðu um þennan sparnað, er sé sanngjörn og málefnaleg. Heppilegt er að öðru jöfnu, að reglur um skattmat séu einfaldar og skýrar, og svo er í þessu tilviki. Hins vegar verður áfrýjanda ekki nægilega svarað með því að vísa til þeirrar staðreyndar, þar sem gagnrýni hans er á þá leið, að slíkum reglum eigi að skipa með lögum, en ekki með fyrirmælum stjórnvalda. Raunin er og sú, að hinar umdeildu reglur kunna að vera of einfaldar frá málefnalegu sjónarmiði, þegar að er gáð. Hljóta þær til dæmis að vera óhagstæðar mönnum, sem hafa til afnota gamlar bifreiðir af ýrri tegund. Varðandi sanngirni reglnanna er þess og að geta, að stefndi hefur ekki rökstutt í málinu, hvers vegna hið tiltekna hlutfall kostnaðarverðs er aðallega 20% fremur en annað, en slíkt ætti að vera auðvelt. Í ljósi þeirrar kröfu, sem fyrrgreind ákvæði stjórnarskrárinnar gera um lögmæti skattareglna, er það niðurstaða mín, að meta beri þessar matsreglur ríkisskattstjóra gildar sem heimild til

ákvörðunar skattstofna með þeim fyrirvara, að þær eru ekki lagastafir, heldur fyrirmæli stjórnvalds. Sú krafa er ekki heldur gerð í 116. gr. laga nr. 75/1987(sic), að reglurnar eigi í öllum greinum að vera almennar og undanþágulausar. Af því leiðir, að skattþegnar hljóta að eiga kost á að hnekkja beitingu reglnanna, ef þær leiða til niðurstöðu um skattskyldu umræddra hlunninda, sem sé ómálefnaleg eða ósanngjörn miðað við aðstæður þeirra. Eftir gögnum málsins hefur áfrýjandi hins vegar ekki sýnt fram á, að þetta eigi við um hann, svo sem ráða má af ummælum í héraðsdómi og í atkvæði annarra dómenda. [...].“

Meirihlutinn: „Ákvörðun ríkisskattstjóra var komið í framangreint horf 1989 en áður var miðað við ekna kílómetra einnig í því tilviki er launagreiðandi lét launamanni í té bifreið til fullra um-

Matsreglur þær sem um ræðir í máli þessu og ríkisskattstjóri setti með heimild í 116. gr. laganna um tekju- og eignarskatt eru einfaldar, hlutlægar og gegnsæjar. Í þeim tilvikum sem hér um ræðir reiknast tekjumatíð sem hlutfall af verðmæti bifreiðarinnar að teknu tilliti til aldurs, en án tillits til aksturs launþega í eigin þágu, enda er hann ekki hið eiginlega inntak slíkra hlunninda, heldur hin ótakmörkuðu endurgjaldslausu umráð hans. Ekki verður á það fallist að um sambærileg tilvik geti verið að ræða að lögum, þegar starfsmanni er annars vegar látin í té bifreið til umráða og frjálstra afnota og hins vegar þegar bifreiðar er aflað vegna akstursþarfar atvinnustarfseminnar sjálfrar, og afnot launþegans sjálfs takmarkast við akstur milli heimilis og vinnustaðar undir eftirliti vinnuveitanda. Áfrýjandi hafði stöðu sinnar vegna sjálfðæmi um afnot sín án þess að neinu eftirliti með þeim væri fyrir að fara. Engra



Samkvæmt því sem fram kemur bæði hjá meiri- og minnihluta dómsins virðast gjaldendur hafa möguleika á að sýna fram á að annarskonar mat á hlunnindum þeirra sé efnislega réttara en gildandi skattmatsregla

ráða og greiddi allan rekstrarkostnað hennar. Ákvæði 116. gr. laga um tekju- og eignarskatt var ekki breytt þótt þessi háttur væri upp tekinn. Heldur áfrýjandi því fram að ríkisskattstjóra hafi verið þessi breyting óheimil. Í ákvæðinu sjálfu eða í athugasemdum við það í greinargerð frumvarpsins, sem varð að lögum nr. 75/1981, eru ekki settar efnislegar skorður við því hvernig verðmæti hlunninda skuli metið á hverjum tíma. Hafa skattyfirvöldum lengi verið veittar heimildir í lögum til að setja nánari reglur um mat hlunninda og fleira. Við þessar aðstæður hefur það þótt skipta höfuðmáli hvort reglur þær sem stjórnvaldið setur með heimild í slíkum ákvæðum séu málefnalegar og reistar á almennum efnislegum mælikvörðum.

gagna nýtur við í bókhaldi hans og fyrirtækjanna er byggja má á aðra skattalega meðferð en gert er í úrskurði skattstjórans í Reykjavík 8. júní 1998. Að virtum þeim sjónarmiðum sem lýst er hér að framan og annars með tilvísun til raka héraðsdóms ber að staðfesta að skattstjóranum hafi verið rétt að fara að reglum ríkisskattstjóra varðandi skattmat bifreiðahlunninda áfrýjanda greind ár.“

Samkvæmt því sem fram kemur bæði hjá meiri- og minnihluta dómsins virðast gjaldendur hafa möguleika á að sýna fram á að annarskonar mat á hlunnindum þeirra sé efnislega réttara en gildandi skattmatsregla. Í ljósi stöðu skattmatsreglna sem sköttunarheimildar þyrfti væntanlega töluvert til að koma svo að vikið yrði frá slíkri reglu.

²⁵ Sjá umfjöllun um þennan dóm m.a. með hliðsjón af lögmætisreglunni. Páll Hreinsson, „Lagaheimild reglugerða“, *Tímarit lögfræðinga*, 2. hefti 2015, bls. 192-195. Sjá einnig gagnrýni á dóminn hjá Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*. Reykjavík 207, bls. 379-383.

²⁶ Skoða má til samanburðar dóm *Hæstaréttar í máli nr. 218/2008* þar sem ekki var talið nægilega sýnt fram á að tiltekið viðmið í reglum ríkisskattstjóra um reiknað endurgjald (40% af aflaverðmæti báts) hefði haft næga stoð í 1. mgr. 59. gr. tsl. (nú 1. mgr. 58.gr.).

Ljóst er að ríkisskattstjóri þarf í rökstuðningi að taka á andmælum um að matsregla sé ekki réttmæt í viðkomandi tilviki. Ekki er þó nóg að gjaldandi setji þetta almennt fram án nokkurs rökstuðnings. Því yrði einfaldlega hafnað. Þrátt fyrir skyldu ríkisskattstjóra til efnislegrar umfjöllunar um röksemdir gegn réttmæti skattmatsreglu þarf hann tæplega að útskýra forsendur viðkomandi skattmatsreglu út í hörgul. Sjá þó álit minnihlutans þess efnis að auðvelt hefði verið fyrir ríkisskattstjóra að skýra hlutfallstölu bifreiðahlunnindamatsins.

3.4 Samantekt

Af sjálfu leiðir að ekki er fullnægjandi að segja það eitt að niðurstaða máls sé á tiltekinn veg þrátt fyrir röksemdir gjaldanda, sbr. úrskurð nr. 117/2003. Brýnt er að fjalla skilmerkilega um þær skýringar gjaldanda og sjónarmið sem kalla á sérstaka lagaumfjöllun, sbr. úrskurði nr. 201/2013 og 183/2013. Hér var ágreiningur um hvort tiltekna aðstæður féllu undir frá- vik frá búsetu í eigin íbúðarhúsnæði skv. 4.



Ekki er nauðsynlegt að sjónarmiðum og rökstuðningi gjaldanda séu gerð afmörkuð sjálfstæð skil. Nægir að umfjöllun þar um sé samofin rökstuðningi stjórnvaldsins, sbr. H 2000:571

gr. reglugerðar nr. 990/2001, en slík búseta er skilyrði fyrir vaxtabótum. Í fyrri úrskurðinum var tímabundin afnotabreyting vegna sambúðarslita (hinn aðillinn bjó áfram í íbúðinni)²⁷ en í þeim seinni gat námsmaður sem nýkominn var erlendis frá ekki flutt í íbúð sína þar eð útleigutíminn var ekki liðinn. Í öðru vaxtabótamáli var með hliðsjón af sjónarmiðum gjaldanda ekki nægilegt að vísa einungis til 69. gr. tsl., heldur þurfti að taka sjónarmið hans til rökstuddrar úrlausnar með nákvæmari tilvísun til lagaheimildarinnar. Það þýðir að vísa hefði átt til þeirrar málsgreinar B-liðar 69. gr. sem þótti standa í vegi fyrir því að sjónarmið gjaldandans ættu við og hvers vegna

svo væri, sbr. úrskurð nr. 259/2001. Í þessu samhengi má nefna úrskurð nr. 332/2000. Í því máli tók skattstjóri ekkert á því sjónarmiði kæranda að ákvæði 50. gr. A laga nr. 75/1981, sbr. 2. gr. laga nr. 118/1997, tæki ekki til kaupa á afsetningarrétti í landbúnaði heldur féllu þau réttindakaup undir 31. gr. A laga nr. 75/1981. Að lokum er að nefna að skortur á umfjöllun um gögn sem gjaldandi leggur fram getur talist verulegur annmarki á rökstuðningi, sbr. úrskurð nr. 350/2007. Einnig ber að fjalla um úrskurðarfordæmi sem gjaldandi vísar til, sbr. úrskurð nr. 594/2001.

Þó að annmarkar séu á umfjöllun um andmæli og skýringar leiðir það ekki undanbragðalaust til ógildingar ákvörðunar. Hér gildir það sama og um tilvísanir til réttarheimilda og efnisrökstuðning, að ákvarðanir verða ekki ómerktar ef þessir annmarkar teljast hvorki hafa haft áhrif á efni ákvörðunar né valdið gjaldanda réttarspjöllum, sbr. úrskurði nr. 394/2011 og 304/2010.

Ekki er nauðsynlegt að sjónarmiðum og rökstuðningi gjaldanda séu gerð afmörkuð sjálfstæð skil. Nægir að umfjöllun þar um

sé samofin rökstuðningi stjórnvaldsins, sbr. H 2000:571. Þá má ætla af sama dómi að gjaldandi hafi sönnunarbyrðina fyrir því að skattmatsregla ríkisskattstjóra eigi ekki við í hans tilviki.

4. Sjálfstæður rökstuðningur ákvarðana

Úrskurðir þurfa að vera með sjálfstæðum rökstuðningi þess stjórnvalds sem ákvörðunina á að taka lögum samkvæmt. Í þessu sambandi má nefna eftirfarandi:

4.1 Ekki nægir að vísa eingöngu til rökstuðnings á fyrri stigum máls

Í ákvörðun/úrskurði er ekki nægilegt að vísa einungis til þess rökstuðnings sem fram hefur komið undir rekstri málsins. Því er ekki fullnægjandi við endurákvörðun opinberra gjalda skv. 5. mgr. 96. gr. tsl. að vísa aðeins til rökstuðnings í undanfarandi boðunarbréfi skv. 4. mgr. sömu lagagrein, og gildir einu þó að í því bréfi komi fram allar þær röksemdir sem endurákvörðunin byggir á, sbr. úrskurð yfirskattanefndar nr. 376/2000:

„Samkvæmt þessu liggur fyrir að úrskurður skattstjóra um endurákvörðun var ekki rökstuddur með fullnægjandi hætti vegna vöntunar á tilvísun til réttarreglna, enda verður ekki talið að tilvísun til boðunarbréfsins ein sér, þar sem grein er gerð fyrir réttarreglum, nægi í þessu sambandi.“

Sjá og samskonar niðurstöðu í úrskurðum yfirskattanefndar nr. 180/2012 og nr. 90/2016 þó ekki hafi verið ómerkt.²⁸

Í endurákvörðun skv. 5. mgr. 96. gr. tsl. og kæruúrskurði skv. 99. gr. tsl. þarf auk rökstuðnings ætíð að rekja gang málsins þannig að fram komi allt sem nauðsynlegt er til að glöggva sig á málinu í heild (ekki þurfi önnur málsgögn til).

4.2 Ekki nægir að vísa einungis til rökstuðnings í samtvinnuðu máli

Í úrskurði yfirskattanefndar nr. 287/2010 var alfarið vísað til samtvinnaðs máls einkahlutafélags gjaldandans:

„Eins og fram er komið vísaði ríkisskattstjóri bæði í boðunarbréfi sínu, dags. 6. janúar 2009, og úrskurði um endurákvörðun, dags. 23. febrúar 2009, í máli kæranda varðandi hina umdeildu hækkun reiknaðs endurgjalds til boðunarbréfs síns og úrskurðar um endurákvörðun, dags. sömu daga, í máli F[...] ehf. Sjálfstæður rökstuðningur vegna breytinga á skattskilum kæranda kom hins vegar ekki fram í boðunarbréfi eða úrskurði í máli kæranda. Samkvæmt þessu leiddi breyting ríkisskattstjóra hjá kæranda hvað þetta varðar af ákvörðun

²⁷ Í málinu leit ríkisskattstjóri helst til þess að kærandi hefði ekki gefið skýringar á því af hverju hún byggi ekki sjálf í húseign sinni í stað þess að taka rökstudda afstöðu til þess hvort hin breytta notkun í stuttan tíma gæti fallið undir 4. gr. téðrar reglugerðar.

²⁸ Sama gildir um úrskurði yfirskattanefndar en í áliti umboðsmanns Alþingis nr. 1435/1995 segir að almenn skírskotun hennar til kröfugerðar ríkisskattstjóra í heild sinni væri ófullnægjandi sem rökstuðningur úrskurðar. SUA 1996:512.

hans í máli félagsins, öfugt við það sem að framan greinir um málsmeðferð við aðstæður sem þessar. Hafði þessi háttur ríkisskattstjóra í för með sér að mál kæranda hlaut ekki lögmeila meðferð með tilliti til rökstuðnings, sbr. 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003 og 1. og 2. mgr. 22. gr. stjórnáskilulaga nr. 37/1993."

Ómerking en einnig var um að ræða brot á andmælareglunni.

4.3 Aðili á rétt á sjálfstæðum rökstuðningi frá því stjórnvaldi sem taka á ákvörðunina

Ekki stenst að skattstjóri láti við það sitja að vísa einungis til röksemda í niðurstöðu skattstjóra annars skattumdæmis hvar grunnur viðkomandi máls var lagður, sbr. úrskurði yfirsattanefndar nr. 5/2008 og 287/2002 þar sem úrskurðir skattstjóra voru ómerktr.²⁹

Úrskurður nr. 5/2008

„Hin kærða ákvörðun skattstjórans í Reykjanesumdæmi laut að skattlagningu hjá kærendum vegna hlutdeildar þeirra í tekjum og eignum A[...] sf., sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003. Áður hafði skattstjórnin í Reykjavík afgreitt mál A[...] sf. vegna sama sakarefnis, eins og fram er komið. Ljóst er að samræmis varð að gæta við afgreiðslu máls kæranda og máls sameignarfélagsins, sbr. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 90/2003, þar sem svo er mælt fyrir að ríkisskattstjóri skuli gæta þess að samræmi sé í ákvörðunum skattstjóra, og sérstaklega 5. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003, sbr. 10. gr. laga nr. 143/2003, þar sem ríkisskattstjóra er heimilað að vikja frá ákvæðum 1. – 4. mgr. 89. gr. laga nr. 90/2003 um framtals- og skattlagningarstað m.a. vegna skatteftirlits skattstjóra þegar mál tekur til aðila sem ekki eru með búsetu í sama skattumdæmi, sbr. d-lið 5. mgr. lagagreinar þessarar. Hvað sem því líður verður að telja að kærendum hafi átt rétt á því að fá sjálfstæða úrlausn ágreiningsefnisins í tilefni af ákvörðun skattstjóra Reykjanesumdæmis gagnvart þeim, sbr. m.a. lagaáskilnað um rökstuðning ákvarðana skattstjóra, sbr. 4. og 5. mgr. 96. gr. laga nr. 90/2003, og almennar grundvallarreglur um verkaskiptingu hliðsettra stjórnvalda á staðstjórnarstigi, sbr. lögbundna um-

dæmisskiptingu í skattumdæmi í 84. gr. laga nr. 90/2003. Verður því að fallast á með umboðsmanni kæranda og ríkisskattstjóra að rökstuðningi hins kærða úrskurðar skattstjóra sé verulega áfátt, enda lét skattstjóri alveg hjá líða að taka efnislega og rökstudda afstöðu til andmæla kæranda, þar á meðal til framlagðs gagns sem ekki lá fyrir við meðferð máls sameignarfélagsins."

Úrskurður nr. 287/2002

„Í boðunarbréfi skattstjóra Vesturlandsumdæmis, dags. 12. nóvember 2001, og í úrskurði embættisins um endurákvörðun, dags. 13. desember 2001, er eins og fyrr segir látið við það sitja að vísa um rökstuðning fyrir hinni kærðu breytingu á skattframtali kæranda árið 1999 til rökstuðnings í úrskurði skattstjórans í Reykjavík, dags. 25. september 2001, um endurákvörðun á opinberum gjöldum kæranda gjaldárin 1997 og 1998. Það þykir leiða af framangreindum lagafyrirmælum sem gilda um rökstuðning ákvarðana skattstjóra og almennum grundvallarreglum um verkaskiptingu hliðsettra stjórnvalda á staðstjórnarstigi, sbr. lögbundna umdæmisskiptingu í skattumdæmi í 85. gr. laga nr. 75/1981, að slík tilvísun skattstjóra til rökstuðnings annars skattstjóra getur ein og sér almennt ekki talist fullnægjandi rökstuðningur fyrir breytingu á skattframtali. Verður því að fallast á með umboðsmanni kæranda að hin kærða ákvörðun skattstjóra Vesturlandsumdæmis sé áfátt vegna ófullnægjandi rökstuðnings."

Þá kemur fram að málið er ekki að öllu leyti sambærilegt við þau mál sem skattstjóri Reykjavíkur hafði haft til meðferðar.

„Í máli kæranda er til þess að líta að fyrir lá samkvæmt því sem fram kom í úrskurði skattstjórans í Reykjavík, dags. 25. september 2001, að á árinu 1998 var ekki um að ræða fastar, mánaðarlegar greiðslur frá H[...] ehf. til J[...] ehf. vegna kaupna hins fyrrnefnda félags á þjónustu af hinu síðarnefnda. Voru greiðslur heildverslunarinnar á árinu 1998 að þessu leyti frábrugðnar greiðslum félagsins á árunum 1996 og 1997 og gat sú staðreynd ljóslega kallað á sérstakan rökstuðning fyrir því

að engu að síður bæri að fara með þær sem launagreiðslur til kæranda. Verður þannig ekki fullyrt að umræddur annmarki á rökstuðningi í máli kæranda hafi ekki haft áhrif á efni ákvörðunar skattstjóra."

4.4 Ekki nægir að skatt-rannsóknarstjóri hafi tekið á mótbárum

Í úrskurði yfirsattanefndar nr. 567/2001 segir:

„Vegna sjónarmiða í kröfugerð ríkisskattstjóra í þessu sambandi verður að benda á að ekki verður séð hvernig sú staðreynd, að viðbáru þessar komu að mestu leyti fram þegar í bréfi umboðsmanns kæranda til skattrannsóknarstjóra ríkisins, dags. 13. nóvember 1998, og fengu nokkra umfjöllun í endanlegri skýrslu skattrannsóknarstjóra um niðurstöður framhaldsrannsóknar, dags. 26. nóvember 1998, getur leitt til þess að ríkisskattstjóra hafi verið unnt að láta alfarið hjá líða að taka afstöðu til þeirra við meðferð málsins, enda voru umræddar málsástæður ítrekaðar í andmælum kæranda við fyrirhugaðri endurákvörðun ríkisskattstjóra og rökstuddar á mun ítarlegri hátt en gert var í fyrrgreindu bréfi umboðsmanns kæranda til skattrannsóknarstjóra."

Úrskurðurinn var því ómerktr.

4.5 Viðbótarrökstuðningur af hálfu yfirsattanefndar

Vegna þeirrar meginreglu, að í úrskurði (ákvörðun) eigi að koma fram fullnægjandi röksemdir fyrir niðurstöðu máls, er athyglisvert að skoða úrskurð yfirsattanefndar nr. 189/2012. Málið var úrskurðað í framhaldi af skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins og laut m.a. að framfærslulífeyri og lánnum sem gjaldandinn sagði sýna að hann hefði haft nægan framfærslulífeyri. Ríkisskattstjóri taldi hins vegar að þessar lánveitingar ættu sér enga stoð og vísaði í því efni til a) óeðlilegra vaxtakjara án nokkurra trygginga sem engar skýringar hefðu verið gefnar á og b) að kærandi hefði breytt framburði sínum um tilkomu þessa lánsfjár og hafi auk þess ekki viljað upplýsa um hugsanlegar endurgreiðslur þess. Yfirsattanefnd

²⁹ Annars vegar er um að ræða afleitt mál þar sem skattaðilar bjuggu ekki í sama skattumdæmi og hins vegar mál sem reist var á sama grunni og fyrri mál í því skattumdæmi sem gjaldandinn bjó í þá.

féllst á að þessi atriði rýrðu gildi skýringa kæranda um lántökurnar „án þess þó að unnt þyki að hafna þeim á grundvelli þessara atriða einna.“ Síðan segir:

„Samkvæmt skýrslu skattrannsóknarstjóra ríkisins var við rannsókn málsins m.a. athugað hvort fyrir lægju gögn sem staðfestu móttöku kæranda á fjármunum frá greindum aðilum í L[...], m.a. með rannsókn á bankareikningum kæranda. Við rannsóknina komu engin slík

tengslum við húsnæðis kaup og uppgjör við fyrrverandi eiginkonu á tímabilinu september 2007 til janúar 2008.

Samkvæmt framsögðu liggur fyrir að kærandi hefur hvorki fært fram gögn um millifærslur fjármuna frá meintum lánveitendum hingað til lands né um sölu gjaldeyris hér á landi. Þá þykja skýringar hans hér að lútandi ekki vera sannfærandi. Koma þessi atriði til viðbótar því sem segir að framan um lánasamninga kæranda og önnur atvik í tengslum við þennan þátt

eru sökum annmarka á rökstuðningi. Sjá í þessu efni úrskurð yfirséttanefndar nr. 195/2007.³⁰

1. Málsmeðferð

Meginreglan er að nýtt mál hefjist á því stigi máls þar sem fullnægjandi rökstuðningur brást nema í tilviki 3. mgr. 96. gr. tsl. og 1. mgr. 95. gr. tsl. Þau mál verða eðli málsins samkvæmt eftirá álagning þar sem úrbætur á rökstuðningi myndu hefjast með boðun skv. 4. mgr. 96. gr. tsl.³¹ Önnur helstu tilvik eru:

1.1 Ómerki yfirséttanefnd mál vegna ófullnægjandi rökstuðnings í úrskurði ríkisskattstjóra skv. 99. gr. tsl. er hægt að kveða upp nýjan 99. gr. úrskurð með endurbættum rökstuðningi. Ekki þarf að byrja á málinu frá grunni. Algengara er þó að samhliða ómerkingu leggi yfirséttanefnd fyrir ríkisskattstjóra að kveða upp nýjan 99. gr. úrskurð³², sbr. úrskurð hennar nr. 336/2013: „Með vísan til þess, sem að framan er rakið, verður að ómerkja hinn kærða úrskurð ríkisskattstjóra. Er lagt fyrir ríkisskattstjóra að taka málið að nýju til meðferðar. Með úrskurði þessum er þá engin efnisafstaða tekin til ágreiningsefnisins.“ Einnig má nefna úrskurð nr. 85/2017: „Að því athuguðu og þar sem kröfur kæranda fengu þannig enga viðhlítandi umfjöllun og úrlausn af hendi ríkisskattstjóra þykir bera að ómerkja hinn kærða úrskurð og senda kærana til ríkisskattstjóra til meðferðar og uppkvaðningar nýs úrskurðar að gættum þeim atriðum sem hér að framan eru rakin. Með úrskurði þessum er þá ekki tekin nein efnisleg afstaða til ágreiningsefnis málsins.“

1.1.1 Sé í kæru skv. 99. gr. tsl. borið við alvarlegum annmarka á rökstuðningi í tilkynningu um ákvörðun skv. 3. mgr. 96. gr. tsl. eða 1. mgr. 95. gr. tsl. dugir ekki að bæta úr slíkum annmarka með endurbættum rökstuðningi í kæruúrskurðinum. Álíti ríkisskattstjóri að um verulegan annmarka hafi verið að ræða ætti hann að fallast á kærana á grundvelli þessa formbrots og fella ákvörðun sína úr gildi. Hann getur síðan í framhaldinu, telji hann efni standa til þess, hafið málið að nýju á sama hátt og greinir í upphafi þessa kafla.³³ Sömu



Meginreglan er að nýtt mál hefjist á því stigi máls þar sem fullnægjandi rökstuðningur brást nema í tilviki 3. mgr. 96. gr. tsl. og 1. mgr. 95. gr. tsl. Þau mál verða eðli málsins samkvæmt eftirá álagning

gögn fram og er því raunar ekki haldið fram af hálfu kæranda að neinum slíkum gögnum ætti að vera til að dreifa. Við skýrslutöku 11. maí 2009 kvaðst kærandi ekki muna hvenær hann hefði fengið lánsfé frá R[...] og E[...] afhent. Við skýrslutöku 29. september 2009 skýrði kærandi síðan frá því að hann geymdi féð í bankahólfi í L[...] og að hann eða aðilar á hans vegum hefðu flutt fjármunina smám saman til Íslands. Kærandi hefði síðan skipt evrum í íslenskar krónur í banka, en hent gögnum þar að lútandi. Tekið skal fram að í kæru til yfirséttanefndar kemur fram að kærandi hafi selt gjaldeyrinn utan banka án þess þó að nánari grein sé gerð fyrir því. Er þannig ekki samræmi í skýringum kæranda um þetta atriði. Þá verður að telja frásögn kæranda um fyrirkomulag við flutning greindra fjármuna hingað til lands ótrúverðugar, bæði með tilliti til fjárhæða sem hér um ræðir og þess að samkvæmt skýringum kæranda var meintu lánsfé ráðstafað að miklu leyti í

málsins og þykja ráða úrslitum um það að ekki er unnt að byggja á því að umræddar lántökur hafi farið fram.“

Væntanlega helgast þessi niðurstaða af því að í úrskurðum ríkisskattstjóra í málum frá skattrannsóknarstjóra ríkisins er, auk tilgreindra röksemda, vísað til skýrslu hans í heild sinni. Í úrskurði ríkisskattstjóra í máli þessu frá 8. desember 2010 segir: „Skýrsla skattrannsóknarstjóra ríkisins var send gjaldanda með bréfi ríkisskattstjóra, dags. 2. nóvember 2010, og ber að líta á hana sem hluta forsendna úrskurðar þessa.“

IV

Endurupptaka mála sem sæta ómerkingu

Eins og fyrr segir eru réttarreglur um rökstuðning taldar til formreglna. Er því unnt að taka fyrir að nýju þau mál sem ómerkt

³⁰ „Allt að einu þykir rétt að taka fram, m.a. vegna sjónarmiða þessa efnis í bréfi umboðsmanns kæranda til ríkisskattstjóra, dags. 26. desember 2005, að fallist er á það með ríkisskattstjóra að niðurstaða í úrskurði yfirséttanefndar nr. 201/2005 hafi ekki staðið því í vegi að skattskil kæranda viðkomandi ár yrðu tekin til meðferðar að nýju vegna sömu atriða og verið höfðu til meðferðar í því kærumáli er lauk með nefndum úrskurði, enda hlutu ágreiningsefni málsins ekki efnisúrlausn samkvæmt úrskurðinum, svo sem þar er tekið fram.“ Einnig má vísa í úrskurð yfirséttanefndar nr. 439/2000.

³¹ Sé málið ekki heldur fullnægjandi upplýst þá hæfist það hins vegar frá grunni með fyrirspurn skv. 1. mgr. 96. gr. tsl.

³² Ríkisskattstjóri verður að fjalla um málið með réttum hætti í nýjum kæruúrskurði áður en yfirséttanefnd tekur efnislega afstöðu til málsins.

³³ Venjan er að taka fram í slíkum úrskurðum að málið kunni að verða tekið fyrir að nýju eða samhliða sent sérstakt bréf þar sem endurákvörðun er boðuð skv. 4. mgr. 96. gr. tsl.

málsmeðferð getur ríkisskattstjóri viðhaft þó að í kærinni sé ekki bent á að rökstuðningi sé veruleg ábótavant, heldur einungis haldið sig við kröfugerðina.

1.2 Ómerki yfirsattanefnd úrskurð ríkisskattstjóra skv. 5. mgr. 96. gr. tsl. vegna ófullnægjandi rökstuðnings í boðunarbréfi skv. 4. mgr. 96. gr. tsl. er ekki heimilt að fara beint í að kveða upp nýjan úrskurð skv. 5. mgr. heldur þarf að hefja málið með fullnægjandi rökstuddu boðunarbréfi skv. 4. mgr. 96. gr.

1.3 Sé mál ómerkt vegna ófullnægjandi rökstuðnings í úrskurði skv. 5. mgr. 96. gr. tsl. og rökstuðningi ekki áfátt á fyrri stigum málsins má hins vegar fara beint í uppkvaðningu nýs 5. mgr. úrskurðar þar sem bætt yrði úr ágalla fyrri rökstuðnings. Betra væri þó að senda gjaldandanum fyrst bréf þar sem fram kæmi að fyrirhugað væri að taka málið fyrir að nýju. Með því fengi gjaldandinn færi á að koma að ágreiningi um réttmæti endurupp-tökuheimildarinnar áður en úrskurðurinn er kveðinn upp.

1.4 Yfirsattanefnd hefur komist svo að orði að skattstjóra eða ríkisskattstjóra hafi ekki tekist í rökstuðningi sínum að sýna fram á að tiltekið lagaákvæði eigi við; ákvæðið beri ekki að skilja á þann veg sem hann gerði. Einnig hefur yfirsattanefnd sagt að ekki hafi tekist að sýna fram á að aðstæður hafi verið þær sem gengið var út frá. Í slíkum tilvikum er vart um annmarka á rökstuðningi að ræða í skilningi stjórnsýslulaga (formreglubrot). Þess vegna getur tæplega komið til endurupp-töku slíkra mála með bættum rökstuðningi. Úrskurðir yfirsattanefndar eru þá endanlegar lyktir viðkomandi máls nema því verði skotið til dómstóla. Í þessu sambandi má nefna eftirfarandi úrskurði:

Úrskurður nr. 594/2012

„Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið þykir ríkisskattstjóri ekki hafa sýnt fram á að arðgreiðslur X sparisjóðs á árinu 2008 hafi farið í bága við reglur Tryggingasjóðs sparisjóða, sbr. 1. tölul. 68. gr. laga nr. 161/2002, þannig að efni hafi verið til hinnar kærðu breytingar á skattframtali kæranda árið 2009. Að svo vöxnu er krafa kæranda tekin til greina.“

Úrskurður nr. 319/2009

„Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, þykir ekki hafa verið sýnt fram á það af hálfu skattstjóra, gegn eindregnum andmælum kæranda, að virða beri umrædd hlutabréfakaup kæranda á árinu 2006 sem kaup á hlutabréfum samkvæmt kauprétti kæranda er sæti skattlagningu samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 90/2003. Er hin kærða tekjufærsla því felld úr gildi og varakrafa kæranda tekin til greina.“

Úrskurður nr. 128/2015

„Í samræmi við forsendur í greindum úrskurði verður þvert á móti að telja að þjónustan hafi varðað fyrirliggjandi fjár-



Pegar yfirsattanefnd ómerkir skattákvæðanir skapar úrskurður hennar enga nýja stöðu gagnvart fyrningu máls, þ.e. enginn nýr fyrningartími hefst í framhaldi af slíkum úrskurði. Tímans vegna er því vart mögulegt að mál í þessum farvegi geti sætt endurupp-töku

festingu erlendis með þeim hætti að frekast beri að telja notkun hennar eingöngu hafa átt sér stað þar sem viðkomandi eign var staðsett.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður ekki talið að ríkisskattstjóri hafi fært rök að því að notkunarstaður sérfræðiþjónustu, sem í máli þessu greinir, hafi verið hér á landi að hluta eða öllu leyti. Samkvæmt þessari niðurstöðu fellur hin kærða endurákvörðun niður.“

2. Fyrning endurupp-töku

Um endurupp-töku mála sem yfirsattanefnd hefur ómerkt vegna formbrota gilda sömu fyrningarreglur og um endurupp-töku almennt skv. 97. gr. tsl. Rétt er samt að fara nokkrum orðum um þetta.

2.1 Í þeim tilvikum sem breyta mátti skattframtali skv. 1. mgr. 95. gr. tsl. (einhlíða breyting) gildir 2. mgr. 97. gr. tsl.; 2ja ára

reglan.³⁴ Samkvæmt henni telst upphafstími fyrningar 1. janúar á framtalsári og fyrningartímanum lýkur að liðnu næsta ári þar á eftir. Þegar yfirsattanefnd ómerkir skattákvæðanir skapar úrskurður hennar enga nýja stöðu gagnvart fyrningu máls, þ.e. enginn nýr fyrningartími hefst í framhaldi af slíkum úrskurði. Tímans vegna er því vart mögulegt að mál í þessum farvegi geti sætt endurupp-töku, þar sem að loknum úrskurði skv. 99. gr. tsl. kemur 3ja mánaða kærufrestur til yfirsattanefndar og síðan sá tími sem það tekur hana að kveða upp úrskurð í málinu. Nýtt mál hæfi ríkisskattstjóri svo með boðun endurákvörðunar þar sem veittur er svarfrestur áður en til endurákvörðunar kemur, sbr. 4. og 5. mgr. 96. tsl.

Sjái ríkisskattstjóri við afgreiðslu kæru skv. 99. gr. tsl. að hin kærða breyting hafi ekki verið fullnægjandi rökstudd væri réttast að hann felldi hana niður með vísan til þessa formbrots, óháð því hvort kærandi hafi borið fyrir sig formgallann eða ekki, og hefji málið fljótt að nýju telji hann tilefni til þess.

2.2 Almenna fyrningarreglan - 6 ára reglan - er í 1. málslið 1. mgr. 97. gr. tsl. Samkvæmt henni fyrnist endurupp-töka álagningar vegna framtals 2020 í árslok 2025. Þó fyrningartíminn sé hér 4 árum lengri en skv. 2. mgr. getur lítið verið eftir af honum þegar endurákvörðun fer fram vegna eldri ára. Í þeim tilvikum er nokkuð ljóst að ómerki yfirsattanefnd slík mál koma þau tímans vegna vart aftur til kasta ríkisskattstjóra. En hvað með síðari ár? Setur ómerkingin strik í reikninginn varðandi endurupp-töku samskonar mála þau ár? Því er vandsvarað og er sérstakt athugunarefni hverju sinni en nánari umfjöllun þar um er utan við efni þessarar greinar.³⁵

³⁴ Um 2. mgr. 97. gr. tsl. er nánar vísað til greinar minnar í Tíund. Ágúst 2016.

³⁵ Í þessu samhengi má þó nefna endurákvæðanir ríkisskattstjóra til leiðréttingar álagningarprósentu tekjuskatts á vissa lögaðila úr 20% í 36%, sbr. úrskurð yfirsattanefndar nr. 87/2016, en 20% álagningin hafði viðgengist um árabíl. Þetta gerðist að vísu ekki í kjölfar ómerkingarúrskurðar og heimildin til endurupp-töku var með stoð í 2. mgr. 96. gr. tsl. Einnig má nefna úrskurð yfirsattanefndar nr. 22/2018 um færslu rekstartapa milli ára.

2.3 Í 2. málslið 1. mgr. 97. gr. tsl. er fyrningartíminn 10 ár, talinn með sama hætti og að framan greinir. Undir þessa reglu falla einungis þau mál sem sæta endurákvörðun vegna tekna og eigna í lágs-kattaríkjum. Þessi nýi tímafrestur var lögfestur með 6. gr. laga nr. 112/2016 (birt í Stjt. okt. 2016). Óheimilt er að láta lagabreytingu af þessum toga gilda afturvirk. Því náði hún ekki til mála sem voru fyrnd þegar lögin voru birt. Ákvæðið greip því fyrst aðeins eitt ár sem ella hefði fyrnst í árslok 2016 en það er skattframtalsárið 2011 vegna tekna á árinu 2010. Það er því fyrst á árinu 2020 sem heil 10 ár gátu sætt endurupptöku en skattframtal 2011 datt út í lok árs 2020 en í staðinn kom inn skattframtal 2021.



Í sem stystu máli má segja að rökstuðningur eigi að vera einfaldur, málefnalegur og skýr og sýna að lög hafi leitt til niðurstöðunnar

2.4 Í 3. mgr. 97. gr. tsl. er sú sérregla að fari fram rannsókn á skattskilum aðila við embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins eða héraðssaksóknara reiknast heimild ríkisskattstjóra til endurákvörðunar frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.³⁶ Gagnvart endurákvörðun ríkisskattstjóra í framhaldi af slíkri rannsókn skiptir þá ekki lengur máli hvert framtalsárið er. Fyrningartími allra þeirra ára sem skattrannsóknin tekur til verður hinn sami, 6 eða 10 ár sbr. hér að framan. Hefjist skattrannsókn á árinu 2021 nær endurupptökuheimildin aftur til skattframtals 2016 falli málið undir 6 ára almennu fyrningarregluna en skattframtals 2012 ef 10 ára reglan á við. Ríkisskattstjóri þarf þá að hafa lokið við úrskurði í þessum málum fyrir árslok 2026 eða 2030 í tilvik 10 ára reglunnar.

V Lokaorð

Skylda til samhlíða rökstuðnings skattákvæðana var lögleidd fyrir tilkomu stjórnslaganna, aðallega á árabílinu 1971-1980. Í þeim lagaákvæðum er ekkert nánar vikið að efni rökstuðnings og ber í því efni að horfa til 1. mgr. 22. gr. stjórnslaganna, sbr. H 2000:2922. Hún er hins vegar fáorð og tilgreinir einungis það sem að lágmarki þarf að koma fram í rökstuðningi svo sem að vísa skuli til þeirra réttarreglna sem ákvörðun byggir á og byggir hún á mati þarf að greina frá þeim megin sjónar-

miðum sem ráðandi voru við matið. Í lögum er sem sagt ekki að finna almenna og skýra reglu um tilhögun rökstuðnings, enda ógerlegt að útfæra nákvæmlega í lögum hvernig rökstyðja skuli lögfræðilega niðurstöðu því að rökstuðningur hlýtur ávallt að vera jafn fjölbreytilegur og málin eru margvísleg. Það sem á við í einu máli á ekki við í öðru. Af úrskurðum yfirséttanefndar, dómsúrlausnum og álitum umboðsmanns Alþingis má þó fá allgóða mynd af því hvernig í meginráttum beri að haga rökstuðningi skattákvæðana. Ljóst er að rökstuðningur þarf að vera hlutlægur, málefnalegur og má ekki byggja á ólögumætum forsendum eða sjónarmiðum. Eftir því sem mál er flóknara og túlkun réttarheimilda vandasamari þarf þeim mun meira að vanda til rökstuðnings. Fjalla ber skilmerkilega um rökstuðning og sjónarmið gjaldanda og taka rökstudda afstöðu til

þeirra. Ekki er nauðsynlegt að þeim séu gerð afmörkuð sjálfstæð skil. Nægir að umfjöllunin sé samofin rökstuðningi stjórnvaldsins, sbr. H 2000:571. Í ákvörðun/úrskurði dugar ekki að vísa einungis til rökstuðnings sem fram hefur komið undir rekstri málsins eða vísa um rökstuðning til samtvinnaðs máls eða ákvörðunar annars stjórnvalds. Heildstæður og fullnægjandi rökstuðningur þarf allur að koma fram í viðkomandi skattákvörðun. Svo er einnig þó að ríkisskattstjóri hafi áður úrskurðað mál á sömu forsendum hjá viðkomandi.

Í rökstuðningi ber að rekja málavexti og heimfæra málsatvik til lagaákvæða. Útskýra þarf hvers vegna það lagaákvæði sem beitt er eigi við, og eftir atvikum að skýra hvers vegna önnur lagaákvæði, sem til álitu koma, eigi ekki við. Lengd rökstuðnings er síður en svo markmið heldur er meginatriðið að rökstuðningur skattákvæðana sé svo greinargóður að gjaldandi megi glöggst af honum sjá hvers vegna niðurstaða máls var sú sem raunin varð á, og fram komi þær upplýsingar sem hann þarfnast til að geta fullnýtt sér hugsanleg lagaúrræði í framhaldinu, þ.m.t. kærurétt. Í sem stystu máli má segja að rökstuðningur eigi að vera einfaldur, málefnalegur og skýr og sýna að lög hafi leitt til niðurstöðunnar.

Annmarkar á rökstuðningi varða að öllu jöfnu, ef á reynir, ómerkingu ákvörðunar. Svo er þó ekki hafi annmarkinn hvorki haft áhrif á efni ákvörðunar né valdið gjaldanda réttarspjöllum. Þegar skattákvæðanir eru ómerktar getur stjórnvald tekið málið til ákvörðunar að nýju með viðeigandi úrbótum á rökstuðningnum. Byggir þetta á því að rökstuðningsannmarki telst brot á formreglu. Á hvaða stigi máls endurupptakan hefst ræðst af því hvar í ferli hins ómerkta máls rökstuðningurinn brást, sbr. það sem rakið er í kafla IV hér að framan. Þar sem nýr tímafrestur (97. gr. tsl.) til endurákvörðunar hefst ekki í kjölfar áfrýjunarúrskurðar eða dóms um ómerkingu ákvörðunar getur þrengt mjög að þeim tíma sem er til endurupptöku enda er hinn lögbodni fyrningartími lagagreinarinnar óháður þeirri töf sem hlýst af áframhaldi máls fyrir yfirséttanefnd eða dómstólum.

³⁶ Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 373/2001, um framkvæmd skatteftirlits og skattrannsóknna, miðast upphafsdagur rannsóknar við móttöku gagna frá skattaðila eða þann dag sem skattrannsóknarstjóri ríkisins gerir skattaðila bréflaga kunnugt um að rannsókn sé hafin á framtals- eða skattskilum hans.

DÓMAR

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 2/2020

Fjármagnstekjuskattur – arðgreiðslur frá dótturfélagi - hagnaðarhlutdeild

International Seafood Holdings (hér eftir vísað til sem ISH) höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu (hér eftir vísað til sem Í) og gerði þá kröfu að felldur yrði úr gildi úrskurður ríkisskattstjóra þar sem hafnað var beiðni félagsins um endurgreiðslu á fjármagnstekjuskatti vegna staðgreiðslu af arði frá dótturfélagi þess, Iceland Seafood International ehf. (hér eftir vísað til sem ISI ehf.).

ISH er eignarhaldsfélag skráð í Lúxemborg og ber takmarkaða skattskyldu hér á landi. Starfsemi þess felst einkum í eignarhaldi á öllu hlutafé í ISI ehf., sem á árinu 2011 var móðurfélag átta félaga sem skráð voru víða um heim. Á hluthafafundi ISI ehf. 28. desember 2012 var

skyldu á arðgreiðslur á grundvelli 10. gr. tvísköttunarsamnings milli Íslands og Lúxemborgar. Samkvæmt ákvæðinu fól undanþágan í sér að ISH skyldi einungis sæta skattlagningu sem næmi 5% af greiddum arði. Í lok febrúar 2013 fékk ISH arðgreiðslu frá ISI ehf. í samræmi við framangreinda ákvörðun hluthafafundar félagsins 28. desember 2012.

ISH fór þess á leit við ríkisskattstjóra 2. nóvember 2016 að sú staðgreiðsla skatts sem dregin hafði verið af framangreindri arðgreiðslu til félagsins og skilað til ríkissjóðs yrði endurgreidd. Var beiðnin sett fram á grundvelli fyrrgreinds tvísköttunarsamnings.

Með úrskurði ríkisskattstjóra 14. júní 2017

af óráðstöfuðu eigin fé á árinu 2013 því alfarið verið byggð á hlutdeild ISI ehf. í afkomu dótturfélaga þess. Þá er í úrskurðinum vísað til úrskurða yfirséðanefndar í málum nr. 305/2014, 307/2014 og 359/2015 þar sem fram komi að í ákvæðum laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, sé ekki að finna aðrar heimildir fyrir arðsúthlutunum en fram komi í 1. mgr. 74. gr. laganna, hvorki almennt né sérstaklega í tilviki móðurfélaga sem beiti hlutdeildaraðferð í reikningssskilum sínum á grundvelli ársreikningalaga nr. 3/2006. Því sé ekki unnt að útdeila arði sem sé til kominn vegna beitingar hlutdeildaraðferðar við reikningssskil. Slíkar greiðslur sem reistar séu á hlutdeildarhagnaði við gerð ársreikninga séu ekki lögmæt úthlutun á fjármunum félags, sbr. 73. gr. laga um einkahlutafélög. Umrædd arðgreiðsla hafi ekki verið lögmæt úthlutun af fjármunum ISI ehf. og falli ekki undir XII. kafla laga um einkahlutafélög og því ekki undir frádráttarheimild 9. töluliðar 1. mgr. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem bundin sé við löglega úthlutaðan arð. ISH ákvað að una ekki þessum úrskurði og höfðaði dómsmál á hendur Í.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að arðgreiðslan uppfyllti ekki skilyrði 1. mgr. 74. gr. laga um einkahlutafélög þar sem arður sá sem um ræðir hafi einungis fallist í bókhaldslagri færslu á hagnaðarhlutdeild frá dótturfélögum ISI ehf. Það var niðurstaða dómsins að slík færsla geti ekki myndað sjóð hjá móðurfélagi þess, án þess að slík hagnaðarhlutdeild sé í reynd greidd út á milli félaganna í formi arðs, en óumdeilt sé að engar slíkar greiðslur hefðu átt sér stað. Landsréttur komst að gagnstæðri niðurstöðu. Að mati dómsins hafi

”

ISH fór þess á leit við ríkisskattstjóra 2. nóvember 2016 að sú staðgreiðsla skatts sem dregin hafði verið af framangreindri arðgreiðslu til félagsins og skilað til ríkissjóðs yrði endurgreidd. Var beiðnin sett fram á grundvelli fyrrgreinds tvísköttunarsamnings

ákveðið að félagið greiddi 245.505.000 krónur í arð til ISH af óráðstöfuðu eigin fé félagsins samkvæmt samþykktum ársreikningi vegna ársins 2011.

Hinn 7. febrúar 2013 var ISH veitt tíma-bundin undanþága í tvo mánuði frá skatt-

var beiðni ISH hafnað. Í úrskurðinum kemur fram að þegar einungis sé horft til afkomu félagsins án hlutdeildar í afkomu dótturfélaga þess sé hún neikvæð um 7.931.931 evru tímabilið 2004 til 2012 og um 2.272.086 evrur tímabilið 2006 til 2012. Hafi arðgreiðsla til ISH

reiknuð staða óráðstafaðs eigin fjár ISI ehf., samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2011, í heild sinni verið frjáls sjóður í skilningi 1. mgr. 74. gr. laga um einkahlutafélög og því fjármunir sem félaginu hafi verið heimilt að úthluta sem arði til ISH. Var ISH því talið heimilt eftir 9. tölulíð 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga að draga arðinn frá tekjum á skattframtali fyrir árið 2013. Í ákvað að áfrýja málinu til Hæstaréttar og var því veitt áfrýjunarleyfi.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að deila málsaðila lúti að því hvort ISI ehf. hafi mátt líta á hlutdeildartekjur sínar í jákvæðri afkomu dótturfélaga eftir hlutdeildaraðferð samkvæmt 40. og 41. gr. ársreikningalaga sem frjálsan sjóð til reiðu fyrir útgreiðslu til handa ISH sem endanlegs eiganda samstæðunnar þegar á árinu 2012 án þess að félagið hafi áður notið þeirra tekna í formi arðgreiðslna frá dótturfélögum sínum, eða hvort ISI ehf. hefði þurft að biða þess að tekjur dótturfélaganna yrðu fyrst færðar sér til arðs áður en greiða mætti þær til ISH. Sé þannig óumdeilt að ISH átti rétt á að draga frá arðgreiðslu þá er hann fékk frá ISI ehf. í febrúar 2013 samkvæmt 9. tölulíð 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga að því skilyrði uppfylltu að um lögmæta arðgreiðslu úr frjálsum sjóði hafi verið að ræða samkvæmt 74. gr. laga um einkahlutafélög, þ.e. að arðgreiðslan hafi fullnægt því skilyrði að hafa verið úthlutað úr frjálsum sjóði dótturfélags ISH, og að fjármunum félagsins hafi verið úthlutað til hluthafa með lögmætum hætti, sbr. 73. gr. laganna.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að nota megi alla sjóði einkahlutafélags í rekstrarlegum tilgangi, en ekki til að greiða úr þeim til hluthafa með beinum eða óbeinum hætti,

nema til þess standi sérstök heimild. Það sé meginregla hlutafélagaréttar að eignir einkahlutafélags séu bundnar í félaginu í þeim skilningi að úthlutun af fjármunum þess til hluthafa geti aðeins farið fram í ákveðnum lögbundnum tilvikum og þá í tengslum við arðgreiðslur af hagnaði félags úr frjálsum sjóðum og í tengslum við upplausn bundinna sjóða. Þótt hagsmunir hluthafa í dótturfélögum ISI ehf. hafi verið á hendi þess félags, og svo ISH sem móðurfélags þess, verði að gæta að því að einkahlutafélag sé eftir ákvæðum laga um einkahlutafélög sjálfstæð persóna að lögum. Líta verði til þess að fjárhagslegir hagsmunir af einkahlutafélagi snúi síst minna að lánardrottnum félags en fjárhagi hluthafa og hvíli sú meginskylda á slíku félagi að haga ráðstöfunum sínum á þann veg að hagsmunir lánardrottna séu virtir og að hagsmunum hluthafa í formi arðgreiðslna sé sinnt að gættum formskilyrðum laganna þar um. Á þessum grunni verði að horfa til hagsmuna hvers einstaks félags sem við sögu kemur í máli þessu sem sjálfstæðrar einingar en ekki að samsama félagið við hluthafa í því. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að samkvæmt 1. mgr. 74. gr. laga um einkahlutafélög sé einungis heimilt að úthluta sem arði úr einkahlutafélagi hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hafi verið frá tap sem ekki hafi verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skuli lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Að mati dómsins séu engar aðrar lagaheimildir til frekari úthlutunar arðs, þar með talið í tilvikum móðurfélaga sem beittu hlutdeildaraðferð í reikningsskilum

sínum á grundvelli ársreikningalaga. Þá er það álit Hæstaréttar að ekki sé unnt að fallast á að dómur réttarins frá 4. desember 2014 í máli nr. 786/2013 eigi að leiða til þeirrar ályktunar við skýringu á ákvæðum 74. gr. laga um einkahlutafélög að bókhaldsleg færsla á hagnaðarhlutdeild frá dótturfélagi geti innan reikningsársins myndað sjóð hjá móðurfélagi til úthlutunar arðs án þess að slík hagnaðarhlutdeild hafi í reynd verið greidd út á milli félaganna í formi arðs. Þótt hlutdeildaraðferð hafi verið beitt við uppgjör samstæðu ISI ehf. og dótturfélaga þess leiði slík reikningsskil ekki til rýmri heimilda til arðgreiðslna en mælt sé fyrir um í 1. mgr. 74. gr. laga um einkahlutafélög. Þá var hvorki innan vébanda dótturfélaga ISI ehf. sem sjálfstæðra lögaðila, tekin ákvörðun um úthlutun arðs úr þeim, né var um að ræða yfirfærðan hagnað frá fyrri árum, sbr. 1. mgr. 74. gr. laga um einkahlutafélög. Varð þannig ekki til frjáls sjóður í rekstri ISI ehf. í skilningi ákvæðisins sem heimilt var að úthluta ISH sem arði frá því dótturfélagi.

Samkvæmt framanrituðu var ekki uppfyllt það skilyrði 9. tölulíðar 1. mgr. 31. gr. tekjuskattslaga fyrir endurgreiðslu staðgreiðsluskatts að um löglega úthlutaðan arð hefði verið að ræða til handa ISH. Í var því sýknað af kröfum ISH.

Beiting hlutdeildaraðferðar við reikningsskil í uppgjöri samstæðu móðurfélags og dótturfélaga leiða ekki til rýmri heimilda til arðgreiðslna en mælt er fyrir um í 1. mgr. 74. gr. laga um einkahlutafélög.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-4050/2017

Upplýsingar um innskattskvöð - ágreiningur milli kaupanda og seljanda

Málavextir voru þeir að stefndi keypti af stefnanda fasteign sem leigð var út í frjálstri skráningu, sbr. 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og var ágreiningur um uppgjör eftirstöðva kaupverðsins. Stefndi lýsti því yfir í kaupsamningi að hann myndi nýta fasteignina í virðisaukaskattsskyldri starfsemi og yfirtaka kvöð um leiðréttingu innskatts, sbr. 2.

mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988 ef breyting yrði á notkun fasteignarinnar sem hefði í för með sér breytingu á rétti til innskattsfrádráttar. Síðan sagði í samningnum:

„Seljandi skal afhenda kaupanda yfirlit um innskattskvöð eins og hún er á afhendingardegi, að sögn seljanda er kvöðin ca. 6 milljónir.“

Ágreiningur aðila málsins snerist í meginatriðum um það hvort stefnda bæri að greiða stefnanda 2.438.053 krónur, en stefndi taldi sig eiga rétt á að halda eftir greiðslu að þessari fjárhæð af kaupverði. Hann taldi þá fjárhæð svara til mismunarins milli endanlegrar innskattskvaðar og þeirra sex milljóna sem stefndi taldi sig þurfa að greiða samkvæmt því

sem fram kom í kaupsamningi. Stefnandi byggði kröfu sína á ákvæði 44. gr. laga nr. 40/2002, um fasteignakaup, en þar er kveðið á um að ef kaupandi hefur uppi réttmæta kröfu vegna galla þá geti hann á eigin áhættu haldið eftir svo miklum hluta kaupverðs sem nægi til að tryggja greiðslu hennar.

Í dómi héraðsdóms kom fram að meta yrði tilvitnað ákvæði 44. gr. laga nr. 40/2002 með hliðsjón af því hvort upplýsingagjöf stefnanda við sölu fasteignarinnar hafi leitt til þess að fasteignin teldist gölluð, en í 27. gr. laganna væri fjallað um það atriði. Að mati héraðsdóms þýddi það eitt að stefnandi hafi veitt rangar upplýsingar um innskattskvöðina þó ekki þar með að fasteignin hafi verið gölluð í skilningi 1. mgr. 27. gr. laga nr. 40/2002. Til þess að svo væri þyrftu skilyrði 2. mgr. 27. gr. að einnig

nægði ekki að horfa einvörðungu á fjárhæðina sem slíka, heldur yrði einnig að horfa til allra atvika að baki samningsgerð og stöðu aðila að öðru leyti. Þannig væri ljóst af efni tilvitnaðra reglna að vægi upplýsinga um fjárhæð kvaðar kynni að vera ólíkt eftir því hvort aðili sem kaupir fasteign ætli sér að nýta hana áfram í virðisaukaskattsskyldri starfsemi eða ekki. Ef svo væri, yrði leiðréttingarskylda innskattsins ekki virk og seljanda væri því ekki þörf á að gera upp kvöðina. Þótt slík skylda kynni vitaskuld að koma til síðar, t.d. ef breyting yrði á leigutaka, þeirri starfsemi sem fram fer í fasteigninni eða við sölu fasteignarinnar, þá væri ekki þar með sagt að sá sem yfirtekur kvöð beri sama kostnað af því og hann hefði haft við að gera upp kvöðina í kjölfar kaupa á fasteign, enda gætu aðrir

atriði áfátt í samningnum. Þá yrði að hafa í huga að í ljósi skýrrar yfirlýsingar stefnda í kaupsamningi um að hann myndi nýta eignina áfram í virðisaukaskattsskyldri starfsemi hafði stefnandi ekkert tilefni til að ætla að nákvæm tilgreining fjárhæðarinnar hefði sömu þýðingu og ef áform stefnda um að gera upp kvöðina og hætta nýtingu eignarinnar í virðisaukaskattsskyldri starfsemi hefðu legið ljós fyrir við samningsgerðina. Dómurinn taldi að þegar horft væri til ofangreindra reglna um frjálsa skráningu á virðisaukaskattsskrá og atvika málsins eins og þau voru við undirritun kaupsamnings, og þá einkum þeirrar yfirlýsingar stefnda að hann hygðist nýta fasteignina áfram í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, væri ekki hægt að slá því föstu að vöntun á gleggri upplýsingum um endanlega fjárhæð innskattskvaðarinnar hafi haft slík áhrif á efni og gerð kaupsamningsins á því tímamarki sem hann var gerður að fasteignin teldist gölluð af þeim sökum, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 40/2002. Ekki yrði séð að stefnandi gæti borið ábyrgð á því hvernig stefndi sjálfur breytti áformum sínum um rekstur fasteignarinnar frá því sem hann greindi stefnanda frá við gerð kaupsamnings. Að mati dómsins væru því ekki efni til að fallast á þá málsástæðu sem byggt væri á í vörnum og gagnsök stefnda að fasteignin hafi, vegna þeirrar óglöggu upplýsinga sem fram komu í kaupsamningi um innskattskvöð, leitt til þess að stefndi gæti krafist skaðabóta eða afsláttar úr hendi stefnanda. Þegar litið væri til samskipta aðila í aðdraganda samningsins og þess að stefnda mátti vera kunnugt um að stefnandi hefði ekki upplýsingar á reiðum höndum um endanlega fjárhæð kvaðarinnar, yrði að telja að það hafi staðið stefnda nær að gera fyrirvara um þetta atriði, ekki síst þegar horft væri til yfirlýsinga hans um að hann yfirtæki kvöðina og að hann myndi halda áfram virðisaukaskattsskyldri starfsemi í húsnæðinu. Yrði þá jafnframt að horfa þess að stefndi festi kaup á eigninni í tengslum við atvinnurekstur sinn sem gerði að verkum að meiri kröfur yrðu gerðar til aðgæsluskyldu hans að þessu leyti.



Í dómi héraðsdóms kom fram að meta yrði tilvitnað ákvæði 44. gr. laga nr. 40/2002 með hliðsjón af því hvort upplýsingagjöf stefnanda við sölu fasteignarinnar hafi leitt til þess að fasteignin teldist gölluð, en í 27. gr. laganna væri fjallað um það atriði

vera uppfyllt. Í þeim fælist að upplýsingarnar sem veittar voru hafi haft áhrif á gerð eða efni kaupsamnings og ekki verið skýrlega leiðréttar í tæka tíð. Talið var ágreiningslaust að upplýsingarnar sem stefnda voru veittar um innskattskvöð í sölu yfirliti og við undirritun kaupsamnings hafi ekki verið í samræmi við raunverulega fjárhæð kvaðarinnar. Ágreiningur aðila stóð hins vegar í meginatriðum um það hvort yfirlýsing stefnanda hafi haft áhrif á efni kaupsamningsins.

Með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 50/1988 og IV. kafla reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt, þar sem kveðið væri á um skyldu aðila til að leiðrétta innskattskvöð vegna frjálsrar skráningar fasteigna, taldi héraðsdómur ljóst að upplýsingar um fjárhæð kvaðar gætu almennt haft áhrif á gerð og efni kaupsamnings í skilningi 2. mgr. 27. gr. laga nr. 40/2002. Dómurinn taldi þó að við mat á því hvaða áhrif slíkar upplýsingar hefðu í einstökum tilvikum

þættir haft áhrif á þann kostnað, svo sem samningar við síðari kaupendur eigna og nýting frekari frádráttar vegna innskatts, sem hækkar þá fjárhæð kvaðar frá því sem upphaflega var.

Við mat á þeirri málsástæðu að eignin hafi verið gölluð taldi héraðsdómur að óhjákvæmilegt væri að horfa til þess að stefndi undirgekkst sjálfur þá skuldbindingu í kaupsamningi að yfirtaka kvöð um leiðréttingu innskatts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1988. Þá lýsti hann því jafnframt yfir að hann myndi nýta fasteignina áfram í virðisaukaskattsskyldri starfsemi. Þá yrði heldur ekki litið framhjá því að orðalag kaupsamningsins sem og samskipti aðila báru greinilega með sér að fjárhæð kvaðarinnar væri ekki tilgreind með nákvæmum hætti. Að mati héraðsdóms yrði að telja að stefnda hafi átt að vera í lófa lagið að krefjast skýrari tilgreiningar á þessari fjárhæð í kaupsamningi ef hann teldi þessu

Í ljósi framangreinds var fallist á kröfur stefnanda um greiðslu 2.438.053 kr.

Úrskurðir YSKN

126/2020

Formskilyrði umsóknar um samsköttun félaga

Kærandi er einkahlutafélag og eigandi allra hluta í B hf. Ársreikningi félagsins, dags. 16. maí 2019, fyrir rekstrarárið 2018, var skilað til ársreikningaskrár þann 4. júní 2019. Skattframtal kæranda árið 2019 barst ríkisskattstjóra þann 4. september 2019 ásamt ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2018. Í skattframtali var færð skattaleg leiðrétting vegna samsköttunar við B hf. Ríkisskattstjóri felldi niður millifærslur félaganna vegna samsköttunar með vísan til þess að umsókn vegna samsköttunar kæranda og B hf. hafi ekki borist innan umsóknarfrests, sem var 12. ágúst 2019.

Kærandi mótmælti synjun ríkisskattstjóra um samsköttun. Skil hafi verið gerð á ársreikningum félaganna til ársreikningaskrár í júní 2019 og skattframtölum skilað til ríkisskattstjóra í september sama ár. Var á því byggt að í 2. mgr. 55. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sé kveðið á um að umsókn skuli beint til ríkisskattstjóra eigi síðar en þrjátíu dögum fyrir lok framtalsfrests þess tekjuárs sem óskað sé eftir að verði samskattað. Að öðru leyti séu engar kröfur til umsóknarinnar. Kærandi og B hf. hafi skilað ársreikningi til ársreikningaskrár í júní 2019 og í skýringu í ársreikningi B hf. sé gerð grein fyrir skattalegum áhrifum af samsköttun. Sé fyllilega ljóst af þessari skýringu að félögin hafi haft í hyggju að samskatta fyrir tekjuárið 2018. Þá sé einnig að finna í ársreikningum félaganna fullnægjandi upplýsingar um eignarhald og reikningsár félaganna þannig að ríkisskattstjóri hefði á grundvelli ársreikninganna geta metið hvort skilyrði 1. mgr. 55. gr. tekjuskattslaga væru fyrir hendi. Þá kom fram það álit kæranda að þar sem ríkisskattstjóra sé falið að reka ársreikningaskrá þá hafi ársreikningur verið skilað til ríkisskattstjóra þegar þeir séu afhentir ársreikningaskrá, og var vísað til úrskurðar yfirsattanefndar nr. 220/2014 því til stuðnings.

Í úrskurði nefndarinnar kemur fram að við túlkun ákvæðisins verði að hafa í huga að

samkvæmt efni sínu feli heimild 55. gr. tekjuskattslaga í sér veigamikil frávik frá almennum reglum laganna um skattlagningu félaga, auk þess sem ýmis skilyrði séu sett í lagagreininni varðandi veitingu heimildar til samsköttunar og eftirfylgni með slíki heimild. Tekið er undir það með kæranda að ekki sé kveðið á um sérstakt form umsóknar um samsköttun, en þegar litið sé til tilgangs þess að áskilnaður sé um sérstaka umsókn megi þó vera ljóst að setja verði hana fram nægilega skýrt til þess að með réttu megi vænta að beiðnin nái athygli ríkisskattstjóra, og að hann fái tekið afstöðu til hennar við undirbúning álagningar. Í skatt- og úrskurðarfrákvæmd hafi verið litið svo á að nægilegt geti talist í þessu sambandi að viðeigandi færslur vegna samsköttunar séu færðar í skattframtölum hlutafélaga sem um ræðir. Áréttað er þó að beina verði umsókn um samsköttun til ríkisskattstjóra innan tímafrests.

Tekið er fram að samkvæmt ársreikningalögum nr. 3/2006 sé ársreikningaskrá skrá sem starfrækt sé í því skyni að taka á móti, varðveita og veita aðgang að skilaskyldum gögnum, ásamt því að hafa eftirlit með því að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og settra reikningsskilarreglna. Þannig fari ekki milli mála að hvorki sé um að ræða beinan né óbeinan þátt í því meginhlutverki ríkisskattstjóra samkvæmt 1. mgr. 101. gr. tekjuskattslaga að annast um álagningu opinberra gjalda samkvæmt þeim lögum og ákvörðun annarra skatta samkvæmt lögum þar um. Ekki verði fallist á að með afhendingu ársreiknings félags til ársreikningaskrár sé fullnægt skyldu til afhendingar ársreiknings með skattframtali. Í þessu sambandi er vísað til úrskurðar yfirsattanefndar nr. 44/2015.

Auk þess sem ekki er fallist á að ársreikningur sendur ársreikningaskrá geti talist hafa verið „beint til ríkisskattstjóra“ í skilningi 2. mgr. 55. gr. laga um tekjuskatt, er á það bent að umrædd skýring í ársreikningi, sem kærandi vildi jafna til umsóknar um samsköttun, sé ekki að finna í ársreikningi kæranda heldur

í ársreikningi B hf., dótturfélags kæranda. Þá er tekið fram að tæpast verði talið að nefnd skýring í ársreikningi um skattaleg áhrif af samsköttun fullnægði þeim kröfum sem gera verði til skýrleika umsóknar um samsköttun.

Skýringar í ársreikningi sem afhentur er ársreikningaskrá telst ekki fullnægjandi umsókn um samsköttun.

95/2020

Söluverð hlutabréfa í viðskiptum tengdra aðila

Málavextir eru þeir að kærandi seldi eigin einkahlutafélagi, Y ehf., helmings eignarhlut sinn í X ehf. á nafnverði á árinu 2014 eða 250.000 kr. Einum degi síðar voru hlutabréfin seld ótengdum aðilum fyrir fimmtíufalt herra verð eða 12.500.000 kr. Hvorki var gerð grein fyrir viðskiptunum með hlutabréfin í skattframtali né ársreikningi Y ehf., en kærandi gerði grein fyrir sölu hlutabréfanna á nafnverði 250.000 kr. í skattskilum sínum árið 2015.

Í ljósi tengsla kæranda og Y ehf., og skamms eignarhaldstíma þess á hlutabréfum í X ehf., taldi ríkisskattstjóri söluverð hlutabréfanna til Y ehf. óeðlilega lágt svo sem mætti sjá af söluverði bréfanna degi síðar.

Yfirsattanefnd taldi viðskipti kæranda og Y ehf. hefðu verið verulega frábrugðin því sem almennt gerðist og að ríkisskattstjóra hafi verið heimilt að leiðrétta skattskil kæranda og hækka fjárhæð skattskylds söluhagnaðar til samræmis við mat sitt á eðlilegu gangverði hlutabréfanna í X ehf. á umræddum tíma. Fjárhæð skattskylds söluhagnaðar var þó lækkuð að teknu tilliti til greiðslu til ráðgjafafyrirtækis sem hafði umsókn með viðskiptunum.

Verð í viðskiptum tengdra aðila skal taka mið af því sem hefði talist eðlilegt í viðskiptum ótengdra aðila.

93/2020

Skattlagning eiganda félags á lágskattasvæði – gjaldfærsla taps

Í kjölfar rannsóknar skattrannsóknarstjóra ríkisins á skattskilum kæranda endurákvæðaði ríkisskattstjóri opinber gjöld kæranda gjaldárin 2011 og 2012. Málið hverfðist um skattlagningu kæranda vegna eignarhalds hans á X Ltd. sem skráð var á lágskattasvæði. Félagið var stofnað í desember árið 2004 og endurskráð árið 2009. Samkvæmt skattframtali kæranda árið 2006 keypti hann félagið í janúar 2005. Árið 2010 kom svokölluð CFC-löggjöf til framkvæmdar en hún kveður á um skattlagningu innlendra eigenda félaga á lágskattasvæðum vegna hagnaðar hinna erlendu félaga. Þar samkvæmt þessu að gera grein fyrir slíku eignarhaldi með skattframtölum 2011 og síðar. Ekki var staðið skil á upplýsingum um félagið í samræmi við framangreint og kvað kærandi endurskoðanda sinn hafa séð um þessi mál. Kærandi kvaðst einnig hafa fylgt ráðgjöf sérfræðinga og lagt fjármuni sína í þetta félag. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar skattrannsóknarstjóra var rekstrarhagnaður X Ltd. vantallinn í skattframtölum kæranda gjaldárin 2011 og 2012 og ekki

framtalsskyldu vegna félaga á lágskattasvæðum, slíka sem nefnd lög kveði á um, verði ekki talið að til þess geti komið að afkoma hlutaðeigandi félags vegna rekstrartímabíla fyrir upphaf ársins 2010 hafi þýðingu við ákvörðun skattskyldra tekna vegna ársins 2010 eða síðari ára. Var kröfum kæranda hafnað.

Við skattlagningu aðila sem ekki hafa áður sætt skattskyldu verður ekki litið til afkomu fyrir það tímamark þegar til skattskyldu stofnaðist.

92/2020

Endurgjaldslaus afnot hluthafa á fasteign í eigu félagsins

Kærendur, hjónin A og B, voru eigendur alls hlutfjár í X ehf. að jöfnu og var A framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og starfsmaður félagsins en B varamaður í stjórn. Á árinu 2013 keypti félagið fasteign og fluttu kærendur lögheimili sitt og barna sinna í fasteignina frá útlöndum stuttu síðar. Árið 2016 keyptu kærendur fasteignina af félaginu.

Ríkisskattstjóri færði A og B til tekna skattskyld húsnæðishlunnindi vegna endurgjalds-

Yfirsattanefnd felldi úr gildi ákvörðun ríkisskattstjóra um húsnæðishlunnindi kæranda B þar sem ákvörðunin hafi byggst á röngum lagagrunni. Kærandi hafi ekki verið starfsmaður félagsins og því hafi ekki verið rétt að byggja á 1. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. tekjuskattslaga, líkt og ríkisskattstjóri gerði. Fram kemur að ákvörðun skattskyldra hlunninda hjá B hafi orðið að byggja á ákvæðum 11. gr. sömu laga, enda þótti einsýnt að tekjur hluthafa af slíkum afnotum eigna hluta- eða einkahlutafélaga teljist til arðstekna í skilningi laganna. Að öðru leyti stóð úrskurður ríkisskattstjóra óhaggaður. Úrskurður yfirsattanefndar nr. 84/2020 lýtur að endurákvörðun opinberra gjalda félagsins X ehf.

Hlunnindi hluthafa vegna endurgjaldslausra afnota á fasteign í eigu félagsins eru skattlögð sem launatekjur sé hluthafi jafnframt starfsmaður félagsins, annars sem arðstekjur.

84/2020

Gjaldfærsla kostnaðar vegna fasteignar sem nýtt er til íbúðar eigenda félagsins

Kærandi, sem var einkahlutafélag um ráðgjafarþjónustu og í eigu hjónanna A og B, keypti húseign á árinu 2013. Deilt var um ákvörðun ríkisskattstjóra um að fella niður í skattskilum kæranda gjaldfærðan kostnað vegna húseignarinnar. Yfirsattanefnd vísaði til þess að nýting eignarinnar hafi mestmegnis ein-skorðast við húsnæðisþarfir hluthafa félagsins, þ.e. A og B. Kærandi var ekki talinn hafa sýnt fram á að fjárfesting í húseigninni hafi tengst tekjuöflun kæranda þannig að eignin geti talist fyrnanleg eign í skattalegu tilliti, og að kostnaður vegna hennar sé frádráttarbær sem rekstrarkostnaður. Sömuleiðis var ekki talið að húseignin hafi verið notuð í atvinnurekstri kæranda þannig að heimilt hafi verið að draga tap af sölu eignarinnar til A og B á árinu 2016 frá skattskyldum tekjum kæranda. Í málinu var einnig ágreiningur um gjaldfærðan ferðakostnað í skattskilum kæranda vegna ferðalaga A og B á vegum félagsins en var kröfum kæranda að því leiti hafnað.

Ekki var fallist á að eign sem einskorðaðist að mestu við húsnæðisþarfir hluthafa kæranda teldist fyrnanleg í skattalegu tilliti. Kostnaður vegna eignarinnar var ekki talinn frádráttarbær sem rekstrarkostnaður og ekki var talið heimilt að draga tap af sölu hennar frá skattskyldum rekstrartekjum félagsins.

”

Kærandi gerði kröfu um að tekið yrði tillit til þess við ákvörðun tekna kæranda vegna hagnaðar af starfsemi hins erlenda félags á árunum 2010 og 2011, að félagið hafi búið að uppsöfnuðu skattalegu tapi frá og með árinu 2008

var gerð grein fyrir lánagreiðslum frá X Ltd. tekjuárin 2011 og 2013, auk þess sem erlendar fasteignir kæranda voru vantaldar árin 2010, 2011 og 2014.

Kærandi gerði kröfu um að tekið yrði tillit til þess við ákvörðun tekna kæranda vegna hagnaðar af starfsemi hins erlenda félags á árunum 2010 og 2011, að félagið hafi búið að uppsöfnuðu skattalegu tapi frá og með árinu 2008.

Í úrskurði yfirsattanefndar kemur fram að telja verði það meginreglur í skattalögum að skattaréttarleg réttindi og skyldur yfirfærast ekki milli skattaðila og að við skattlagningu aðila sem ekki hafi áður sætt skattskyldu verði ekki litið til afkomu fyrir þann tíma þegar til skattskyldu stofnaðist. Í samræmi við það og með því að fyrir gildistöku laga nr. 46/2009 hafi hvorki verið um að ræða skattskyldu né

lausra afnota af fasteign í eigu X ehf. á árunum 2013-2016 og lagði til grundvallar 90% fasteignamatssverðs við ákvörðun hlunnindanna að teknu tilliti til kostnaðar sem kærendur báru vegna rekstrarkostnaðar eignarinnar, þ.e. greiðslur vegna fasteignagjalda, lóðarleigu og váttryggingariðgjalda vegna fasteignarinnar. Varðandi kæranda A taldi ríkisskattstjóri ekki efni til að horfa með hliðstæðum hætti til greiðslna vegna rafmagns- og hitakostnaðar og öryggisgæslu, enda verði að telja að þau útgjöld varði fyrst og fremst daglegan heimilisrekstur. Yfirsattanefnd féllst á það mat ríkisskattstjóra. Ekki þótti tilefni til lækkunar tekjufærðra húsnæðishlunninda hjá A, en krafa hans þar um byggði einkum á því að hluti fasteignarinnar (bílskúr) hafi verið nýttur í þágu rekstrar X ehf. til sýnatöku og geymslu á hráefni til matvælaframleiðslu.

Ragnheiður Erla Stefánsdóttir

Þannig týnist tíminn

Ég hóf störf hjá embætti Tollstjórans í Reykjavík daginn eftir „Guð blessi Ísland“ ávarpið, þá tvítug og nýútskrifuð úr menntaskóla. Ég var nýflutt suður en síðustu fjögur árin á undan hafði ég að mestu leyti búið á heimavist á Akureyri, enda var ekki í boði að stunda nám á framhaldsskólastigi á Skagaströnd þar sem ég er fædd og uppalin. Ég hafði ekki hugmynd um það hvað beið mín þegar ég brenndi suður á smekkkullum Yaris, en spennit var ég. Starfið var auðvitað allt öðruvísi en ég hafði ímyndað mér og að sama skapi öðruvísi en allt sem ég hafði gert áður. Það var svo sem ekki við öðru að búast því fyrri starfsreynsla fékk ég m.a. í rækju- og fiskvinnslu, aðhlyningu aldraðra og á frystitogara. Nýja starfið vandist þó fljótt og vel og áttu samstarfsmenn mínir stóran þátt í því. Það var afskaplega gaman í vinnunni svo tíminn leið hratt og árið sem ég hafði planað í námsþáðu eftir menntaskólann varð að þremur, með námi í Tollskólanum. Í Tollskólanum kviknaði svo áhugi minn á lögfræði fyrir alvöru þótt Ally McBeal hafi óneitanlega sáð nokkrum fræjum um tíu árum áður. Úr varð að ég hóf nám í lagadeild Háskóla Íslands og vann hjá embættinu á sumrin og að hluta til með námi, ýmist sem tollvörður, í tollafgreiðsludeild eða í lögfræðideild tollasviðs. Verkefni voru margskonar en sérstaklega fannst mér skemmtilegt að setjast í kennarastólinn í Tollskólanum, enda aðeins nokkur ár síðan ég hafði sjálf setið hinum megin við borðið. Síðustu árin hef ég sinnt áhættugreiningu við tolleftirlit og verið aðalvarðstjóri á Keflavíkurflugvelli.

Verkefni á vellinum hafa verið bæði fjölbreytt og krefjandi en á sama tíma einkar skemmtileg.

Nú í september bauðst mér óvænt að vera einn af tveimur fulltrúum Skattsins í tímabundnu verkefni hjá ríkislögreglustjóra og því er starfstöðin mín í augnablikinu á Skúlagötu. Reyndar hef ég ekki stigið fæti þar inn í átta vikur eða svo, heldur unnið að heiman eins og margir aðrir. Það getur auðvitað verið einmanalegt og súrt á köflum en fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott, því það er nú einhvern veginn þannig að þótt við ráðum ekki alltaf aðstæðum getum við stjórnað því hvernig við bregðumst við þeim. Akkúrat núna höfum við meiri frítíma en við höfum haft í áraraddir, tíma sem er ekki fullbókaður fyrir utanlandsferðir, leikhús- eða tónleika, veislur eða aðra skemmtun. Þar af leiðandi höfum við fullkomið tækifæri til þess að sinna því sem við höfum alljafna ekki tíma til, s.s. gömlum áhugamálum sem jafnvel höfðu gleymst í annríki hversdagsins. Nú er því upplagt að rífa upp pensil og striga eða rykfallna hljóðfærið, sauma út, æfa spilagaldra eða hvað eina sem veitir gleði. Sjálf ákvað ég til dæmis að láta gamlan draum rætast nú í haust með því að læra söng og mun aldrei sjá eftir því. Þess vegna langar mig að hvetja alla til að nýta tímann og gera það besta úr þessum undarlegu aðstæðum með því að grafa upp gamalt áhugamál og sinna því, bara fyrir sig. Það er nefnilega magnað hvað tíminn líður hratt og fyrr en varir verður lífið komið á fulla ferð og tímaleysið fer að hrjá okkur aftur. ■



Upplýsingatafla Skattsins

Staðgreiðsla opinberra gjalda 2020

Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

- Af fyrstu 336.916 kr. 35,04%
- Af næstu 608.957 kr. 37,19%
- Af fjárhæð umfram 945.873 kr. 46,24%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur sem er 54.628 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

- Af fyrstu 77.325 kr. 35,04%
- Af 77.326-139.760 kr. 37,19%
- Af launum umfram 139.760 kr. 46,24%

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

$4.042.995/366 \times 7 = 77.325$ $7.307.477/366 \times 7 = 139.760$

Annað

- Staðgreiðsla af vöxtum og arði 2020 22%
- Skatthlutfall barna yngri en 16 ára af tekjum umfram 180.000 kr. 6%
- Skattleysismörk tekjuárið 2020 1.870.828 kr.

Persónuafsláttur 2020

- Einn mánuður 54.628 kr.
- Hálfur mánuður 27.314 kr.
- 14 dagar 25.075 kr.
- Ein vika 12.537 kr.

Tryggingagjald 2020

- Tryggingagjald, þ.m.t. markaðsgjald 6,35%
- Viðbót v/sjómannanna á fiskiskipum 0,65%

Frádráttur vegna almenns aksturs

1.000 km, pr. km:	111 kr.
1.001 - 2.000 km:	109 kr.
2.001 - 3.000 km:	107 kr.
3.001 - 4.000 km:	94 kr.
4.001 - 5.000 km:	92 kr.

Sjá nánar í reglum um skattmat á rsk.is, m.a. vegna aksturs umfram 5.000 km.

Virðisaukaskattur

- Almenn skatthlutfall 24%
- Sérstakt skatthlutfall 11%

Barnabætur 2020

Barnabætur eru tekjutengdar og greiddar út í fjórum greiðslum; 1. febrúar, 1. maí, 1. júní og 1. október.

- Hjón/sambúðarfólk
 - með fyrsta barni 234.500 kr.
 - með hverju barni umfram eitt 279.200 kr.
 - viðbót v/barna yngri en 7 ára 140.000 kr.
- Einstæðir foreldrar
 - með fyrsta barni 390.700 kr.
 - með hverju barni umfram eitt 400.800 kr.
 - viðbót v/barna yngri en 7 ára 140.000 kr.

Reglur um útreikning barnabóta er að finna á rsk.is.

Vaxtabætur 2020

Vaxtabætur eru reiknaðar út frá vaxtagjöldum af lánum vegna íbúðarkaupa til eigin nota. Þær geta að hámarki orðið:

- Hjá einhleypingi 420.000 kr.
- Hjá einstæðu foreldri 525.000 kr.
- Hjá hjónum og sambúðarfólki 630.000 kr.

Vaxtabætur eru tekjutengdar og eignatengdar. Reglur um útreikning vaxtabóta er að finna á rsk.is.

Dagpeningar innanlands

Gildir frá 1.10.2020

- Gisting og fæði í einn sólarhring 25.700 kr.
- Gisting í einn sólarhring 13.100 kr.
- Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag 12.600 kr.
- Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag 6.300 kr.

Dagpeningar erlendis

Gildir frá 1.12.2014

		Almennir dagpeningar		Dagpeningar vegna þjálfunar, náms o.fl.	
		Gisting	Annað	Gisting	Annað
■ Flokkur 1	SDR	208	125	133	80
■ Flokkur 2	SDR	177	106	113	67
■ Flokkur 3	SDR	156	94	100	60
■ Flokkur 4	SDR	139	83	89	54